Á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með 2005/2006 skal úthluta árlega 4.000 lestum af þorski, að frádregnum 601 lest sem úthlutað er skv. 3. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II og úthlutun skv. 2. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis. Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og eru minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta skal miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari málsgrein leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

Þá skal úthluta aflahlutdeild í þorski til aflamarksbáta sem eru minni en 10 brl. eða 10 brúttótonn, enda hafi þeir sömu eða meiri aflahlutdeild í þorski 1. september 1999 en 1. desember 1998 og hafi landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Þorskaflahlutdeild þessara báta skal aukin um 5% miðað við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998.

Við upphaf fiskveiðiársins 1999/2000 skal endurreikna aflahlutdeildir einstakra fiskiskipa að teknu tilliti til þeirra breytinga sem leiðir af ákvæðum til bráðabirgða II og III.

IV.

Á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með fiskveiðiársins 2005/2006 hefur Byggðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal

þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

V.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001.

Gjört í Reykjavík, 14. janúar 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 13. janúar 1999 til 2. febrúar 1999.

Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 1999

22. janúar 1999

7

Nr. 3

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 2. febrúar 1999 kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 22. janúar 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1999

Nr. 4

8

3. mars 1999

LÖG

**um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr C-lið viðauka I við lögin: 8426.1201, 8426.1209, 8426.1900, 8426.2000, 8426.3000, 8426.4101, 8426.4109, 8426.4900, 8426.9100 og 8426.9900.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu taka til allra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku þeirra, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

Gjört á Bessastöðum, 3. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

A. Á 6. kafla:

Texti vöruliðar 0602 verði:

0602 Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppapræðir:

B. Á 7. kafla:

Tollskrárnúmer 0706.9000 skiptist upp og orðist svo:

		A	A1	E
		%	kr/kg	%
	– Annað:			
0706.9001	– – Gulrófur	30	136	
0706.9009	– – Annars	30	136	

C. Á 11. kafla:

Tolltaxti tollskrárnúmeranna 1108.1301 og 1108.1309 verði 5%.

D. Á 15. kafla:

Texti vöruliðar 1516 verði:

1516 Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, víxlesterað, enduresterað eða elað, einnig hreinsað en ekki frekar unnið:

E. Á 20. kafla:

Tolltaxti tollskrárnúmeranna 2001.9003, 2004.1003 og 2005.2004 verði 43%, tolltaxti tollskrárnúmeranna 2001.9004 og 2004.1002 og 2005.2002 verði 78% og tolltaxti tollskrárnúmeranna 2004.1009 og 2005.2009 verði 61%.

F. Á 21. kafla:

1) Texti tollskrárnúmers 2106.9032 verði:

Með meira en 2,25% til og með 15% af hreinum vínanda að rúmmáli.

2) Texti tollskrárnúmers 2106.9033 verði:

Með meira en 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli.

3) Tolltaxti A tolls tollskrárnúmersins 2106.9061 verði 14%.

G. Á 22. kafla:

1) Texti tollskrárnúmera 2204.1002, 2204.2112, 2204.2122, 2204.2132, 2204.2142, 2204.2152, 2204.2162, 2204.2912, 2204.2922, 2204.2932, 2204.2942, 2204.2952, 2204.2962, 2204.3002, 2205.1002, 2205.9002, 2206.0012, 2206.0022 og 2206.0092 verði:

Með meira en 2,25% til og með 15% af hreinum vínanda að rúmmáli.

- 2) Texti tollskrárnúmera 2204.1003, 2204.2113, 2204.2123, 2204.2133, 2204.2143, 2204.2153, 2204.2163, 2204.2913, 2204.2923, 2204.2933, 2204.2943, 2204.2953, 2204.2963, 2204.3003, 2205.1003, 2205.9003 og 2206.0093 verði:
Með meira en 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli.
- 3) Tolltaxti A tolls tollskrárnúmeranna 2204.2111, 2204.2911, 2204.3001 og 2208.9091 verði 12%.

H. Á 24. kafla:

- 1) Tolltaxti tollskrárnúmeranna 2401.1000, 2401.2000 og 2401.3000 verði 18%.
- 2) Tolltaxti tollskrárnúmeranna 2402.1000 og 2402.9001 verði 21%.
- 3) Tolltaxti tollskrárnúmeranna 2402.2000 og 2402.9009 verði 29%.
- 4) Tolltaxti tollskrárnúmeranna 2403.1000, 2403.9100 og 2403.9909 verði 21%.

I. Á 33. kafla:

- 1) Tolltaxti A tolls tollskrárnúmersins 3302.1021 verði 12%.
- 2) Texti tollskrárnúmers 3302.1022 verði:
Með meira en 2,25% til og með 15% af hreinum vínanda að rúmmáli.
- 3) Texti tollskrárnúmers 3302.1023 verði:
Með meira en 15% til og með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli.

J. Á 37. kafla:

Tollskrárnúmerið 3707.9090 skiptist upp og orðast sem hér segir:

	A %	E %
– – – Annað:		
3707.9091 – – – – Litduft (toner) til nota í ljósrítunarvélum, faxtækjum, prenturum og öðrum tækjum..	0	
3707.9099 – – – – Annars	0	

K. Á 68. kafla:

- 1) Undirliðir 6802.91, 6802.92, 6802.93 og 6802.99 orðist svo:

	A %	E %
– Annað:		
– – Marmari, travertín og mjólkursteinn:		
6802.9101 – – – Búsáhöld og skrautmunir	10	
6802.9102 – – – Áletraðir legsteinar	5	0
6802.9103 – – – Aðrar framleiðsluvörur, þó ekki til klæðningar	5	0
6802.9109 – – – Annað	5	0
– – Annar kalkborinn steinn:		
6802.9201 – – – Búsáhöld og skrautmunir	10	0
6802.9202 – – – Áletraðir legsteinar	5	0
6802.9203 – – – Aðrar framleiðsluvörur, þó ekki til klæðningar	5	0
6802.9209 – – – Annað	5	0
– – Granít:		
6802.9301 – – – Búsáhöld og skrautmunir	10	
6802.9302 – – – Áletraðir legsteinar	5	0
6802.9303 – – – Aðrar framleiðsluvörur, þó ekki til klæðningar	5	0
6802.9309 – – – Annað	5	0

	A %	E %
– – Aðrar steintegundir:		
6802.9901 – – – Búsáhöld og skrautmunir	10	0
6802.9902 – – – Áletraðir legsteinar	5	0
6802.9903 – – – Aðrar framleiðsluvörur, þó ekki til klæðningar	5	0
6802.9909 – – – Annað	5	0

2) Vöruliður 6803 orðist svo:

	A %	E %
6803 Unninn flögusteinn eða vörur úr flögusteini eða mótudum flögusteini:		
6803.0001 – Framleiðsluvörur, þó ekki til klæðningar	5	0
6803.0009 – Annað	5	0

L. Á 84. kafla:

Eftirfarandi tollskrárnúmer skiptast upp og orðast sem hér segir:

	A %	E %
1) Tollskrárnúmer 8413.1100 skiptist upp og orðist svo:		
– – Dælar fyrir eldsneyti eða smurefni, til nota á bensínstöðvum eða verkstæðum:		
8413.1101 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8413.1109 – – – Aðrar	0	
2) Tollskrárnúmer 8413.1900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Aðrar:		
8413.1901 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8413.1909 – – – Aðrar	0	
3) Tollskrárnúmer 8414.3000 skiptist upp og orðist svo:		
– Þjöppur til nota í kælibúnað:		
8414.3001 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8414.3009 – – – Aðrar	0	
4) Tollskrárnúmer 8420.1000 skiptist upp og orðist svo:		
– Sléttipressur eða aðrar völsunarvélar:		
8420.1001 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8420.1009 – – – Aðrar	0	
5) Tollskrárnúmer 8421.1100 skiptist upp og orðist svo:		
– – Rjómaskilvindur:		
8421.1101 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8421.1109 – – – Aðrar	0	
6) Tollskrárnúmer 8421.1900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Annað:		
8421.1901 – – – Rafknúnið eða rafstýrt	0	
8421.1909 – – – Annars	0	

	A %	E %
7) Tollskrárnúmer 8422.1900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Aðrar:		
8422.1901 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8422.1909 – – – Aðrar	0	
8) Tollskrárnúmer 8422.2000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélbúnaður til að hreinsa eða þurrka flöskur eða önnur ílát:		
8422.2001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8422.2009 – – Annars	0	
9) Tollskrárnúmer 8422.3000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélbúnaður til að fylla, loka, innsigla eða festa merkimiða á flöskur, dósir, öskjur, poka eða önnur ílát; vélbúnaður til að festa tappa á flöskur, krukkur, túpur og áþekk ílát; vélbúnaður til blöndunar kolsýru í drykkjarvörur:		
8422.3001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8422.3009 – – Annars	0	
10) Tollskrárnúmer 8422.4000 skiptist upp og orðist svo:		
– Annar vélbúnaður til pökkunar eða umbúða (þ.m.t. vélbúnaður til hitaherpiumbúða):		
8422.4001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8422.4009 – – Annars	0	
11) Tollskrárnúmer 8423.2000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vogir til sleitulausrar vigtunar á vörum á færiband:		
8423.2001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8423.2009 – – Aðrar	0	
12) Tollskrárnúmer 8423.3000 skiptist upp og orðist svo:		
– Fastavogir og vogir sem setja fyrirfram ákveðinn þunga af efni í poka eða ílát, þar með taldar skammtavogir:		
8423.3001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8423.3009 – – Aðrar	0	
13) Tollskrárnúmer 8424.3000 skiptist upp og orðist svo:		
– Gufu- eða sandblástursvélar og áþekkar blástursvélar:		
8424.3001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8424.3009 – – Aðrar	0	
14) Tollskrárnúmer 8433.6000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélar til að hreinsa, aðgreina eða flokka egg, ávexti eða aðrar landbúnaðarafurðir:		
8433.6001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8433.6009 – – Aðrar	0	

	A	E
	%	%
15) Tollskrárnúmer 8434.2000 skiptist upp og orðist svo:		
– Mjólkurbúsvélar:		
8434.2001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8434.2009 – – Aðrar	0	
16) Tollskrárnúmer 8435.1000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélbúnaður:		
8435.1001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8435.1009 – – Annars	0	
17) Tollskrárnúmer 8436.1000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélbúnaður til að laga dýrafóður:		
8436.1001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8436.1009 – – Annars	0	
18) Tollskrárnúmer 8436.2900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Annað:		
8436.2901 – – – Rafknúíð eða rafstýrt	0	
8436.2909 – – – Annars	0	
19) Tollskrárnúmer 8436.8000 skiptist upp og orðist svo:		
– Annar vélbúnaður:		
8436.8001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8436.8009 – – Annars	0	
20) Tollskrárnúmer 8437.1000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélbúnaður til að hreinsa, aðgreina eða flokka fræ, korn eða þurrkaða belgávexti:		
8437.1001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8437.1009 – – Annars	0	
21) Tollskrárnúmer 8437.8000 skiptist upp og orðist svo:		
– Annar vélbúnaður:		
8437.8001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8437.8009 – – Annars	0	
22) Tollskrárnúmer 8440.1000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélbúnaður:		
8440.1001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8440.1009 – – Annars	0	
23) Tollskrárnúmer 8441.1000 skiptist upp og orðist svo:		
– Skurðarvélar:		
8441.1001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8441.1009 – – Aðrar	0	

	A	E
	%	%
24) Tollskrárnúmer 8441.2000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélar til framleiðslu á pokum, sekkjum eða umslögum:		
8441.2001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8441.2009 – – Aðrar	0	
25) Tollskrárnúmer 8441.3000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélar til framleiðslu á öskjum, kössum, kirnum, pípum, fötum eða áþekktum ílátum, þó ekki með mótun:		
8441.3001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8441.3009 – – Aðrar	0	
26) Tollskrárnúmer 8441.4000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélar til að móta vöru úr pappírsdeigi, pappír eða pappa:		
8441.4001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8441.4009 – – Aðrar	0	
27) Tollskrárnúmer 8441.8000 skiptist upp og orðist svo:		
– Annar vélbúnaður:		
8441.8001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8441.8009 – – Annars	0	
28) Tollskrárnúmer 8442.2000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélbúnaður, tækjabúnaður og tæki til letursetningar eða setningar með annarri aðferð, einnig með steypubúnaði:		
8442.2001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8442.2009 – – Annars	0	
29) Tollskrárnúmer 8442.3000 skiptist upp og orðist svo:		
– Annar vélbúnaður, tækjabúnaður og tæki:		
8442.3001 – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8442.3009 – – Annars	0	
30) Tollskrárnúmer 8443.5900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Annars:		
8443.5901 – – – Rafknúið eða rafstýrt	0	
8443.5909 – – – Annað	0	
31) Tollskrárnúmer 8443.6000 skiptist upp og orðist svo:		
– Hjálparvélar við prentun:		
8443.6001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8443.6009 – – Aðrar	0	

	A	E
	%	%
32) Tollskrárnúmer 8445.2000 skiptist upp og orðist svo:		
– Spunavélar:		
8445.2001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8445.2009 – – Aðrar	0	
33) Tollskrárnúmer 8446.2900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Aðrir:		
8446.2901 – – – Rafknúnir eða rafstýrðir	0	
8446.2909 – – – Annað	0	
34) Tollskrárnúmer 8447.1100 skiptist upp og orðist svo:		
– – Með nálahring að þvermáli ekki meira en 165 mm:		
8447.1101 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8447.1109 – – – Annað	0	
35) Tollskrárnúmer 8447.1200 skiptist upp og orðist svo:		
– – Með nálahring að þvermáli meira en 165 mm:		
8447.1201 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8447.1209 – – – Annað	0	
36) Tollskrárnúmer 8447.2000 skiptist upp og orðist svo:		
– Flatprjónavélar; stungubindivélar:		
8447.2001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8447.2009 – – Aðrar	0	
37) Tollskrárnúmer 8448.1100 skiptist upp og orðist svo:		
– – Skeftivélar og Jaquardvélar; vélar til nota með þeim til að minnka, eftirmynda, gata eða safna saman spjöldum:		
8448.1101 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8448.1109 – – – Annað	0	
38) Tollskrárnúmer 8448.1900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Annar:		
8448.1901 – – – Rafknúinn eða rafstýrður	0	
8448.1909 – – – Annað	0	
39) Tollskrárnúmer 8450.1900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Aðrar:		
8450.1901 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8450.1909 – – – Annað	0	
40) Tollskrárnúmer 8452.1000 skiptist upp og orðist svo:		
– Saumavélar til heimilisnota:		
8452.1001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8452.1009 – – Aðrar	0	

	A	E
	%	%
41) Tollskrárnúmer 8452.2900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Aðrar:		
8452.2901 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8452.2909 – – – Annað	0	
42) Tollskrárnúmer 8460.1900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Aðrar:		
8460.1901 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8460.1909 – – – Annað	0	
43) Tollskrárnúmer 8460.2900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Aðrar:		
8460.2901 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8460.2909 – – – Annað	0	
44) Tollskrárnúmer 8460.3900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Aðrar:		
8460.3901 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8460.3909 – – – Annað	0	
45) Tollskrárnúmer 8460.4000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélar til að brýna eða fága:		
8460.4001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8460.4009 – – Annað	0	
46) Tollskrárnúmer 8460.9000 skiptist upp og orðist svo:		
– Aðrar:		
8460.9001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8460.9009 – – Annað	0	
47) Tollskrárnúmer 8461.1000 skiptist upp og orðist svo:		
– Heflar:		
8461.1001 – – Rafknúnir eða rafstýrðir	0	
8461.1009 – – Annað	0	
48) Tollskrárnúmer 8461.2000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélar til að móta eða grópa:		
8461.2001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8461.2009 – – Annað	0	
49) Tollskrárnúmer 8461.3000 skiptist upp og orðist svo:		
– Úrsnarar:		
8461.3001 – – Rafknúnir eða rafstýrðir	0	
8461.3009 – – Annað	0	
50) Tollskrárnúmer 8461.4000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélar til að skera, slípa eða fínþússa tannhjól:		
8461.4001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8461.4009 – – Annað	0	

	A	E
	%	%
51) Tollskrárnúmer 8461.5000 skiptist upp og orðist svo:		
– Sagir eða afskurðarvélar:		
8461.5001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8461.5009 – – Annað	0	
52) Tollskrárnúmer 8461.9000 skiptist upp og orðist svo:		
– Aðrar:		
8461.9001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8461.9009 – – Annað	0	
53) Tollskrárnúmer 8462.2900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Aðrar:		
8462.2901 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8462.2909 – – – Annað	0	
54) Tollskrárnúmer 8462.3900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Aðrar:		
8462.3901 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8462.3909 – – – Annað	0	
55) Tollskrárnúmer 8462.4900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Aðrar:		
8462.4901 – – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8462.4909 – – – Annað	0	
56) Tollskrárnúmer 8462.9900 skiptist upp og orðist svo:		
– – Annars:		
8462.9901 – – – Rafknúið eða rafstýrt	0	
8462.9909 – – – Annað	0	
57) Tollskrárnúmer 8463.1000 skiptist upp og orðist svo:		
– Dragbökkir fyrir stangir, pípur, prófíla, vír eða þess háttar:		
8463.1001 – – Rafknúnir eða rafstýrðir	0	
8463.1009 – – Annað	0	
58) Tollskrárnúmer 8463.2000 skiptist upp og orðist svo:		
– Skrufugangsvölsunarvélar:		
8463.2001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8463.2009 – – Annað	0	
59) Tollskrárnúmer 8463.3000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vírvinnsluvélar:		
8463.3001 – – Rafknúnar eða rafstýrðar	0	
8463.3009 – – Annað	0	

	A	E
	%	%
60) Tollskrárnúmer 8463.9000 skiptist upp og orðist svo:		
– Annars:		
8463.9001 – – Rafknúið eða rafstýrt	0	
8463.9009 – – Annað	0	
61) Tollskrárnúmer 8464.1000 skiptist upp og orðist svo:		
– Sagir:		
8464.1001 – – Rafknúna eða rafstýrðar	0	
8464.1009 – – Annað	0	
62) Tollskrárnúmer 8464.2000 skiptist upp og orðist svo:		
– Slípunar- eða fágunarvélar:		
8464.2001 – – Rafknúna eða rafstýrðar	0	
8464.2009 – – Annað	0	
63) Tollskrárnúmer 8464.9000 skiptist upp og orðist svo:		
– Aðrar:		
8464.9001 – – Rafknúna eða rafstýrðar	0	
8464.9009 – – Annað	0	
64) Tollskrárnúmer 8470.3000 skiptist upp og orðist svo:		
– Aðrar reiknivélar:		
8470.3001 – – Rafknúna eða rafstýrðar	0	
8470.3009 – – Annað	0	
65) Tollskrárnúmer 8470.5000 skiptist upp og orðist svo:		
– Stimpilpeningakassar:		
8470.5001 – – Rafknúnir eða rafstýrðir	0	
8470.5009 – – Annað	0	
66) Tollskrárnúmer 8470.9000 skiptist upp og orðist svo:		
– Annað:		
8470.9001 – – Rafknúið eða rafstýrt	0	
8470.9009 – – Annað	0	
67) Tollskrárnúmer 8472.1000 skiptist upp og orðist svo:		
– Fjölrítunarvélar:		
8472.1001 – – Rafknúið eða rafstýrt	0	
8472.1009 – – Annað	0	
68) Tollskrárnúmer 8472.2000 skiptist upp og orðist svo:		
– Áritunarvélar og vélar til að rita með upphleypu lettri á áritunarplötur:		
8472.2001 – – Rafknúið eða rafstýrt	0	
8472.2009 – – Annað	0	

	A %	E %
69) Tollskrárnúmer 8472.3000 skiptist upp og orðist svo:		
– Vélar til að flokka eða brjóta póst eða setja póst í umslög eða bönd, vélar til að opna, loka eða innsigla póst og vélar til að setja á eða stimpla frímerki:		
8472.3001 – – Rafknúíð eða rafstýrt	0	
8472.3009 – – Annað	0	

M. Á 90. kafla:

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á kaflanum:

	A %	E %
1) Tollskrárnúmer 9013.8000 skiptist upp og orðist svo:		
– Annar búnaður, tæki og áhöld:		
9013.8001 – – Rafknúinn, rafstýrður eða raflýstur	0	
9013.8009 – – Annað	0	

2) Vöruliður 9016 orðist svo:

9016 Vogir með 5 cg nákvæmni eða meiri, einnig með lóðum:

9016.0001 – Rafknúnar eða rafstýrðar	0
9016.0009 – Annað	0

3) Tollskrárnúmer 9032.1000 skiptist upp og orðist svo:

– Hitastillar:	
9032.1001 – – Rafknúnir eða rafstýrðir	0
9032.1009 – – Annað	0

N. Á 91. kafla:

Vöruliður 9107 orðist svo:

	A %	E %
9107 Tímarofar með klukkuverki eða úrverki eða samfasahreyfli:		
9107.0001 – Rafknúnir eða rafstýrðir	0	
9107.0009 – Annað	0	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytinu, 1. mars 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Bergþór Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 4. mars 1999 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Eftirtalдар breytingar verði á 2. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 77/1990, um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari:

- a. 11. tölul. hljóði svo: Embætti ríkislögmans.
- b. 14. tölul. hljóði svo: Umboðsmann barna.
- c. 15. tölul. falli brott.

2. gr.

15. tölul. liðar I í 5. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 1/1984, um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari, falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi við birtingu auglýsingar um staðfestingu hennar.

Forsætisráðuneytinu, 4. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: stjórnarráðið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1999

16. mars 1999

21

Nr. 8

LÖG

um breyting á áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 3. mgr. 5. gr. laganna bætist: nema annað sé tekið fram.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Fyrir útgáfu leyfis til áfengisveitinga skal greiða til sveitarfélags sem hér segir:

- a. leyfi til sex mánaða eða skemur 20.000 kr.,
- b. leyfi til eins árs eða skemur 30.000 kr.,
- c. leyfi til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára 50.000 kr.,
- d. leyfi til lengri tíma en tveggja ára 100.000 kr.

3. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Um gjald fyrir leyfi samkvæmt grein þessari fer skv. 5. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. eftir því sem við á.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Fyrir útgáfu leyfis samkvæmt þessari grein skal greiða til sveitarfélags 5.000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla brott 20. og 21. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88 31. desember 1991, sbr. lög nr. 140/1995.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 1/1999:

- a. Í stað dagsetningarinnar „30. september“ í 2. mgr. kemur: 31. október.
- b. Í stað orðanna „lögum þessum“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: lögum nr. 1/1999.
- c. Í stað hlutfallstölunnar „25%“ í lokamálslið 3. mgr. kemur: 10%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIII í lögnum, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 1/1999:

- a. Í stað dagsetningarinnar „1. mars 1999“ í 14. mgr. kemur: 15. apríl 1999.
- b. Við ákvæðið bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði þessa bráðabirgðaákvæðis er heimilt að veita báti sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga og kýs að stunda veiðar með krókaafلامark frá og með fiskveiðiárinu 2000/2001 leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki frá og með 15. apríl 1999 og til upphafs fiskveiðiársins 2000/2001. Úthlutað þorskaflahámark báts þann tíma skal vera hið sama og reiknað krókaafلامark hans samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999. Á tímabilinu skulu að öðru leyti gilda sömu reglur og takmarkanir um veiðar þessara báta og annarra báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki, þar með talið um framsal þorskaflahámarksins. Á fiskveiðiárinu 1998/1999 skal draga frá úthlutuðu þorskaflahámarki þann þorskafla sem bátar skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar hafa aflað fram til 15. apríl 1999. Hafi bátur aflað meira á því tímabili en sem nemur úthlutuðu þorskaflahámarki er honum óheimilt að stunda veiðar fyrr en flutt hefur verið á hann þorskaflahámark sem samsvarar umframveiði. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir 15. apríl 1999 hvort óskað er eftir því að nýta heimild skv. 1. málsl. Um ákvörðun aflahlutdeildar þeirra báta, sem kjósa að stunda veiðar með þorskaflahámarki samkvæmt þessari málsgrein, í ýsu, ufsa og steinbít skal fara samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun til báta sem stundað hafa veiðar með dagatakmrörkunum, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögnum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Veiðar krókabáta á krókaafلامark frá öðrum stofnum en tilgreindum eru ekki bundnar aflatakmrörkunum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXV í lögum, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 1/1999:

- a. Í stað orðanna „árlega 4.000 lestum af þorski, að frádregnum 601 lest sem úthlutað er skv. 3. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II og úthlutun skv. 2. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: árlega 3.000 lestum af þorski.
- b. Í stað orðanna „og eru“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: og voru þann dag.
- c. Við 1. mgr. bætast þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Endurnýi útgerð bát sem á rétt á úthlutun samkvæmt þessari málsgrein, með nýsmíði eða kaupum á öðrum bát, skal úthluta til þess báts er í staðinn kemur, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem verið er að endurnýja og ekki samið um annað. Tilkynna skal Fiskistofu um slíka endurnýjun og hvorum bátnum skal fylgja úthlutun samkvæmt þessari málsgrein. Jafnframt skal sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samkvæmt reglum þessarar málsgreinar viðbótaraflaheimildum til báta sem hafa komið í stað annarra á tímabilinu frá 1. september 1997 til gildistöku þessara laga, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem endurnýjaður var og skerðir slík úthlutun ekki rétt annarra samkvæmt málsgreininni.
- d. Í stað orðanna „sem eru minni en 10 brl. eða 10 brúttótonn“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: sem voru minni en 10 brl. eða 10 brúttótonn 1. janúar 1991 eða 1. desember 1998.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.

10. mars 1999

Nr. 10

BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um frestun á fundum Alþingis.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að vér, að tilskildu samþykki Alþingis, veitum forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 10. mars 1999 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 25. mars 1999.

Gjört í Reykjavík, 10. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Davíð Oddsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 8. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 1999

11. mars 1999

25

Nr. 12

LÖG

um Lífeyrissjóð bænda.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Heiti, hlutverk, aðild, iðgjöld og stjórn.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður bænda. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Sjóðurinn starfar með því markmiði og skipulagi sem segir í lögum þessum og samþykktum sjóðsins.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga og samþykktu sjóðsins.

2. gr.

Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra. Ef maki bónda er ekki aðili að búrekstri og á sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði er sjóðstjórn skylt að veita undanþágu frá sjóðsaðild að Lífeyrissjóði bænda óski viðkomandi þess. Bóndi í þessu sambandi, þar með talinn aðili að félagsbúi, einkahlutafélagi eða öðru lögformlegu búrekstrarformi, telst sá er stundar búskap á lögbylí þar sem hann á lögheimili, og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02, enda hafi hann náð sextán ára aldri.

Launþegar er starfa við landbúnað skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð sextán ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum sem stunda búrekstur utan lögbyla, svo og bændum sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda sé um að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum og sambúðaraðilum, sbr. 1. mgr., þeirra aðila sem um ræðir í þessari málsgrein.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Iðgjaldstofn bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01 og 02 í atvinnu-

Gutenberg

greinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun heldur þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa vegna búrekstrar.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal vera 50% herra en iðgjald skv. 1. málsl. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir það tímabil og skila því til sjóðsins. Nú nýtur bóndi ekki beingreiðslna og skal þá iðgjald innheimt samtímis og með búnaðargjaldi. Stofn til greiðslu upp í iðgjald skal vera reiknuð laun samkvæmt greinargerð um reiknað endurgjald í ársbyrjun eða áætlun um greidd laun yfirstandandi árs vegna búrekstrar. Liggi ekki fyrir upplýsingar um reiknuð laun eða áætlun um greidd laun yfirstandandi árs skal miðað við laun næstliðins tekjuárs. Iðgjöldum sem innheimt eru skv. 1. og 2. málsl. skal skilað til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að þau eru greidd og skulu þau sundurliðuð eftir sjóðfélögum.

Greiðsla upp í iðgjald skv. 2. málsl. 3. mgr. skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum, mánuðina ágúst til desember á tekjuárinu. Gjald dagar iðgjaldagreiðslna skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Heimilt er sjóðnum að annast sjálfur innheimtu iðgjalda og framlaga skv. 2. mgr., sbr. 3. málsl. 1. mgr., og skal gjalddagi vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil. Greiði sjóðfélagi ekki iðgjald innan 30 daga frá gjalddaga eða sé það vangreitt skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga til greiðsludags.

Frá greiðsluskyldu iðgjaldi skv. 2. mgr. skal draga þá fjárhæð sem greidd hefur verið upp í iðgjald skv. 3. mgr. Ef iðgjald er herra en greiðsla upp í iðgjald skal því sem á vantar haldið eftir af beingreiðslu eða innheimt samhliða búnaðargjaldi, eftir því sem við á, og skal innheimtunni dreift á þá fimm gjalddaga sem eftir eru af tekjuárinu, sbr. 4. mgr. Sé iðgjaldið lægra en greitt hefur verið upp í iðgjald skulu vextir reiknaðir á endurgreiðslu samkvæmt vaxtalögum.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um iðgjaldagreiðslur, innheimtu, innheimtubóknun, dráttarvexti og annað er varðar framkvæmd þessarar greinar.

4. gr.

Nú hefur sjóðfélagi sem greiðir iðgjald skv. 1. mgr. 3. gr. atvinnutekjur af öðru en búrekstri og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og er honum þá heimilt að greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum eða greiddum launum, þ.e. 4% iðgjald sjóðfélaga og 6% mótframlag vinnuveitanda.

Iðgjöld launþega sem eru sjóðfélagar skv. 2. mgr. 2. gr. skulu vera 10% af heildarlaunum, þ.e. 4% iðgjald sjóðfélaga og 6% mótframlag vinnuveitanda.

Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin mótframlagi.

Gjalddagi iðgjalda og framlaga skv. 1. og 2. mgr. er tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil og eindagi 30 dögum síðar. Dragist greiðsla fram yfir eindaga skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga til greiðsludags.

Launagreiðanda og sjálfstæðum atvinnurekanda ber að tilkynna sjóðnum ef þeim ber ekki

lengur að standa skil á iðgjöldum og framlögum til sjóðsins þar sem þeir hafi hætt starfsemi eða launþegar þeirra látið af störfum.

5. gr.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til 70 ára aldurs.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

6. gr.

Iðgjöld bónda og maka hans eða sambúðaraðila vegna búrekstrar, sbr. 3. gr., skulu skiptast jafnt milli þeirra. Hafi annað hvort þeirra atvinnutekjur af öðru en búrekstri, sem skapa ótvíræðan rétt til lífeyris í öðrum lífeyrissjóði, getur sjóðstjórn fallist á skriflega umsókn aðila um aðra skiptingu iðgjalda. Ef annar aðilinn er undanþeginn sjóðsaðild, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 2. gr., skal iðgjöldum ekki skipt.

Iðgjöld skv. 3. og 4. gr. skulu hvert almanaksár umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda.

Til grundvallar stigaútreikningi er tiltekin fjárhæð fyrir hvern almanaks mánuð, í janúar 1998 51.113 kr., og skal hún breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 181,4 stigum miðað við janúar 1998.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í 25-föld ársiðgjöld sjóðfélaga með grundvallarlaunum ársins skv. 3. mgr. og skulu stig reiknast með þremur aukastöfum. Ekki skal reikna stig lengur en til loka þess mánaðar er 70 ára aldri er náð. Séu iðgjaldaár fleiri en 30 skal við framreikning vegna örorku- og makalífeyris reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu stig þeirra ára sem afgangss verða.

7. gr.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt er umfram iðgjald skv. 3. og 4. gr. og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá sjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum.

8. gr.

Fjármálaráðherra skal skipa stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skal stjórnin skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af landbúnaðarráðherra, tveir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

II. KAFLI

Lífeyrisréttindi.

9. gr.

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 67 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris, sbr. 1. mgr., um tiltekið hlutfall, í samræmi við tryggingafræðilegt mat, fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt, ef forsendur skapast, að undangenginni tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðsins, að setja í samþykktir ákvæði um heimild til sjóðfélaga til að hefja töku lífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um tiltekið hlutfall, í samræmi við tryggingafræðilegt mat, fyrir hvern mánuð sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst.

10. gr.

Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 50% eða meira og hefur greitt til sjóðsins í a.m.k. tvö ár á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann orðið fyrir tekjuskurðingu af völdum orkutapsins. Heimilt er að fela tryggingayfirlækni mat á örorku fyrir sjóðinn og skal það nánar ákveðið í samþykktum sjóðsins.

Örorkulífeyrir skal framreiknaður skv. 5. mgr., enda uppfylli sjóðfélaginn öll eftirtalin skilyrði:

- a. hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum fyrir orkutap og áunnið sér a.m.k. 0,4 stig hvert þessara þriggja ára,
- b. hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanförunum tólf mánuðum fyrir orkutap,
- c. hafi ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til notkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

Hundraðshluta orkutaps og upphaf þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda, svo og að fengnu álitu trúnaðarlæknis sjóðsins, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. Örorkumat skal fyrstu þrjú árin miðast við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur óskertum þeim tekjum er hann hafði áður og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 12. gr. verða hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Hafi sjóðfélagi verið öryrki áður en hann hóf greiðslur í sjóðinn er ekki um örorkulífeyrisrétt úr þessum sjóði að ræða vegna þeirrar örorku.

Þegar skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma skv. 2. mgr. eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt að viðbættum lífeyri er svarar til þeirra réttinda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér til loka þess mánaðar er hann nær 67 ára aldri, sbr. þó 3. málsl. 4. mgr. 6. gr., samkvæmt reglum sem nánar skal kveðið á um í samþykktum. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Eigi sjóðfélagi ekki rétt á framreikningi miðast hámark örorkulífeyris við áunnin stig.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Sé um tímabundna örorku að ræða í skemmri tíma en sex mánuði skal ekki greiða örorkulífeyri.

Skýlt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að meta rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði á þeim tíma er örorkan óx.

Örorkulífeyrir fellur niður við lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 67 ára aldri. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn í samræmi við áunnin réttindi. Sé um framreikningsrétt skv. 5. mgr. að ræða skal ellilífeyrir ákveðinn þannig að áætluðum réttindum skv. 5. mgr. skal bætt við áunnin réttindi. Hafi örorkulífeyrisþegi verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í þessum eða öðrum sjóði eftir að honum var úrskurðaður örorkulífeyrir í þessum sjóði skulu þau lífeyrisréttindi koma til frádráttar áætluðum réttindum við framreikning.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjöld til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanförnum 36 mánuðum eða öðlast rétt til framreiknings skv. 2. og 5. mgr. 10. gr. og á þá eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum í a.m.k. 24 mánuði eftir andlátið. Hafi makinn barn yngra en átján ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Nú andast sjóðfélagi sem orðinn var sjóðfélagi fyrir árslok 1983 og skipti ekki réttindum sínum í árslok 1983 með maka sínum og á þá eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum að loknum þeim greiðslutíma sem kveðið er á um í 1. mgr. til æviloka. Slíkur réttur miðast þó einungis við áunnin réttindi í sjóðnum í árslok 1983 án framreiknings.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1. og 2. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um árabil.

Hámark makalífeyris miðast við 50% af hámarksörorkulífeyri, sbr. 5. mgr. 10. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til loka þess mánaðar er hann hefði náð 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 10. mgr. 10. gr. Veiti dauðsfall eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði, vegna ókomins tíma, að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsins. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar en gengur aftur í gildi ef hjúskapnum, sambúðinni eða staðfestu samvistinni er slitið án réttar til lífeyris.

12. gr.

Andist sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið eða öðlast rétt til framreiknings skv. 2. og 5. mgr. 10. gr. skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en átján ára eiga rétt á lífeyri til átján ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris skv. 2. og 5. mgr. 10. gr. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrispega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 5. mgr. 10. gr., eru a.m.k. eitt stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5 stig. Heimilt er að setja nánari ákvæði um upphæðir barnalífeyris í samþykktir sjóðsins.

Fósturbörn og stjúpborn sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti skulu eiga sama rétt og börn eða kjörbörn sjóðfélaga til barnalífeyris. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera þær sömu og ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13. gr.

Grundvallarlaun lífeyris skv. 9., 10. og 11. gr. eru 51.113 kr. í janúar 1998, sbr. 3. mgr. 6. gr. Fjárhæðin breytist 1. janúar og 1. júlí ár hvert í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 181,4 stig.

Upphæðir elli- og örorkulífeyris skv. 9. og 10. gr. eru hundraðshluti af grundvallarlaunum, sbr. 1. mgr., og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með margföldunarstuðli að lágmarki 1,4, samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Upphæðir makalífeyris skv. 11. gr. skulu reiknaðar á sama hátt en með margföldunarstuðli sem er 50% lægri.

14. gr.

Verði breytingar gerðar á útreikningi lífeyrishlutfalls í samþykktum skal hlutfall lífeyris sem úrskurðaður hefur verið samkvæmt þessum lögum og I. kafla eldri laga breytast að sama skapi.

III. KAFLI

Eftirlaun til aldraðra í Lífeyrissjóði bænda.

15. gr.

Þeim sem fæddir eru 1914 eða fyrr og hafa verið bændur á lögbylum og átt þar lögheimili skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 16. gr., enda eigi þeir að baki a.m.k. tíu ára réttindatíma, sbr. 3. mgr. Vanti mann sem látið hefur af búskap á árunum 1964–69 brot úr ári til að ná fullum tíu árum veldur það þó ekki réttindamissi ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum tíu árum.

Nú andast maður sem öðlast hafði rétt til lífeyris skv. 1. mgr. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði 1. mgr. með áframhaldandi réttindavinnslu og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris skv. 16. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a.m.k. fimm ára réttindi, sbr. 3. mgr. Það er enn fremur skilyrði að hjónabandið hafi staðið a.m.k. í fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Óvígð sambúð eða staðfest samvist veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi hún verið tilkynnt sjóðnum skriflega fyrir andlátið. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita aðila sem sannanlega annaðist heimili bónda hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955 sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbyli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954 reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum en aldrei skal hann reiknast lengri en 20 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum 1. mgr. um lögheimili ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðinu um lögbyli ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbylis er afgreidd skal leita álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á því hvaða bylum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbyla.

16. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris sem veittur er skv. 15. gr. miðast við réttindatíma, sbr. 3. mgr. 15. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við 100% grundvallarlaun skv. 1. mgr. 13. gr. og sama gildir um ellilífeyri ef skilyrðum 2. mgr. 15. gr. um hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist er fullnægt, en að öðrum kosti skal lífeyrir miðast við 20% lægri tekjur.

Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,923% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5,341%, að viðbættu 1,068% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum eldri laga um Lífeyrissjóð bænda einstök réttindaár skal þó miðað við þann rétt þau ár og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu árunna ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins lauk.

Hafi bóndi stundað búskap þar til hann lést og verið yngri en 67 ára skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris, auk réttindatíma skv. 3. mgr. 15. gr., taka tillit til þess tíma sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Lífeyrir skv. 9.–11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein. Verði lífeyrir hærri skv. 9. og 11. gr. en elli- og makalífeyrir samkvæmt þessari grein verður ekki um lífeyrisgreiðslur að ræða samkvæmt þessari grein.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt þessari grein. Hafi hlutaðeigandi gengið úr lífeyrissjóði eftir árslok 1969 og afsalað sér réttindum sínum þar skal sá lífeyrir sem hann ella hefði átt rétt á dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignarskipulagi skuli metin til frádráttar.

Eigi maður, auk réttindatíma sem bóndi, jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð sem hvor aðili hefði greitt ef réttindatími hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurð og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

Makalífeyrir samkvæmt þessari grein til þeirra sem ekki hafa náð 75 ára aldri skerðist ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu sem nemur $\frac{1}{4}$ af grundvallarlaunum eða meira á almanaksári, sbr. 3. mgr. 6. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um $\frac{1}{12}$ fyrir hvern $\frac{1}{12}$ hluta viðmiðunarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en $\frac{3}{4}$ skal hann felldur niður með öllu.

17. gr.

Útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum 15. og 16. gr. skulu borin af ríkissjóði.

18. gr.

Þeir bændur sem telja sig eiga rétt til lífeyris skv. 16. gr. skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar sem sjóðstjórnin telur sig þurfa að fá. Stjórn sjóðsins úrskurðar lífeyri skv. 16. gr.

Þeim er nýtur lífeyris skv. 16. gr. og uppfyllir skilyrði 2. mgr. 15. gr. um hjúskap, óvígða sambúð eða staðfesta samvist er skylt að tilkynna stjórn sjóðsins skriflega og án tafar ef maki eða sambúðaraðili fellur frá ellegar hjúskap, óvígðri sambúð eða staðfestri samvist er slitið. Í síðarnefnda tilvikinu skal ellilífeyri skipt að jöfnu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

20. gr.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar sem tilkynnt var til sjóðsins samkvæmt eldri lögum skal áunnum stigum sjóðfélaga, þau ár sem hjónabandið eða sambúðin stóð fram til ársloka 1983, skipt að jöfnu hafi þeim ekki áður verið skipt samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1984.

21. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir heildarskuldbindingum skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, beita sér fyrir viðeigandi breytingum á lögum og/eða samþykktum sjóðsins, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta hag sjóðsins.

22. gr.

Setja skal nánari reglur um skipulag sjóðsins og starfsemi auk frekari ákvæða um lífeyri, svo sem fjárhæðir og útreikning lífeyris og skilyrði fyrir greiðslum, í samþykktir sem fjármálaráðherra staðfestir að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

23. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1999 og frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Grundvallarlaun lífeyris sem úrskurðaður hefur verið skv. I. kafla laga nr. 50/1984 skulu frá 1. janúar 1999 breytast í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr. Hlutfall þess lífeyris skal frá 1. janúar 1999 lækkað hlutfallslega í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr. og nánari ákvæði í samþykktum sjóðsins.

Grundvallarlaun lífeyris sem úrskurðaður hefur verið skv. II. kafla laga nr. 50/1984 skulu frá 1. janúar 1999 breytast í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr. Hlutfall þess lífeyris skal frá 1. janúar 1999 lækkað um 19,88%.

Lífeyrir samkvæmt eldri lögum skal eigi verða lægri en hann hefði orðið samkvæmt lögum nr. 50/1984.

Ákvæði 1. málsl. 4. mgr. 6. gr. um 25-föld ársiðgjöld sjóðfélaga skal taka gildi 1. janúar 2000. Fyrir árið 1999 skal miða við 24-föld iðgjöld sjóðfélaga.

Örorkulífeyrir þeirra örorkulífeyrisþega sjóðsins sem ná 67 ára aldri á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 1999 fellur niður 1. júlí 1999. Ellilífeyrir þeirra skal úrskurðaður frá 1. júlí 1999 en að öðru leyti í samræmi við ákvæði 10. mgr. 10. gr.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ragnar Arnalds.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Geir H. Haarde.

LÖG

um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um fólksflutninga á landi gegn gjaldi með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri, sbr. þó 4. mgr. 4. gr. og 9. gr.

2. gr.

Orðskýringar.

Reglubundnir fólksflutningar eru fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun einu sinni eða oftár í viku allt árið eða hluta þess og þjónustan er öllum opin.

Til reglubundinna fólksflutninga telst:

1. Sérleyfi sem er leyfi til reglubundinna fólksflutninga þar sem heimilt er að taka upp og setja af farþega hvar sem er á leiðinni.
2. Einkaleyfi sem er sérleyfi sveitarfélags til reglubundinna fólksflutninga innan lögsagnarumdæmis þess.
3. Sérstakir reglubundnir fólksflutningar sem eru flutningar á ákveðnum hópi farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir.
4. Aðrir reglubundnir fólksflutningar sem eru fólksflutningar sem hvorki eru sérleyfi né sérstakir reglubundnir fólksflutningar.

Óreglubundnir fólksflutningar eru aðrir fólksflutningar en reglubundnir.

3. gr.

Útgáfa leyfa.

Leyfi Vegagerðarinnar þarf til að stunda fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum. Leyfið skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum til samgönguráðuneytis.

Ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu.

II. KAFLI

4. gr.

Sérleyfi.

Sérleyfi er leyfi til reglubundinna fólksflutninga þar sem heimilt er að taka upp og setja af farþega hvar sem er á leiðinni. Vegagerðin gefur út sérleyfi, enda hefur umsækjandi leyfi skv. 3. gr. Sérleyfi skal alla jafna gilda til fimm ára og vera óframseljanlegt. Veita má umsækjanda fleiri en eitt sérleyfi. Við útgáfu sérleyfa skal leita umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Heimilt er að setja nánari skilyrði, t.d. um ferðatíðni, í reglugerð.

Þeir sérleyfishafar, sem hafa haft sérleyfi áður, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum ef þeir sækja um þau og fá meðmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Vegagerðin getur sagt upp sérleyfi á leyfistímanum vegna skipulagsbreytinga innan ákveðinna svæða sem viðkomandi sveitarfélög standa sameiginlega að. Slíkur uppsagnarfrestur skal ekki vera skemmri en tvö ár.

Í sérleyfisakstri er sérleyfishafa heimilt að nota bifreiðar sem rúma 3–8 farþega.

5. gr.

Einkaleyfi.

Sveitarfélögum er heimilt að taka að sér reglubundna fólksflutninga, þ.e. sérleyfi, innan síns lögsagnarumdæmis. Slíkt sérleyfi er einkaleyfi og er ótímabundið.

Nú ákveður sveitarstjórn að taka í sínar hendur rekstur reglubundinna fólksflutninga innan síns lögsagnarumdæmis þar sem áður hefur verið sérleyfi og er þá skylt að veita sveitarstjórn einkaleyfi þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi sveitarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi, sbr. þó 3. mgr. 4. gr.

Við veitingu einkaleyfis er Vegagerðinni heimilt að binda leyfið því skilyrði að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn til að kaupa þær fasteignir og bifreiðar sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar á verði sem samkomulag næst um á milli aðila. Ef ekki næst samkomulag um verð skal það ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Öðrum en einkaleyfishafanum er óheimilt nema með samþykki hans að flytja um einkaleyfissvæðið aðra farþega en þá sem teknir eru upp utan þess og þá sem teknir eru upp innan svæðisins til flutnings út fyrir það.

6. gr.

Sérstakir reglubundnir fólksflutningar.

Með sérstökum reglubundnum fólksflutningum er átt við flutninga á ákveðnum hópi farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir. Til sérstakra reglubundinna fólksflutninga teljast flutningar starfsfólks að og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda og akstur skólanemenda. Ekki þarf annað leyfi til sérstakra reglubundinna fólksflutninga en um getur í 3. gr.

7. gr.

Aðrir reglubundnir fólksflutningar.

Aðrir reglubundnir fólksflutningar eru fólksflutningar sem hvorki eru sérleyfi né sérstakir reglubundnir fólksflutningar, sbr. 4. og 6. gr. Vegagerðin gefur út leyfi til annarra reglubundinna fólksflutninga, enda hafi umsækjandi leyfi skv. 3. gr., og skal það gilda í eitt ár og vera óframseljanlegt. Veita má umsækjanda fleiri en eitt leyfi.

III. KAFLI

8. gr.

Óreglubundnir fólksflutningar.

Óreglubundnir fólksflutningar teljast í lögum þessum aðrir fólksflutningar en reglubundnir, sbr. 4., 6. og 7. gr.

Ekki þarf annað leyfi til óreglubundinna fólksflutninga en um getur í 3. gr.

Ekki er heimilt að skipuleggja fólksflutninga sem eru samsvarandi þeim reglubundnu fólksflutningum sem fyrir eru og um getur í 4. og 7. gr., þótt tímabundnir séu.

9. gr.

Akstur sérútbúinna bifreiða.

Vegagerðin skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en nýu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi leyfi skv. 3. gr. Leyfi þetta skal í fyrsta sinn gilda í eitt ár en síðan í tvö ár í senn og vera óframseljanlegt.

IV. KAFLI

10. gr.

Skilyrði leyfis.

Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum geta öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum:

1. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
2. Fullnægja skilyrðum um starfshæfni eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.
3. Hafa ekki verið dæmdir til refsivistar eða framið alvarleg eða ítrekuð brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögnum. Skilyrðum skv. 1. mgr. verður leyfishafi einnig að fullnægja á leyfistímanum.

V. KAFLI

11. gr.

Almenn ákvæði um leyfishafa.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita hlutafélögum, einkahlutafélögum eða sameignarfélagum, enda uppfylli þau skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 10. gr.

Hjá félaginu skal starfa forsvarsmaður sem ber ábyrgð á rekstrinum. Hann skal uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 10. gr.

12. gr.

Almenn ákvæði um bifreiðar til fólksflutninga.

Bifreið, sem notuð er til fólksflutninga samkvæmt lögum þessum og uppfyllir gæða- og tækniröfur Vegagerðarinnar, má eingöngu nota til slíkra flutninga meðan leyfið gildir, sbr. þó 9. gr.

Þó er heimilt að flytja frakt í þar til gerðu rými, enda uppfylli bifreiðin að öðru leyti skilyrði fólksflutningabifreiðar.

VI. KAFLI

13. gr.

Eftirlit og leyfisgjöld.

Greiða skal fyrir útgáfu leyfa. Enn fremur skal árlega greiða gjald vegna hvernar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar. Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar og standa undir eftirliti og leyfisveitingum samkvæmt lögum þessum.

Vegagerðinni er heimilt að fela þriðja aðila að sjá um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

Samgönguráðherra ákvarðar með reglugerð að fengnum tillögum Vegagerðarinnar gjöld fyrir veitingu leyfa og eftirlit samkvæmt lögum þessum.

VII. KAFLI

14. gr.

Kýrsetning bifreiðar.

Verði aðili uppvís að því að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum án þess að hafa til þess tilskilin leyfi er Vegagerðinni heimilt að stöðva hana þegar í stað og kýrsetja bifreiðar hans þar til leyfi hefur verið fengið til starfseminnar.

15. gr.

Refsingar. Svípting leyfis.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

Við alvarleg eða ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi leyfum er honum hafa verið veitt samkvæmt lögum þessum. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þar til úrlausn hefur fengist í málinu skv. 1. mgr.

Sama gildir um skilyrði leyfis eins og þau eru tilgreind í leyfisbréfi.

16. gr.

Reglugerðarheimild.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök ákvæði í lögum þessum.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum vegna skuldbindinga er leiðir af samningnum um Evrópska efnahags-svæðið.

17. gr.

Gildistaka. Brottfallin lög.

Lög þessi taka gildi 1. júní 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ragnar Arnalds.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Halldór Blöndal.

LÖG**um breytingu á lögum um skipulag ferðamála,
nr. 117/1994, með síðari breytingum.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Aðrir fundir skulu haldnir samkvæmt ákvörðun ráðsins.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar sjö menn í Ferðamálaráð og jafnmarga til vara. Skipunartími Ferðamálaráðs skal vera fjögur ár, en skipunartími ráðherraskipaðra fulltrúa skal þó takmark-

aður við embættistíma þess ráðherra sem skipar þá. Skulu tveir skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins og hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu eftirtalinna: Samtaka ferðaþjónustunnar, sem tilnefna tvo menn, Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem tilnefnir tvo, og Ferðamálasamtaka Íslands, sem tilnefna einn.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum mála-flokkum. Í undirnefndir er heimilt að skipa menn sem ekki eiga sæti í Ferðamálaráði.

4. gr.

Á eftir 1. tölul. 7. gr. laganna kemur nýr töluliður og breytist töluröð annarra liða til samræmis við það:

2. Rannsóknir og kannanir á sviði ferðamála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ragnar Arnalds.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Halldór Blöndal.

LÖG

um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 161/1994, sbr. lög nr. 73/1996.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. og 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Gjaldið skal vera 6.800 kr. og greiðist í sérstakan útflutningssjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Er því ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorðs en 5% gjaldsins skal greiða í stofnverndarsjóð sem starfar skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim sem greitt hafa útflutningsgjald skv. 5. gr. frá gildistöku laga nr. 84/1997, um búaðargjald, þar til lög þessi öðlast gildi skal endurgreiddur sá hluti gjaldsins sem runnið hefur til Búnaðarmálasjóðs.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Guðmundur Bjarnason.

Nr. 16

16. mars 1999

LÖG**um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðsins „ECU“ í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: evrum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla ákvæði laga þessara og reglugerðar sem ráðherra setur á grundvelli þeirra.
- b. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Í stað „33 $\frac{1}{3}$ %“ í 4. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: 50%.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein, 42. gr., svohljóðandi:

Í reglugerð er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um opinbera skráningu verðbréfa og framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. tölul. 1. gr. laganna hljóðar svo: að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum eignum skv. 27. gr. á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu og.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í starfsleyfi skal koma fram hvort verðbréfasjóður hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar hér á landi skv. 27. gr. Verðbréfasjóðir, sem eingöngu er heimilt að markaðssetja hér á landi skv. 27. gr., skulu sækja um nýtt starfsleyfi breyti þeir samþykktum og hyggist markaðssetja sig innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sama gildir um sjóði sem heimild hafa til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu en breyta samþykktum sínum til að nýta sér heimildir 27. gr.

3. gr.

3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna hljóðar svo: Jafnframt skulu koma fram helstu upplýsingar um rekstrarfélag og vörslufyrirtæki verðbréfasjóðsins og hvort sjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar hér á landi skv. 27. gr.

4. gr.

Á eftir 26. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Heimilt er að stofna verðbréfasjóð sem eingöngu verði markaðssettur hér á landi.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, enda kveði fjárfestingarstefna sjóðsins eða viðkomandi deildar hans á um að eignasamsetning hans skuli endurspegla ákveðna verðbréfavísitölu samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að ávaxta allar eignir sínar í verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara, þó ekki nema 35% í einstökum verðbréfasjóðum. Sé þessi heimild nýtt skulu a.m.k. 90% af eignum sjóðsins ávöxtuð í verðbréfasjóðum og dreifast á a.m.k. fimm verðbréfasjóði. Verðbréfasjóður getur þó ekki fjárfest í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að ávaxta allar eignir sínar í innlánnum innlánsstofnana, þó ekki nema 35% í innlánnum einstakra innlánsstofnana. Sé þessi heimild nýtt skulu a.m.k. 90% af eignum sjóðsins ávöxtuð í innlánnum og dreifast

á a.m.k. fimm innlánsstofnanir. Innlánsstofnanir innan sömu samstæðu teljast ein innlánsstofnun í þessu tilliti. Óheimilt er verðbréfasjóði að fjárfesta í innlánnum innlánsstofnunar sem er vörslufyrirtæki sjóðsins, sbr. 2. mgr. 14. gr.

Verðbréfasjóði skv. 1. mgr., eða einstökum deildum hans, er heimilt að eiga viðskipti með staðlaða fjármálalega framvirka samninga og valréttarsamninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sé markaðurinn staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins skal hann vera viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur þar sem kveðið er á um heimild verðbréfasjóðs skv. 1. mgr., eða einstakra deilda hans, til að gera eða eiga viðskipti með fjármálalega framvirka samninga og valréttarsamninga sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði. Í þeim skal m.a. kveðið nánar á um hvers konar samninga um getur verið að ræða og hvaða skilyrði samningsaðilar þurfa að uppfylla. Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti hugsanlegu hámarkstapi af samningi sem gerður er samkvæmt þessari málsgrein allan þann tíma sem hann er í gildi.

Ákvæði laga þessara eiga að öðru leyti við um verðbréfasjóði samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Á eftir 38. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist röð annarra greina samkvæmt því:

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi verðbréfasjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi verðbréfasjóðsins. Þess skal gætt að skýrt komi fram hvort sjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu eða markaðssetningar skv. 27. gr.

Fjárfesti verðbréfasjóður í framvirkum samningum og valréttarsamningum skv. 27. gr. skal getið um það sérstaklega í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi. Jafnframt skal koma fram viðvörðun til fjárfesta um að fjárfesting í slíkum sjóði sé áhættusöm.

6. gr.

Á eftir 40. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Verðbréfasjóður getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Finnur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um hafnaáætlun 1999 – 2002.

Alþingi ályktar skv. 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, að árin 1999–2002 skuli framkvæmd-
um í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun.

I. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs.

Upphæðir í milljónum króna. Tölur í svigum tákna að til er ónotuð fjárveiting.

Kjördæmi Höfn	1999			2000			2001			2002			Samtals 1999– 2002
	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	
Vesturland													
Grundartangi	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Akranes	14,3	0,0	14,3	0,0	6,7	6,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	21,0
Snæfellsbær	5,5	(2,2)	3,3	4,1	(1,2)	2,9	0,5	0,0	0,5	45,8	0,0	45,8	52,5
Grundarfjörður	21,0	0,0	21,0	29,6	0,0	29,6	19,0	0,0	19,0	7,4	0,0	7,4	77,0
Stykkishólmur	6,2	3,3	9,5	0,0	0,0	0,0	1,3	0,0	1,3	12,4	0,0	12,4	23,2
Búðardalur	0,0	0,0	0,0	4,0	0,0	4,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,0
	47,0	1,1	48,1	37,7	5,5	43,2	20,8	0,0	20,8	65,6	0,0	65,6	177,7
Vestfirðir													
Reykholahöfn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Vesturbyggð	0,6	4,1	4,7	0,0	3,6	3,6	1,8	0,0	1,8	12,6	0,0	12,6	22,7
Tálknafjörður	4,4	(2,1)	2,3	0,0	0,0	0,0	1,9	0,0	1,9	0,0	0,0	0,0	4,2
Bolungarvík	4,4	(4,4)	0,0	19,2	(6,6)	12,6	0,0	0,0	0,0	1,9	0,0	1,9	14,5
Ísafjarðarbær	74,8	(15,5)	59,3	59,8	0,0	59,8	37,7	0,0	37,7	11,1	0,0	11,1	167,9
Súðavík	0,0	0,0	0,0	8,0	0,0	8,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	8,0
Norðurfjörður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Drangsnæs	12,2	(0,1)	12,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,7	0,0	3,7	15,8
Hólmavík	7,7	(0,4)	7,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	7,3
	104,1	(18,4)	85,7	87,0	(3,0)	84,0	41,4	0,0	41,4	29,3	0,0	29,3	240,4
Norðurland vestra													
Hvammstangi	0,0	0,0	0,0	11,5	(3,4)	8,1	0,0	0,0	0,0	2,5	0,0	2,5	10,6
Blönduós	0,0	0,9	0,9	4,9	0,0	4,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,8
Skagatrönd	0,0	7,5	7,5	4,3	0,0	4,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	11,8
Skagafjörður	14,2	(14,0)	0,2	0,0	0,0	0,0	19,6	0,0	19,6	53,6	0,0	53,6	73,4
Siglufjörður	30,8	(1,9)	28,9	38,4	0,0	38,4	13,6	0,0	13,6	0,0	0,0	0,0	80,9
	45,0	(7,5)	37,5	59,1	(3,4)	55,7	33,2	0,0	33,2	56,1	0,0	56,1	182,5

Kjördæmi Höfn	1999			2000			2001			2002			Samtals 1999– 2002
	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	Til nýfrkv.	Til uppgj.	Fjárv. alls	
Norðurland eystra													
Hafnasamlag Eyjafjarðar	37,6	10,7	48,3	10,5	0,0	10,5	0,0	10,1	10,1	100,4	3,0	103,4	172,3
Hafnasamlag Norðurlands	51,6	43,3	94,9	27,6	36,5	64,1	61,8	1,9	63,7	21,6	0,0	21,6	244,3
Grimsey	0,0	2,5	2,5	6,2	0,0	6,2	0,0	0,0	0,0	6,1	0,0	6,1	14,8
Húsavík	2,3	8,4	10,7	98,8	0,0	98,8	111,2	0,0	111,2	83,3	0,0	83,3	304,0
Tjóneshöfn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kópasker	2,2	1,2	3,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,8	0,0	3,8	7,2
Raufarhöfn	29,8	10,4	40,2	1,2	10,0	11,2	7,4	0,0	7,4	5,3	0,0	5,3	64,1
Þórshöfn	0,0	0,0	0,0	13,6	0,0	13,6	42,2	0,0	42,2	46,3	0,0	46,3	102,1
	123,5	76,5	200,0	157,9	46,5	204,4	222,6	12,0	234,6	266,8	3,0	269,8	908,8
Austurland													
Bakkafjörður	2,0	(1,6)	0,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	9,3	0,0	9,3	9,7
Vopnafjörður	44,8	(1,5)	43,3	42,2	0,0	42,2	11,8	0,0	11,8	82,3	0,0	82,3	179,6
Borgarfjörður eystri	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,0	0,0	5,0	5,0
Seyðisfjörður	1,6	4,8	6,4	5,5	0,0	5,5	36,4	0,0	36,4	0,0	0,0	0,0	48,3
Nesk-/Eskifj./Reyðarfj.	23,5	4,9	28,4	22,0	8,5	30,5	65,1	0,0	65,1	35,3	0,0	35,3	159,3
Fáskrúðsfjörður	2,2	5,2	7,4	0,0	0,0	0,0	17,9	0,0	17,9	26,8	0,0	26,8	52,1
Stöðvarfjörður	2,4	2,0	4,4	2,5	0,0	2,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	6,9
Breiðdalsvík	5,3	(4,6)	0,7	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,7
Djúpivogur	0,0	0,0	0,0	55,9	0,0	55,9	23,4	0,0	23,4	7,4	0,0	7,4	86,7
Hornafjörður	40,7	5,3	46,0	61,5	0,0	61,5	93,5	0,0	93,5	39,3	0,0	39,3	240,3
	122,5	14,5	137,0	189,6	8,5	198,1	248,1	0,0	248,1	205,4	0,0	205,4	788,6
Suðurland													
Vestmannaeyjar	65,2	11,6	76,8	73,9	0,0	73,9	82,9	4,0	86,9	68,7	22,4	91,1	328,7
Þorlákshöfn	0,0	8,5	8,5	0,0	8,5	8,5	0,0	0,0	0,0	46,2	0,0	46,2	63,2
	65,2	20,1	85,3	73,9	8,5	82,4	82,9	4,0	86,9	114,9	22,4	137,3	391,9
Reykjanes													
Grindavík	32,9	61,1	94,0	73,0	70,0	143,0	46,3	90,7	137,0	84,8	35,0	119,8	493,8
Sandgerði	0,0	61,6	61,6	4,2	28,4	32,6	82,0	0,0	82,0	16,4	0,0	16,4	192,6
Hafnasamlag Suðurnesja	0,0	34,0	34,0	2,1	33,3	35,4	0,0	3,0	3,0	16,7	0,0	16,7	89,1
Hafnarfjörður	10,0	(4,0)	6,0	9,0	0,0	9,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	15,0
Garðabær	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kópavogur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
	42,9	152,7	195,6	88,3	131,7	220,0	128,3	93,7	222,0	117,9	35,0	152,9	790,5
Reykjavík	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Óskipt													
	3,8	0,0	3,9	5,2	0,0	5,2	6,0	0,0	6,0	6,6	0,0	6,6	21,7
Samtals allt landið	554,0	239,0	793,0	698,7	194,3	893,0	783,3	109,7	893,0	862,6	60,4	923,0	3.502,0

II. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum.**Skýringar við töflu:**

Áætlanatölur byggjast á kostnaðarútreikningum Siglingastofnunar yfir heildarkostnað. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs.

Verðlag miðast við áætlun um mitt ár 1999 (byggingarvisitala 237 stig).

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hlutfur ríkissj.
VESTURLAND					
Grundartangi					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Akranes					
Aðalhafnargarður, styrking á brimvörn (100 m kaflí næst enda)	19,0				75%
Snæfellsbær					
Arnarstapi:					
Viðhaldsdýpkun (700–900 m³ á ári)	0,6		0,6	0,6	75%
Lenging viðlegu (sprengingar og dýpkun)		5,5			75%
Ríðshöfn:					
Slitlag á tengibraut að trébryggju (300 m² malbik)	0,9				60%
Breikkun þekju við stálþil í 20 m á 100 m kafla (500 m² malbik)	1,4				60%
Endurbýgging og lenging staurakistu um 10 m, stálþil (35 m)				21,6	60%
Dýpkun til að viðhalda dýpi í innsiglingu og höfn (u.þ.b. 6.000 m³)				3,0	75%
Lenging stálþils, 1. áfangi – þil með kanti (80 m, dýpi 6 m)				46,2	60%
Ólafsvík:					
Endurnýjun innsiglingarbauju	2,2				75%
Bátabyrggjun, nýir björgunarstigir með ljósi (18 stk.) og vatnslögn (6 úttök)	3,3				60%
Dýpkun til að viðhalda dýpi í innsiglingu og höfn (u.þ.b. 6.000 m³)				3,0	75%
Grundarfjörður					
Lenging stórbryggju, stálþil (100 m, dýpi 8 m), lagnir, lýsing og þekja (1.800 m²)	35,0	49,3	27,1		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)			3,1		60%
Lýsing og vatns- og raflögn við smábátahöfn			1,5		60%
Smábátaaðstaða, dýpkun (u.þ.b. 3.000 m³)				3,1	75%
Smábátaaðstaða, flotbryggja (40 m), fylling og grjótvörn fláa				8,5	60%
Stykkishólmur					
Stykkishöfn hafskipabryggja, styrking landgangs (stöplar og handrið á brú)	7,2				60%
Steinbryggjan, frágangur, rafmagn og vatnslögn	3,1				60%
Skipavík, ljósamasturs- og vatnshús			2,1		60%
Stálþil næst brúarbas Súgandisey (ætl. 20 m þil) og þekja við þilið				14,7	60%
Dráttarbraut Skipavík, endurbýgging – hönnun og undirbúningur				6,0	60%
Búðardalur					
Smábátaaðstaða		5,3			75%
	72,7	60,1	34,4	106,7	
VESTFIRÐIR					
Reykhólar					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Vesturbýggð					
Brjánslekur:					
Steypt þekja (u.þ.b. 120 m²)	1,0				60%
Patrekshöfn:					
Innsigling lagfærð, stauravirki við enda hafskipabryggju				21,0	60%
Bíldudalur:					
Flotbryggja, lenging (20 m)			3,0		60%
Tálknafjörður					
Þekja við stálþil, lagnir og lýsing (steypt 300 m², klæðning 900 m²)	4,1		3,1		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)	3,1				60%
Ísafjarðarbær					
Þingeyri:					
Tengibraut að flotbryggju smábátahöfn (klæðning u.þ.b. 700 m²)			1,2		60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)			3,1		60%

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hluttur ríkisssj.
<i>Flateyri:</i>					
Grjótörm og steypur kantur á 70 m þil við hafmarkant (lokið verki frá 1998)	16,4				60%
Endurbygging hafmarkants, frágangur, lagnir og steyp þekja (1.100 m ²)		12,3			60%
<i>Suðureyri:</i>					
Grjótörm við Brjótinn og á Norðurgarði, endurröðun og styrking (2.500 m ³)	8,2				75%
<i>Ísafjörður:</i>					
Lenging Sundabakka (efni 1998), þilrekstur, kantur (70 m), lagnir og þekja (1.400 m ²)	27,9	17,9			60%
Dýpkun í 7,5 m í Sundahöfn, Rennu og við Suðurtanga (110.000 m ³)	56,1				75%
Bátahöfn við Olíumúla, endurbygging, 1. áfangi		24,0			60%
Dýpkun við Olíumúla og viðgerðarbryggju (24.000 m ³ – gróftur)		36,4			75%
Ferjubryggja Sundahöfn, lenging, staurabryggja úr harðviði (17 m)			11,2		60%
Ásgeirsbakki, endurbygging, 1. áfangi, stálþil (85 m, dýpi 8 m)			47,4		60%
Viðgerðarbryggja skipamiðstöðvar, staurabryggja úr stáli og harðviði (38 m)				18,5	60%
<i>Bolungarvík</i>					
Bætt aðstaða smábáta (flotbryggja 40 m)	7,4				60%
Grundargarður, breikkun og grjótörm á u.þ.b. 300 m kafla (24.000 m ³)		25,6			75%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)				3,1	60%
<i>Súðavík</i>					
Viðlegubryggja við Suðurgarð (20 m léttbyggð timburbryggja – dýpi 3 m)		5,8			60%
Dýpkun hafnar – gróftur (u.þ.b. 3.000 m ³)		6,0			75%
<i>Norðurfjörður</i>					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
<i>Drangnes</i>					
Dýpkun í innsiglingu og höfn í 4–5 m (sprengja boða og grafa u.þ.b. 5.000 m ³)	16,2				75%
Drangnesbryggja, hækkun efri hluta bryggju, steyp þekja (400 m ²) og veggur (18 m)				6,2	60%
<i>Hólmavík</i>					
Viðlegubryggja úr timbri við Norðurgarð, síðari áfangi (20 m)	12,9				60%
	153,3	128,0	69,0	48,8	
NORDURLAND VESTRA					
<i>Hvammstangi</i>					
Dýpkun hafnar í 5–6 m og innsiglingin í 7 m, sprengt að hluta (5.000 m ³)		15,3			75%
Endurbygging vestur- og miðhluta Suðurbryggju, nýtt dekk og kantur (260 m ²)				4,2	60%
<i>Blönduós</i>					
Dýpkun, innan hafnar, hreinsað laust efni og grjót ofan af klöpp (2.000 m ³)		5,6			75%
Hækkun kants sunnan á bryggju (100 m)		1,2			60%
<i>Skagaströnd</i>					
Skúffugarður, steypur kantur 44 m, lýsing og þekja (1.500 m ² malbik)		7,2			60%
<i>Skagafjörður</i>					
<i>Sauðárkrúkur:</i>					
Tengibraut, hafnargarður – Sandeyri (800 m ²)	3,0				60%
Stálþil Norðurgarði, endurbygging fremsta hluta og lenging 60 m (130 m, dýpi 8,5 m)			27,9	45,3	60%
Dýpkun, snúningsvæði og innsigling í 8 m, við þil í 8,5 m (75.000 m ³)	16,2			13,2	75%
Stálþil við Norðurgarð, lagnir, lýsing og þekja (1.900 m ² steyp, 700 m ² malbik)				27,5	60%
<i>Hofsós:</i>					
Lenging Þvergarðs um 5 m (u.þ.b. 1.000 m ³)			3,6		75%
<i>Haganesvík:</i>					
Viðhaldsdýpkun	0,2		0,2		75%
<i>Siglufjörður</i>					
Skjólgarður frá enda Brjótins (33.000 m ³)	41,1				75%
Bæjarbryggja, endurbygging, 1. áfangi, stálþil (100 m, dýpi 8 m)		64,0			60%
Bæjarbryggja, endurbygging, lagnir og steyp þekja (u.þ.b. 1.800 m ²)			22,6		60%
	60,5	93,3	54,3	90,2	

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hluttur ríkissj.
NORDURLAND EYSTRA					
Hafnasamlag Eyjafjarðar					
<i>Ólafsfjörður:</i>					
Norðurgarður, styrking ysta hluta (grjótgarður 32.000 m ³)				71,0	75%
Loðnulöndunarkantur, endurbýgging, harðviðarbryggja (84 m, dýpi 6 m)				58,0	60%
<i>Dalvík:</i>					
Norðurgarður, stálþil, endurbýgging fremsta hluta (53 m, dýpi 8 m)	30,4				60%
Suðurgarður, þekja (600 m ²)		4,5			60%
Norðurgarður, stálþil, þekja og lagnir (u.þ.b. 1.000 m ²)		13,0			60%
Suðurgarður, styrking og endurröðun grjótvarnar (u.þ.b. 260 m x 30 m ³ /m)				16,4	75%
<i>Árskógssandur/Hauganes:</i>					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
<i>Hrísey:</i>					
Lenging Norðurgarðs (16.000 m ³)	25,7				75%
Hafnasamlag Norðurlands					
<i>Hjalteyri:</i>					
Viðhaldsdýpkun	0,2		0,2		75%
<i>Akureyri:</i>					
Fiskihöfn Vesturbakki, stálþil, 1. áfangi (120 m, dýpi 9 m, þekja 2.400 m ²)	85,6	30,6			60%
Fiskihöfn, dýpkun, 2. áfangi (91.000 m ³)			37,0		75%
Fiskihöfn Vesturbakki, stálþil, 2. áfangi (70 m, dýpi 9 m, þekja 1.400 m ²)			50,1	12,9	60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)			2,0		60%
Tangabryggja lenging, stálþil (30 m, dýpi 8 m), Sverrisbryggja rifin			4,2	18,2	60%
Stálþil Krossanesi 2. áfangi, undirbúningsframkvæmd				5,0	60%
<i>Svalbardseyri:</i>					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
<i>Grenivík:</i>					
Smábátastæða, flotbryggja – öldubrjótur (40 m)		13,4			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)		2,0			60%
Grimsey					
Styrking grjótvarnar á hafnargarði, grjót úr landi (500 m ³)		8,2			75%
Endurbýgging fremsta hluta hafnargarðs, þekja (u.þ.b. 300 m ²) og skvettmúr				10,1	60%
Húsavík					
Innsiglingarmerki, leiðarmerki færð og garðsendaljós	3,1				75%
Brimvarnargarður við Böku (300.000 m ³ – grjót á lager 30.000 m ³)		228,8	245,3		75%
Bökubakki, stálþil (150 m, dýpi 10 m)				132,3	60%
Bökubakki, frágangur, lagnir og steipt þekja, fyrri áfangi (1.000 m ²)				17,0	60%
Smábátastæða, dýpkun (u.þ.b. 500 m ³)				0,5	75%
Smábátastæða, flotbryggja (27 m)				4,5	60%
Tjörneshöfn					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
Kópasker					
Viðlegubryggja smábáta (15 m flotbryggja)	3,7				60%
Dýpkun hafnar (10.000 m ³ dæling)				5,1	75%
Raufarhöfn					
Löndunarbryggja við bræðslu, stálþil (50 m, dýpi 9 m), lokið verki frá 1998	39,1				60%
Fiskavikurbryggja rifin	1,5				60%
Grjótgarður við bátahöfn (4.000 m ³)	7,2				75%
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur		1,6			75%
Löndunarbryggja við bræðslu, lagnir, lýsing og steipt þekja (1.000 m ²)			12,3		60%
Dýpkun innsiglingar, undirbúningsframkvæmd				7,0	75%

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hluttur ríkissj.
Bórshöfn					
Tengibraut að hafskipabryggju, grjótfliá (37 m) og steipt þekja (600 m ²)		7,2			60%
Hafskipakantur, lenging, stálþil (15 m, dýpi 7 m)		11,7			60%
Hafskipakantur, lagnir, lýsing og steipt þekja (300 m ²)		3,8			60%
Stálþil, II. og III. áfangi (105 m, dýpi 8 m), oliubryggja rifin			70,3		60%
Stálþil, II. og III. áfangi, lagnir, lýsing og steipt þekja (u.þ.b. 1.400 m ²)				20,1	60%
Dýpkun við stálþil og snúningssvæði (u.þ.b. 30.000 m ³)				45,6	75%
	196,5	324,8	421,4	423,7	
AUSTURLAND					
Bakkafjörður					
Vatnslögn á hafnarsvæði að Sjufnarbryggju (200 m)	3,3				60%
Lenging löndunarbryggju, harðviðarbryggja (20 m, dýpi 3 m)				10,3	60%
Lenging Sjufnarbryggju, léttbygð furubryggja (20 m, dýpi 2,5 m)				5,1	60%
Vopnafjörður					
Löndunarbryggja, stálþil (80 m, dýpi 8 m) samkvæmt líkantilraunum	11,0	70,3	19,6		60%
Dýpkun að löndunarbryggju (23.000 m ³ , sprengdir 1.000 m ³)	46,9				75%
Smábátahöfn, lýsing og raflögn (stofnlögn, húð og mastur)	5,0				60%
Skjólgarður (u.þ.b. 210 m, 81.000 m ³) samkvæmt líkantilraunum				106,0	75%
Tengibraut, miðbryggja – lýsisbryggja (u.þ.b. 1.800 m ² klæðning og lýsing)				4,7	60%
Borgarfjörður eystri					
Dýpkun sunnan gömlu bryggju og í bátakví (u.þ.b. 3.600 m ³)				6,7	75%
Seyðisfjörður					
Stormpolli við vesturenda Fjarðarhafnar	2,6				60%
Smábátahöfn og mjólhús bryggja, lagnir og lýsing		3,9			60%
Dráttarbraut, lokafrágangur		1,5			60%
Dýpkun rennu við Fjarðarhöfn í 8 m dýpi (85.000 m ³) og við trébryggjur (5.000 m ³)		3,0	41,6		75%
Sandfangari við mynni Fjarðarár (2.500 m ³)			4,1		75%
Bryggja við Fjarðarhöfn, frágangur			3,5		60%
Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður					
<i>Neskaupstaður:</i>					
Lenging Togarabryggju, stálþil, 1. áfangi – þil með kanti (70 m, dýpi 8 m)			44,7		60%
Dýpkun vegna tilfærslu á flotbryggju (15.000 m ³)			11,3		75%
Stækkun togarahafnar, færsla skjólgarðs (u.þ.b. 30.000 m ³)			10,2	37,3	75%
<i>Eskifjörður:</i>					
Stálþil austan Bæjarbryggju, 1. áfangi (80 m, dýpi 10 m, þekja 1.600 m ²)	39,1	19,6			60%
Dýpkun við stálþil (9.000 m ³)		6,7			75%
Lenging bræðslubryggju, lagnir, kantur (66 m) og þekja (520 m ²)		8,7	4,1		60%
Stálþil austan Bæjarbryggju, 2. áfangi (50 m, dýpi 10 m, þekja 1.000 m ²)			32,7	12,2	60%
<i>Reyðarfjörður:</i>					
Engur ríkisstyrktar framkvæmdir					
Fáskrúðsfjörður					
Hafskipabryggja, raflögn, frágangur	3,6				60%
Stækkun löndulöndunarbryggju (harðviðarbryggja, 40 m, dýpi 7 m)			29,8		60%
Endurbýgging Bæjarbryggju, 1. áfangi (50 m, dýpi 7 m)				32,4	60%
Endurbýgging Bæjarbryggju, lagnir, lýsing og þekja (1.000 m ²)				12,4	60%
Stöðvarfjörður					
Smábátahöfn, flotbryggja (20 m)	3,9				60%
Smábátahöfn, lagnir, lýsing og slitlag á tengibraut (1.500 m ²)		4,1			60%
Breiðdalsvík					
Gengið frá lögnum og lokið við þekju (1.080 m ²)	8,9				60%
Djúpvogur					
Skjólgarður í Gleðivík (u.þ.b. 45.000 m ³)		74,5			75%
Löndunarkantur í Gleðivík, stálþil (60 m, dýpi 8 m, þekja 900 m ²)			39,0	12,4	60%

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hluttur ríkissj.
Hornafjörður					
Dýpkun hafnar, viðhaldsdæling í höfn og innsiglingu (15.000 m ³ árlega)	6,3	6,3	6,3	6,3	75%
Þinganesgarður milli Austurfjörú og Þingnesskerja (30.000 m ³)	48,0				75%
Faxeýrarhöfn, skjólgarður (u.þ.b. 15.000 m ³)		24,3			75%
Faxeýrarhöfn, dýpkun í höfn og innsiglingarrennu (u.þ.b. 400.000 m ³)		51,4	56,5		75%
Leiðigarður sunnan hafnarmynnis (u.þ.b. 2.500 m ³)			4,1		75%
Faxeýrarhöfn, stálþilsbryggja (100 m, dýpi 8 m, lagnir og þekja 2.000 m ²)			72,1	24,5	60%
Endurbýgging bryggju við vogarhús, harðviðarbryggja (45 m, dýpi 5 m)				33,1	60%
	178,6	274,3	379,6	303,4	

SUDURLAND**Vestmannaeyjar**

Friðarhafnarkantur, austurendi, nýbýgging, lagnir, lýsing og steipt þekja (1.400 m ²)	18,5				60%
Friðarhafnarkantur, lokið endurbýggingu stálþils (210 m, dýpi 9 m, þekja 2.500 m ² steipt)	24,7	22,7			60%
Smábátahöfn innan Nausthamars, dýpkun í 2 m (u.þ.b. 4.000 m ³)	2,0				75%
Smábátastaða, landstöplar (3 stk.), færa flotbryggjur, lýsing og frágangur	6,2				60%
Nausthamarsbryggja, endurbýgging, efniskaup og sprengdur skurður	56,9	28,5			60%
Nausthamarsbryggja, endurbýgging, stálþil (300 m, dýpi 9 og 5 m, þekja 3.800 m ² malbik)		72,0	36,9		60%
Dýpkun norðan Nausthamarsbryggju í 9 m (u.þ.b. 15.000 m ³ , 6.000 m ²)			15,6	4,9	75%
Friðarhöfn, iskantur, endurbýgging, stálþil (74 m, dýpi 8 m, þekja 1.700 m ² malbik)			37,8	11,0	60%
Friðarhöfn, endurbýgging suðurkants, stálþil (86 m, dýpi 7 m, þekja 1.400 m ² malbik)			44,0	11,2	60%
Dýpkun að Friðarhafnarkanti og suðurkanti (u.þ.b. 30.000 m ³ , að hluta klapparsprenging)				14,4	75%
Dýpkun snúningssvæðis og siglingarleiðar innan hafnar í 7,5 m (u.þ.b. 20.000 m ³)				9,3	75%
Dýpkun í innsiglingu (viðhaldsdýpkun, u.þ.b. 40.000 m ³ dæling)				20,6	75%
Friðarhöfn endurbýgging norðurkants, stálþil (65 m, dýpi 7 m)				30,6	60%
Þorlákshöfn					
Dýpkun innan hafnar (u.þ.b. 30.000 m ³ sprengt og grafið)				61,6	75%
	108,3	123,2	134,3	163,6	

REYKJANES**Grindavík**

Dýpkun innsiglingarleiðar, ytri hluti (540×70 m, dýpi 9,5 m)	228,5	228,5			75%
Merking siglingarleiðar, tveir staurar við rennu og ný leiðarmerki í landi		7,2			75%
Skjólgarður vestan innsiglingar (80.000 m ³)			92,4		75%
Skjólgarður austan innsiglingar (100.000 m ³)				113,0	75%

Sandgerði

Flotbryggja (40 m)		7,0			60%
Dýpkun milli Norðurgarðs og Suðurbryggju (u.þ.b. 37.000 m ³ , sprengt 10.000 m ²)			154,0		75%
Norðurgarður, lenging, stálþil (50 m, dýpi 8 m, þekja 1.000 m ²)			39,7	12,3	60%
Suðurbryggja, norðurhlíð, stálþil (80 m, dýpi 7m)			54,5	13,4	60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5×30 m)				3,0	60%
Löndunarbryggja við fiskmarkað, harðviðarbryggja (20 m, dýpi 5 m)				15,4	60%

Hafnasamlag Suðurnesja

Garður:					
Endurbætt lýsing og innsiglingarljós á bryggjuhaus		3,5			60%
Reykjanesbær:					
Öldudempari í Helguvík, sprengt berg við suðurhluta hafnar				15,4	75%
Festipollar við vestur- og austurenda viðlegu í Helguvík (2 stk. 100 t pollar)				2,1	60%
Undirbúningur að lengingu grjótagarðs í Njarðvík				5,0	75%
Vogar:					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					

Hafnarfjörður

Háibakki lenging, stálþil (75 m, dýpi 8 m, þekja 1.500 m ² malbik)	33,3	30,1			30%
---	------	------	--	--	-----

Garðabær

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
---------------------------------	--	--	--	--	--

Höfn Verkefni	1999 m.kr.	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	Hluttur ríkissj.
Kópavogur					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
	261,8	276,3	340,6	179,6	
REYKJAVÍK					
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir					
ALLT LANDID					
Óskipt:	5,8	7,8	9,0	9,9	
Heildarkostnaður hvert ár:	1.037,5	1.287,8	1.442,6	1.325,9	

Samtals árin 1999–2002: 5.093,8

Þar af hluttur ríkissins: 3.419,0

Hluttur hafnarsjóða: 1.674,8

Samgönguráðuneytinu, 8. mars 1999.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

LÖG

um breytingu á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 7. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Sama gildir ef slík vopn eru sérhönnuð og sannanlega ætluð til íþróttaiðkunar skv. 17. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 1999

18. mars 1999

49

Nr. 20

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 18. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

19. mars 1999

Nr. 21

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 25. mars 1999 kl. 10.30.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 1999

Nr. 22

50

16. mars 1999

LÖG

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist,
nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 24. gr. laga nr. 83/1997, orðast svo:

Í fangelsum skal starfa hæfilegur fjöldi fangavarda og annars starfsliðs. Ráðherra skipar yfirfangaverði til fimm ára í senn. Forstjóri fangelsismálastofnunar skipar fangaverði til fimm ára í senn. Áður en fangavörður er skipaður til starfa skal hann hafa lokið prófi frá Fangavardaskóla ríkisins. Forstöðumaður fangelsis ræður aðra starfsmenn.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Einnig getur fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis enda stundi hann vinnu eða nám sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt, búi á sérstakri stofnun eða heimili þar sem hann er undir eftirliti og vinnan eða námið er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný. Fangi skal greiða gjöld sem slíkar stofnanir eða heimili innheimta hjá vismönnum.

3. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar ástæður eða húsrými komi í veg fyrir það og skal klefinn vera læstur að næturlagi. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að klefar séu ólæstir í tilteknum fangelsum eða fangelsisdeildum eða í öðrum tilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með.

4. gr.

2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá 1. og 2. tölul. 1. mgr. 23. gr.

5. gr.

Á eftir IV. kafla laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 123/1997, kemur nýr kafli, IV. kafli A, **Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu**, með tveimur nýjum greinum, 26. gr. a og 26. gr. b, svohljóðandi:

a. (26. gr. a.)

Nú innheimtist fésekt ekki og lögreglustjóri hefur ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu hennar og er þá heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta

vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 20 klukkustundir og mest 480 klukkustundir.

Hafi dómþoli í einni eða fleiri refsíákvörðun verið dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi og gert að greiða fésekt verður vararefsing ekki fullnustuð með samfélagsþjónustu ef samanlögð fangelsisrefsing og vararefsing er lengri en eitt ár. Sama gildir ef fullnusta á í einu lagi vararefsingu samkvæmt fleiri en einni sektarákvörðun.

b. (26. gr. b.)

Ákvæði 23.–26. gr. laganna gilda um fullnustu vararefsingar samkvæmt þessum kafla að öðru leyti en því að í stað þess að umsókn um afplánun vararefsingar með samfélagsþjónustu sé send fangelsismálastofnun skal sektarþoli senda lögreglustjóra slíka beiðni skriflega eigi síðar en sjö dögum eftir að honum barst tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar.

Þegar lögreglustjóra berst beiðni um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu skal hann framsenda fangelsismálastofnun beiðnina til ákvörðunar ásamt gögnum máls og umsögn sinni.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Þó skal 5. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2000.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.

16. mars 1999

Nr. 23

LÖG

**um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum,
nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, o.fl.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 19. gr. laga nr. 133/1993 og 43. gr. laga nr. 90/1996, orðast svo:

Útlendingaeftirlitið er sérstök stofnun. Ráðherra skipar forstjóra Útlendingaeftirlitsins til fimm ára í senn. Forstjóri skal vera lögfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1999.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast önnur lög sem hér segir:

Lög um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, breytast sem hér segir:

1. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Útlendingaeftirlitinu.
2. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Útlendingaeftirlitinu.
3. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóri“ í 8. gr. laganna kemur: Útlendingaeftirlitið.
4. Á eftir orðinu „lögreglu“ í 9. gr. laganna kemur: Útlendingaeftirlitinu.

Á eftir orðunum „skólastjóri Lögregluskóla ríkisins“ í 7. tölul. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, sbr. 9. gr. laga nr. 150/1996, kemur: forstjóri Útlendingaeftirlitsins.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940,
með síðari breytingum (reynslulausn o.fl.).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

40. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 16/1976 og 4. gr. laga nr. 42/1985, orðast svo:

Þegar fangi hefur afplánað $\frac{2}{3}$ hluta refsitímans getur Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

Reynslulausn má þó veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans.

Reynslulausn verður ekki veitt ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör sem nægja honum til framfærslu. Yfirlýsing hans skal og fengin um að hann vilji hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fyrir reynslulausn.

Þegar fangi fær lausn til reynslu skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn verður reynslulausn ekki veitt. Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar.

2. gr.

41. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 16/1976 og 5. gr. laga nr. 82/1998, orðast svo:

Reynslutími skal vera allt að 3 árum. Nú er óafplánað fangelsi lengra en 3 ár, og má þá ákveða reynslutíma allt að 5 árum.

Það er skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Ákveða má að reynslulausn skuli vera bundin því skilyrði að aðili sé háður umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar ríkisins eða annars aðila sem hún ákveður, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans. Enn fremur má binda reynslulausn þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 3. mgr. 57. gr. Skilyrði um vistun á hæli getur þó eigi staðið lengur en til loka refsitímans.

Stjórn stofnunar veitir styrki eða úthlutar fé í samræmi við samþykktir og ákvæði 33. gr. Úthlutun fjármuna skal vera eðlileg með hliðsjón af tilgangi og eignarstöðu stofnunar.

Heimilt er stjórninni að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

33. gr.

Einungis er heimilt að úthluta af fjármunum stofnunarinnar sem hér segir:

- a. hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og úr frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap, sem hefur ekki verið jafnað, og fé samkvæmt heimild í samþykktum í bundin framlög til sjóða stofnunarinnar eða til annarra þarfa;
- b. til lækkunar stofnfjár skv. 13. gr.

34. gr.

Stjórn stofnunar er ekki heimilt að taka sér eða veita endurskoðendum, skoðunarmönnum, framkvæmdastjórum eða öðrum sem fara með stjórnunarstörf herra endurgjald fyrir störf hjá stofnuninni en venjulegt er eftir eðli og umfangi starfanna.

Óheimilt er stofnun að veita þeim sem getið er í 1. mgr. lán eða setja tryggingu fyrir þá. Sama gildir einnig um þann sem er giftur eða í óvígðri sambúð með þeim og þann sem er skyldur þeim að feðgatali eða niðja ellegar stendur þeim að öðru leyti sérstaklega nærri. Þetta á þó ekki við um venjuleg viðskiptalán.

Stjórnvald það er tekur við ársreikningi félaga hefur eftirlit með ársreikningum og tilkynnir ráðherra, m.a. á grundvelli úrtakskannana, ef telja má að ákvæði 1.–2. mgr. hafi verið brotin.

VII. KAFLI

Skaðabætur.

35. gr.

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og skoðunarmenn sjálfseignarstofnunar skulu skyldir til að bæta stofnuninni það tjón sem þeir hafa valdið henni í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar lánardrottinn eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum stofnunarinnar.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið og til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

Mál skv. 1. mgr. skal höfða gegn stofnendum innan tveggja ára frá töku ákvörðunar um stofnun og gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð. Gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum skal höfða mál innan tveggja ára frá því að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing var lögð fram.

VIII. KAFLI

Breyting samþykkt, slit og sameining.

36. gr.

Samþykktum sjálfseignarstofnana verður ekki breytt nema með heimild í þeim. Til breytinga á samþykktum þarf samþykki minnst $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst $\frac{2}{3}$ hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

Þó er fulltrúaráði, eða stjórn ef ekki er gert ráð fyrir fulltrúaráði í stofnuninni, heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum ef sýnt er að samþykktirnar séu ekki framkvæmanlegar eða andstæðar tilgangi stofnunarinnar. Láti fulltrúaráðið eða stjórnin undir höfuð leggjast að gera breytingar í slíkum tilvikum eftir að ráðherra hefur veitt hæfilegan frest til þess er honum heimilt að breyta samþykktum.

Sé stofnun leyst upp eða hún sameinuð annarri stofnun skal farið eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, sbr. einnig XIV. kafla sömu laga, eftir því sem við getur átt.

IX. KAFLI

Skráning.

37. gr.

Hagstofa Íslands skráir sjálfseignarstofnanir samkvæmt lögum þessum og starfrækir sjálfseignarstofnanaskrá í því skyni.

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu sjálfseignarstofnana samkvæmt lögum þessum, þar með talið skipulag skráningarinnar, rekstur hennar, aðgang að skránni og gjaldtöku, m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem skráðar hafa verið á tölvutæku formi.

38. gr.

Í tilkynningu sjálfseignarstofnunar skal greina:

1. heiti stofnunarinnar og hugsanlegt aukheiti;
2. heimilisfang og pósthfang;
3. tilgang;
4. fjárhæð stofnfjár og hvernig það hefur verið greitt, í reiðufé eða öðrum fjármunum;
5. hvernig firmaritun er háttað;
6. fullt nafn, kennitölu og heimilisfang stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, prókúruhafa og endurskoðenda eða skoðunarmanna;
7. reikningsár og fyrsta reikningstímabil.

Tilkynning skal undirrituð af öllum stjórnarmönnum og skulu undirskriftir staðfestar af lögboðanda, lögmanni, endurskoðanda eða tveimur vottum.

Tilkynningu skal fylgja í frumriti eða endurriti:

1. gerningur sá er sjálfseignarstofnunin grundvallast á, svo sem gjafabréf eða erfðaskrá;
2. samþykktir og önnur skjöl og reikningsgögn varðandi stofnunina;
3. sönnun fyrir því að stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur eða skoðunarmenn fullnægi skilyrðum laga til að mega gegna starfanum ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.

Sjálfseignarstofnanaskrá getur auk þess krafist hverra þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynleg eru til að taka afstöðu til þess hvort við stofnunina hafi verið farið eftir lögum og samþykktum sjálfseignarstofnunarinnar. M.a. getur hún krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun sjálfseignarstofnunar varðandi greiðslu stofnfjár séu réttar.

39. gr.

Breytingar á samþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið skal tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum. Leggja skal fram nýjan heildartexta samþykktu með innfelldum breytingum. Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga. Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa.

Auk tilkynninga skv. 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng sjálfseignarstofnana og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, varastjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðanda eða skoðunarmanna og prókúruhafa miðað við 1. júní nema sjálfseignarstofnanaskrá ákveði að tilkynningar skuli miðast við annan dag.

40. gr.

Ef tilkynningar fullnægja ekki fyrimælum laga þessara eða samþykktu sjálfseignarstofnunar eða ákvarðanir eru ekki teknar á þann hátt sem ákveðið er í lögum eða samþykktum skal synja skráningar.

Nú má bæta úr göllum á einfaldan hátt með samþykkt stjórnar og skal þá gefa hæfilegan frest til að bæta úr því. Ef ekki er úr bætt innan frestsins skal synja skráningar.

Tilkynnanda skal skýrt bréflega frá synjun og ástæðum hennar.

Nú getur skráning tilkynningar skipt þriðja aðila máli og skal sjálfseignarstofnanaskrá gera þeim aðila viðvart með fullnægjandi hætti.

Ef tilkynnandi vill ekki hlíta ákvörðunum skv. 1. og 2. mgr. getur hann borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan sex mánaða frá því að tilkynnandi fékk vitneskju um ákvörðun.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu og getur hann þá borið málið undir dómstóla, enda sé mál höfðað innan sex mánaða frá því að tilkynning var birt í Lögbirtingablaði. Ef aðili æskir þess skal skrá ókeypis athugasemd um málsúrslit í sjálfseignarstofnana-skrá og birta síðan skv. 41. gr.

41. gr.

Sjálfseignarstofnanaskrá skal á kostnað tilkynnanda láta birta í Lögbirtingablaði aðalefni þess sem skrásett hefur verið um stofnun sjálfseignarstofnunar og tilvísun í aðalefni aukatil-kynninga. Þá getur skráin í öðrum tilvikum látið birta meira en tilvísun í aðalefni aukatil-kynninga ef hún telur slíkt nauðsynlegt.

Það sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði skal telja manni kunnugt nema atvik séu svo vaxin að telja megí hann hvorki hafa um það vitað né mátt vita. Ákvæði 1. málsl. taka þó ekki til ráðstafana sem gerðar eru innan sextán daga eftir birtingu ef viðkomandi maður sannar að hann hafi ekki getað aflað vitneskju um það sem birt var.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi farið fram og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

Ef um misræmi er að ræða milli þess sem skráð er og þess sem birt er í Lögbirtingablaði getur sjálfseignarstofnunin ekki borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart þriðja manni. Hann getur hins vegar borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart stofnuninni nema sannað sé að hann hafi haft vitneskju um það sem skráð var.

X. KAFLI**Dagsektir.**

42. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, skoðunarmenn eða skilanefndarmenn skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, samþykktum stofnunar eða ákvörðunum ráðherra eða sjálfseignarstofnanaskrár og getur skráin þá boðið þeim að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti úrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

XI. KAFLI**Refsingar.**

43. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum:

- a. að brjóta vísitandi gegn ákvæðum laga þessara eða
- b. að bera vísitandi út rangar frásagnir eða skapa með samsvarandi hætti rangar hugmyndir um hag sjálfseignarstofnunar eða annað er hana varðar.

XII. KAFLI**Ýmis ákvæði.**

44. gr.

Viðskiptaráðherra hefur almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara.

45. gr.

Ráðherra er heimilt að tilnefna mann eða menn til að gera sérstaka rannsókn hjá sjálfseignarstofnun varðandi stofnun hennar, tilgreind atriði í starfseminni eða einstaka þætti í bókhaldi eða ársreikningi. Þeir skulu fá greidda þóknun frá stofnuninni og skal hún ákveðin af ráðherra.

Ákvæði laga um ársreikninga um hæfisskilyrði, aðstöðu, fundarsetu og upplýsingagjöf til endurskoðenda eða skoðunarmanna gilda um þá sem taka að sér sérstaka rannsókn.

Afhenda skal ráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar.

46. gr.

Ráðherra eða umboðsmaður hans getur krafist allra gagna og upplýsinga til að viðkomandi megi rækja störf sín samkvæmt lögum þessum.

Telji ráðherra að einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri brjóti gegn ákvæðum þessara laga eða samþykktum sjálfseignarstofnunar getur hann gefið þeim fyrirmæli um að bæta úr.

47. gr.

Ef ákvæði skortir í erfðaskrá eða annað gilt stofnskjál að nokkru eða öllu um stjórn sjálfseignarstofnunar eða annað efni sem vera skal í samþykktum getur ráðherra bætt úr því sem á vantar.

48. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna, sbr. þó 2. mgr. 37. gr.

XIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1999.

Við gildistöku laganna bætist ný málsgrein við 1. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988, svohljóðandi:

Um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur fer samkvæmt lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

50. gr.

Ef sjálfseignarstofnanir eru skráðar samkvæmt ákvæðum laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skulu þær afskráðar um leið og þær eru skráðar samkvæmt lögum þessum.

Sjálfseignarstofnanir, sem eru starfandi við gildistöku laga þessara og falla undir gildisvið þeirra, eru óbundnar af ákvæðum 10. gr. um stofnfé. Innan sex mánaða frá gildistöku laganna skulu þær skráðar. Einnig skal aðlaga samþykktir þeirra ákvæðum laga þessara innan sama tíma.

Ráðherra og sjálfseignarstofnanaskrá hafa eftirlit með því að ákvæði 2. mgr. séu réttilega framkvæmd. Ráðherra er heimilt að breyta ákvæðum samþykktu stofnana ef það reynist nauðsynlegt til að fullnægja ákvæðum laganna.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Húseigendum er skylt að brunatryggja allar húseignir. Húseignir amkvæmt lögum þessum eru hvers konar byggingar sem ætlaðar eru til íbúðar, atvinnustarfsemi, geymslu eða annarra afnota.

Hús í smíðum er eigendum einnig skylt að brunatryggja á smíðatímanum. Fer um vátryggingarfjárhæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingafélags.

Vátryggingarskyldar húseignir skv. 1. mgr. er skylt að meta eigi síðar en fjórum vikum eftir að byggingu þeirra lauk eða þær hafa verið teknar í notkun. Eigandi ber ábyrgð á því að tilkynna vátryggingafélagi um lok byggingar eða notkun húseignar og óska eftir mati.

Vátryggingafélag skal ekki taka gilda uppsögn á brunatryggingu skv. 1. og 2. mgr. nema uppsögn fylgi staðfesting á að húseigandi hafi stofnað til nýrrar brunatryggingar hjá öðru

vátryggingafélagi. Við eigendaskipti skal viðkomandi vátryggingafélag ekki taka gilda upp-sögn nema henni fylgi staðfesting á að nýr eigandi hafi stofnað til brunatryggingar.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Vátryggingarfjárhæð húseignar skv. 1. mgr. 1. gr. skal nema fullu verði eignarinnar eftir virðingu. Fasteignamat ríkisins annast virðingu húseignar samkvæmt matskerfi og verklags-reglum stofnunarinnar. Heiti þeirrar gerðar er brunabótamat. Er markmið matsins að finna vátryggingarverðmæti húseignarinnar á þeim tíma er virðing fer fram. Skal matið taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við bygg-ingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Matið skal skrá í fasteignaskrá stofnunarinnar þar sem því skal viðhaldið.

Fasteignamat ríkisins getur endurmetið skyldutryggðar húseignir þegar stofnunin sér ástæðu til. Skal húseiganda tilkynnt um fyrirhugaða breytingu á mati. Vilji húseigandi ekki una breyttu mati samkvæmt þessari málsgrein skal hann tilkynna stofnuninni það með sann-anlegum hætti innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um matið.

Brunabótamat nýrrar húseignar og endurmat skv. 2. mgr. skal vera húseiganda að kostn-aðarlausu.

Húseiganda er ætíð heimilt á sinn kostnað að óska eftir því að Fasteignamat ríkisins endurmeti húseign hans. Skyld er húseiganda að óska nýs brunabótamats á húseign ef ætla má að verðmæti eignarinnar hafi aukist vegna endurbyggingar eða endurbóta.

Sé ágreiningur á milli vátryggingafélags og húseiganda um matsfjárhæð getur hvor aðili um sig óskað endurmats á sinn kostnað.

Ef húseigandi eða vátryggingafélag vill ekki una mati Fasteignamats ríkisins er heimilt að vísa ágreiningi þar um til yfirfasteignamatsnefndar, sbr. 5. gr.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að lækka vátryggingarfjárhæðir húseigna (brunabóta-mat) sem eru í lélegu ástandi og hafa lítt eða ekki verið í notkun frá því sem brunabótamat þeirra hefði ella orðið skv. 1. mgr. Heimild þessi verður því aðeins nýtt að fyrir liggja stað-festing sveitarstjórnar á ástandi eignar og notkun og að hún geri ekki athugasemdir við að mat verði lækkað. Fasteignamat ríkisins tilkynnir eiganda húseignar, vátryggingafélagi og veðhöfum, ef einhverjir eru, um breytingu á vátryggingarfjárhæð samkvæmt þessari málsgrein.

Séu húseignir á eyðijörðum nýttar sem sumarhús eða til annarrar dægradvalar fer um brunabótamat slíkra eigna sem væru þær sumarbústaðir.

Ef brunabótamat byggist á beinni skoðun á húseign skal gefa húseiganda, eða fulltrúa hans, kost á því að vera viðstaddur.

Fasteignamati ríkisins er heimilt að reikna brunabótamat án skoðunar. Skal útreikningur þessi gerður á grundvelli upplýsinga sem fyrir liggja í fasteignaskrá stofnunarinnar og í öðrum þeim gögnum sem hún kann að hafa yfir að ráða. Áður en mat samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi skal húseiganda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við matið. Hafi hann eigi komið athugasemdum sínum sannanlega á framfæri við Fasteignamat ríkisins innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um matið skal litið svo á að hann sé því samþykkur.

Vátryggingarfjárhæð breytist til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar hinna ýmsu tegunda húseigna.

Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun brunabótamats samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Lokamálsliður 2. mgr. fellur brott.
- b. Lokamálsliður 3. mgr. orðast svo: Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt getur hvor um sig krafist endurmats Fasteignamats ríkisins og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ágreiningi um bótafjárhæð skv. 2. mgr. eða um endurmatsverð skv. 3. mgr. er heimilt að skjóta til gerðardóms sem ráðherra váttryggingamála setur nánari ákvæði um í reglugerð. Kostnað við úrskurð ber sá er gerð gengur á móti.

4. gr.

4. gr. laganna verður 7. gr.

5. gr.

4. gr. a laganna verður 4. gr.

6. gr.

5. gr. laganna verður 8. gr.

7. gr.

Í stað núgildandi 5. gr. laganna kemur ný 5. gr., svohljóðandi:

Ágreiningi um brunabótamat má skjóta til úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar. Fyrir kostnað við úrskurð nefndarinnar skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra váttryggingamála setur. Kostnað við úrskurð ber sá sem gerð gengur á móti.

8. gr.

6. gr. laganna verður 9. gr.

9. gr.

Í stað núgildandi 6. gr. laganna kemur ný 6. gr., svohljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að uppfæra og halda skrár yfir brunabótamat húseigna skulu húseigendur greiða sérstakt gjald til Fasteignamats ríkisins, umsýslugjald. Gjald þetta skal nema 0,025 ‰ (prómillum) af brunabótamati hverrar húseignar og skal váttryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila umsýslugjaldi til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjald-daga.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I og II í lögnum falla brott.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 61. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að stofna og eiga hlut í félögum sem hafa það að megingiltangi að framleiða, flytja, dreifa eða selja orku. Fyrirtækinu er jafnframt heimilt að stofna og eiga hlut í félögum til að hagnýta þá sérþekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir til rannsóknar- og þróunarstarfa á sviði orkumála og til orkuverkefna erlendis. Til að stofna eða eiga hlut í félögum þarf heimild ráðherra hverju sinni. Áður en ráðherra veitir slíka heimild skal leitað álits fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

Nr. 36

19. mars 1999

LÖG

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. B-liður 1. mgr. orðast svo: til hlífðar brotþola, vitnum eða öðrum sem málið varðar.
- b. 2. mgr. orðast svo:

2. Dómari tekur ákvörðun um lokað þinghald að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda, sakbornings eða brotþola. Ákvörðunina skal bóka í þingbók og vísa til þess ákvæðis í grein þessari sem við á. Sá sem fellir sig ekki við ákvörðun dómara getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „sakbornings eða mönnum“ í 2. mgr. kemur: sakbornings, brotþola eða öðrum.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
 3. Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum máls og brotþola skal ef sérstök ástæða er til afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 27. gr. laganna:

- a. Við d-lið bætist: og 1. mgr. 218. gr.
- b. Í stað orðanna „og 232. gr.“ í e-lið kemur: 232. og 233. gr.

4. gr.

1. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

1. Heimilt er dómara endranær eftir ósk sakbornings að skipa honum verjanda við rannsókn máls áður en til málshöfðunar kemur ef ástæða er til þess að mati dómara með tilliti til eðlis brots og allra aðstæðna.

5. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Skýlt er lögreglu að verða við ósk sakbornings um að tilnefna honum verjanda ef hann hefur verið handtekinn í þágu rannsóknar opinbers máls. Tilnefning fellur sjálfkrafa úr gildi þegar sakborningur er látinn laus eða er leiddur fyrir dóm skv. 102. gr.

6. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

1. Sakborningi er á öllum stigum opinbers máls heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta réttar síns og halda uppi vörnum sem talsmaður.
2. Talsmaður hefur sömu réttindi og skyldur og verjandi eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða lögregla þó takmarkað rétt hans til að ræða við sakborning, vera viðstaddur yfirheyrslur, kynna sér gögn og fylgjast með framvindu rannsóknar ef hætta er á að hún torveldist við það.

7. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

1. Dómara eða lögreglu ber þegar skýlt er eða heimilt að skipa eða tilnefna sakborningi verjanda að vekja athygli hans á þeim rétti.
2. Áður en verjandi er skipaður eða tilnefndur skal gefa sakborningi eða lögráðamanni hans, ef sakborningur er ekki sjálfráða, kost á að benda á löghæfan mann til að fara með starf verjanda. Við skipun eða tilnefningu verjanda skal að jafnaði fara eftir ósk sakbornings eða lögráðamanns. Þó getur dómari eða lögregla neitað að skipa eða tilnefna þann verjanda sem óskað er eftir ef uggvænt þykir að hann muni hindra rannsókn málsins á ólögmatan hátt.
3. Nú eru fleiri en einn maður hafðir fyrir sökum í sama máli og er þá heimilt að skipa eða tilnefna sama mann verjanda beggja eða allra ef telja má að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

8. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

1. Verjandi skal að jafnaði skipaður eða tilnefndur úr hópi lögmanna.

2. Þar sem ekki er kostur á lögmanni er heimilt eftir ósk sakbornings að skipa eða tilnefna einhvern annan löghæfan mann til að gegna starfi verjanda ef telja má hag sakbornings borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn. Það er borgaraleg skylda manns að taka að sér starf verjanda samkvæmt þessari málsgrein innan lögsagnarumdæmis þar sem hann er búsettur.

3. Ekki má skipa eða tilnefna þann mann verjanda sem kann að verða kvaddur til að bera vitni eða hefur verið skipaður mats- eða skoðunarmaður í málinu, eða er að öðru leyti svo viðriðinn mál eða aðila að hætta sé á að hann geti ekki gætt hagsmuna sakbornings sem skyldi.

9. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

1. Nú óskar sakborningur eftir því að skipun eða tilnefning verjanda verði afturkölluð og nýr verjandi skipaður eða tilnefndur og skal þá verða við slíkri ósk nema hætta sé á að málið tefjist af þeim sökum eða aukinn kostnað leiði af breytingunni.

2. Ef ætla má að verjandi hafi hindrað rannsókn máls með ólögmætum hætti eða brotið gegn starfsskyldum sínum á annan hátt getur ákærandi eða lögregla leitað atbeina dómara og krafist þess að hann verði leystur frá störfum og annar skipaður í hans stað. Verjandinn getur krafist þess að dómari úrskurði um þá kröfu.

10. gr.

2. mgr. 41. gr. laganna orðast svo:

2. Verjandi skal sjálfur sinna starfsskyldum sínum, þar á meðal annast flutning máls. Honum er þó heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann vera viðstaddan skýrslutökur og rannsóknarathafnir, svo og sækja einstök þinghöld fyrir sína hönd, meðan á rannsókn máls eða meðferð stendur.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Orðin „sbr. þó 1. mgr. 43. gr.“ í 1. mgr. falla brott.

b. Á eftir orðunum „og ber“ í 3. mgr. kemur: dómara.

12. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

1. Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að eina viku frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins.

2. Þegar verjandi hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum gögnin með öðrum hætti.

3. Lögregla skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknað að svo miklu leyti sem kostur er. Skal hún taka til greina ábendingar hans um tiltekna rannsóknaðgerðir nema hún telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.

13. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

1. Þóknun skipaðs verjanda skal ákveðin í dómi eða úrskurði ef máli lýkur þannig nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með þeim hætti ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega á annan hátt. Nú hefur dómi verið áfrýjað og verjandi skipaður, en fallið er frá áfrýjun eða mál fellt niður, og ákveður þá Hæstiréttur þóknun verjanda.

2. Dómari ákveður þóknun í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið verjandi sakbornings er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds verjanda.

3. Þóknun verjanda greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar skv. 164. gr.

14. gr.

Á eftir VI. kafla laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Brotapoli og réttargæslumaður**, með níu nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (44. gr. a.)

1. Lögreglu er skylt, eftir því sem við á, að leiðbeina brotapolu um réttindi hans lögum samkvæmt.

2. Nú liggur fyrir hver brotapoli er og skal þá tilkynna honum ef rannsókn máls er hætt eða það fellt niður með öðrum hætti án tillits til þess hvort hann hefur kært brotið. Ber að rökstyðja ákvörðunina ef brotapoli krefst þess. Jafnframt skal lögregla benda brotapolu á að hann geti borið ákvörðun hennar um að hætta rannsókn undir ríkissaksóknara skv. 1. mgr. 76. gr.

3. Ef ákæra er gefin út skal ákærandi tilkynna brotapolu það þegar hún hefur verið birt. Jafnframt ber ákærandanda að tilkynna brotapolu um niðurstöðu dóms, ef því er að skipta, eða afdrif máls að öðru leyti, svo sem ef málinu eða einkaréttarkröfu hans er vísað frá dómi.

4. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leiðbeiningar- og tilkynningar- skyldu samkvæmt þessari grein.

b. (44. gr. b.)

1. Skylt er lögreglu að tilnefna réttargæslumann ef rannsókn máls beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotapoli óskar þess. Þó skal ávallt tilnefna réttargæslumann ef brotapoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst.

2. Skylt er lögreglu endranær eftir ósk brotapolu eða lögráðamanns hans að tilnefna honum réttargæslumann ef rannsókn beinist að broti á XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga eða 251.–253. gr. laganna, ætla má að brotapoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins og hann hefur að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu.

3. Lögregla getur tilnefnt brotapolu réttargæslumann þótt hann eða lögráðamaður hans hafi ekki óskað þess ef skilyrðum 2. mgr. er fullnægt og brotapoli er sérstaklega sljór eða skilningslífill.

4. Þegar skilyrði eru til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.–3. mgr. skal það gert jafnskjótt og tilefni gefst. Tilnefning fellur sjálfkrafa niður við skipun réttargæslumanns skv. 44. gr. c, en ella skal lögregla taka ákvörðun um það hverju sinni.

c. (44. gr. c.)

1. Þegar mál hefur verið höfðað og skilyrði eru til þess að tilnefna réttargæslumann skv. 1.–3. mgr. 44. gr. b skipar dómari brotapolu réttargæslumann.

2. Ef lögregla neitar eða lætur hjá líða að tilnefna brotapolu réttargæslumann skv. 44. gr. b getur hann eða lögráðamaður hans leitað atbeina dómara og óskað eftir því að honum verði skipaður réttargæslumaður.

d. (44. gr. d.)

1. Brotapola er heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta hagsmuna sinna í málinu sem talsmaður.

2. Talsmaður hefur sömu réttindi og skyldur og réttargæslumaður eftir því sem við á. Meðan á rannsókn máls stendur getur dómari eða lögregla þó takmarkað rétt hans til að vera viðstaddur skýrslutöku af brotapolu og kynna sér gögn ef hætta er á að rannsókn torveldist við það.

e. (44. gr. e.)

Ákvæði 38.–40. gr. gilda um tilnefningu, skipun og hæfi réttargæslumanns, svo og afturköllun á tilnefningu og skipun hans eftir því sem við á.

f. (44. gr. f.)

1. Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna brotapolu og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur skv. XX. kafla laga þessara.

2. Réttargæslumaður skal sjálfur sinna starfsskyldum sínum, þar á meðal tjá sig fyrir dómi skv. 5. mgr. 172. gr. Honum er þó heimilt að láta fulltrúa sinn eða annan lögmann vera viðstaddan skýrslutöku af brotapolu og sækja einstök þinghöld fyrir sína hönd.

3. Þagnarskylda hvílir á réttargæslumanni um það sem brotapolu trúir honum fyrir og um önnur þau atriði sem hann hefur komist að í starfa sínum og ekki eru þegar kunn.

g. (44. gr. g.)

1. Meðan á rannsókn stendur er réttargæslumanni ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af brotapolu. Sé réttargæslumaður viðstaddur skýrslutöku getur hann beint því til lögreglu að spyrja brotapolu um tiltekin atriði. Telji réttargæslumaður ástæðu til getur hann krafist þess að fá bókaða stuttorða athugasemd um framkvæmd skýrslutöku í lok hennar.

2. Eftir að ákæra hefur verið gefin út á réttargæslumaður rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli og ber dómara að tilkynna honum fyrir fram hvenær þau hefjist.

3. Réttargæslumaður má ekki beina spurningum til þeirra sem gefa skýrslu fyrir dómi. Þó getur hann óskað þess að dómari spyrji brotapolu tiltekinna spurninga eða dómari heimilað honum að spyrja brotapolu beint, sbr. 2. mgr. 59. gr. Þá er honum einungis heimilt að tjá sig munnlega fyrir dómi um réttarfarsatriði sem snúa sérstaklega að brotapolu og um einkaréttarkröfur hans skv. 5. mgr. 172. gr., en ekki um kröfur ákærvalds að öðru leyti. Þó á réttargæslumaður rétt á að fá bókaðar stuttorðar athugasemdir í þingbók samkvæmt nánari ákvörðun dómara.

h. (44. gr. h.)

1. Meðan á rannsókn stendur á réttargæslumaður einungis rétt á að fá aðgang að þeim gögnum máls sem honum eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna brotapolu. Við þingfestingu máls á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að öllum gögnum þess nema dómari telji að það kunni að torvelða að mál upplýsist. Í því tilviki skal hann þó í síðasta lagi fá aðgang að gögnunum áður en málið er flutt.

2. Þegar réttargæslumaður hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta brotapolu í té eintak af endurriti eða kynna honum gögnin með öðrum hætti.

3. Brotapoli, sem ekki nýtur aðstoðar réttargæslumanns, á rétt til aðgangs að gögnum máls skv. 1. mgr.

i. (44. gr. i.)

1. Þóknun skipaðs réttargæslumanns skal ákveðin í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur þannig, nema hann hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi ákveður dómari þóknun með bókun í þingbók eða skriflega með öðrum hætti. Nú hefur dómi verið áfrýjað og réttargæslumaður skipaður, en fallið er frá áfrýjun eða mál fellt niður, og ákveður þá Hæstiréttur þóknun réttargæslumanns.

2. Dómari ákveður þóknun í einu lagi ef sá sem tilnefndur hefur verið réttargæslumaður brotþola er síðar skipaður til að gegna því starfi. Að öðrum kosti skal lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveða þóknun tilnefnds réttargæslumanns.

3. Þóknun réttargæslumanns greiðist úr ríkissjóði og telst til sakarkostnaðar skv. 164. gr.

15. gr.

Fyrirsögn VII. kafla laganna, sem verður VIII. kafli þeirra, verður: **Sönnun og sönnunargögn.**

16. gr.

2. mgr. 48. gr. laganna orðast svo:

2. Dómara er heimilt að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem ákærði, brotþoli eða vitni hafa gefið fyrir dómi áður en mál var höfðað skv. 74. gr. a og 105. gr. Þó skulu skýrslugjafar koma á ný fyrir dóm við málsmeðferð ef þess er kostur og annar hvor málsaðili krefst eða dómari telur annars ástæðu til. Ef um er að ræða brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotþoli hefur ekki náð 18 ára aldri skal hann þó ekki koma fyrir dóm að nýju nema dómari telji sérstaka ástæðu til.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

3. Nú er vitni statt fjarri þingstað, eða það hefði annars sérstakt óhagræði af því að koma fyrir dóm, og getur þá dómari ákveðið að skýrsla verði tekin af því á dómþingi gegnum síma eða annað fjarskiptatæki, enda verði skýrslutöku hagað þannig að allir sem staddir eru á dómþingi heyri orðaskipti við vitnið.

b. 3. mgr. verður 4. mgr.

18. gr.

Við 59. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

7. Þegar skýrsla er tekin af brotþola yngri en 18 ára getur dómari kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku. Þá eiga ákærandi, ákærði og verjandi hans ekki rétt á að vera viðstaddir í dómsal eða annars staðar þar sem dómþing er háð ef dómari telur að nærvera þeirra geti orðið brotþola sérstaklega til þyngingar eða haft áhrif á framburð hans. Í því tilviki skal dómari sjá til þess að málsaðilar geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram og er honum rétt að leggja fyrir brotþola þær spurningar sem þeir óska. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun skýrslutöku samkvæmt þessari málsgrein.

19. gr.

Fyrirsögn og númer VIII. kafla laganna falla brott.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

- a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
4. Þegar sérstaklega stendur á er ríkissaksóknara heimilt að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök er fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því.
- b. 4. mgr. verður 5. mgr.

21. gr.

Við 1. mgr. 69. gr. laganna bætist: sbr. þó 74. gr. a.

22. gr.

Síðari málslíður 1. mgr. 74. gr. laganna orðast svo: Sama á við um aðrar aðgerðir sem nauðsynlegar eru vegna máls, þar á meðal skýrslutökur af sakborningi, brotþola eða vitni skv. 74. gr. a.

23. gr.

Á eftir 74. gr. laganna kemur ný grein, 74. gr. a, sem orðast svo:

1. Meðan á rannsókn stendur fer fram skýrslutaka fyrir dómi í eftirgreindum tilvikum:
 - a. Ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotþoli hefur ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn máls hefst ber lögreglu að leita atbeina dómara sem sér um að taka skýrslu af honum.
 - b. Ef lögregla telur nauðsynlegt að skýrsla verði tekin fyrir dómi af sakborningi, brotþola eða vitnum til þess að upplýsa mál, áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess, ber dómara að verða við slíkri beiðni þótt ákæra hafi ekki verið gefin út. Ef þörf krefur getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að þrjár vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.
 - c. Í öðrum tilvikum en greinir í a- og b-lið er heimilt að taka skýrslur af brotþolum eða vitnum fyrir dómi áður en ákæra er gefin út ef þau neita að svara spurningum hjá lög-reglu eða ef ætla má að þau komist ekki fyrir dóm við meðferð málsins, enn fremur ef það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna brotþola eða vitna, svo sem ef um börn er að ræða.
2. Þegar skýrslutaka fer fram skv. 1. mgr. skal þess gætt að ákæranda, verjanda og réttar-gæslumanni brotþola sé tilkynnt um hana fyrir fram þannig að þeir geti verið viðstaddir hana. Sé þess kostur skal framburður sakbornings, brotþola og vitna tekinn upp á mynd-band. Ef skýrsla er tekin af brotþola yngri en 18 ára skal enn fremur gætt ákvæða 7. mgr. 59. gr.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem hljóðar svo: Sá sem á hagsmuna að gæta getur borið ákvörðun lögreglu undir ríkissaksóknara sem tekur fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki.
- b. Síðari málslíður 2. mgr. orðast svo: Skal honum jafnframt bent á að hann geti borið ákvörðunina undir ríkissaksóknara.

25. gr.

1. mgr. 87. gr. laganna orðast svo:

1. Til aðgerða sem taldar eru upp í 86. gr. þarf úrskurð dómara. Þó ber að veita lögreglu upplýsingar skv. b-lið þeirrar greinar án dómsúrskurðar ef fyrir liggur samþykki umráða-

manns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis. Í úrskurði skal m.a. taka fram hvaða tiltekinn síma eða fjarskiptatæki sé um að ræða, sbr. a- og b-lið, og hvar og með hverjum hætti samtöl, hljóð eða merki skulu numin eða myndir teknar, sbr. c- og d-lið. Í úrskurði skal setja aðgerð ákveðin tímamörk.

26. gr.

1. mgr. 114. gr. laganna orðast svo:

1. Nú er mál fellt niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. og skal ákær-andi sem þá ákvörðun tók tilkynna hana sakborningi og ef því er að skipta brotaþola, enda liggi fyrir hver hann er. Ber að rökstyðja ákvörðunina ef þess er krafist.

27. gr.

Síðari málsliður 4. mgr. 115. gr. a laganna orðast svo: Dómari er ekki bundinn af slíkri ákvörðun ef til saksóknar kemur vegna brotsins.

28. gr.

3. mgr. 119. gr. laganna orðast svo:

3. Ef héraðsdómari telur að gallar séu á málalilbúnaði sem varðað geta frávísun skal hann benda ákæranda á þá. Hins vegar má hann ekki synja um útgáfu fyrirkalls af þeim sökum, enda er hann óbundinn af slíku áleti sínu við úrlausn máls.

29. gr.

1. másl. 1. mgr. 120. gr. laganna orðast svo: Eftir að dómara hefur borist ákæra ákveður hann stað og stund þinghalds þar sem málið verður þingfest.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. Orðin „eftir atvikum“ í 2. mgr. falla brott.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

3. Ef skilyrði eru til þess að skipa brotaþola réttargæslumann skal það gert við þingfestingu máls eða ef það er ekki unnt, svo sem vegna þess að ekki hefur náðst til brotaþola, svo fljótt sem verða má eftir þingfestingu.

c. 3. mgr. verður 4. mgr.

31. gr.

Við 1. mgr. 129. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Jafnframt skal dómari taka ákvörðun um það hvort aðalflutningur skuli fara fram fyrir luktum dyrum skv. 2. mgr. 8. gr.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 142. gr. laganna:

a. Orðin „lokun þinghalds“ í b-lið falla brott.

b. Við d-lið bætist: eða réttargæslumann.

33. gr.

3. mgr. 145. gr. laganna orðast svo:

3. Aðilar kærumáls geta sent Hæstarétti skriflegar athugasemdir sínar um kærumálið innan sólarhrings eftir að kæra hefur borist réttinum.

34. gr.

Við 153. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

4. Ríkissaksóknari tilkynnir brotþola enn fremur um áfrýjun. Ef úrlausn héraðsdóms um einkaréttarkröfur hans hefur verið áfrýjað skal honum um leið gefinn kostur á að bera fram ósk um réttargæslumann. Ef skilyrði eru til þess að skipa brotþola réttargæslumann gerir Hæstiréttur það.

35. gr.

164. gr. laganna orðast svo:

1. Til sakarkostnaðar teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar máls og meðferðar þess, þar á meðal:

- a. þóknun verjanda og réttargæslumanns, svo og annar kostnaður vegna varnar í málinu og réttargæslu fyrir brotþola,
- b. kostnaður við sérfræðilegar álitsgerðir, mats- og skoðunargerðir og afnot muna annarra manna, svo og vitnaþóknun,
- c. birtingargjöld,
- d. kostnaður af fullnustu refsingar og annarra viðurlaga með aðfarargerð og eftir atvikum nauðungarsölu.

2. Af opinberu máli greiðast engin dómsmálagjöld.

36. gr.

167. gr. laganna orðast svo:

Kostnað, sem ákærandi, verjandi, réttargæslumaður eða lögregla valda vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma ákærða til að greiða.

37. gr.

1. mgr. 168. gr. laganna orðast svo:

1. Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun verjanda og réttargæslumanns skal þó ákveða með tiltekinni fjárhæð.

38. gr.

169. gr. laganna orðast svo:

1. Ef ákærði áfrýjar héraðsdómi og hann er sýknaður með öllu eða að hluta með dómi Hæstaréttar eða viðurlög eru þar milduð skal kostnaður af áfrýjun málsins felldur á ríkissjóð eða honum skipt samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 165. gr.

2. Ef ríkissaksóknari áfrýjar héraðsdómi en ákærði ekki og viðurlög eru ekki þyngd svo neinu nemi með dómi Hæstaréttar verður kostnaður af áfrýjun málsins felldur á ríkissjóð.

3. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur fyrir Hæstarétti nema máli sé þá lokið með dómi.

4. Eftir því sem við á fer að öðru leyti um málskostnað fyrir Hæstarétti samkvæmt því sem mælt er fyrir í 164.–168. gr.

39. gr.

Í stað orðsins „umboðsmanni“ í 5. mgr. 172. gr. laganna kemur: réttargæslumanni.

40. gr.

Í stað orðanna „kröfur borgararéttarlegs eðlis“ í 174. gr. laganna kemur: einkaréttarkröfur.

41. gr.

Fyrirsögn XX. kafla laganna verður: **Einkaréttarkröfur.**

42. gr.

1. mgr. 175. gr. laganna orðast svo:

1. Kröfu um bæt看 samkvæmt þessum kafla má taka til greina ef rannsókn hefur verið hætt eða ákæra ekki gefin út vegna þess að sú háttsemi sem sakborningur var borinn hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana, eða sakborningur hefur verið dæmdur sýkn með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu. Þó má fella niður bæt看 eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

43. gr.

Orðin „enda þótt skilyrðum a-liðar 1. mgr. 175. gr. sé ekki fullnægt“ í 177. gr. laganna falla brott.

44. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga“ í 180. gr. laganna kemur: 18. gr. skaðabótalaga.

45. gr.

Við 1. mgr. 184. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

- c. ef verulegar líkur er leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.

46. gr.

Við 187. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

2. Hæstiréttur getur ákveðið að varadómari, einn eða fleiri, verði kvaddur til að taka ákvörðun um hvort mál skuli tekið upp á ný þótt ekki sé fullnægt almennum skilyrðum til að kveðja varadómara til starfa.

47. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1999.

48. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði annarra laga sem hér segir:

1. Á eftir 1. mgr. 14. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991, kemur ný málsgrein og breytist röð annarra málsgreina samkvæmt því:
 2. Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum máls skal ef sérstök ástæða er til afmá úr þeim atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.
2. Í stað orðanna „getur sakborningur“ í síðari málslíð 3. mgr. 15. gr. stjórnisýslulaga, nr. 37 30. apríl 1993, kemur: geta sakborningur og brotþoli.
3. Í stað orðsins „ákærða“ í 2. mgr. 2. gr. laga um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, kemur: brotþola, og á eftir orðunum „við skipun“ í 1. mgr. 20. gr. sömu laga kemur: eða tilnefningu.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Bætur fyrir atvinnutjón skal ákveða fyrir tímann frá því að tjón varð þangað til tjónþoli getur hafið vinnu að nýju eða þar til heilsufar hans er orðið stöðugt.

b. Á eftir orðunum „veikinda- eða slysaforföllum“ í 2. mgr. kemur: 60% af greiðslu frá lífeyrissjóði, greiðslur frá sjúkrasjóði.

2. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Greiða skal þjáningabætur fyrir tímabilið frá því að tjón varð þar til heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, 1.300 kr. fyrir hvern dag sem hann er rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem hann er veikur án þess að vera rúmfastur. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé vinnufær.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika sem það veldur í lífi tjónþola. Varanlegur miski skal metinn til stiga og skal miða við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt.

Bætur fara eftir aldri tjónþola á tjónsdegi og skulu vera þessar fyrir algeran, 100 stiga, miska:

Aldur	Krónur	Aldur	Krónur
49 ára og yngri	4.000.000	62 ára	3.480.000
50 ára	3.960.000	63 ára	3.440.000
51 árs	3.920.000	64 ára	3.400.000
52 ára	3.880.000	65 ára	3.360.000
53 ára	3.840.000	66 ára	3.320.000
54 ára	3.800.000	67 ára	3.280.000
55 ára	3.760.000	68 ára	3.240.000
56 ára	3.720.000	69 ára	3.200.000
57 ára	3.680.000	70 ára	3.160.000
58 ára	3.640.000	71 árs	3.120.000
59 ára	3.600.000	72 ára	3.080.000
60 ára	3.560.000	73 ára	3.040.000
61 árs	3.520.000	74 ára eða eldri	3.000.000

Við lægra miskastig lækka fjárhæðir þessar í réttu hlutfalli. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að ákveða hærri bætur, allt að 50% hærri en samkvæmt töflunni.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir 4. mgr. 5. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Valdi líkamstjón, þegar heilsufar tjónþola er orðið stöðugt, varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna á tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku.

b. 4. mgr. orðast svo:

Frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns dragast greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá sams konar slysatryggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega dragast frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Jafnframt skal draga frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársafvöxtun. Aðrar greiðslur sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem lífeyrissjóði eða váttryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu.

5. gr.

6. gr. laganna, sbr. lög nr. 42/1996, orðast svo:

Bætur fyrir varanlega örorku skal meta til fjárhæðar á grundvelli örorkustigs tjónþola skv.

5. gr., árslauna hans skv. 7. gr. og eftirfarandi töflu, þannig að margfölduð séu saman örorkustig, árslaun og stuðull töflunnar í samræmi við aldur tjónþola á þeim tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við:

Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull	Aldur	Stuðull
0	11,438	25	15,101	50	7,834
1	11,746	26	14,567	51	7,626
2	12,064	27	14,161	52	7,370
3	12,389	28	13,750	53	7,139
4	12,724	29	13,474	54	6,932
5	13,067	30	12,813	55	6,678
6	13,420	31	12,595	56	6,378
7	13,782	32	12,367	57	6,037
8	14,155	33	12,150	58	5,687
9	14,537	34	11,915	59	5,329
10	14,929	35	11,678	60	4,960
11	15,332	36	11,433	61	4,581
12	15,746	37	11,180	62	4,211
13	16,171	38	10,988	63	3,841
14	16,608	39	10,784	64	3,451
15	17,057	40	10,577	65	3,038
16	17,517	41	10,358	66	2,567
17	17,990	42	10,083	67	2,067
18	18,476	43	9,851	68	1,994
19	18,031	44	9,565	69	1,902
20	17,572	45	9,265	70	1,783
21	17,106	46	9,014	71	1,626
22	16,626	47	8,750	72	1,412
23	16,130	48	8,440	73	1,109
24	15,619	49	8,116	74	0,667

Sé tjónþoli orðinn 75 ára á þeim tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við, en hafi stundað vinnu þegar tjón varð, skal ákvarða honum bætur skv. 1. mgr. og skal þá notaður margfeldisstuðullinn 0,667.

Bótafjárhæðin skal greidd í einu lagi.

6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Árslaun til ákvörðunar bóta skv. 6. gr. skulu teljast vera meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við.

Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. mgr. skal ekki miða við lægri árslaun en tilgreint er í þessari töflu:

Aldur	Kr.
66 ára og yngri	1.200.000
67 ára	1.100.000
68 ára	1.000.000
69 ára	900.000
70 ára	800.000
71 árs	700.000
72 ára	600.000
73 ára	500.000
74 ára	400.000

EKKI skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr.

7. gr.

8. gr. laganna, sbr. lög nr. 42/1996, orðast svo:

Bætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skal ákvarða á grundvelli örorkustigs skv. 5. gr. Bætur skulu ákveðnar eftir reglum 5.–7. gr.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Í 4. og 6. gr. eru töflugildin miðuð við upphaf aldursárs. Við útreikning bóta skal reiknað með að margfeldisstuðull breytist hlutfallslega jafnt milli töflugilda.

9. gr.

10. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Mat á örorku. Örorkunefnd.

Þegar fyrir liggur sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola, eða þá læknisfræðilegu þætti skv. 2. og 3. gr. sem meta þarf til þess að uppgjör bóta samkvæmt lögum þessum geti farið fram, getur hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitid undir örorkunefnd. Heimilt er að óska álits örorkunefndar um ákvörðun örorku- og/eða miskastigs, án þess að fyrir liggi sérfræðilegt álit, ef málsaðilar standa sameiginlega að slíkri beiðni.

Í örorkunefnd eiga sæti þrír menn sem skipaðir eru af dómsmálaráðherra til sex ára í senn. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar, en einn lögfræðingur og er hann formaður

nefndarinnar. Formaður skal fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara. Ráðherra skipar varamenn eftir sömu reglum og aðalmenn. Ráðherra er heimilt, að ósk nefndarinnar, að fjölga nefndarmönnum tímabundið í því skyni að tryggja að afgreiðsla mála dragist ekki. Um hæfi nefndarmanna til þess að fara með mál skal fara eftir reglum laga um sérstakt hæfi dómara.

Örorkunefnd skal semja töflur um miskastig.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu örorkunefndar. Í reglugerðinni skal m.a. vera heimild fyrir nefndina til þess að kveðja lækna og aðra sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar og jafnframt ákveðið hvernig staðið skuli að birtingu helstu álitssgerða hennar. Í reglugerð skal og kveða á um gjald fyrir álitssgerðir nefndarinnar.

10. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, tímabundið atvinnutjón og missi framfæranda bera vexti frá því að tjón varð. Bætur fyrir varanlega örorku bera vexti frá upphafsdegi metinnar örorku skv. 5. gr. Vextirnir skulu nema 4,5% á ári.

13. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að láta þann sem:

- a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni eða
- b. ábyrgð ber á ólögmatrí meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.

Þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns má gera að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.

14. gr.

Á eftir 28. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:

Fjárhæðir samkvæmt lögum þessum eru miðaðar við lánskjaravísitölu eins og hún var 1. júlí 1993 (3282) og taka þær sömu breytingum og mælt er fyrir um í 15. gr., sbr. einnig lög nr. 12/1995, um vísitölu neysluverðs.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1999 og eiga við um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til bótaskylds atviks eftir gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 42/1996 og nr. 149/1997, fellur brott.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningabætti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Lög þessi gilda um starfsemi einstaklinga og lögaðila sem heimild hafa til að veita almenningi þjónustu hér á landi eða erlendis samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og fellur undir einn eða fleiri eftirtalinna liða:

1. Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.

2. Útlánastarfsemi, m.a.:

a. neytendalán,

b. veðlán,

c. kröfukaup og kaup skuldaskjala og

d. viðskiptalán.

3. Eignarleigu.

4. Greiðslumiðlun.

5. Útgáfu og umsýslu greiðslukorta, svo og annarra greiðslumiðla.

6. Að veita ábyrgðir eða veðtryggingar vegna lántöku.

7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:

a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),

b. erlendan gjaldeyri,

c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),

d. gengisbundin bréf og vaxtabéf og

e. verðbréf.

8. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti tengd slíkum útboðum.

9. Móttöku fjármuna í tengslum við uppbyggingu höfuðstóls í fyrirtækjum eða í tengslum við kaup, yfirtöku eða samruna atvinnufyrirtækja.

10. Peningamiðlun, þar með taldar skiptistöðvar (bureaux de change).

11. Geymslu, umsjón og ávöxtun verðbréfa, þar með talinna raðbréfa.

12. Leigu á geymsluhólfum.

13. Verðbréfavíðskipti samkvæmt lögum nr. 113/1996.

14. Líftryggingarstarfsemi, svo og starfsemi lífeyrissjóða.

Ákvæði laganna taka einnig til þeirra sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga nr. 6/1926, um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérлага þegar greiddir eru út vinningar.

b. Í stað tilvísunarinnar „7. og 8. gr.“ í 2. mgr. kemur: 7., 8. og 9. gr.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Með peningabætti er í lögum þessum átt við þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum, svo sem auðgunarbroti eða stórfelldu skatta- eða fíkniefnabroti, tollalögum, lögum um ávana- og fíkninefni, áfengislögum og lyfjalögum. Einnig er átt við þegar einstaklingur

eða lögaðili tekur að sér að geyma eða flytja slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Skylt er þeim sem falla undir ákvæði þessara laga að veita alla nauðsynlega aðstoð til að ákvæðum laganna verði framfylgt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Við upphaf viðskipta, einkum við opnun reiknings og eignavörslu, skal einstaklingur eða lögaðili sem nefndur er í 1. gr. krefjast þess af viðskiptamanni að hann sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja um nafn, lögheimili og kennitölu samkvæmt vottorði útgefnu af Hagstofu Íslands. Sama gildir um prókúruhafa eftir því sem við getur átt.

b. Í stað orðanna „föstu viðskiptasambandi“ í fyrri málslíð 2. mgr. kemur: föstum viðskiptum.

c. Í stað orðanna „með hærri fjárhæð en 1.100.00 kr.“ í fyrri málslíð 2. mgr. kemur: með hærri fjárhæð en sem nemur 15.000 evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

d. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni“ í 3. mgr. kemur: sem lýst er í 2. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fjármálastofnun sem starfar innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í fyrri málslíð kemur: lána- eða fjármálastofnun sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu til að veita þjónustu, sbr. 1.–12. og 14. tölul. 1. mgr. 1. gr.

b. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni“ í síðari málslíð kemur: sem lýst er í 2. gr.

5. gr.

Í stað orðanna „starfsmaður fjármálastofnunar“ í 5. gr. laganna kemur: einstaklingur eða starfsmaður lögaðila sem nefndur er í 1. gr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Fjármálastofnun skal“ kemur: Einstaklingur og lögaðilar sem nefndir eru í 1. gr. skulu.

b. Orðin „eða viðskiptasambandi“ falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Fjármálastofnun skal“ í fyrri málslíð 1. mgr. kemur: Einstaklingum og lögaðilum sem nefndir eru í 1. gr. ber skylda til þess að.

b. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni“ í fyrri málslíð 1. mgr. kemur: sem lýst er í 2. gr.

c. Í stað orðsins „ríkissaksóknara“ í fyrri málslíð 1. mgr. kemur: ríkislögreglustjóra.

d. Orðin „ríkissaksóknara eða“ í síðari málslíð 1. mgr. falla brott.

e. Í stað orðsins „rannsóknarinnar“ í síðari málslíð 1. mgr. kemur: tilkynningarinnar.

f. Í stað orðanna „á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni þar til

ríkissaksóknara hefur verið tilkynnt um viðskiptin“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: sem lýst er í 2. gr. og tilkynna um það til ríkislögreglustjóra, sbr. 8. gr. Í tilkynningu skal taka fram innan hvaða frests einstaklingum og lögaðilum sem nefndir eru í 1. gr. er skylt að framkvæma viðskiptin.

g. Í stað orðsins „ríkissaksóknara“ í síðari málslið 2. mgr. kemur: ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Við lögina bætist ný grein, 8. gr., sem orðast svo, og breytast greinatölur samkvæmt því:

Ríkislögreglustjóra ber að staðfesta skriflega móttöku tilkynningar skv. 7. gr. Ríkislögreglustjóra er heimilt ef brýn nauðsyn krefur að óska eftir því að viðskipti sem tilkynnt hefur verið um skv. 7. gr. verði ekki framkvæmd fyrr en að loknum þeim fresti sem tilgreindur er í tilkynningunni. Ríkislögreglustjóri skal tafarlaust gera viðvart sé ekki talin þörf á hindrun viðskipta.

Einstaklingar og lögaðilar sem nefndir eru í 1. gr., svo og starfsmenn þeirra, bera ábyrgð á því að ákvæðum laga þessara og reglugerðar, og reglum settum samkvæmt þeim, sé framfylgt. Þeim er skylt að tilnefna einstakling sem sérstakan ábyrgðarmann sem að jafnaði annast tilkynningar í samræmi við ákvæði 7. gr. og sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að framkvæmd laganna. Ríkislögreglustjóra skal tilkynnt um tilnefningu ábyrgðarmanns.

9. gr.

8. gr. laganna, er verður 9. gr., orðast svo:

Einstaklingar, stjórnendur, starfsmenn og aðrir sem vinna í þágu lögaðila sem lög þessi taka til eru skyldir til að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að ríkislögreglustjóra hafi verið sendar upplýsingar skv. 7. gr. eða að rannsókn sé hafin vegna gruns um brot sem lýst er í 2. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna er verður 10. gr.:

- a. Í stað orðanna „Fjármálastofnun skal“ í fyrri málslið kemur: Einstaklingum og lögaðilum sem nefndir eru í 1. gr. ber skylda til þess að.
- b. Í stað orðsins „stofnunin“ í fyrri málslið kemur: starfsemi þeirra.
- c. Í stað orðanna „skal stofnunin“ í síðari málslið kemur: skulu þeir.

11. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Hlutverk einstaklinga og lögaðila.**

12. gr.

10. gr. laganna, er verður 11. gr., orðast svo:

Fái Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld sem hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem talin er upp í 1. gr. í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast broti sem lýst er í 2. gr. eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist broti sem lýst er í 2. gr. skal það tilkynnt til ríkislögreglustjóra.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna er verður 12. gr.:

- a. Í stað orðanna „Þegar stjórnandi eða starfsmaður fjármálastofnunar veitir ríkissaksóknara eða lögreglu“ í fyrri málslið kemur: Þegar einstaklingur eða lögaðili sem lög þessi taka til, sbr. 1. gr., veitir lögreglu.

- b. Í stað orðanna „stofnunum, stjórnendum þeirra eða starfsmönnum“ í síðari málslíð kemur: einstaklingum, lögaðilum eða starfsmönnum.

14. gr.

12. gr. laganna fellur brott og breytast greinatölur samkvæmt því.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „8. og 9. gr.“ í fyrri málslíð 1. mgr. kemur: 8., 9. og 10. gr.
b. Orðin „ríkissaksóknara eða“ í síðari málslíð 1. mgr. falla brott.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í sjálfvirku tilkynningarkerfi skulu skip tilkynna brottför og komu í höfn og staðsetningu sína á eftirfarandi hátt:

- a. Skip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri skulu tilkynna sig á tólf klukkustunda fresti.
b. Skip sem eru styttri en 24 metrar og er heimilt að sigla utan þjónustusvæðis sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á einnar klukkustundar fresti.
c. Skip sem eru styttri en 24 metrar og sigla á þjónustusvæði sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.
d. Farþegaskip sem notuð eru í atvinnuskyni skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.
e. Skipum sem stunda takmarkaða sjósókn eða hafa aðeins sumarhaffæri er heimilt að tilkynna sig með öðrum leiðum eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í sjálfvirku tilkynningarkerfi skal að lágmarki tilkynna auðkenni skips og staðsetningu þess.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. taka jafnframt til sjálfvirks tilkynningarkerfis.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Sá sem annast rekstur fjarskiptanna skal sjá til þess að fjarskiptavirki séu til staðar til móttöku tilkynninga og áframhaldandi sendingar þeirra til eftirlitsstöðvar.

5. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Handvirka tilkynningarkerfið skal rekið í allt að þrjú ár samhliða sjálfvirka tilkynningarkerfinu.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Fyrir þjónustu í handvirka tilkynningarkerfinu og tilkynningar um gervihnattasamband greiða eigendur skipanna fyrir fjarskiptin samkvæmt gjaldskrá þess sem þjónustuna veitir.

Fyrir þjónustu í sjálfvirka tilkynningarkerfinu skal eigandi hvers skips greiða umsamið árgjald sem rennur til Slysavarnafélags Íslands til að mæta kostnaði þess.

7. gr.

11. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

8. gr.

12. gr. laganna, er verður 11. gr., orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði e-liðar 2. mgr. 1. gr. skal endurskoða fyrir árslok 2000.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um Háskólann á Akureyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri er vísindaleg mennta- og rannsóknastofnun. Hann veitir stúdentum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu sem einkum tengjast sjávarútvegi, rekstri, menntun og heilbrigði. Háskólanum er heimilt að veita framhaldsmenntun og endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans.

II. KAFLI

Kennarar og stúdentar.

2. gr.

Kennarar við Háskólann á Akureyri eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar hafa einir kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur kennara.

3. gr.

Rektor ræður prófessora, dósentar, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Umsóknum um prófessorsstarf, dósentar- og lektorsstörf skulu fylgja upplýsingar um háskólamenntun, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir umsækjenda.

Rektor skal skipa þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósentar eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina og er annar þeirra formaður. Annar fulltrúi háskólaráðs skal starfa utan háskólans. Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraþrófi úr háskóla.

Að ábendingu viðkomandi deildar skal rektor hverju sinni tilnefna sérfræðing til ráðgjafar fyrir dómnefnd um mat á fræðistörfum umsækjenda.

Dómnefnd skal gefa rökstutt álit um hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum manni má veita starf prófessors, dósentar eða lektors nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að ákvæði 3. mgr. gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við háskólann.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstarfi í dósentstarf og dósent úr dósentstarfi í prófessorsstarf, enda liggi fyrir hæfnisdómur dómnefndar.

Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar og framgang í starfi þar sem einnig er kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna.

4. gr.

Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deilda, staðfesta reglur um skráningu stúdenta í einstakar deildir þar sem kveðið er nánar á um inntökuskilyrði í viðkomandi deild. Þeir einir teljast stúdentar við Háskólann á Akureyri sem skrásettir hafa verið til náms samkvæmt reglum þessum.

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, allt að 25.000 kr. Heimilt er að taka 15% hærri gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila.

III. KAFLI

Stjórnskipulag.

5. gr.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor, sem er sjálfkjörinn í ráðið og er jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar kennara sem ráðnir eru ótímabundið við skólann og tveir til vara, kosnir á almennum fundi þeirra til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi stúdenta og einn til vara, kosnir til tveggja ára í senn samkvæmt reglum stúdentafélags háskólans.
4. Einn fulltrúi skipaður af menntamálaráðherra og einn til vara til tveggja ára í senn.

Varaforseta kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa kennara.

6. gr.

Rektor boðar til fundar í háskólaráði eftir þörfum. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

Háskólaráðsfundur er ályktunarhæfur ef helmingur atkvæðisbærra fulltrúa sækir fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði forseta úr. Vara-fulltrúar skulu sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalfulltrúa.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

8. gr.

Háskólaráð ákvarðar deildarskipan háskólans og afmarkar aðrar stjórnunareiningar innan skólans. Háskólaráð setur reglur um yfirstjórn deilda og um val á deildarforsetum. Störf deildarforseta skulu auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur deildum starfsreglur og reglur um hvert skuli vera verksvið, vald og ábyrgð hverrar stjórnunareiningar innan hverrar deildar.

Stofnanir og einstakir starfsmenn háskólans, sem ekki lúta sérstakri stjórn, heyra beint undir embætti rektors.

9. gr.

Fyrir hverja deild háskólans eða skilgreinda námsbraut skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talda starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við.

Á grundvelli námskrár skal árlega gefa út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhöggun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum ein-

stakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði er varða skipulag náms.

Háskólaráð staðfestir námskrár og kennsluskrár, en deildarráð ber ábyrgð á gerð þeirra.

IV. KAFLI

Kennsla, framkvæmd prófa, agaviðurlög.

10. gr.

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti stúdenta, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Háskólarektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.

11. gr.

Rektor getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdentinum kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

V. KAFLI

Rannsóknir, bókasafn o.fl.

12. gr.

Háskólanum er heimilt að starfrækja rannsóknastofnun á eigin vegum eða í samvinnu við aðra. Kennarar háskólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu rannsóknastofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Rannsóknastofnunin skal eftir því sem aðstæður leyfa veita stúdentum skólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknastofnunarinnar, um skipan stjórnar og gjaldtöku fyrir þjónustu sem rannsóknastofnunin veitir.

Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá.

13. gr.

Við háskólann er rannsókn- og sérfræðibókasafn sem tengist fræðasviðum skólans. Hlutverk þess er að veita stúdentum og kennurum háskólans og öðrum lánþegum safnsins sérhæfða þjónustu vegna kennslu, náms og rannsókna. Háskólaráð skal setja nánari reglur um starfsemi bókasafnsins.

14. gr.

Háskólanum á Akureyri skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt ákvæði þessu.

Háskólaráði er heimilt að semja við félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskólans á Akureyri enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

15. gr.

Háskólanum er heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði háskólans, t.d. um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Háskólaráð setur nánari reglur um stöðu þeirra starfsmanna innan háskólans sem þannig eru ráðnir til starfa við skólann.

16. gr.

Að fenginni tillögu viðkomandi deildarfundar hefur háskólaráð rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu doktorsnámi eða með vörn doktorsritgerðar.

Háskólaráð setur sérstakar reglur um veitingu doktorsnafnbótar, þ.m.t. um doktorsnám og um vörn doktorsritgerða.

VI. KAFLI

Gildistaka, reglugerð o.fl.

17. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

18. gr.

Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli þessara laga skulu birtar í Stjórnartíðindum.

19. gr.

Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af lögum um háskóla, nr. 136/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi forstöðumenn deilda skulu gegna starfi deildarforseta þar til gildandi ráðningarsamningar þeirra renna út.

Núverandi rektor Háskólans á Akureyri situr út yfirstandandi kjörtímabil sitt, en að því loknu skal skipa rektor til fimm ára skv. 7. gr. laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk Háskóla Íslands.

1. gr.

Hlutverk.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun er veiti nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu.

Háskóli Íslands skal einnig sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi, miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og öðrum reglum er gilda um skólann.

II. KAFLI

Stjórn Háskóla Íslands.

2. gr.

Stjórnskipulag háskólans.

Háskóladeildir eru grunneiningar Háskóla Íslands. Um starfsemi deilda gilda ákvæði III. kafla laga þessara. Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild, heimspekideild, tannlæknadeild, verkfræðideild, raunvísinda-deild og félagsvísindadeild. Háskólaráð tekur ákvörðun um stofnun og niðurlagningu deilda. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en deildir eru lagðar niður, nýjar stofnaðar eða aðrar breytingar gerðar á deildaskipan.

Stjórn Háskóla Íslands er falin háskólaráði, háskólarektor og deildarfundum og deildarforsetum. Í tengslum við stjórn háskólans er efnt til háskólafundar samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Áður en lögum og reglum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið skal háskólaráð leita umsagnar háskólafundar um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega eina deild, og skal háskólaráð þá leita álits hennar áður en það lætur uppi umsögn sína. Varði mál sérstaklega háskólastofnun sem ekki heyrir undir deild skal háskólaráð leita álits hennar áður en það lætur uppi umsögn sína.

Háskólaráð skal kveða nánar á um skipulag sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og stjórnsýslu deilda og stofnana. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

3. gr.

Hlutverk háskólaráðs.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum skólans og stofnana sem honum tengjast og fer með almennt eftirlit með starfsemi hans og rekstri samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum og reglum settum með stoð í þeim.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum háskólans.

Háskólaráði er heimilt að stofna sérstaka rannsóknar- og þróunarsjóði. Skul um þá sett skipulagsskrá sem menntamálaráðherra staðfestir. Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Skipan háskólaráðs.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess.
2. Fjórir fulltrúar kjörnir til tveggja ára úr hópi kennara í fullu starfi sem skipaðir eru eða ráðnir ótímabundið, og skal við kosningu þeirra gætt að því að einn fulltrúi sé af hverju eftirtalinna fræðasviða: hugvísindasviði, heilbrigðisvísindasviði, samfélagsvísindasviði og verkfræði- og raunvísindasviði.
3. Einn fulltrúi samtaka háskólakennara kjörinn til tveggja ára úr hópi kennara eða sérfræðinga í fullu starfi.
4. Tveir fulltrúar stúdenta kjörnir hlutfallskosningu til tveggja ára í sérstökum kosningum þar sem allir skrásettir stúdentar háskólans hafa kosningarrétt.
5. Tveir fulltrúar sem menntamálaráðherra skipar til tveggja ára í senn.

Kjósa skal og tilnefna tvo varamenn fyrir hvern fulltrúa.

Háskólaráð setur nánari reglur um kosningarrétt og kjörgengi, vægi atkvæða, undirbúning og framkvæmd kosninga kennara og stúdenta í ráðið. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt. Háskólaráðsfulltrúar kjósa úr sínum hópi varaforseta ráðsins.

5. gr.

Fundir háskólaráðs.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski helmingur fulltrúa í háskólaráði fundar er rektor skylt að boða til hans.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært nema sjö atkvæðisbærir háskólaráðsmenn sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði rektors úr eða þess er gegnir forsetastörfum.

Ef kjörinn háskólaráðsfulltrúi getur ekki sótt fund skal boða varamann hans til fundarsetu.

Rektor boðar fundi háskólaráðs. Rita skal fundargerð. Háskólaráð setur reglur um undirbúning funda, fundarboð, fundarsköp, birtingu ákvarðana og annað er lýtur að starfsháttum ráðsins og ekki er ákveðið í lögum þessum.

6. gr.

Rektor.

Háskóla rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með allri starfsemi háskólans, þar með talið ráðningar- og fjármálum einstakra deilda og stofnana. Rektor á frumkvæði að því að háskóla fundur marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Á milli funda háskólaráðs fer rektor í umboði þess með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans.

Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og setur því erindisbréf eða starfslýsingar.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að kosningu, tilnefningu og embættisgengi rektors. Leita skal umsagnar háskóla fundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

7. gr.

Hlutverk háskólafundar.

Háskólafundur er samráðsvettvangur háskóladeilda og háskólastofnana. Háskólafundur vinnur að þróun og eflingu Háskóla Íslands og mótar og setur fram sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólafundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskólans og deilda hans.

Háskólafundur er ályktunarbær um þau málefni sem honum eru falin samkvæmt lögum þessum eða reglum settum með stoð í þeim. Ályktanir háskólafundar skulu kynntar háskólaráði, rektor, deildarforsetum, forstöðumönnum háskólastofnana og öðrum þeim er þær kunna að varða. Ákvörðunum háskólaráðs eða annarra stofnana háskólans verður ekki skotið til háskólafundar.

8. gr.

Skipan háskólafundar.

Á háskólafundinum eiga sæti rektor og forsetar háskóladeilda. Þar sem eru 40 eða fleiri kennarar og sérfræðingar í fullu starfi í deild eða stofnunum sem heyra undir deild skal deildin eiga, auk deildarforseta, einn fulltrúa til viðbótar á háskólafundinum og síðan einn fulltrúa í viðbót fyrir hverja 40 starfsmenn í fullu starfi. Þá skal deild að auki eiga einn fulltrúa á háskólafundinum úr hópi kennara eða þeirra sem gegna vísinda- og fræðistörfum í fullu starfi fyrir hverja 400 stúdenta sem skráðir eru til náms í deildinni tveimur mánuðum fyrir háskólafund. Fulltrúar deilda, aðrir en deildarforsetar, skulu kjörnir á deildarfundinum. Auk framangreindra eiga eftirtaldir aðilar sæti á háskólafundinum, tilnefndir eða kjörnir til tveggja ára í senn: tveir fulltrúar samtaka háskólakennara kjörnir í skriflegri kosningu úr hópi félagsmanna sem ekki gegna störfum deildarforseta, tveir fulltrúar starfsmanna við stjórnsýslu háskólans kjörnir í skriflegri atkvæðagreiðslu, einn fulltrúi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra. Auk þess skal eiga sæti á háskólafundinum einn fulltrúi samtaka stúdenta á móti hverjum fimm fulltrúum annarra aðila innan háskólans, og skulu þeir kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn.

Rektor boðar háskólafund, er forseti hans og stýrir fundinum. Ritari háskólaráðs er jafnframt ritari háskólafundar.

Háskólafundur skal halda að minnsta kosti einu sinni á hverju missiri. Æski $\frac{2}{3}$ hlutar fulltrúa á háskólafundinum fundar er rektor skylt að boða til hans.

Háskólafundur setur nánari reglur um skipan og fundarsköp háskólafundar. Í reglum skal m.a. kveða á um kosningu og setu fulltrúa annarra stofnana og samtaka á háskólafundinum en þeirra sem taldir eru í 1. mgr. og um atkvæðisrétt þeirra.

III. KAFLI

Háskóladeildir og stofnanir.

9. gr.

Háskóladeildir og rannsóknastofnanir.

Háskóladeildir eru grunneiningar háskólans. Innan þeirra fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Deildir eru sjálfstæðar um eigin málefni innan þeirra marka er sameiginlegar reglur háskólans setja. Reglubundið mat skal fara fram á starfsemi deilda í samræmi við ákvæði laga og reglna sem um það gilda.

Við háskóladeildir er heimilt að starfrækja rannsóknastofnanir og rannsóknastofur samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur. Háskóladeildum og stofnunum er heimilt að stunda þjónusturannsóknir og standa fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Hver deild eða rannsóknastofnun skal gera sérstakar samþykktir um slíkar þjónusturannsóknir og kennslu sem háskólaráð staðfestir.

Hver deild semur kennsluskra fyrir sig, og skal þar m.a. gerð grein fyrir skipan náms í deildinni, námsframvindu, hámarksnáms tíma, prófgráðum, prófgreinum og prófkröfum, námskeiðum sem í boði eru og vægi þeirra, kennsluháttum, starfsþjálfun, missiraskiptingu, stjórn deildar og skiptingu í skorir og félagsmálum stúdenta. Árlega skal gefin út kennsluskra fyrir háskólann í heild.

10. gr.

Stjórn deilda.

Deildarfundur fer með ákvörðunarvald í málefnum hverrar deildar og er deildarforseti framkvæmdastjóri hennar. Deildarfundir geta framselt ákvörðunarvald sitt í einstökum málum eða málaflokkum til deildarráða. Deildarforseti á frumkvæði að mótun heildarstefnu fyrir deild, hefur eftirlit með starfi og stjórnsýslu deildar, ræður starfslið að stjórnsýslu hennar og ber ábyrgð á fjármálum deildar gagnvart háskólaráði og rektor.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsemi deilda, stjórn þeirra, deildarráð, skiptingu deilda í skorir, námsnefndir, kjör deildarforseta og hlutverk þeirra og deildar- og skorarfundi. Leita skal umsagnar háskólafundar áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

IV. KAFLI

Háskólakennarar og nemendur.

11. gr.

Háskólakennarar og sérfræðingar.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og lektorar, þar á meðal erlendir lektorar, aðjúntar og stundakennarar. Kennara má ráða í hlutastarf í samræmi við reglur sem háskólaráð setur. Heimilt er að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur.

Heimilt er að ráða til háskólans eða stofnana hans fólk til vísinda- og fræðistarfa án kennsluskyldu. Skulu starfsheiti þeirra vera sérfræðingur, fræðimaður eða vísindamaður.

Heimilt er að ráða kennara til háskólans tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal háskólaráð setja reglur. Sama á við um þá sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa.

Háskólaráð setur almennar reglur um starfsheiti og starfsskyldur háskólakennara og þeirra sem ráðnir eru í starf sérfræðings, fræðimanns eða vísindamanns. Háskóladeild ákveður hvernig starfsskyldur einstakra kennara skulu skiptast. Háskólastofnun ákveður hvernig starfsskyldur sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna skulu skiptast samkvæmt þeim reglum sem háskólaráð eða deild hefur sett.

Háskólaráð setur almennar reglur um leyfi kennara og þeirra sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa frá störfum, og skulu allar ákvarðanir deilda og stofnana um leyfi þeirra teknar á grundvelli slíkra almennra reglna.

12. gr.

Ráðning í kennara- og sérfræðingsstörf.

Rektor ræður prófessora, dósentar, lektora, sérfræðinga, vísinda- og fræðimenn og forstöðumenn háskólastofnana samkvæmt tillögu háskóladeildar eða stjórnar háskólastofnunar. Deildarforsetar ráða aðjúnkta, stundakennara og annað starfsfólk deildar og stofnana sem heyra undir deild. Forstöðumaður háskólastofnunar sem ekki heyrir undir deild ræður annað starfsfólk stofnunar.

Engan má ráða í starf prófessors, dósentar, lektors, vísindamanns, fræðimanns eða sérfræðings við háskólann eða háskólastofnun nema hann hafi lokið meistaraþrófi hið minnsta eða hafi jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Umsækjendur um þessi störf

skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Hver háskóladeild eða háskólastofnun getur með samþykki háskólaráðs gert frekari mennt-unarkröfur.

Rector skipar þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjanda til að gegna kennarastarfi eða vísinda- og fræðistörfum. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og deild sú eða stofnun sem hann á að starfa við þann þriðja, og skal hann jafnframt vera formaður dómnefndar. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraþrófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Háskóla- og rektor skipar ritara dómnefnda sem fylgist með störfum nefndanna og er þeim til aðstoðar.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsóknar umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum umsækjanda má veita starf nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur að gegna því.

Þegar álit dómnefndar liggur fyrir skal tillaga um veitingu starfsins ákveðin í samræmi við reglur hvernar deildar eða stofnunar sem háskólaráð hefur staðfest.

Heimilt er, án auglýsingar, að flytja lektor í dósentstarf, dósent í prófessorsstarf, sérfræðing í starf fræðimanns og fræðimann í starf vísindamanns, enda liggja fyrir hæfnisdómur dómnefndar. Á sama hátt er heimilt, samkvæmt samkomulagi deildar og stofnunar, að flytja sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn í starf lektors, dósentar eða prófessors, enda hafi þeir þá kennslu- og stjórnunarskyldu í deild.

Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar, auglýsingar um störf, umsóknir og meðferð þeirra, skipan og störf dómnefnda, framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna og tilflutning starfsmanna.

Þegar sérstaklega stendur á getur háskóla- og rektor, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennarastarfi við háskólann án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

13. gr.

Nemendur í Háskóla Íslands.

Nemendur, sem hefja nám í Háskóla Íslands, skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru samþættillegu prófi frá erlendum skóla. Heimilt er að veita öðrum en þeim sem uppfylla framangreind skilyrði rétt til þess að hefja nám við háskólann ef þeir að mati viðkomandi deildar búa yfir hliðstæðum þroska og þekkingu og stúdentsprófið veitir. Háskólaráð skal setja sérstakar reglur um rétt þeirra til að stunda nám við háskólann.

Háskólaráð setur, að fenginni tillögu deildar, nánari reglur um inntöku stúdenta í einstakar námsgreinar í grunn- og framhaldsnámi. Í reglum þessum skal m.a. heimilt að binda aðgang að námsgreinum frekari skilyrðum um undirbúning en fram koma í 1. mgr. og takmarka fjölda stúdenta í grunn- og framhaldsnámi.

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, allt að 25.000 kr. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabíla. Háskólaráði er heimilt að verja hluta skrásetningargjaldsins til Félagsstofnunar stúdenta.

Þeir einir teljast stúdentar við Háskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms. Í reglum sem háskólaráð setur má kveða nánar á um árlega skrásetningu stúdenta.

Háskóladeild er heimilt að meta nám sem stúdent hefur stundað utan deildarinnar, þ.m.t. við aðra innlenda eða erlenda háskóla, sem hluta af námi við deildina.

V. KAFLI
Kennsla, próf o.fl.

14. gr.

Háskólaár og missiri. Námsseiningar, kennsla og kennsluhættir.

Háskólaráð setur reglur um lengd háskólaárs og skiptingu þess í kennslumissiri. Heimilt er að ákveða mismunandi missiraskiptingu fyrir einstakar deildir. Fyrirlestrar, æfingar og námskeið í háskóladeildum eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu nema háskóladeild mæli öðruvísi fyrir.

Kennsla í Háskóla Íslands skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og viðveru í kennslustundum og prófum. Háskólaráð skal setja almennar reglur um mat námskeiða til eininga. Einstakar deildir skulu setja sér almennar reglur um kennslu og kennsluhætti.

15. gr.

Prófgráður, próf, námstími o.fl.

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt. Háskólaráð skal enn fremur setja almennar reglur um meistara- og doktorsnám, svo og um vörn sérstakra doktorsritgerða.

Háskólaakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglum háskólaráðs. Sam-eiginleg stjórnsýsla háskólans annast skipulag og framkvæmd prófa.

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Háskólaректор skipar prófdómara að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara sem lokið hafa viðurkenndu háskólaprófi í þeirri grein sem dæma skal og njóta viðurkenningar á starfssviði sínu. Prófdómarar skulu skipaðir til þriggja ára í senn nema skipun sé skv. 3. mgr.

16. gr.

Veiting doktorsnafnbótar.

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðurs-skyni, að undangengnu sérstöku doktorsnámi eða með vörn sérstakrar doktorsritgerðar. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema með samþykki $\frac{3}{4}$ hluta allra atkvæðis-bærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs.

17. gr.

Agaviðurlög.

Rector getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdent kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar

rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

VI. KAFLI

Ákvæði sem varða fjárhag, fyrirtæki og stofnanir.

18. gr.

Gjöld fyrir þjónustu.

Háskóla Íslands skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Honum er enn fremur heimilt að taka gjöld fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt ákvæði þessu.

Háskólaráði er heimilt að semja við stúdenta, samtök þeirra og félög, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskóla Íslands, enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

19. gr.

Ársfundur Háskóla Íslands, stofnanir, aðild að fyrirtækjum o.fl.

Háskóli Íslands skal árlega halda opinn ársfund þar sem fjárhagur skólans og meginatriði starfsáætlunar hans eru kynnt. Háskólaráð skal setja reglur um fyrirkomulag ársfundar.

Háskóla Íslands skal heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að miðla, hagnýta og þróa niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð fer með eignarhlut háskólans í slíkum fyrirtækjum. Jafnframt er háskólanum heimilt að starfækja stofnanir sem eru á verksviði hans og heyra beint undir háskólaráð.

Háskóla Íslands er heimilt að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfsviði skólans um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna.

VII. KAFLI

Birting reglna, gildistaka o.fl.

20. gr.

Birting reglna.

Reglur þær, sem háskólaráð setur samkvæmt lögum þessum, skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Háskólaráð skal gefa út handbók sem hefur að geyma ákvæði gildandi laga og reglna sem á hverjum tíma eru í gildi fyrir Háskóla Íslands.

21. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma að fullu til framkvæmda 1. maí 1999 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 131 31. desember 1990, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða í lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara skulu menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra hafa komið sér saman um reglur um starfstengsl prófessora læknadeildar við heilbrigðisstofnanir. Þar til slíkt samkomulag hefur náðst skulu gilda um það efni ákvæði 38. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990.

Starfandi háskólaráð skal setja reglur til bráðabirgða um kosningarrett, undirbúning og framkvæmd kosninga kennara og stúdenta í háskólaráð, sbr. 3. mgr. 4. gr. þessara laga, þannig að nýtt háskólaráð geti hafið störf eigi síðar en 1. maí 1999. Jafnframt setur starfandi háskólaráð reglur fyrir háskólafund um fundarsköp, sbr. 4. mgr. 8. gr., og ákveður hvenær háskólafundur verður fyrst kallaður saman. Þessar reglur skulu endurskoðaðar er nýtt háskólaráð hefur verið skipað og háskólafundur hefur verið skipaður.

Núverandi rektor Háskóla Íslands situr út yfirstandandi kjörtímabil sitt, en að því loknu skal skipa rektor til fimm ára skv. 6. gr. laga þessara.

Ákvæði reglugerðar fyrir Háskóla Íslands, nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, og þeirra reglna sem háskólaráð hefur sett gilda, að svo miklu leyti sem þau fara ekki gegn þessum lögum, þar til háskólaráð hefur sett nýjar reglur samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hið sama gildir um reglugerðir háskólastofnana sem nú eru í gildi og settar hafa verið með stöð í gildandi lögum.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

Nr. 42

22. mars 1999

LÖG

um breyting á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur ótímabundið ráðinna kennara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. 2. tölul. 2. mgr. orðast svo: fjórir fulltrúar ótímabundið ráðinna kennara og fjórir til vara kjörnir á almennum fundi þeirra hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn.
- b. 3. mgr. orðast svo:

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa ótímabundið ráðinna kennara.

3. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli, **Kennsla, framkvæmd prófa, aga viðurlög**, með þremur nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (10. gr.)

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að

kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt. Háskólaráð skal enn fremur setja almennar reglur um meistara- og doktorsnám, svo og um vörn sérstakra doktorsritgerða. Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglum háskólaráðs. Sameiginleg stjórnýsla háskólans annast skipulag og framkvæmd prófa.

b. (11. gr.)

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Rektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.

c. (12. gr.)

Rektor getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans, eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdentinum kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

4. gr.

Á eftir 10. gr. laganna, sem verður 13. gr., koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (14. gr.)

Kennaraháskóla Íslands skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Honum er enn fremur heimilt að taka gjöld fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjaldanna.

Háskólaráði er heimilt að semja við félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Kennaraháskóla Íslands enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

b. (15. gr.)

Að fenginni tillögu viðkomandi deildarfundar hefur háskólaráð rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu doktorsnámi eða með vörn doktorsritgerðar. Háskólaráð setur sérstakar reglur um veitingu doktorsnafnbótar, þ.m.t. um doktorsnám og um vörn doktorsritgerða.

5. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna, sem verður V. kafli, verður: **Rannsóknir og gjaldtaka fyrir þjónustu o.fl.**

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

Nr. 43

22. mars 1999

LÖG

um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að laða að erlenda aðila til að framleiða kvikmyndir eða sjónvarpsefni hér á landi með því að endurgreiða tímabundið hluta af innlendum framleiðslukostnaði.

2. gr.

Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði hlutfall af framleiðslukostnaði sem til fellur við gerð kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi, sbr. 6. gr. þessara laga.

Með framleiðslukostnaði er átt við allan kostnað sem heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skilyrði er þó að kostnaðurinn falli til hér á landi og að greidd laun og verktakagreiðslur séu sannanlega skattlagðar hér á landi.

II. KAFLI

Umsókn.

3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu framleiðslukostnaðar skal send iðnaðarráðuneytinu. Endurgreiðslubeiðni, ásamt fylgigögnum, skal berast áður en framleiðsla hefst hér á landi. Iðnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd sem yfirfer umsóknir og gerir tillögur til ráðherra um afgreiðslu. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra. Fulltrúi iðnaðarráðherra skal jafnframt vera formaður.

Skilyrði endurgreiðslu.

4. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli hlutfall af framleiðslukostnaði myndar skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt:

- a. að stofnað sé sérstakt félag um framleiðslu myndarinnar hér á landi,
- b. að fyrir liggi sundurliðuð áætlun um framleiðslukostnað og fjármögnun,
- c. að lágmarksframleiðslukostnaður við gerð myndar hér á landi sé 80 millj. kr., sbr. þó 2. mgr. 5. gr.,

- d. að endurskoðað kostnaðaruppgjör liggi fyrir að lokinni framleiðslu myndar,
- e. að framleiðslu myndar hér á landi sé lokið innan þriggja ára frá því að endurgreiðslubeiðnin er móttækin.

Sé skilyrðum 1. mgr. ekki fullnægt er heimilt að hafna endurgreiðslubeiðni.

Verði breyting á áætluðum framleiðslukostnaði, sbr. b-lið 1. mgr., eftir að framleiðsla hefst skal iðnaðarráðuneyti send ný kostnaðaráætlun.

III. KAFLI

Endurgreiðsla.

5. gr.

Hlutfall endurgreidds framleiðslukostnaðar skal vera sem hér segir:

Á árunum 1999–2002	12%
Á árunum 2003–2005	9%

Endurgreiðsluhlutfall skv. 1. mgr. skal lækka um helming sé framleiðslukostnaður á bilinu 80–100 millj. kr. en um fjórðung sé framleiðslukostnaður á bilinu 101–120 millj. kr.

6. gr.

Iðnaðarráðherra ákvarðar endurgreiðslu samkvæmt lögum þessum. Ákvörðun um endurgreiðslu skal byggjast á endurskoðuðu kostnaðaruppgjöri. Hlutfall endurgreidds framleiðslukostnaðar verður miðað við það ár sem framleiðsla hefst hér á landi.

Ekki verður endurgreitt fyrr en að lokinni framleiðslu hérlendis og þegar viðkomandi félagi skv. a-lið 1. mgr. 4. gr. hefur verið slitið. Frá endurgreiðslu skal draga vangreidda skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga.

7. gr.

Hafi umsækjandi hlotið styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands til framleiðslu sömu myndar fær hann ekki endurgreitt samkvæmt lögum þessum.

IV. KAFLI

8. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um náttúruvernd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið laganna.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda á íslensku landi og í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979.

Lögin breyta í engu ákvæðum annarra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum til lands og sjávar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Afréttur:* Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.
2. *Eignarland:* Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
3. *Fólkvangur:* Landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota.
4. *Ósnortið víðerni:* Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.
5. *Náttúruminjar:*
 - a. Náttúruverndarsvæði.
 - b. Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr.
6. *Náttúruverndarsvæði:*
 - a. Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti.
 - b. Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr.
 - c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.
7. *Ræktað land:* Garðar og tún og akrar, þ.e. land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast

jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.

8. *Þjóðlenda*: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

II. KAFLI

Stjórn náttúruverndarmála.

4. gr.

Yfirstjórn umhverfisráðherra.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

Við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu á því sviði skal ráðherra hafa samráð við hlutaðeigandi aðila, stofnanir og félagasamtök eftir því sem við á hverju sinni.

5. gr.

Náttúruvernd ríkisins.

Náttúruvernd ríkisins er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

Umhverfisráðherra skipar forstjóra Náttúruverndar ríkisins til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólamenntun og sérþekkingu sem nýtist honum í starfi. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, ber ábyrgð á rekstri hennar og ræður starfsmenn.

Umhverfisráðherra skal setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra Náttúruverndar ríkisins og um innra skipulag stofnunarinnar.

6. gr.

Hlutverk Náttúruverndar ríkisins.

Hlutverk Náttúruverndar ríkisins er:

- a. umsjón, rekstur og eftirlit með náttúruverndarsvæðum í samræmi við lög,
- b. eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum; umhverfisráðherra skal, að höfðu samráði við aðrar stofnanir og aðila sem fara með eftirlit samkvæmt sérstökum lögum, setja í reglugerð nánari ákvæði um eftirlit stofnunarinnar,
- c. eftirlit með umferð og umgengni á svæðum í óbyggðum í samvinnu við önnur stjórnvöld,
- d. undirbúningur að friðlýsingu svæða, umsjón með gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði og skráning náttúruminja,
- e. mat á verndargildi náttúru Íslands og náttúruminja,
- f. fræðsla á náttúruverndarsvæðum og almenn fræðsla um náttúruvernd, m.a. í fjölmiðlum,
- g. rekstur gestastofa á náttúruverndarsvæðum,
- h. álitserð vegna meiri háttar framkvæmda og rekstrar,
- i. friðunar- og uppgræðsluáðgerðir á sviði gróður- og skógverndar, sbr. 39. gr.,
- j. skýrslugerð til umhverfisráðherra um ástand náttúruverndarsvæða í umsjá stofnunarinnar, framkvæmdir á þeim og annað sem máli skiptir og varðar vörslu svæðanna,
- k. undirbúningur og öflun gagna vegna náttúruverndaráætlunar, sbr. 65. gr., og skráningar náttúruminja og útgáfu náttúruminjaskrár, sbr. 67. gr.,
- l. veiting leyfa samkvæmt lögum þessum,
- m. önnur störf að náttúruvernd samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

7. gr.

Framkvæmd eftirlits.

Náttúruvernd ríkisins er heimilt að fela náttúrustofum, náttúruverndarnefndum, sbr. 11. gr., einstaklingum og lögaðilum að annast almennt eftirlit með náttúru landsins. Um slíkt skal gera samning sem umhverfisráðherra staðfestir. Í samningnum skal m.a. kveðið á um greiðslur fyrir eftirlitið, menntun eftirlitsmanna, skýrslugerð og annað sem máli skiptir.

Telji Náttúruvernd ríkisins nauðsynlegt að haldið verði uppi sérstöku eftirliti með framkvæmdum skal gera um það samkomulag við framkvæmdaraðila. Í samkomulaginu skal taka mið af innra eftirliti hans og eftirliti annarra opinberra aðila. Þar skulu kostnaðarliðir áætlaðir eins og mögulegt er hverju sinni og ber framkvæmdaraðila að endurgreiða Náttúruvernd ríkisins útlagðan kostnað við eftirlitið. Rísi ágreiningur milli aðila um efni samkomulagsins eða greiðslur fyrir eftirlitið sker ráðherra úr.

Að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins setur ráðherra gjaldskrá um kostnað við eftirlit með framkvæmdum. Þar skal m.a. kveðið á um umfang opinbers eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda sem taka mið af innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem eftirlitið beinist að.

8. gr.

Náttúruverndarráð.

Náttúruverndarráð skal skipað níu mönnum. Umhverfisráðherra skipar fimm þeirra í upphafi náttúruverndarþings, fjóra að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Háskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands og Ferðamálaráðs og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Fjórir skulu kosnir á náttúruverndarþingi, sbr. 10. gr. Varamenn skulu skipaðir og kosnir með sama hætti. Náttúruverndarráð skal starfrækja skrifstofu með a.m.k. einum fastráðnum starfsmanni.

Framlag skv. 3. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, rennur til Náttúruverndarráðs. Annan kostnað sem leiðir af störfum ráðsins skal greiða úr ríkissjóði.

9. gr.

Hlutverk Náttúruverndarráðs.

Náttúruverndarráð skal stuðla að náttúruvernd og vera umhverfisráðherra, Náttúruvernd ríkisins og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um náttúruverndarmál.

Náttúruverndarráð gerir tillögur til ráðherra um friðlýsingar og aðrar verndunaraðgerðir og fjallar um náttúruverndaráætlun, sbr. 65. og 66. gr., áður en hún er lögð fyrir Alþingi.

Náttúruverndarráð fylgist með þróun náttúruverndar á alþjóðavettvangi.

Náttúruverndarráð fer með málefni Friðlýsingarsjóðs, sbr. 71. gr.

10. gr.

Náttúruverndarþing.

Umhverfisráðherra skal boða til náttúruverndarþings að loknum alþingiskosningum og síðan tveimur árum síðar.

Náttúruverndarþing er vettvangur þeirra sem fjalla um náttúruverndarmál. Á náttúruverndarþingi skulu m.a. eiga sæti Náttúruverndarráð og fulltrúar náttúrustofa, náttúruverndarnefnda, hagsmunaaðila, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra aðila sem vinna að náttúruvernd, svo og forstjórar stofnana á sviði náttúrufræða. Jafnframt skulu fulltrúar ráðuneyta og þingflokka á Alþingi eiga rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, svo og sviðsstjórar Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands og forstöðumenn setra síðarnefndu stofnunarinnar.

Hlutverk náttúruverndarþings er að fjalla um náttúruvernd og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Skal ráðið leggja fyrir þingið skýrslu um störf sín.

Formaður Náttúruverndarráðs setur þingið og stýrir því uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp. Náttúruverndarráð skal semja reglur fyrir hvert náttúruverndarþing þar sem kveðið er á um seturétt á þinginu, kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa. Reglurnar skal auglýsa á fullnægjandi hátt fjórum vikum fyrir upphaf náttúruverndarþings. Verði ágreiningur um kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa skal málum vísað til úrskurðar á þinginu sjálfu.

Seta á náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra.

11. gr.

Náttúruverndarnefndir.

Á vegum hvers sveitarfélags eða héraðsnefndar starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sveitarstjórnir og héraðsnefndir ákveða fjölda nefndarmanna, kjósa þá til fjögurra ára, velja formann og setja nefndinni erindisbréf. Varamenn skulu kosnir með sama hætti. Sveitarstjórnir greiða kostnað sem hlýst af störfum náttúruverndarnefnda nema öðruvísi sé ákveðið. Tilkynnt skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til Náttúruverndar ríkisins um kjör í náttúruverndarnefndir.

Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á náttúruna, og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Náttúruverndar ríkisins.

Náttúruverndarnefndir skulu leita aðstoðar og ráðgjafar Náttúruverndar ríkisins þegar ástæða er til. Náttúruvernd ríkisins og fulltrúar náttúruverndarnefnda skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári. Náttúruverndarnefndir skulu veita Náttúruvernd ríkisins yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk náttúruverndarnefnda og tengsl þeirra við náttúrustofur samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

III. KAFLI

Almannaréttur, umgengni og útivist.

12. gr.

Réttindi og skyldur almennings.

Almenningi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi.

Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spilt.

13. gr.

För um landið og umgengni.

Á ferð sinni um landið skulu menn sýna landeiganda og öðrum rétt höfum lands fulla tillitssemi, virða hagsmuni þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, þar á meðal skógræktar og landgræðslu, og fylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum varðandi ferð og umgengni um landið.

Fara skal eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum og vegum eftir því sem auðið er, hlífa girðingum, fara um hlið eða göngustiga þegar þess er kostur og ef farið er um lokuð hlið skal loka þeim eftir að gengið hefur verið um þau. Sérstök aðgát skal höfð í nánd við búsmala, selalátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði.

För manna um landið er ekki á ábyrgð eiganda lands eða rétthafa að öðru leyti en því sem leiðir af ákvæðum annarra laga og almennum skaðabótareglum.

14. gr.

Umferð gangandi manna.

Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða réttshafa, að fara gangandi, á skiðum, skautum og ó vélknúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dveljast þar. Á eignarlandi í byggð er eiganda eða réttshafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustiga umferð manna og dvöl á afgirtu óræktuðu landi.

För um ræktað land, sbr. 7. tölul. 3. gr., og dvöl þar er háð samþykki eiganda þess eða réttshafa. Sama gildir um skógræktarsvæði í byggð sem ekki eru í eigu eða umsjá ríkis eða sveitarfélaga, önnur en náttúrulega birkiskóga og kjarr. Sé skógrækt styrkt með opinberu fé skal kveða svo á í samningi við eiganda eða réttshafa lands að hann tryggi almenningi með reglum sem hann setur frjálsa för um landið eftir að fyrstu stigum skógræktar er lokið.

15. gr.

Umferð hjólandi manna.

Þegar farið er á reiðhjólum um landið skal fylgt vegum og skipulögðum reiðhjólástígum eins og kostur er.

16. gr.

Umferð ríðandi manna.

Þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er.

Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín.

Heimilt er mönnum, að fengnu leyfi eiganda eða réttshafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðhöldum eða næturhólfum, enda valdi það ekki spjöllum á náttúru landsins. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur.

Þar sem svo háttar til skal haft samráð við landverði eða umsjónaraðila á staðnum þegar farið er um eða dvalist á náttúruverndarsvæðum, sbr. IV. kafla.

Umhverfissráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um umferð ríðandi manna og rekstur hrossa.

17. gr.

Akstur utan vega.

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum, svo og á snjó utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin.

Umhverfissráðherra kveður, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, í reglugerð á um aðrar undanþágur frá banni skv. 1. málsl. 1. mgr., m.a. vegna starfa manna við landbúnað, landmælingar, línu- og vegalagnir og rannsóknir. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, takmarkað eða bannað akstur á jöklum og á snjó þar sem hætta er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.

Ólögmatgur akstur utan vega varðar refsingu, sbr. 76. gr.

18. gr.

Umferð um vötn.

Um umferð um vötn fer samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923.

19. gr.

Takmörkun umferðar í óbyggðum.

Náttúruvernd ríkisins getur í verndarskygni tímabundið takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum, enda hafi stofnunin að jafnaði gert grein fyrir fyrirhugaðri lokun í skýrslu skv. 2. mgr. Slíkar ákvarðanir skal umhverfissráðherra staðfesta og birta í Stjórnartíðindum.

Skal stofnunin á hverju hausti gera úttekt á ástandi svæða í óbyggðum og gefa ráðherra skýrslu um niðurstöður úttektarinnar. Í skýrslunni skal koma fram hvaða svæði eru í hættu og hvar geti komið til lokana. Stofnunin skal birta niðurstöður skýrslunnar með auglýsingu í dagblöðum og Lögbirtingablaði.

20. gr.

Heimild til að tjalda.

Við alfaraleið í byggð er heimilt, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 14. gr., að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum til einnar nætur á óræktuðu landi, en leita skal leyfis landeiganda eða annars rétthafa áður en tjaldað er nærri bústöðum manna eða bæ og ætíð ef um fleiri en þrjú tjöld er að ræða eða ef tjaldað er til fleiri en einnar nætur.

Við alfaraleið í óbyggðum, hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu, er heimilt að setja niður hefðbundin viðlegutjöld.

Utan alfaraleiðar, hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu, er heimilt að setja niður göngutjöld nema annað sé tekið fram í sérreglum sem kunna að gilda um viðkomandi land-svæði.

Á ræktuðu landi, sbr. 7. tölul. 3. gr., má aðeins slá upp tjöldum með leyfi eiganda þess eða rétthafa.

Við tjöldun skal ætíð virða ákvæði 17. gr. um bann við akstri utan vega, svo og gæta fyllsta hreinlætis og varúðar á tjaldstað.

21. gr.

Takmarkanir á heimild til að tjalda.

Þegar sérstaklega stendur á getur eigandi lands eða rétthafi takmarkað eða bannað að tjöld séu reist þar sem veruleg hætta er á að náttúra landsins geti beðið tjón af.

Hafi eigandi lands eða rétthafi útbúið sérstakt tjaldsvæði á landi sínu er honum heimilt að beina fólki þangað og taka gjald fyrir veitta þjónustu þar.

22. gr.

Skipulagðar hópferðir.

Þegar skipulagðar eru hópferðir í atvinnuskyni um eignarlönd skal hafa samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans. Eftir því sem við verður komið skal tjalda á skipulögðum tjaldsvæðum sé gert ráð fyrir að gista í tjöldum í ferðinni.

23. gr.

Girðingar.

Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Þegar girða á yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólréiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu eða göngustiga.

Skylt er að halda girðingu svo vel við að mönnum og skepnum stafi ekki hætta af. Að öðru leyti fer um girðingar, viðhald þeirra og upptöku eftir girðingarlögum, nr. 10/1965, og eftir atvikum öðrum lögum.

24. gr.

Tínsla berja, sveppa, fjallagrasa og jurta.

Í þjóðlendum og afréttum er öllum heimil tínsla berja, sveppa, fjallagrasa og jurta.

Tínsla í eignarlöndum er háð leyfi eiganda lands eða rétthafa. Þó er mönnum heimil tínsla til neyslu á vettvangi.

25. gr.

Tínsla fjörugróðurs.

Í fjörum þjóðlendna er öllum heimil tínsla sólva, þangs, þara og annars fjörugróðurs.

Tínsla í fjörum eignarlanda er háð leyfi eiganda eða réttahafta lands. Þó er mönnum heimil tínsla til neyslu á vettvangi.

26. gr.

Tínsla í atvinnuskyni.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um tínslu berja, sveppa, fjallagra, jurta og fjörugróðurs í atvinnuskyni, m.a. um að tilkynna skuli Náttúrufræðistofnun Íslands um magn og tegund þess sem tínt er og tínslustað og þegar sérstaklega stendur á að leyfi Náttúruverndar ríkisins þurfi til tínslu einstakra tegunda eða á einstökum svæðum.

27. gr.

Tæki og verkfæri til tínslu.

Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um notkun tækja og verkfæra til tínslu berja, sveppa, fjallagra, jurta og fjörugróðurs. Er honum heimilt að leggja bann við notkun þeirra ef hætta er á að hún valdi spjöllum á náttúru landsins.

IV. KAFLI

Rekstur náttúruverndarsvæða.

28. gr.

Umsjón með náttúruverndarsvæðum.

Náttúruvernd ríkisins hefur umsjón með náttúruverndarsvæðum nema annað sé tekið fram í lögum. Umhverfisráðherra getur falið stofnuninni umsjón með öðrum svæðum sem sérstök þykja sakir landslags, gróðurfars eða dýralífs.

29. gr.

Landverðir.

Á náttúruverndarsvæðum starfa landverðir og aðrir starfsmenn. Hlutverk landvarða er m.a. að sjá um eftirlit og fræðslu.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, nánari ákvæði um menntun og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum.

30. gr.

Umsjón falin öðrum.

Náttúruvernd ríkisins getur falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að þjóðgörðum undanskildum. Gera skal sérstakan samning um umsjón og rekstur svæðanna sem umhverfisráðherra staðfestir. Í samningnum skal kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð á svæðunum og aðrar framkvæmdir, landvörslu, menntun starfsmanna, móttöku ferðamanna og fræðslu, svo og gjaldtöku, sbr. 32. gr. Náttúruvernd ríkisins hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar.

31. gr.

Gestastofur.

Náttúruvernd ríkisins er heimilt að stofna og reka gestastofur á náttúruverndarsvæðum eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Hafa skal samstarf við náttúrustofur, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, um rekstur gestastofa þegar við á. Gera skal sérstakan samning um samstarfið sem umhverfisráðherra staðfestir.

Náttúruvernd ríkisins getur falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur gesta-
stofa. Um slíkt skal gera sérstakan samning sem ráðherra staðfestir.

32. gr.

Gjaldtaka o.fl.

Náttúruvernd ríkisins eða sá aðili sem falinn hefur verið rekstur náttúruverndarsvæðis
getur ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu. Rekstraraðili náttúruverndarsvæðis getur enn fremur
ákveðið gjald fyrir aðgang að svæðinu ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta
er á slíkum spjöllum.

Tekjum samkvæmt síðari málslíð 1. mgr. skal varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbygg-
ingar svæðisins eða aðkomu að því.

Eigi síðar en í september ár hvert skal Náttúruvernd ríkisins leggja fyrir umhverfisráð-
herra til staðfestingar skrá yfir gjöld sem stofnunin hyggst innheimta næsta ár á eftir. Stað-
festi ráðherra gjaldskrána skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Náttúruvernd ríkisins eða öðrum umsjónaraðila náttúruverndarsvæðis er heimilt að setja
sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum og um önnur atriði er
greinir í III. kafla, sbr. og 60. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

V. KAFLI

Landslagsvernd.

33. gr.

Gerð skipulagsáætlana.

Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda, sbr. 11. gr., við gerð
svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og við úrskurði um mat á
umhverfisáhrifum.

34. gr.

Meiri háttar framkvæmdir.

Meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem
breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og
úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

35. gr.

Hönnun mannvirkja.

Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli
sem best að svipmóti lands.

36. gr.

Ræktun.

Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að
hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminum.

37. gr.

Sérstök vernd.

Eftirtalдар landslagsgerðir njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og
kostur er:

- a. eldvörp, gervigigar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,

- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- e. sjávarfítjar og leirur.

Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun landslagssgerða skv. 1. mgr. nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir.

38. gr.

Hætta á röskun náttúruminja.

Leysi Náttúruverndar ríkisins þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Leita skal umsagnar og tilkynna Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá, sbr. 67. og 68. gr.

Leiti framkvæmandi ekki leyfis skv. 1. mgr. er Náttúruvernd ríkisins heimilt að krefjast þess með skriflegri áskorun að framkvæmdir verði ekki hafnar eða þær stöðvaðar. Verði ekki orðið við áskorun stofnunarinnar er henni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni, sbr. 73. gr., og leita atbeina lögreglu ef með þarf.

39. gr.

Vernd skóga og annarra gróðursamfélaga.

Umhverfisráðherra getur í samráði við landbúnaðarráðherra ákveðið friðunar- og uppgræðsluadgerðir til að vernda skóga og önnur gróðursamfélög.

Náttúruvernd ríkisins skal ásamt Landgræðslu ríkisins vinna að gróðurvernd og hafa eftirlit með ástandi gróðurs. Slíkt eftirlit má þó fela gróðurverndarnefndum að fengnu samþykki umhverfisráðherra og landbúnaðarráðherra.

Náttúruvernd ríkisins skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

40. gr.

Steindir.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands og umsögn iðnaðarráðuneytis, mælt fyrir í reglugerð um vernd steinda, m.a. um að leyfi Náttúruverndar ríkisins þurfi til töku ákveðinna tegunda þeirra úr föstum jarðlögum.

41. gr.

Innflutningur, ræktun og dreifing lifandi lífvera.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, getur ráðherra veitt leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi, sbr. þó 1. mgr. Þar má m.a. birta skrá yfir tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins, svo og yfir tegundir sem heimilt er að rækta hérlandis og sleppa í villtri náttúru, þar með talið á skógræktarsvæðum.

Ráðherra skipar til fjögurra ára nefnd sérfræðinga stjórnvöldum til ráðgjafar um innflutning, ræktun og dreifingu framandi lífvera. Skulu stjórnvöld leita umsagnar nefndarinnar

og Náttúruverndar ríkisins áður en tekin er ákvörðun um innflutning, ræktun eða dreifingu nýrra tegunda lifandi lífvera. Í nefndinni skulu eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, einn samkvæmt tilnefningu Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til lifandi smitefna, sbr. lög um ónæmisaðgerðir, nr. 38/1978, erfðabreyttra lífvera, sbr. lög um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, sjávaraflla, sbr. lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, og þeirra tegunda sjávarspendýra sem lifa hér við land.

42. gr.

Áletranir á náttúrumyndanir.

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar og varða refsingu skv. 76. gr., sbr. og 75. gr.

43. gr.

Auglýsingar utan þéttbýlis.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um efni greinarinnar og úrskurðar um vafaatriði.

44. gr.

Eignir í hirðuleysi, eyðijarðir og úrbætur.

Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðir, áhöld eða mannvirki, þar á meðal girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru er eiganda skylt að fjarlægja það.

Fari jörð í eyði er landeiganda skylt að ganga svo frá húsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta. Þegar sérstök ástæða er til og ætla má að um sé að ræða mannvirki eða mannvistarleifar sem hafi menningarsögulegt gildi skal gera Þjóðminjasafni Íslands, eða aðila sem starfar í umboði þess, viðvart áður en ráðist er í frágang mannvirkja eða mannvistarleifa samkvæmt þessari grein.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum á kostnað þess er skylt var að annast þær en hefur látið það ógert. Sveitarstjórn getur þó, þegar sérstaklega stendur á og ljóst er af umfangi aðgerða að umrætt sveitarfélag hefur ekki með hliðsjón af fjölda íbúa og tekjum þess fjárhagslega getu til framkvæmda, leitað eftir því við umhverfisráðherra að hann annist nauðsynlegar framkvæmdir. Fallist ráðherra á þá málaleitan tekur hann við framkvæmd mála samkvæmt grein þessari.

VI. KAFLI
Nám jarðefna.

45. gr.

Gildissvið.

Ákvæði kafla þessa gilda um efnistöku í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og, eftir því sem við á, um efnistöku af eða úr hafsbotni í íslenskri landhelgi og efnahagslögsögu.

46. gr.

Skipulag efnistökusvæða.

Um skipulag efnistökusvæða fer eftir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og reglum settum samkvæmt þeim.

47. gr.

Heimild til efnistöku.

Um leyfi til efnistöku af eða úr hafsbotni utan netlaga fer eftir ákvæðum laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990. Iðnaðarráðherra skal þó leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins áður en leyfi er veitt.

Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutað-eigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Náttúruvernd ríkisins og náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr., skal liggja fyrir umsögn þeirra um framkvæmdina áður en leyfi er veitt. Enn fremur gilda um efnistöku á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttir efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða landslagsgerðir sem njóta verndar skv. 37. gr.

48. gr.

Áætlun um efnistöku.

Áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. gr. skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Náttúruvernd ríkisins skal hafa eftirlit með efnistöku á landi, sbr. og b-lið 6. gr. og 2. og 3. mgr. 7. gr. Er stofnuninni heimilt að krefjast þess að námuréttarhafi leggi fram tryggingu sem stofnunin telur fullnægjandi fyrir áætluðum kostnaði við eftirlit og frágang efnistökusvæða.

49. gr.

Frágangur efnistökusvæða.

Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námasvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði. Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi.

Sé frágangur ekki í samræmi við áætlun um efnistöku, sbr. 48. gr., getur Náttúruvernd ríkisins gefið námuréttarhafa fyrirmæli um að ljúka frágangi innan tiltekins frests sem þó skal aldrei vera lengri en eitt ár. Er stofnuninni heimilt að beita dagsektum í þessu skyni, sbr. 73. gr.

Beri aðgerðir Náttúruverndar ríkisins skv. 2. mgr. ekki árangur skal sveitarstjórn ganga frá efnistökusvæði á kostnað námuréttarhafa í samræmi við gerða áætlun, sbr. 48. gr. Skal trygging skv. 48. gr. ganga til greiðslu kostnaðar.

Efnistökusvæði skal ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Náttúruvernd ríkisins getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tíma-bundinni stöðvun.

Förgun úrgangs á efnistökusvæðum skal vera í samræmi við gerða áætlun, sbr. 48. gr., og lög og reglur um hollustuhætti og mengunarvarnir.

VII. KAFLI

Friðlýstar náttúruminjar.

50. gr.

Flokkar friðlýstra náttúruminja.

Friðlýstar náttúruminjar skiptast í eftirfarandi flokka:

- a. þjóðgarða, sbr. 51. gr.,
- b. friðlönd, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 53. gr.,
- c. náttúruvætti á landi, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr., og í hafi, sbr. 1. mgr. 54. gr.,
- d. friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 54. gr.,
- e. fólkvanga, sbr. 55. gr.

51. gr.

Stofnun þjóðgarða.

Umhverfissráðherra getur, að fengnum tillögum eða álitum Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag eða lífríki eða á því hvíli söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.

Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda.

Ráðherra er heimilt að stofna ráðgjafarnefnd með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórna til að fjalla um rekstur og skipulag þjóðgarða.

52. gr.

Rekstur þjóðgarða.

Í hverjum þjóðgarði starfar þjóðgarðsvörður sem forstjóri Náttúruverndar ríkisins ræður. Þjóðgarðsverðir skulu hafa sérþekkingu og reynslu sem nýtist þeim í starfi.

Þjóðgarðsverðir annast daglegan rekstur þjóðgarða og gera tillögur til Náttúruverndar ríkisins um rekstur þeirra. Náttúruvernd ríkisins getur falið þjóðgarðsvörðum eftirlit og umsjón á öðrum svæðum sem stofnunin ber ábyrgð á.

Náttúruvernd ríkisins gerir tillögur um verndaráætlun og landnotkun innan þjóðgarða og skulu þær staðfestar af ráðherra.

Umhverfissráðherra setur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings.

53. gr.

Friðlýsing annarra náttúruminja á landi.

Umhverfissráðherra getur, að fengnum tillögum eða álitum Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðlýst:

1. Landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags eða lífríkis. Friðlýst landsvæði nefnast friðlönd.
2. Náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella og dranga, svo og fundarstaði steingervinga, sjaldgæfra steintegunda og steinda, sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis þeirra, fegurðar eða sérkenna. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúrumyndanir svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu. Friðlýstar náttúrumyndanir nefnast náttúruvætti.
3. Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

Friðlýsing skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

54. gr.

Friðlýsing náttúruminja í hafi.

Umhverfissráðherra getur, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum að fengnum tillögum eða áleti Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands eða Náttúruverndarráðs, friðlýst innan landhelgi og efnahagslögsögu náttúruminjar í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruminjar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu.

Ákvæði annarra greina þessa kafla gilda eftir því sem við á um friðlýstar náttúruminjar í hafi.

55. gr.

Stofnun fólkvangs.

Umhverfissráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og áleti Náttúruverndar ríkisins, lýst tiltekið landsvæði, sem ætlað er til útvistar og almanningsnota, fólkvang.

Vilji eitt sveitarfélag eða fleiri að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur skal það eða þau gera tillögu um slíkt til Náttúruverndar ríkisins þar sem m.a. skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunní að setja umráðarétti eigna eða réttthafa viðkomandi landsvæðis.

56. gr.

Kostnaður við stofnun og rekstur fólkvangs.

Hlutaðeigandi sveitarfélög bera allan kostnað af stofnun og rekstri fólkvangs að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði og skal honum skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Hætti sveitarfélag þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega.

57. gr.

Samvinnunefnd um rekstur fólkvangs.

Sveitarfélög sem standa að rekstri fólkvangs skulu gera með sér samvinnusamning og stofna samvinnunefnd sem starfar í samráði við Náttúruvernd ríkisins. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið ræður afl atkvæða. Þegar um er að ræða atriði sem hafa sérstakan kostnað í för með sér fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila, sbr. 56. gr.

58. gr.

Undirbúningur friðlýsingar.

Náttúruvernd ríkisins annast undirbúning friðlýsingar, sbr. þó 2. mgr. 55. gr. Leita skal samráðs við Hafrannsóknastofnunina við undirbúning friðlýsingar skv. 54. gr. Náttúruvernd ríkisins skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Náist samkomulag um friðlýsingu skal málinu vísað til umhverfissráðherra til frekari ákvörðunar.

59. gr.

Samkomulag næst ekki um friðlýsingu.

Náist ekki samkomulag um friðlýsingu skal málinu vísað til meðferðar umhverfissráðherra. Ráðherra sendir landeigendum og öðrum réttshöfum lands er friðlýsing snertir, svo og

sveitarfélögum, tillögu að friðlýsingu, jafnframt því að birta hana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og eftir atvikum á þann hátt sem venja er að birta auglýsingar stjórnvalda á viðkomandi stað.

Skal þeim sem hagsmuna eiga að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu, koma að mótmælum og gera bótakröfur til ráðherra innan þriggja mánaða.

Að loknum þeim fresti skal ráðherra taka ákvörðun um friðlýsingu og um eignarnám ef þörf krefur, sbr. 64. gr.

60. gr.

Efni friðlýsingar.

Í friðlýsingu skal m.a. kveðið á um:

- a. meginatriði verndunar náttúruminja,
- b. hversu víðtæk friðunin er,
- c. að hve miklu leyti framkvæmdir eru takmarkaðar,
- d. umferð og umferðarrétt almennings,
- e. notkun veiðiréttar.

Í friðlýsingu má enn fremur setja fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir til þess að almenningur fái notið þess svæðis sem friðlýst er, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

Ef ætla má að fyrirhugaðar framkvæmdir á friðlýstu svæði raski svo náttúrulegu umhverfi að hætta sé á að ákveðnar lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi eyðist eða verði fyrir verulegum skaða getur umhverfisráðherra látið friðlýsingu taka til banns við slíkum framkvæmdum, enda sé áður fengin umsögn Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

61. gr.

Meðferð máls.

Um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

62. gr.

Auglýsingar og merkingar.

Umhverfisráðherra skal birta ákvörðun um friðlýsingu og ákvæði hennar í Stjórnartíðindum.

Náttúruvernd ríkisins skal merkja og veita upplýsingar um friðlýst svæði eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt þykir að mati stofnunarinnar.

63. gr.

Röskun friðlýstra náttúruminja.

Friðlýstum náttúruminum má enginn granda, spilla né breyta. Varðar röskun þeirra refsingu skv. 76. gr., sbr. og 75. gr.

64. gr.

Heimild til eignarnáms.

Umhverfisráðherra er heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til að framkvæma friðlýsingu samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun bóta fer eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

VIII. KAFLI

Náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá.

65. gr.

Náttúruverndaráætlun.

Umhverfisstjórnir skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi.

Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar.

66. gr.

Efni náttúruverndaráætlunar.

Í náttúruverndaráætlun skv. 65. gr. skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins.

Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda búsvæða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til:

- a. menningarlegar og sögulegar arfleifðar,
- b. nauðsynjar á endurheimt búsvæða,
- c. nýtingar mannsins á náttúrunni,
- d. ósnortinna víðerna.

Þá skal m.a. miðað við að þau svæði sem áætlunin tekur til:

- a. hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu,
- b. séu óvenjutegundarík eða viðkvæm fyrir röskun,
- c. séu nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda,
- d. hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi,
- e. séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla,
- f. hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi,
- g. séu einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta.

67. gr.

Náttúruminjaskrá.

Umhverfisstjórnir skal gefa út heildstæða náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Birta má hvenær sem er ákvarðanir um ný svæði sem tekin eru á náttúruminjaskrá.

Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar.

68. gr.

Efni náttúruminjaskrár.

Í náttúruminjaskrá skulu vera sem gleggstar upplýsingar um:

- a. friðlýstar náttúruminjar,
- b. náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun, sbr. 65. gr.,
- c. aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.

Í náttúruminjaskrá skal lýst sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins.

Umhverfisstjórnir getur í reglugerð sett nánari fyrirbætur um skráningu náttúruminja.

69. gr.

Sala jarðar sem er á náttúruminjaskrá.

Um sölu jarðar sem öll eða að hluta er á náttúruminjaskrá fer eftir ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, en þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

70. gr.

Útivistarsvæði.

Til stuðnings við útivist geta sveitarfélög, Náttúruvernd ríkisins eða náttúruverndarnefndir gengist fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr, hlið og göngustiga og afmarkað tjaldsvæði og gert annað það er þurfa þykir í þessu skyni.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki eigenda eða réttihafa lands.

71. gr.

Friðlýsingarsjóður.

Á vegum umhverfísráðuneytis skal starfa Friðlýsingarsjóður. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að náttúruvernd og friðlýsingu svæða og auka fræðslu um náttúruvernd og náttúrufar. Náttúruverndarráð fer með vörslu Friðlýsingarsjóðs og er jafnframt stjórn sjóðsins.

Umhverfísráðherra skal, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, setja í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Friðlýsingarsjóðs og úthlutanir úr honum.

72. gr.

Kostnaður við framkvæmd laganna.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara skal greiddur úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

73. gr.

Dagsektir.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögnum eða til þess að láta af atferli sem er ólögmætt. Hámark dagsekta skal ákveða í reglugerð.

74. gr.

Ágreiningur um framkvæmd laganna.

Rísi ágreiningur um ákvörðun annars aðila en umhverfísráðherra um framkvæmd laga þessara er heimilt að kæra umrædda ákvörðun til ráðherra sem kveður upp endanlegan úrskurð á stjórnarsýslustigi. Um kæururétt og málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

75. gr.

Spjöll á náttúru landsins.

Hver sá sem veldur á ólögmætan hátt spjöllum á náttúru landsins, hvort heldur er af gáleysi eða ásetningi, skal sæta refsingu skv. 76. gr.

76. gr.

Refsiábyrgð.

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

77. gr.

Skadabætur.

Hver sá er fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda skv. VII. kafla laga þessara á rétt til skadabóta úr ríkissjóði sé ekki öðruvísi ákveðið. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

78. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Þá falla jafnframt úr gildi lög nr. 123/1940, um bann gegn jarðraski, með síðari breytingum, og náttúruverndarlög, nr. 93/1996, með síðari breytingum.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, sem sett eru samkvæmt eldri lögum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.

79. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 2. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
2. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 21. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
3. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 2. mgr. 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
4. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 5. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, kemur: Náttúruverndar ríkisins og sérfræðinganefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.
5. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 4. gr. laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992, kemur: Náttúruverndar ríkisins.
6. Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 7. tölul. 2. mgr. 4. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, kemur: Náttúruvernd ríkisins.
7. Í stað orðsins „Náttúruverndarráðs“ í 4. mgr. 13. gr. laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, kemur: Náttúruverndar ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Umhverfissráðherra skal eigi síðar en árið 2002 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn náttúruverndaráætlun skv. 65. gr.

II.

Umhverfissráðherra skal fela Náttúruvernd ríkisins, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og framkvæmdaraðila, að gera tillögur um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og eftir atvikum þeirra sem nú eru í notkun og ekki liggur fyrir áætlun um frágang á. Skal stofnunin gera áætlun um frágang svæðanna og kostnað við hann, svo og

tillögur um greiðslu kostnaðar. Þá skal stofnunin enn fremur hafa umsjón með frágangi svæðanna. Skal honum lokið eigi síðar en árið 2003.

III.

Sveitarstjórnir skulu eigi síðar en árið 2002 hafa lokið úttekt á ástandi skv. 44. gr. og skilað Náttúruvernd ríkisins skriflegri greinargerð þar að lútandi.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

22. mars 1999

Nr. 45

LÖG

um Lífeyrissjóð sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Heiti sjóðsins, hlutverk, aðild og iðgjald.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði sem kveðið er á um í lögum þessum og samþykktum sjóðsins.

Heimilt er að skipta sjóðnum í deildir eftir fjárfestingarstefnu, eftir því hvernig ávinnslu réttinda er háttað og eftir því hvort lífeyrisréttindi eru í sameign eða séreign.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykktu sjóðsins.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðfélagar eru allir sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir en starfa að viðhaldi og viðgerð skips eða öðrum störfum í þágu útgerðar. Einnig eru sjóðfélagar íslenskir sjómenn sem ráðnir eru á útlend skip sem gerð eru út af íslenskum aðilum.

Yfirmönnum á skipum ríkissjóðs sem við gildistöku laga þessara greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilt að vera sjóðfélagar í þeim sjóði. Um heimildina að öðru leyti fer eftir lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Sjóðmönnum sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hafði veitt undanþágu frá aðild að þessum sjóði, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingarskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi byggðarlags.

Sjóðfélögum sem hætta störfum á sjó skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. fimm ár og áunnið sér a.m.k. þrjú stig.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna er aðild eiga að sjóðnum að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þeim sökum. Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa íslenskum sjómönnum sem starfa á erlendum skipum í rekstri erlendra aðila að greiða iðgjöld til sjóðsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa átta menn, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, sem hvert um sig tilnefnir einn stjórnarmann, og Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands, sem hvort um sig tilnefnir tvo stjórnarmenn. Sömu aðilar skipa varamenn í stjórnina. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár. Sjóðstjórn skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og verkalyðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmat þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

5. gr.

Iðgjald til sjóðsins skal nema 10% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og launa-greiðandi 6%.

Launagreiðanda ber að halda eftir 4% iðgjöldum af launum starfsmanna sinna og standa sjóðnum skil á þeim ásamt eigin iðgjaldshluta. Á þeim skipum þar sem hver mánuður telst sérstakt launatímabil er gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar 15. dagur næsta mánaðar. Á þeim skipum þar sem hver veiðiferð telst sérstakt kauptryggingartímabil er gjalddagi iðgjalds 15. dagur eftir að veiðiferð lýkur. Verði vanskil á greiðslu iðgjalds lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga skal innheimta dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip ef krafa kemur um það frá sjóðnum.

6. gr.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt er umfram iðgjald skv. 5. gr. og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá sjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum. Jafnframt er heimilt að kveða á um í samþykktum að hluta iðgjalds skv. 5. gr. sé varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

7. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á viðkomandi skipi án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

II. KAFLI Lífeyrisréttindi.

8. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera 49.084 kr. og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í tíföld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- og örorkulífeyri er að ræða skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,496.

Heimilt er sjóðfélagi sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslensk skip eða erlend í útgerð íslenskra aðila í 180 daga að meðaltali á ári, þó ekki skemur en 120 daga ár hvert, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um 0,4% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.

Taki sjóðfélagi ellilífeyri á aldrinum 60–65 ára og greiði á sama tíma iðgjöld til sjóðsins ávinnum hann sér réttindi að hálfu vegna þeirra iðgjalda. Skulu réttindi reiknuð á ný við 65 ára aldur.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir 65 ára aldur og hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 70 ára aldri.

10. gr.

Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 40% eða meira, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann:

- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en eitt stig hvert þessara þriggja ára,
- greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
- orðið fyrir tekjuskurðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a- og b-lið 1. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufar og starfsorku sjóðfélaga aftur í tímann, svo og áliti trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingayfirlæknis. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu.

Heimilt er að fengnu áliti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 9. gr. að viðbættum lífeyri sem svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 60 ára aldurs, reiknað skv. 6. mgr. þessarar greinar. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast hámark örorkulífeyris í samræmi við áunnin geymd stig.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 60 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera sem hér segir:

- a. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu fimm almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn þetta fimm ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.
- b. Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. a-lið meira en fjórum stigum skal reikna með meðaltalinu allt að tíu árum en síðan til 60 ára aldurs reiknað með fjórum stigum á ári.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap hefur varað skemur en í sex mánuði.

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan eykst til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan jókst ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta er hundraðshluti örorku segir til um stig sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum til 60 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í stétt eða starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á hinn eftirlifandi maki þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið staðið í a.m.k. fimm ár og verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfé-

laga og eftirlifandi maka. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Nú andast sjóðfélagi sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. 10. gr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri skv. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, eða greiðsla skv. 2. mgr. stendur skemur en 24 mánuði, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans. Ef eftirlifandi maki er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátid var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,792. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 60 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 5. og 6. mgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir til 60 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyri a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir að lágmarki vera 7.500 kr. með hverju barni. Fjárhæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framferanda barnsins.

III. KAFLI Ýmis ákvæði.

13. gr.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins er ótryggur og ætla má að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á lögum sjóðsins.

14. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skulu sett í samþykktir sem stjórn sjóðsins semur og staðfestar eru af fjármálaráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 94/1994, um Lífeyrissjóð sjómanna, og reglugerð um starfsemi sjóðsins frá 1. september 1994. Þó skulu ákvæði reglugerðarinnar um lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga halda gildi sínu til 30. júní 1999. Frá 1. júlí 1999 gilda ákvæði laga þessara og samþykktar sjóðsins sem settar verða á grundvelli laga um lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur sjóðfélaga. Ný stjórn sjóðsins skv. 3. gr. skal taka við eftir fyrsta ársfund sjóðsins sem haldinn skal fyrir lok júní 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 9. gr. skal margföldunarstuðull samkvæmt þeirri málsgrein vera 1,505 frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2001.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 11. gr. skal margföldunarstuðull samkvæmt þeirri málsgrein vera 0,797 frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 2001.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG**um veitingu ríkisborgararéttar.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Elín Siv Káradóttir, barn í Noregi, f. 17. ágúst 1997 á Indlandi, skal öðlast ríkisborgararétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 137/1998, um breyting
á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

19. mars 1999

Nr. 48

LÖG

**um breytingu á lögum um raforkuver,
nr. 60/1981, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, 1. gr., svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka eftirtaldar virkjanir:

1. Virkjun fallvatns sem veitt er um Vatnsfellsveitu úr Þórisvatni í Krókslón (Vatnsfells-virkjun) með allt að 110 MW afli.
2. Virkjun á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW afli.
3. Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Námafjall (Bjarnarflagsvirkjun) með allt að 40 MW afli, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Þá er iðnaðarráðherra heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði leyfi til að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Veiting leyfa skv. 1. og 2. mgr. er háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og því að uppfyllt séu skilyrði annarra laga. Þá getur ráðherra sett nánari skilyrði í virkjunarleyfi.

2. gr.

Í stað „1. gr.“ í 3. og 4. gr. laganna, er verða 4. og 5. gr., kemur hvarvetna: 1. og 2. gr.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra fellur brott lokamálsliður 1. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum. Við 2. mgr. sömu greinar bætist: Vatnsfellsvirkjun, með allt að 110 MW afli, Búðarhálsvirkjun, með allt að 120 MW afli, og Bjarnarflagsvirkjun, með allt að 40 MW afli, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

Nr. 49

19. mars 1999

LÖG

um Orkusjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda Íslands með fjármögnun grunnrannsókna á sviði orkumála annars vegar og fjárhagslegum stuðningi við ýmsar framkvæmdir og verkefni hins vegar.

Úr Orkusjóði er heimilt:

1. að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins samkvæmt áætlun sem sjóðurinn gerir til fimm ára á grunnri rannsóknaráætlana Orkustofnunar; áætlunina skal endurskoða árlega og skal hún hljóta samþykki ráðherra,
2. að styrkja gerð yfirlitsathugana á möguleikum til að auka hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar,
3. að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana,
4. að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talda fræðslu og upplýsingastarfsemi, svo og hagrænar athuganir í orkumálum og umhverfisathuganir í tengslum við orkurannsóknir,
5. að veita fyrirtækjum eða einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar sem ætla má að leiði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

3. gr.

Stjórn Orkusjóðs er í höndum orkuráðs undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Orkuráð skal skipað fimm mönnum. Alþingi kýs þrjá stjórnarmenn, sem skulu kosnir hlutfallskosningu eftir hverjar alþingiskosningar, en ráðherra skipar tvo menn. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Orkuráð semur árlega fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð, m.a. á grundvelli áætlunar skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr., og sendir ráðherra svo snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra Orkusjóðs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

Orkumálastjóri skal veita orkuráði ráðgjöf eftir því sem um verður beðið.

4. gr.

Orkuráði er heimilt að semja við aðila sem hafa heimildir til fjárvörslu lögum samkvæmt um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins.

Framkvæmdastjóri eða aðili sem orkuráð semur við skv. 1. mgr. skal hafa lokið gerð reikninga fyrir Orkusjóð eigi síðar en 1. mars ár hvert fyrir næstliðið ár og hafa afhent þá orkuráði til samþykktar.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

5. gr.

Tekjur Orkusjóðs eru:

1. vextir af fé sjóðsins,
2. fé það sem veitt er í fjárlögum hverju sinni,
3. endurgreiddur kostnaður af rannsóknum og áætlanagerð, jarðhitaleit og jarðborunum skv. 6. gr.

6. gr.

Ef ráðist er í orkuframkvæmdir sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerð sem kostaðar hafa verið með fé ríkisins, þar með töldu fé Orkusjóðs, skal framkvæmdaraðili endurgreiða Orkusjóði þennan kostnað við veitingu virkjunar- eða nýtingarleyfa.

Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út. Endurgreiðdu fé skal varið skv. 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. laga þessara.

7. gr.

Orkuráð gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins.

Áður en tillaga er gerð um lánveitingu úr Orkusjóði skal orkuráð leita umsagnar sérfróðra aðila um jarðfræðilegar og vinnslutæknilegar líkur á árangri og um fjárhagslegan ávinning af öflun jarðvarma.

8. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum orkuráðs, vexti og önnur útlánakjör Orkusjóðs. Lán sem veitt eru skv. 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. skulu verðtryggt og til hæfilega langs tíma. Lánstími skal þó ekki vera lengri en tíu ár.

Ef tiltekin borun, sem lánað hefur verið til skv. 3. tölul. 2. mgr. 2. gr., reynist árangurslaus eða árangur til muna lakari en gert var ráð fyrir samkvæmt áætlunum sérfræðinga eða kostnaður óeðlilega hár og ávinningur af notkun borholunnar til vinnslu jarðvarma því minni en upphaflega var gert ráð fyrir og fjárhagslegri afkomu lántaka stefnt í hættu af þessum sökum er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu orkuráðs, að fella niður að hluta eða öllu leyti endurgreiðsluskyldu lántaka, skv. 3. tölul. 2. mgr. 2. gr.

9. gr.

Orkuráð getur haft eftirlit með þeim framkvæmdum sem Orkusjóður veitir fé til. Er skylt að láta fyrir fram í té fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugað verk og gefa ráðinu kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkuráð getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins sem það telur þörf á til að stuðla að sem bestum árangri. Ber að hlýða fyrirmælum þess í þeim efnum. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins ef út af er brugðið og orkuráð óskar þess.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði X. kafla orkulaga, nr. 58/1967, um Orkusjóð. Þá fellur brott 2. mgr. 66. gr. þeirra laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nýtt orkuráð skv. 3. gr. skal taka við stjórn Orkusjóðs við gildistöku laganna.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG**um breytingu á lögum um Landsvirkjun,
nr. 42/1983, með síðari breytingum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Landsvirkjun er einnig heimilt að stofna og eiga hlut í innlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknar- og þróunarverkefni, þó ekki að taka að sér ráðgjöf eða verktöku í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði hér á landi. Þá er Landsvirkjun heimilt að eiga aðild að innlendum fyrirtækjum sem annast framleiðslu, flutning, dreifingu eða sölu orku.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

**um afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum,
nr. 28 4. febrúar 1952.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28/1952, með síðari breytingu, falla úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.***Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Meðan á tímabundnum samningi skv. 13. gr. stendur teljast hlutaðeigandi starfsmenn svæðisskrifstofu, sem eru í starfi þegar samningurinn tekur gildi, vera í þjónustu viðkomandi sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar. Í slíkum samningi er félagsmálaráðherra heimilt að framselja viðkomandi sveitarfélagi, byggðasamlagi eða héraðsnefnd allar þær valdheimildir sem framkvæmdastjórar svæðisskrifstofa fara með samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo fremi að starfsmönnum sé tilkynnt hver fari með það vald. Engin formbreyting verður á ráðningarstöðu starfsmanna, þeir eru áfram ríkisstarfsmenn og um laun þeirra og önnur starfskjör fer eftir sömu kjarasamningum og fyrr.

Nýir starfsmenn, sem ráðnir verða til verkefna er samningur aðila tekur til, skulu ráðnir sem starfsmenn viðkomandi sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar.

Félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og sveitarfélag, byggðasamlag eða héraðsnefnd hins vegar skulu semja um ábyrgðir sínar og greiðslur varðandi réttindi og kjör starfsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.***Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málslíður er verði 2. málsl., svohljóðandi: Aðsetur hans er á Selfossi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 1. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 108/1988, kemur: sýslumaður.

2. gr.

Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 1. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 108/1988, kemur: sýslumann.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Jarðanefndir sem skipaðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara skulu starfa út skipunartíma sinn.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 36. gr. laganna orðast svo: Ráðningartími héraðspresta skal vera fimm ár í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

19. mars 1999

Nr. 56

LÖG

um landshlutabundin skógræktarverkefni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta í landinu og verndun og umhirðu þess skóglendis sem fyrir er.

2. gr.

Landshlutaverkefni.

Landbúnaðarráðherra er heimilt eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og að fengnu áleti Skógræktar ríkisins að stofna til sérstakra landshlutaverkefna í skógrækt. Landshlutaverkefni í skógrækt eru samkvæmt lögum þessum sjálfstæð verkefni sem fá framlög til skógræktar á tilteknu landsvæði.

3. gr.

Skilgreiningar.

Fjölnytjaskógrækt. Í lögum þessum er greint milli tveggja greina fjölnytjaskógræktar, annars vegar ræktunar timburskóga, með það markmið að framleiða viðarafurðir til iðnaðar-nota, og hins vegar ræktunar landbótaskóga, en þá er fyrst og fremst lögð áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi.

Skjólbelti. Skjólbelti eru í lögum þessum greind í tvo flokka. Annars vegar eru beltí sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði og hins vegar beltí sem hugsuð eru sem undanfari skógræktar á ber-svæði.

4. gr.

Landshlutaáætlun og samningar við þátttakendur.

Fyrir hvert landshlutaverkefni skal gera sérstaka landshlutaáætlun. Áætlunin skal vera til a.m.k. 40 ára og skiptast í tíu ára tímabil. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis.

Gera skal samninga sem landbúnaðarráðherra staðfestir við hvern og einn þátttakanda verkefnis og þinglýsa þeim á viðkomandi jörð. Samningar skulu taka til afmarkaðs lands sem tekið er til ræktunar í hverju tilviki og kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri og annað sem þurfa þykir.

5. gr.

Kostnaður.

Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði hvers landshlutaverkefnis greiðist með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðherra samþykkir skógræktar- og skjólbeltakostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins og verkefnisstjórna.

Landshlutaverkefnin greiða undirbúnings- og rekstrarkostnað og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða þau ákveðinn hluta af samþykktum kostnaði við skógrækt og skjólbeltarékt á lögbýlum óháð búsetu, með kvöðum um endurgreiðslu til ríkissjóðs, sbr. 6. gr. Hlutfallsleg greiðsla landshlutaverkefnanna af samþykktum kostnaði er ákveðin í reglugerð settri af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum stjórna verkefnanna.

6. gr.

Skipting tekna af landshlutaverkefnum.

Til ríkissjóðs skal greiða 15% af söluverðmæti hvers rúmmetra trjáviðar á rót og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga. Undanþegin er grisjun fyrstu 40 árin, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu og innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Forgangur að vinnu.

Skógareigendur, sem hafa til umráða jarðir sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við viðkomandi landshlutaverkefni, skulu hafa forgang að vinnu á þeirra vegum. Nýti þeir ekki forgangsréttinn skulu aðrir skógareigendur sem aðild eiga að landshlutaverkefninu hafa forgang að vinnunni.

8. gr.

Stjórn og rekstur.

Landbúnaðarráðherra skipar fjögurra manna stjórn fyrir hvert verkefni til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af félögum skógarbænda á viðkomandi svæði, annar af Skógrækt ríkisins, sá þriðji skipaður af skógræktarfélögum á viðkomandi svæði og sá fjórði er skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn verkefnisins og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir. Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur. Skógrækt ríkisins veitir aðstoð og faglegar leiðbeiningar við verkefnin samkvæmt samstarfssamningi viðkomandi aðila.

9. gr.

Ársskýrslur og ársreikningar.

Ársskýrslur og ársreikningar landshlutaverkefna skulu samþykktir af viðkomandi stjórn og skulu enn fremur staðfestir af landbúnaðarráðherra. Þar skal koma fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga landshlutaverkefna skal birta í Stjórnartíðindum, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

10. gr.

Önnur verkefni.

Landbúnaðarráðherra getur, í samráði við skógræktarstjóra, falið stjórn landshlutaverkefna umsjón skógræktarverkefna þar sem einstaklingum og félagasamtökum er veittur stuðningur til skógræktar.

11. gr.

Reglugerð og almenn lagaákvæði.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð skóga landshlutaverkefna samkvæmt ákvæðum laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

12. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Að fjórum árum liðnum skal endurskoða lög þessi ásamt lögum um Héraðsskóga, nr. 32/1991, og Suðurlandsskóga, nr. 93/1997.

II.

Þar til endurskoðun laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, er lokið, sbr. fyrra bráðabirgðaákvæði laga nr. 63/1993, skal landbúnaðarráðherra láta fara fram mat á umhverfisáhrifum landshlutaáætlunar áður en stofnað er til landshlutaverkefna.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG**um búnaðarfræðslu.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Gildissvið, hlutverk og yfirstjórn.**

1. gr.

Lög þessi taka til menntastofnana landbúnaðarins sem eru Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði, Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjunum í Ölfusi.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar samkvæmt lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra ber ábyrgð á að gæði menntunar sem menntastofnanir landbúnaðarins veita samkvæmt lögum þessum uppfylli þau skilyrði sem gerð eru samkvæmt lögum nr. 136/1997, um háskóla, og nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

3. gr.

Með búnaðarfræðslu er átt við skipulegt nám og kennslu, rannsóknir, fræðslu og aðra leiðsögn er lýtur að vörslu, meðferð, ræktun og nytjun lands, annarra jarðargæða og búfjár til framleiðslu matvæla og hráefna til iðnaðarframleiðslu eða annarrar verðmætasköpunar og markaðssetningu þeirra afurða, svo og verndun lands og endurheimt landkosta. Búnaðarfræðsla spannar vísindalegt starf og þekkingarmiðlun um sérsvið landbúnaðar og fjölþættra landnytja, svo sem búvöruframleiðslu, akuryrkju, landgræðslu, garðyrkju, skógrækt, hlunnindi, veiðar í ám og vötnum, fiskeldi og ferðaþjónustu, svo og tæknimál, markaðsmál, vistfræði og umhverfismál sem tengjast þessum sviðum.

Markmið búnaðarfræðslu er:

- a. að veita fræðslu, hagnýta starfsmenntun og háskólamenntun studda rannsóknum fyrir samkeppnishæfan og fjölþættan landbúnað sem byggist á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda landsins,
- b. að veita endurmenntun á þeim námssviðum sem lög þessi taka til.

4. gr.

Búfræðsluráð er landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um mörkun heildarstefnu í búfræðslumálum og samræmingu starfa þeirra er að þeim vinna.

Landbúnaðarráðherra skipar búfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Búfræðsluráð skal skipað níu fulltrúum: rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, skólameisturum búnaðarskólanna á Hólum í Hjaltadal og Reykjum í Ölfusi, tveimur fulltrúum tilnefndum af menntamála ráðherra, einum fulltrúa kjörnum af búnaðarþingi og tveimur fulltrúum kennara tilnefndum af félagi þeirra, auk formanns sem landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra skal setja almennar reglur um eftirfarandi þætti í starfsemi menntastofnana landbúnaðarins:

1. Með hvaða hætti þær uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað.
2. Með hvaða hætti þær uppfylla rannsóknarhlutverk sitt, skyldur um eftirlit með gæðum rannsóknanna og nýtingu þeirra fjármuna sem til þeirra er varið.
3. Kæfur eða málskotsrétt nemenda í málum þar sem þeir telja brotið á rétti sínum. Slíkar reglur geta falið í sér ákvæði um að kærumál nemenda skuli fara fyrir sérstaka áfrýjunarnefnd sem hafi endanlegt úrskurðarvald.

Landbúnaðarráðherra ákveður verkaskiptingu á milli skólanna.

6. gr.

Menntastofnunum landbúnaðarins ber að hafa í starfi sínu samstarf við aðra skóla og vísindastofnanir hér á landi og erlendis um menntun og rannsóknir. Um þetta er heimilt að gera sérstaka samninga.

II. KAFLI Nám og kennsla.

7. gr.

Yfirstjórn hverrar stofnunar tekur ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, náms, námsmats og rannsókna og aðra þætti er lúta að málefnum hennar, enda samrýmist verkefnin heildarstefnu í búfræðslumálum, sbr. 4. gr.

8. gr.

Menntastofnanir landbúnaðarins annast búnaðarnám sem lýkur með skilgreindum prófgráðum búnaðarbrauta, svo og tækni- eða sveinsprófi, háskólanám sem lýkur með skilgreindum námsgráðum, svo sem kandídat- (BS-gráðu), meistara- eða doktorsprófi, og endurmenntun á þeim námssviðum sem fjallað er um í lögum þessum. Nám við skólana skal samhæft áfanga- og einingakerfi framhalds- og háskóla.

9. gr.

Nemendur sem hefja nám á búnaðarbrautum skólanna skulu hafa lokið grunnskólanámi eða hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun.

Yfirstjórn hvers skóla setur sérstök viðbótarinntökuskilyrði.

10. gr.

Nemendur sem hefja háskólanám í landbúnaði skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar háskólans. Háskólaráð getur ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði fyrir hverja skilgreinda námsbraut háskólanámsins.

Inntökuskilyrði í háskólanám í landbúnaði og námskröfur svari til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

11. gr.

Almennt búnaðarnám skólanna skal skipuleggja sem eins til þriggja ára nám. Kennsla skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Búnaðarnáminu skal ljúka með prófgráðum af búnaðarbrautum eða sveinsprófi sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri verkefnum sem tilheyra námi til viðkomandi prófgráðu samkvæmt námskrá.

12. gr.

Almennt háskólanám skal miðast við þriggja til fjögurra ára nám. Heimilt er að bjóða upp á sérhæfðar styttri námsbrautir. Kennsla skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári. Háskólanáminu skal ljúka með prófgráðu sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri verkefnum sem tilheyra námi til prófgráðunnar.

13. gr.

Fyrir hverja skilgreinda námsbraut skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talda starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Á grundvelli námskrár skal árlega gefin út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhöggun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði sem varða skipulag náms.

Landbúnaðarráðherra skal að fengnum tillögum búfræðsluráðs staðfesta námskrár og gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður.

14. gr.

Nú er í almennum framhaldsskóla stofnað til búnaðarnámsbrautar, og skal þá námskrá slíkrar kennslu, fyrirkomulag á verknámi og námsmat hljóta samþykki búfræðsluráðs. Búfræðsluráð ákveður hvort eða hvenær slíkur skóli getur veitt prófgráðu búnaðarnáms.

15. gr.

Yfirstjórn hvernar stofnunar skal staðfesta reglur um skráningu nemenda í einstakar námsbrautir þar sem nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í viðkomandi námsbraut.

Yfirstjórn hvernar stofnunar tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningar- og kennslugjalda sem nemendum er gert að greiða við upphaf skólaárs. Skrásetningar- og kennslugjöld skulu taka mið af sannanlegum kostnaði vegna innritunar, pappírsvara og kennsluefnis sem skólinn lætur nemendum í té og nauðsynlegt er vegna starfsemi hans.

Þeir einir teljast nemendur menntastofnana landbúnaðarins sem skrásettir hafa verið til náms á hverjum tíma.

III. KAFLI

Rannsóknir.

16. gr.

Við menntastofnanir landbúnaðarins skulu stundaðar rannsóknir. Rannsóknirnar skulu skipulagðar með öðrum rannsóknum á sviði landbúnaðar- og landnýtingar.

Leggja skal áherslu á grunnrannsóknir til öflunar vísindalegrar þekkingar, jafnt sem þróunarvinnu sem felst í að staðfæra þekkingu, sem og markaðsfærslu og vöruþróun afurða. Einnig geta stofnanirnar annast þjónusturannsóknir í þágu landbúnaðar og annarra aðila.

Til að sinna rannsóknarhlutverki sínu skulu stofnanirnar hafa umráð yfir nauðsynlegum búrekstri og hafa aðgang að landi, búfé, húsnæði og tækjum til rannsókna og tilrauna.

17. gr.

Heimilt er að ráða sérfræðinga að menntastofnunum landbúnaðarins sérstaklega til rannsókna og geta þeir haft kennsluskyldu við viðkomandi stofnun hver á sínu sviði. Við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við skólana skulu gilda sambærilegar reglur og eiga við um ráðningu kennara, sbr. 26. og 33. gr.

18. gr.

Heimilt er að stofna sérstaka rannsóknarsjóði til eflingar rannsóknastarfi stofnananna. Um þá skulu settar skipulagsskrár sem dómsmálaráðherra staðfestir og þær birtar í Stjórnartíðindum.

IV. KAFLI

Endurmenntun og leiðbeiningar.

19. gr.

Við menntastofnanir landbúnaðarins má starfrækja endurmenntunardeildir á þeim náms sviðum sem fjallað er um í lögum þessum.

Yfirstjórn hvernar stofnunar setur nánari reglur um starfshætti endurmenntunardeilda, svo og um fjárhæð námskeiðsgjalda.

20. gr.

Menntastofnanir landbúnaðarins geta annast leiðbeiningar og ráðgjöf í landbúnaði og á skyldum sviðum. Um þetta skal gera samninga við hlutaðeigandi fagsamtök og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni.

V. KAFLI
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.
Stjórn og starfslið.

21. gr.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans.

22. gr.

Stjórn Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er falin háskólaráði og rektor.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, markar stefnu, m.a. í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag hans og samþykkir starfs- og rekstraráætlanir.

Rektor er yfirmaður stjórnýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans. Á milli funda háskólaráðs hefur rektor ákvörðunarvald í umboði ráðsins í öllum málum háskólans. Önnur verkefni rektors eru skilgreind í erindisbréfi hans.

23. gr.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar fastráðinna kennara og tveir til vara kjörnir á almennum fundi fastráðinna starfsmanna hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi nemenda og einn til vara kjörnir hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans.
4. Einn fulltrúi kosinn af búnaðarþingi til tveggja ára í senn.
5. Einn fulltrúi og einn til vara skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn.
6. Einn fulltrúi og einn til vara skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.

Varaforseta kys ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa fastráðinna kennara skólans og er hann staðgengill rektors í forföllum hans.

24. gr.

Rektor boðar til funda í háskólaráði. Óski þrír háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins. Háskólaráðsfundur er ályktunarbær ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði forseta úr. Varamenn sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

25. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar.

Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu.

Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meiri hluta þess.

26. gr.

Kennarar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri eru prófessorar, dósentar, lektorar og stundakennarar. Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Háskólaráð setur nánari reglur um starfsskyldur fastráðinna kennara.

27. gr.

Rektor ræður prófessora, dósentar, lektora og stundakennara. Umsækjendur um prófessors-, dósentar- og lektorsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni upplýsingar um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir.

Kennarar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri skulu hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu.

Skipa skal þriggja manna dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósentar eða lektors. Rektor skipar dómnefnd, einn mann eftir tilnefningu landbúnaðarráðherra og tvo menn eftir tilnefningu háskólaráðs og skipar rektor annan þeirra formann nefndarinnar. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa a.m.k. meistaraþrófi úr háskóla og skulu a.m.k. tveir nefndarmanna starfa utan háskólans.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum manni má veita prófessors-, dósentar- eða lektorsstarf nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

28. gr.

Við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri skal starfrækt búnaðarnámsbraut. Heimilt er að ráða kennara að búnaðarnámsbraut skólans sem ekki uppfylla skilyrði til háskólakennslu, sbr. 27. gr. Um yfirstjórn búnaðarnáms á Hvanneyri fer eftir ákvæðum 22.–23. gr. laga þessara og er rektor Landbúnaðarháskólans jafnframt yfirmaður þess.

VI. KAFLI

**Menntastofnanirnar á Hólum í Hjaltadal og Reykjum í Ölfusi.
Stjórn og starfslið.**

29. gr.

Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal, og Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi eru vísinda- og menntastofnanir landbúnaðarins sem veita nemendum sínum menntun og þjálfun á sértækum sviðum íslensks landbúnaðar.

30. gr.

Stjórn Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins er falin skólanefnd og skólameistara.

Skólanefnd er ráðgefandi um skipulag, stefnu og áherslur í kennslu, rannsóknum og öðrum verkefnum stofnananna.

Skólameistari er yfirmaður stjórnsýslu stofnunarinnar og er æðsti fulltrúi hennar gagnvart mönnum og stofnunum innan hennar og utan og ber ábyrgð á starfsemi hennar. Skólameistari hefur frumkvæði að því að skólanefnd marki heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar. Skólameistari ræður kennara og annað starfsfólk stofnunarinnar. Önnur verkefni skólameistara eru skilgreind í erindisbréfi hans.

31. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna skólanefndir við búnaðarskólana til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd Hólaskóla eiga sæti einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, einn full-

trúi búnaðarþings, tveir fulltrúar bænda í Hólastifti og einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu samtaka sveitarfélaganna í Hólastifti. Nefndin kýs sér sjálf formann. Í skólanefnd Garðyrkjuskólans að Reykjum eiga sæti einn fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins, einn fulltrúi tilnefndur af búnaðarþingi, einn fulltrúi Sambands garðyrkjubænda, einn fulltrúi Félags garðyrkjumanna og einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum skólans. Nefndin kýs sér sjálf formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar í hvorri skólanefnd eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

32. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar skólameistara til fimm ára að fenginni tillögu skólanefndar. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Landbúnaðarráðherra er heimilt að endurskipa sama mann skólameistara að fengnum tillögum skólanefndar. Hæfni umsækjenda um embætti skólameistara skal metin eftir menntun, stjórnunarreynslu og vísinda- og kennslustörfum.

33. gr.

Kennarar og aðrir sérfræðingar við stofnanirnar skulu hafa lokið háskólaprófi í landbúnaðarfræðum eða hafa hliðstæða menntun. Þeir skulu auk kennslu vinna að rannsóknum og öðrum hliðstæðum störfum í þágu stofnunarinnar.

Heimilt er að ráða kennara í verklegum greinum sem hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og starfsþjálfunar á viðkomandi sviði að mati skólameistara.

34. gr.

Heimilt er að stofna til kennslu á háskólastigi við Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins á afmörkuðum sviðum með samþykki landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn búfræðsluráðs, enda sé slíkt nám í fullu samræmi við annað nám á háskólastigi samkvæmt lögum þessum og viðurkennt skv. 2. mgr. 2. gr. og 5. gr. laga þessara að mati búfræðsluráðs.

VII. KAFLI

Fjárhagur.

35. gr.

Kostnaður við störf menntastofnana landbúnaðarins er greiddur af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Hver stofnun hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Landbúnaðarráðherra gerir tillögur um fjárveitingar til hvers stofnunar.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða að við gjaldtöku sé mætt þeim kostnaði sem rekstur stofnananna hefur í för með sér.

36. gr.

Menntastofnunum landbúnaðarins er heimilt að afla sértekna með:

- a. skólagjöldum, sbr. 15. gr.,
- b. rekstri þjónustustarfsemi sem tengist skólastöðunum,
- c. búrekstri,
- d. ráðgjafarþjónustu og
- e. öðrum hætti er samrýmist meginverkefnum þeirra.

Menntastofnunum landbúnaðarins er heimilt að koma á fót og eiga aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum til styrktar og eflingar meginviðfangsefnum þeirra.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara með reglugerðum, starfsreglum og samþykktum.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1999. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins, með síðari breytingum, og lög nr. 55/1978, um búaðarfræðslu, með síðari breytingum.

39. gr.

Við gildistöku þessara laga renna eignir Bændaskólans á Hvanneyri til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri yfirtekur einnig allar kvaðir og skuldbindingar Bændaskólans á Hvanneyri gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum.

Við gildistöku laga þessara renna eignir Bændaskólans á Hólum til Hólaskóla. Hólaskóli yfirtekur einnig allar kvaðir og skuldbindingar Bændaskólans á Hólum gagnvart einstaklingum, lögaðilum og stofnunum.

40. gr.

Jarðirnar Hólar, Hvanneyri og Reykir eru lögbýli og eru með gögnum sínum og gæðum lagðar undir tilheyrandi menntastofnanir. Starfsemin á jörðunum skal þjóna þeim heildarmarkmiðum sem sett eru fyrir hverja stofnun og því hlutverki sem þær gegna í sínu nánasta umhverfi, sem og á landsvísu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nemendur sem við gildistöku laga þessara stunda nám í framangreindum skólum eiga rétt á að ljúka prófum samkvæmt gildandi námsskipulagi skólanna við gildistöku laganna. Nemendur geta þó lokið prófum samkvæmt nýju skipulagi skólanna ef þeir kjósa svo.

4. Fyrirtæki í verðbréfabjónustu skulu greiða 0,08031% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Verðbréfasjóðir skulu greiða 0,01129% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða 0,08031% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,92353% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00779% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,92353% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga og Póstgíróstofa Íslandspósts skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,01445% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs skal greiða 0,00040% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr. Kvótaþing skal greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
10. Tryggingasjóður viðskiptabanka og Tryggingasjóður sparisjóða skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

6. gr.

Framkvæmd álagningar og innheimtu.

Álagning eftirlitsgjalds samkvæmt lögum þessum skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Fjármálaeftirlitið skal gera eftirlitsskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi.

Eftirlitsgjald greiðist ársþriðjungslega með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. maí og eindagi 15. maí og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september.

Hefji eftirlitsskyldur aðili starfsemi eftir að álagning fer fram skv. 1. mgr. skal leggja á hann eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulíð 5. gr., sbr. og 3. mgr. 4. gr., og miðast álagningin við næsta gjalddaga eftir útgáfu starfsleyfis. Skal fjárhæð gjaldsins taka mið af því hversu langur tími er eftir af rekstrarárinu, talið frá næsta gjalddaga. Greiðist gjaldið þá á þeim gjalddögum sem eftir eru. Séu allir gjalddagar liðnir skal ekki leggja á eftirlitsgjald vegna yfirstandandi rekstrarárs. Hætti eftirlitsskyldur aðili starfsemi áður en eftirlitsgjald er að fullu greitt fellur niður sá hluti gjaldsins sem ekki er kominn í gjalddaga þegar starfsleyfi fellur úr gildi.

Sé eftirlitsgjald greitt eftir eindaga hvernar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við vaxtalög.

Vanræki eftirlitsskyldur aðili greiðslu eftirlitsgjalds er þeim ráðherra sem veitir starfsleyfi til viðkomandi starfsemi heimilt að afturkalla starfsleyfið, enda geri Fjármálaeftirlitið tillögu um það og liðnir séu sex mánuðir frá fyrsta gjalddaga í vanskilum.

Heimilt er Fjármálaeftirlitinu að ákvarða álagningu eftirlitsgjalds að nýju gagnvart tilteknum eftirlitsskyldum aðilum reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar.

7. gr.

Greiðslur fyrir sértækar aðgerðir.

Telji Fjármálaeftirlitið að eftirlit með einstökum eftirlitsskyldum aðila sé umtalsvert kostnaðarsamara og krefjist meiri mannafla en áætlun um reglubundið eftirlit gerir ráð fyrir skal það gera stjórn stofnunarinnar grein fyrir því. Stjórn Fjármálaeftirlitsins getur þá ákveðið að viðkomandi eftirlitsskyldum aðila verði gert að greiða samkvæmt reikningi fyrir nauðsynlegt umframeftirlit.

Gjaldskrá fyrir eftirlit samkvæmt þessari grein skal samþykkt af stjórn Fjármálaeftirlitsins og birt í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Kæruleið.

Heimilt er viðkomandi eftirlitsskyldum aðilum að bera ákvörðun um álagningu, gjaldstofn og útreikning eftirlitsgjalds, og ákvörðun um greiðslur fyrir sértækar aðgerðir, undir kærunefnd sem starfar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Kærufrestur skal vera 30 dagar. Kæra skal vera skrifleg.

Um málsmeðferð og úrskurði kærunefndar fer að öðru leyti samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og reglugerð settri samkvæmt þeim lögum.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Viðskiptaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt breytist ákvæði 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og orðast svo:

Eftirlitsskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins. Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 1999, sbr. auglýsingu nr. 5 6. janúar 1999, um álagningu eftirlitsgjalds þeirra aðila er lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999, er sem hér segir:

1. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,019425% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
2. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,3135% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,038% af bókfærðum endurtryggingaiðgjöldum eins og iðgjöld þessi voru tilgreind í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00931% af nettómismun iðgjaldaskuldar að fráðregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,05035% af því iðgjaldamagni sem miðlað var á árinu 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Á þá aðila sem falla undir ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er álagningu háttað þannig að á sérhvert fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er lagt 0,1015% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, á verðbréfasjóði er lagt 0,05481% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997 og á rekstrarfélög verðbréfasjóða er lagt 0,093888% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. á sérhvern aðila.
5. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997.
6. Á sérhvern lífeyrissjóð sem fellur undir ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,00931% af hreinni eign til greiðslu lífeyris eins og hún var í árslok 1997. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna í árslok 1997, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna í árslok 1997 og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir í árslok 1997. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga eins og þeir voru í árslok 1997.
7. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

Ráðherra samþykkir rekstraráætlun fyrir árið og auglýsir í Stjórnartíðindum hundraðshluta álagðs eftirlitsgjalds á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Eftirlitsgjaldið er innheimt af Fjármálaeftirlitinu og rennur til reksturs þess. Gjaldið greiðist ársfjórðungslega með fjórum jafnháum greiðslum. Gjald dagar eru 20. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október, en eindagar 1. febrúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október.

Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er nýr á markaði skal miða álagningu við áætlun hans um rekstur fyrir næsta ár. Eftirlitsgjald vegna fyrsta starfsárs nýs eftirlitsskylds aðila skal miðast við áætlun hans um rekstur á því ári.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til allt að fimm ára í senn, áfangastjóra til allt að fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd. Kennari, sem ráðinn er aðstoðarskólameistari, skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir starfi aðstoðarskólameistara. Skólameistari ræður einnig kennara, námsráðgjafa, starfsfólk skólasafns og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

2. gr.

5. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Almenn námsbraut er ætluð nemendum sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám og nemendum sem uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir framhaldsskólans. Nám á brautinni getur veitt undirbúning fyrir nám á bók-, list- eða starfsnámsbrautum og getur jafnframt verið hluti af því.

3. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað 2. mgr. 24. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Námi á framhaldsskólastigi er veittir undirbúning til náms á háskólastigi lýkur með stúdentsprófi. Stúdentspróf skulu vera samræmd í tilteknum greinum. Í reglugerð skulu sett ákvæði um samræmingu stúdentsprófa og framkvæmd þeirra.

Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi. Ráðherra kveður á um samræmingu sveinsprófa með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi starfsgreinaráðs.

Menntamálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að lokapróf í tilteknum greinum af öðrum námsbrautum skuli samræmd að fenginni umsögn viðkomandi starfsgreinaráðs ef um starfsnám er að ræða.

5. gr.

1. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Varanmenn skulu skipaðir með sama hætti. Við skipun fulltrúa í starfsgreinaráð skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Formaður skal kjörinn úr hópi fulltrúa til tveggja ára í senn. Ef ekki tekst að skipa starfsgreinaráð er menntamálaráðherra heimilt að skipa tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skipan starfsgreinaráða að fengnum tillögum frá samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi.

6. gr.

Í stað ártalanna „2000–2001“ í 47. gr. laganna kemur: 2003–2004.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum orðast svo:

Ákvæði í 24. gr. um samræmd lokapróf úr framhaldsskóla skulu ekki komin að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 2003–2004.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

Nr. 101

27. desember 1999

LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Hafi verið gerður samningur um skiptingu ellilífeyrisgreiðslna á grundvelli 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, telst ellilífeyrir til tekna hjá þeim sem fær hann greiddan.

2. gr.

3. mgr. 57. gr. B laganna orðast svo:

Við samsköttun skal tekjuskattur af sameiginlegum tekjuskattsstofni og eignarskattur af sameiginlegum eignarskattsstofni allra hlutafélaga sem taka þátt í samsköttuninni lagður á móðurfélagið en öll hlutafélögin bera sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslum. Þó er skattstjóra heimilt að leggja tekjuskatt og eignarskatt á hvert og eitt félag óski hlutafélögin í samsköttun sérstaklega eftir því.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. laganna:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innstæður sínar í bönkum og sparisjóðum, innlánsdeildum og á stofnsjóðsreikningum samvinnufélaga, pósthóðsreikningum og orlofsfjárreikningum, svo og verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvísla, ríkisbréf, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sbr. lög um verðbréfasjóði,

þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, og hlutabréfaeign í hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., að því marki sem eignir þessar eru umfram skuldir, enda séu eignirnar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

b. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2000 vegna tekna og eigna ársins 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 78. gr. laganna er mönnum heimilt við álagningu ársins 2000 vegna eigna í árslok 1999 og við álagningu ársins 2001 vegna eigna í árslok 2000 að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvixla, ríkisbréf, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sbr. lög um verðbréfasjóði, þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, alls að verðmæti 2.000.000 kr. hjá einstaklingi og 4.000.000 kr. hjá hjónum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Um eignir samkvæmt þessu ákvæði umfram framangreind eignamörk fer eftir ákvæðum 78. gr.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans bætast“ í 2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: skal þá óráðstöfuðum persónuafslætti annars makans bætt.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skal óráðstöfuðum persónuafslætti annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., bætt við persónuafslátt hins með eftirfarandi hætti:

- Við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 skal bæta 85% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.
- Við álagningu tekjuskatts á árinu 2002 vegna tekna á árinu 2001 skal bæta 90% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.
- Við álagningu tekjuskatts á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002 skal bæta 95% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 og við staðgreiðslu á því ári.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

Nr. 103

27. desember 1999

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands,
með síðari breytingu, o.fl.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Breyting á lögum nr. 105/1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

1. gr.

2. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands.

2. gr.

Í stað orðsins „bankamál“ í 11. gr. laganna kemur: yfirstjórn Seðlabankans.

Breyting á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu.

3. gr.

Við 19. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 88/1998, bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og hljóðar svo:

Ráðherra skipar einn mann og annan til vara til fimm ára í senn til að taka sæti í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

4. gr.

Í stað orðsins „viðskiptaráðherra“ í 21. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 88/1998, kemur: forsætisráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málslíður 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Við lok grunnskóla skal gefa nemendum kost á að þreyta samræmd lokapróf í allt að sex námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður.

2. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum orðast svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum sem þess óska frest til 1. september 2004 til að framkvæma ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 27. desember 1999 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

13. tölul. 2. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 77/1990, um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari, hljóði svo:

13. Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF).

2. gr.

Á eftir 8. tölul. 8. gr. komi nýr töluliður, er verði 9. tölul. og hljóði svo:

9. Bygðastofnun.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 1. gr. auglýsingar nr. 14/1994, 1. gr. auglýsingar nr. 116/1996 og 3. gr. auglýsingar nr. 73/1999, um staðfestingar reglugerða um breytingar á reglugerð þessari:

- a. Á eftir orðunum „Norræna fjárfestingarbankann (NIB)“ í 2. tölul. komi: Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF).
- b. 4. tölul. hljóði svo: Lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfabjónustu og verðbréfasjóði.
- c. 5. tölul. hljóði svo: Vexti.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Forsætisráðuneytinu, 27. desember 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 106

27. desember 1999

LÖG

um Bygðastofnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Yfirstjórn og staðsetning.

Bygðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Iðnaðarráðherra ákveður staðsetningu Bygðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

3. gr.

Ársfundur og stjórn.

Halda skal ársfund Bygðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð.

Iðnaðarráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Bygðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

4. gr.

Verkefni stjórnar.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru:

1. Að ákveða starfsskipulag að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
2. Að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og sjá til þess að henni sé framfylgt.
3. Að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.
4. Að vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs í því skyni að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissar.
5. Að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar.
6. Að fjalla um og samþykka ársreikning.
7. Að taka ákvarðanir um heildarlántöku, sbr. 15. gr.
8. Að taka ákvarðanir um hlutafjárkaup og þátttöku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum.
9. Að setja reglur um lánakjör og fjármögnun verkefna.
10. Að taka ákvarðanir og setja reglur um lán- og ábyrgðarveitingar. Þá skal stjórn setja reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni.
11. Önnur verkefni sem iðnaðarráðherra felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnu-mála.

5. gr.

Forstjóri.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

6. gr.

Verkefni forstjóra.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögu til stjórnar um:
 - a. starfsskipulag stofnunarinnar,
 - b. rekstrar- og starfsáætlun,
 - c. áherslur í starfseminni,
 - d. lántökur og heildarútlán,
 - e. reglur um lánakjör.
3. Að ráða stofnuninni starfsfólk.
4. Önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

II. KAFLI

Starfsemi.

7. gr.

Byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

8. gr.

Rannsóknir á atvinnu- og byggðapróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnu- mála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

9. gr.

Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra.

Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna.

Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

10. gr.

Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefnin og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Einnig er heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

11. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.

Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármála- stofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

12. gr.

Fjármögnun þróunarverkefna.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem iðnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar.

Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

13. gr.

Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar.

Ársreikningum skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

14. gr.
Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Fjármagnstekjur.

15. gr.
Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

16. gr.
Fjárvarsla.

Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum og sparisjóðum eða tryggunum verðbréfum.

17. gr.
Undanþága frá gjöldum og sköttum.
Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs.

18. gr.
Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.
Reglugerð.

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

20. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skipar iðnaðarráðherra stjórn Byggðastofnunar skv. 3. gr. fram að fyrsta ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí 2000.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um fjarskipti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Skipulag fjarskipta.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Lög þessi gilda um fjarskipti, fjarskiptabjónustu og fjarskiptanet.

Markmið laganna er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Íslenska ríkið skal tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptabjónustu, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Fjarskipti sem eingöngu eru boð eða sendingar með þræði innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og verksmiðjum, heyra ekki undir lög þessi.

Lög þessi eru samin með hliðsjón af tilskipunum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um fjarskiptamál.

2. gr.

Stjórn fjarskiptamála.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fjarskipta.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI

Orðskýringar.

3. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Almenningssími:* Sími sem er opin almenningi til notkunar gegn greiðslu peninga og/ eða með greiðslu- og/ eða fríkortum.
2. *Almennt farsímanet:* Almennt símanet þar sem nettengipunktur eru ekki fastsettir.
3. *Almennt fastasímanet:* Almennt skiptinet sem flytur tal milli nettengipunkta á föstum stöðum.
4. *Almennt fjarskiptanet:* Fjarskiptanet notað að öllu eða einhverju leyti til framboðs á almennt fáanlegri fjarskiptabjónustu.
5. *Almenn fjarskiptabjónusta:* Fjarskiptabjónusta sem er almennt fáanleg fyrir notendur.
6. *Alþjónusta:* Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
7. *Áskrifandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem er aðili að samningi við seljanda almennrar fjarskiptabjónustu um afhendingu slíkrar þjónustu.
8. *Fjarskiptafyrirtæki:* Einstaklingur eða lögaðili sem hefur almenna heimild eða rekstrarleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar til að reka fjarskiptabjónustu og/ eða fjarskiptanet.
9. *Fjarskiptanet:* Sendikerfi og þar sem við á skiptistöðvar og önnur úrræði sem gera kleift að beina merkjum milli skilgreindra nettengipunkta eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

10. *Fjarskiptavirki*: Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað að koma á fjarskiptum eða reka þau hvort heldur er til sendingar eða móttöku.
11. *Fjarskiptaþjónusta*: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi.
12. *Fjarskipti*: Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.
13. *Forskeyti*: Númer sem notandi verður að velja á undan venjulegu símanúmeri til að fá aðgang að ákveðnum þjónustuaðila.
14. *Grunnkröfur*: Aðstæður í almannabágu aðrar en fjárhagslegar sem geta valdið því að sett eru skilyrði um uppsetningu og/eða starfrækslu fjarskiptaneta eða framboð fjarskiptaþjónustu. Þessar aðstæður geta varðað rekstraröryggi netsins, viðhald á heildstæði neta og, þar sem réttlætánlegt er, samtvinnun þjónustu, gagnavernd, umhverfisvernd og skipulagsmarkmið ríkis og sveitarfélaga, einnig hagkvæma nýtingu tíðnirófsins og að fyrirbyggja skaðlegar truflanir milli þráðlausra fjarskiptakerfa og annarra tækni-kerfa í geimnum eða á jörðu. Í gagnavernd getur falist vernd persónuupplýsinga, trúnaðarskylda vegna upplýsinga sem sendar eru eða geymdar og verndun einkalífs.
15. *Heimtaug*: Tenging frá tengigrind símstöðvar í almennu fjarskiptaneti að þeim búnaði sem gefur aðgang að innanhússlögn áskrifanda.
16. *Kapalkerfi*: Fjarskiptanet sem ætlað er til dreifingar á útvarpsmerkjum til almenninga.
17. *Nettengipunktur*: Efnislegur tengipunktur þar sem notanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti. Staðsetning nettengipunkta skal vera ákvörðuð af Póst- og fjarskiptastofnun og skal marka umfang almennra fjarskiptaneta.
18. *Notendur*: Einstaklingar eða lögaðilar sem nota eða krefjast nota á almennt fánlegri fjarskiptaþjónustu.
19. *Númer og vistföng*: Röð tákna sem notuð eru til að auðkenna einstaka notendur í fjarskiptavirkjum.
20. *Rekstrarleyfi*: Heimild veitt af Póst- og fjarskiptastofnun sem veitir fyrirtæki sérstök réttindi eða leggur starfsemi fyrirtækisins á herðar, þar sem við á, sérstakar skyldur til viðbótar ákvæðum almennrar heimildar.
21. *Rekstrarleyfishafi með umtalsverða markaðshlutdeild*: Rekstrarleyfishafi sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur skilgreint með umtalsverða markaðshlutdeild.
22. *Samtenging*: Efnisleg og rökrétt tenging fjarskiptaneta sem gerir notendum kleift að eiga samskipti við aðra notendur eða fá aðgang að þjónustu sem veitt er af öðrum aðila. Ekki skiptir máli hvort þjónustan er veitt af eigendum netsins eða öðrum aðilum sem kunna að hafa aðgang að fjarskiptanetinu.
23. *Skeyti*: Skriflegt efni sem á að senda með ritsíma til afhendingar móttakanda.
24. *Talsímaþjónusta*: Þjónusta opin almenningi sem felst í markaðsframboði á beinum rauntímaflutningi á tali um almennt skiptinet þannig að notandi getur notað búnað tengdan föstum nettengipunkti til þess að hafa samband við annan notanda búnaðar sem tengdur er öðrum nettengipunkti.
25. *Virðisaukandi þjónusta*: Þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu.
26. *Yfirgjald*: Gjald fyrir virðisaukandi þjónustu sem er hærra en almennt símtalagjald.

III. KAFLI

Heimild til fjarskiptastarfsemi.

4. gr.

Skilgreining.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimild til reksturs almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. kapalkerfa. Heimildir geta verið tvenns konar: almennar heimildir og rekstrarleyfi. Í öllum heimildum skal tilgreina til hvaða þjónustu leyfið nær og til hvaða almennra fjarskiptaneta. Heimildir eru veittar einstaklingum eða lögaðilum sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins og í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð.

Ekki þarf heimild til að veita virðisaukandi fjarskiptaþjónustu.

5. gr.

Almenn heimild.

Einstaklingar og lögaðilar sem uppfylla skilyrði laga þessara skulu hafa almenna heimild til að veita fjarskiptaþjónustu. Fjarskiptafyrirtæki sem hyggst starfa í samræmi við almenna heimild skal tilkynna það Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. fjórum vikum áður en starfsemi hefst og veita upplýsingar um starfsemi sína. Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna fjarskiptafyrirtækinu eigi síðar en fjórum vikum eftir móttöku fullnægjandi tilkynningar hvort fyrirtækinu verði sett sérstök skilyrði, sbr. 7. og 8. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir öll fjarskiptafyrirtæki sem hafa tilkynnt að þau muni starfa samkvæmt almennri heimild.

6. gr.

Skilyrði almennrar heimildar.

Póst- og fjarskiptastofnun skal setja skilyrði sem gilda um almennar heimildir. Skilyrði skulu vera hlutlæg, skýr og þannig að jafnræðis sé gætt.

Skilyrði geta verið eitt eða fleiri af eftirtöldum:

- a. að fylgt sé videigandi grunnkröfum,
- b. að veittar séu upplýsingar sem sanngjarnt er að krefjast til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir settum skilyrðum og til söfnunar á tölfræðilegum upplýsingum,
- c. að komið sé í veg fyrir samkeppnishamlandi aðgerðir á fjarskiptamarkaðinum, þ.m.t. skilyrði sem tryggja að gjaldskrá mismuni ekki aðilum og raski ekki samkeppni,
- d. að notkun númera sé til þess fallin að þau verði nýtt sem best.

Að auki geta skilyrði sem gilda um almennar heimildir til framboðs á almennri fjarskiptaþjónustu og fyrir almenn fjarskiptanet sem þarf til að geta boðið slíka þjónustu verið eitt eða fleiri, þ.m.t.:

- a. að tryggður sé réttur notenda og áskrifenda einkum að því er varðar:
 1. fyrir fram samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar á samningum við áskrifendur,
 2. nákvæma og sundurliðaða reikningagerð,
 3. gerð vinnureglna um úrvinnslu kvartana,
 4. birtingu á fullnægjandi tilkynningu um allar breytingar á skilyrðum um aðgang, þ.m.t. gjaldskrá, gæðum og fáanlegri þjónustu,
- b. að lagt sé fé til alþjónustu samkvæmt reglum sem gilda hverju sinni,
- c. að nauðsynlegar símaskrárupplýsingar úr gagnagrunni um viðskiptavinum skuli látnar í té,
- d. um framboð neyðarþjónustu,

- e. um sérstaka tilhögun fyrir fatlaða,
- f. um samtengingu fjarskiptaneta og gagnkvæma starfrækslu þjónustu milli neta,
- g. um almannahéill, allsherjarreglu og rannsókn opinberra mála.

7. gr.

Rekstrarleyfi.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast þess að einstaklingar eða lögaðilar sækja um rekstrarleyfi í eftirfarandi tilvikum:

- a. þegar óskað er afnota af tíðnum eða númerum,
- b. þegar óskað er sérstakra réttinda að því er varðar aðgang að almenningum, afréttum og eignarlöndum,
- c. þegar á eru lagðar skyldur til að veita almenna fjarskiptaþjónustu og reka almenn fjarskiptanet, þar á meðal skylda til að veita alþjónustu og aðrar skyldur samkvæmt reglum um opinn aðgang að netum,
- d. þegar leggja þarf á sérstakar skyldur vegna almennra samkeppnisreglna og leyfishafi hefur umtalsverða markaðshlutdeild að því er varðar almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu.

Að auki er það skilyrði þess að veita almenna talsímaþjónustu og reka almenn fjarskiptanet og önnur net sem byggjast á notkun tíðnirófsins að einstaklingar og lögaðilar hafi til þess rekstrarleyfi.

8. gr.

Skilyrði rekstrarleyfis.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett eftirfarandi sérstök skilyrði fyrir rekstrarleyfi, eitt eða fleiri, til viðbótar skilyrðum sem fylgja almennum heimildum, sbr. 6. gr.:

- a. um úthlutun númera,
- b. um hagnýta notkun og stjórnun tíðna,
- c. um sérstakar kröfur í sambandi við umhverfismál og skipulag þéttbýlis og strjálbýlis, þ.m.t. skilyrði um aðgang að almenningum, afréttum og eignarlöndum og skilyrði um samnýtingu staðsetningar og aðstöðu,
- d. um hámarksgildistíma leyfis, sem skal vera sanngjarn, einkum til að tryggja góða nýtingu tíðna og númera og aðgang að landi í opinberri eign eða einkaeign,
- e. um alþjónustuskyldur,
- f. um kröfur til rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild sem tryggja eiga samtengingu eða takmörkun á umtalsverðri markaðsstöðu,
- g. um eignaraðild,
- h. um kröfur til gæða, fánleika og viðhalds þjónustu og neta, þ.m.t. fjárhagslega, stjórnunarlega og tæknilega hæfni umsækjanda og skilyrði um lágmarksstarfstíma og að auki, þegar við á, skylduframboð almennrar fjarskiptaþjónustu og almennra fjarskiptaneta,
- i. um framboð á leigulínum í samræmi við kvaðir um opinn aðgang að netum,
- j. um að rekstrarleyfishafi skuli halda einstökum þáttum í rekstri sínum bókhaldslega eða fjárhagslega aðskildum,
- k. um að gjöld fyrir samtengingu, opinn netaðgang og alþjónustu miðist við tilkostnað að teknu tilliti til hæfilegs arðs af fjárfestingu.

9. gr.

Málsmeðferð við veitingu rekstrarleyfis.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist af umsækjendum um rekstrarleyfi að þeir leggi fram fullnægjandi upplýsingar um eignaraðild, fjárhagsstöðu og fyrirhugaða starfsemi, svo og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að leggja mat á umsóknina. Málsmeðferð stofnunarinnar skal lokið innan sex vikna frá því að fullnægjandi umsókn barst. Stofnuninni er heimilt að framlengja þennan frest um allt að fjóra mánuði til viðbótar í sérstökum tilvikum þegar leita þarf ákvörðunar eða umsagnar annarra aðila, svo sem þegar:

- a. sótt er um leyfi vegna fjarskiptaneta og/eða -þjónustu sem þarf að samræma á alþjóðavísu,
- b. ekki er hægt að veita leyfi nema að undangenginni málsmeðferð um tíðnimál hjá viðurkenndum alþjóðasamtökum.

Póst- og fjarskiptastofnun er enn fremur heimilt að fresta ákvörðun um fjóra mánuði til viðbótar fresti skv. 1. mgr. þegar sótt er um leyfi sem felur í sér úthlutun í tíðnisviði sem er takmarkað að umfangi og stjórnvöld ákveða að viðhafa útboð um úthlutun eða gefa með auglýsingu öðrum kost á að sækja um sama tíðnisvið.

10. gr.

Takmörkun á fjölda rekstrarleyfishafa.

Einungis má takmarka fjölda rekstrarleyfa fyrir sérhverja tegund þjónustu og til uppsetningar og/eða starfrækslu fjarskiptaneta að því leyti sem nauðsynlegt er til að tryggja hagkvæma nýtingu tíðnirófsins eða tímabundið meðan gerðar eru ráðstafanir til að fjölga númerum.

Við ákvörðun um takmörkun á fjölda rekstrarleyfa skal leggja viðeigandi áherslu á hagsmuni notenda og örvun samkeppni. Póst- og fjarskiptastofnun skal birta ákvörðun sína um takmörkun á fjölda rekstrarleyfa ásamt forsendum hennar og endurskoða takmarkanir með hæfilegu millibili. Auglýsa skal eftir umsóknum þegar fjöldi leyfa er takmarkaður. Komi upp sú staða að frumkvæði Póst- og fjarskiptastofnunar, eða að beiðni félags, að hægt sé að fjölga leyfum skal það kynnt og auglýst eftir umsóknum um viðbótarleyfi.

11. gr.

Útboð.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að rekstrarleyfi skv. 10. gr., rekstur alþjónustu skv. 13. gr. og rekstur óarðbærrar þjónustu annarrar en alþjónustu skv. 16. gr. skuli boðin út.

Útboð skal að jafnaði vera opið. Póst- og fjarskiptastofnun semur útboðsskilmála þar sem m.a. skal mælt fyrir um þá þjónustu eða rekstur sem boðinn er út og um lágmarksboð.

Póst- og fjarskiptastofnun annast eða hefur umsjón með útboðum þessum.

12. gr.

Breytingar á leyfisbréfi.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að breyta skilyrðum í almennum heimildum og leyfisbréfum þegar það er óhjákvæmilegt vegna nýrrar löggjafar og lögfestingar reglna sem leiðir af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Breytingar skulu kynntar með hæfilegum fyrirvara sem þó skal ekki vera minni en einn mánuður.

IV. KAFLI

Um alþjónustu og sértæka fjarskiptabjónustu.

13. gr.

Skylda til að veita alþjónustu.

Ef nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi fjarskiptabjónustu á sanngjörnum kjörum og þeirri þjónustu verður ekki við komið ef einungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum getur Póst- og fjarskiptastofnun við útgáfu rekstrarleyfa mælt svo fyrir að rekstrarleyfishafi eða rekstrarleyfishafar skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu. Til alþjónustu teljast m.a. talsímaþjónusta, þjónusta við fatlaða eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir og gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu sem notendur tengjast um heimtaugar almenna talsímanetsins.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið hámarksverð og lágmarksgæði alþjónustu.

Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur um synjun borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar.

Samgönguráðherra setur reglugerð um alþjónustu.

14. gr.

Umsóknir um fjárframlög og greiðslur þeirra.

Telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta sem honum er gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 13. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær getur hann krafist þess að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Skal slík beiðni send Póst- og fjarskiptastofnun.

Við mat á kostnaði við alþjónustu skal beita sömu reglum og um samtengingu skv. 1. tölul. 1. mgr. 26. gr.

Nú berst Póst- og fjarskiptastofnun beiðni um fjárframlög skv. 1. mgr., og ekki verður talið að þjónustan verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti en jafnframt talið að þjónustan sé óhjákvæmileg og verði ekki aflögð, og skal stofnunin þá með fjárframlögum tryggja rekstrarleyfishafa eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem veitt er.

Skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að rekstrarleyfishafi upplýsi nákvæmlega hvert rekstrartapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við mat á fjárframlögum krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu á viðkomandi rekstrarsviði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa við mat á fjárframlögum og eftirlit með þeim.

Rekstrarleyfishafi skal gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir ráðstöfun fjárframlagsins í lok hvers árs.

Fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Nú telur annar hvor aðili að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega, og getur hvor um sig þá krafist endurskoðunar á framlaginu.

Nú er hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa háður fjárframlögum samkvæmt ákvæði þessu, og getur Póst- og fjarskiptastofnun þá krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

15. gr.

Jöfnunargjald.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna talsímaþjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi. Sá þáttur rekstrarleyfishafa hér á landi sem er leyfisbundinn skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi hans.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega með lögum.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í fjarskiptaþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að veita fjarskiptaþjónustu, og um útreikning rekstrartaps.

16. gr.

Samningar og greiðslur fyrir sértæka fjarskiptaþjónustu, aðra en alþjónustu.

Nú óskar samgönguráðherra eftir því að lagt sé í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði, án þess þó að um alþjónustu sé að ræða, og skal Póst- og fjarskiptastofnun þá falið að gera um slíkt samning við fjarskiptafyrirtæki í kjölfar útboðs skv. 11. gr.

Kostnaður sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra skv. 1. mgr. skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

V. KAFLI

Opinn aðgangur að netum og þjónustu.

17. gr.

Almenn ákvæði.

Með það að markmiði að auðvelda framboð almennra fjarskiptaneta og/eða almennrar fjarskiptaþjónustu á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu skal öllum sem þess óska heimill aðgangur að almennum fjarskiptanetum og almennri fjarskiptaþjónustu með ákveðnum skilmálum.

Skilmálar um opinn aðgang að netum mega ekki hindra:

- a. möguleika allra á lágmarksþjónustu,
- b. aðgang að og samtengingu við almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu,
- c. framboð á samræmdri þjónustu notendum til hagsbóta með notkun samræmdra staðla og tæknieiginleika fyrir opinn og hagkvæman aðgang og samtengingu,
- d. framboð á alþjónustu, m.a. með tilliti til framtíðarþróunar í fjarskiptum.

18. gr.

Skilmálar um opinn aðgang.

Skilmálar um opinn aðgang mega ekki hafa í för með sér takmörkun á aðgangi að almennum fjarskiptanetum eða fjarskiptaþjónustu nema takmörkunin varði:

- a. rekstraröryggi neta,
- b. tryggingu á samstæði neta,
- c. rekstrarsamhæfi mismunandi þjónustu, í rökstuddum tilvikum,
- d. verndun gagna,
- e. verndun umhverfisins og markmið skipulags ríkis og sveitarfélaga,
- f. hagkvæma notkun tíðnirófsins.

Til viðbótar gilda skilmálar sem almennt eiga við um tengingu notendabúnaðar við netin. Fyrirtæki sem veita fjarskiptabjónustu skulu geta tengst almennum fjarskiptanetum í annars konar nettengipunktum en venjulegir notendur. Þegar þjónusta sem fyrirtækin óska eftir er önnur en lýst er í gjaldskrá rekstraraðila almenna fjarskiptanetsins skulu aðilar semja sín á milli um gjöld og skilmála. Náist ekki samkomulag innan tveggja mánaða geta aðilar óskað eftir íhlutun Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 22. gr.

19. gr.

Opinn aðgangur að leigulínum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að a.m.k. eitt fyrirtæki sem heimild hefur fengið til reksturs almenns fjarskiptanets og/eða þjónustu bjóði fram leigulínur þeirra tegunda sem stofnunin telur að þörf sé fyrir á fjarskiptamarkaði. Að jafnaði skal velja fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á hinum almenna fastanetsmarkaði. Fyrirtækið sem umræðir skal birta skilmála fyrir línuleigu og gjaldskrá sem tekur mið af tilkostnaði og hæfilegum arði af fjárfestingu. Skal þetta gilda á meðan fyrirtækið hefur umtalsverða hlutdeild á leigulínu-markaði. Fyrirtæki með slíka hlutdeild skal leggja leigulínugjaldskrá sína fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Gjaldskrá og skilmálar skulu gefa aðilum sem leigja línur kost á aðgreindum þáttum leigulína.

20. gr.

Aðgangur að heimtaug.

Þegar fjarskiptafyrirtæki geta ekki tengst einstökum notendum sem eru tengdir fjarskiptaneti rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar í heimtaug sem er forsenda viðskiptasambands, getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að fjarskiptafyrirtæki fái beinan aðgang að einstökum notendum.

Um aðgang að heimtaug gilda ákvæði 17., 18. og 23. gr. eftir því sem við getur átt.

21. gr.

Innlendir reikisamningar.

Þar sem ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðvar, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsímastöðvar eru sérstaklega erfiðar, svo sem vegna náttúrulegra aðstæðna, skulu farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímapjónustu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki skulu leitast við að semja sín á milli um skilmála aðgangs.

Náist ekki samkomulag skal Póst- og fjarskiptastofnun ákveða hvort reikisamningur skuli gerður og skilmála hans á milli þess aðila er ræður farsímanetinu skv. 1. mgr. og annarra fjarskiptafyrirtækja, enda hafi þau þegar yfir að ráða eigin almennum farsímanetum þar sem þeim verður við komið að mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

Um reikisamninga og málsmeðferð skal fara skv. 22., 27. og 28. gr. eftir því sem við getur átt, þó þannig að um ákvörðun gjalda gildir gjaldskrá fjarskiptafyrirtækis að frádregnum þjónustuliðum sem fjarskiptafyrirtæki þarf ekki að veita.

22. gr.

Deilur um aðgang.

Þegar ekki næst samkomulag milli aðila um skilmála og gjaldskrá fyrir aðgang þjónustuveitanda að almennum fjarskiptanetum og málinu hefur verið vísað til Póst- og fjarskiptastofnunar skal stofnunin boða til samningafunda með aðilum undir stjórn sinni. Að beiðni annars eða beggja aðila getur stofnunin lagt fram málamiðlunartillögur. Náist engu að síður

ekki samkomulag innan tveggja mánaða skal stofnunin úrskurða í málinu. Í úrskurði um skilmála og gjaldskrár skal m.a. hafa hliðsjón af 17. og 18. gr. Hafi rekstraraðili almenns fjarskiptanets umtalsverða markaðshlutdeild getur stofnunin ákveðið að gjöld skuli miðast við tilkostnað, þ.m.t. arðsemi fjármagns.

VI. KAFLI

Um samtengingu.

23. gr.

Réttur og skylda til samtengingar.

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna fjarskiptaþjónustu og falla undir eftirfarandi flokkun skulu eiga rétt á og ber skylda til að semja um samtengingu sín á milli í þeim tilgangi að bjóða fram viðkomandi þjónustu:

- a. fyrirtæki sem starfrækja almenn sjálfvirk fastafjarskiptanet og farsímanet,
- b. fyrirtæki sem leigja línur að starfssvæði notenda,
- c. fyrirtæki sem starfrækja fjarskiptaþjónustu sem heimilað er að samtengja í samræmi við rekstrarleyfi eða almennar heimildir.

Tæknileg og viðskiptaleg atriði skulu vera háð samkomulagi milli aðila.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja fullnægjandi og hagkvæma samtengingu almennra fjarskiptaneta svo sem greinir í 1. mgr. að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að tryggja öllum notendum á Evrópska efnahagssvæðinu gagnkvæmni almennrar fjarskiptaþjónustu sem boðin er á:

- a. almennum fastanetum fyrir talsíma,
- b. leigulínum,
- c. almennum farsímanetum.

Stofnunin skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir allar takmarkanir sem hindra fyrirtæki sem heimild hafa til að starfrækja almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu í að gera samtengingarsamninga sín á milli.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun að samtenging geti valdið hættu á rekstrartruflunum í viðkomandi fjarskiptaneti eða samtengdum fjarskiptanetum getur stofnunin mælt svo fyrir að fjarskiptanetin skuli ekki samtengd.

Samninga um samtengingu skal senda Póst- og fjarskiptastofnun að lokinni undirritun þeirra og skulu þeir vera aðgengilegir öðrum sem eiga hagsmuna að gæta að undanskildum þeim hlutum samnings sem að mati stofnunarinnar fjalla um viðskiptahagsmuni fyrirtækjanna. Að lágmarki skulu sundurliðuð samtengingargjöld, skilmálar og skilyrði birt öllum hagsmunaaðilum að fenginni skriflegri beiðni þar um.

24. gr.

Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild.

Fyrirtæki sem heimild hafa til að starfrækja almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu, sbr. 7. gr., og hafa umtalsverða markaðshlutdeild skulu verða við öllum raunhæfum og framkvæmanlegum beiðnum um aðgang að nettengipunktum, þ.m.t. öðrum nettengipunktum en þeim sem boðnir eru öllum þorra notenda.

Fyrirtæki telst hafa umtalsverða markaðshlutdeild þegar það hefur að jafnaði meira en 25% hlutdeild ákveðins hluta fjarskiptamarkaðar á því landsvæði þar sem því er heimilt að starfa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að úrskurða að fyrirtæki með minni markaðshlutdeild en 25% hafi umtalsverða markaðshlutdeild. Hún getur einnig úrskurðað að fyrirtæki með markaðshlutdeild hærri en 25% á ákveðnum markaði teljist ekki hafa umtalsverða markaðs-

hlutdeild. Í slíkum tilfellum ber að taka tillit til möguleika fyrirtækisins til að hafa áhrif á markaðsaðstæður, veltu þess í hlutfalli við stærð markaðarins, stjórnar þess á aðgangi að notendum, aðgengis þess að fjármagni og reynslu þess af markaðsfærslu vöru og þjónustu.

25. gr.

Samtengingarsamningar.

Við gerð samninga um samtengingu við almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptabjónustu, sbr. 23. gr., skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild gæti jafnræðis með tilliti til samtengingar sem þau bjóða og að fyrirtæki sem íhuga samtengingu eigi aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum um samtengingu og tækniröfur sem gerðar eru.

Upplýsingar sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild móttækur frá fyrirtæki sem óskar eftir samtengingu má einungis nota í þeim tilgangi að koma henni á. Fyrirtækinu er óheimilt að láta öðrum deildum en þeirri sem annast samtenginguna, dótturfélögum og samstarfsaðilum í té upplýsingar sem það móttækur í tengslum við samtenginguna, einkum ef þær geta haft áhrif á samkeppnisstöðu.

26. gr.

Viðmiðunartilboð o.fl.

Fyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna fjarskiptabjónustu á sviði talsíma í fastaneti og leigulína og njóta umtalsverðrar markaðshlutdeildar skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Gjöld fyrir samtengingu skulu vera gagnsæ og byggjast á kostnaði við stofnun og rekstur nets, auk hæfilegrar ávöxtunar fjármagns á grundvelli kostnaðarbókhalds sem haldið skal. Sönnunarbyrði fyrir því að gjöld séu reiknuð út frá raunverulegum tilkostnaði skal hvíla á fyrirtækinu sem lætur í té aðgang að aðstöðu sinni. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefja viðkomandi fyrirtæki um rökstuðning fyrir samtengingargjöldum og þegar við á gera kröfu um lagfæringu þeirra. Þetta ákvæði nær einnig til farsímafyrirtækja sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur úrskurðað að hafi umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaðinum.
2. Póst- og fjarskiptastofnun skal krefjast þess að fyrirtæki samkvæmt þessari málsgrein birti viðmiðunartilboð um samtengingu sem innihaldi sundurliðaða lýsingu, í samræmi við þörf markaðsaðila, á samtengingartilboði og tengdum skilmálum og skilyrðum, þar á meðal gjaldskrá. Í viðmiðunartilboði skal vera verð fyrir aðgang að allri þjónustu sem í boði er á neti fyrirtækisins. Stofnunin getur mælt fyrir um rökstuddar breytingar á viðmiðunartilboði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni samtengingarsamninga og viðmiðunartilboðs.
3. Gjöld fyrir samtengingu skulu vera nægjanlega sundurgreind svo að umsækjandi um samtengingu þurfi ekki að greiða fyrir annað en það sem tengist beint umbeðinni þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að lýsing á kostnaðarbókhaldi sem sýnir helstu kostnaðarliði og reglur sem gilda um færslu kostnaðar við samtengingu séu aðgengilegar.

27. gr.

Sáttameðferð Póst- og fjarskiptastofnunar.

Náist ekki samkomulag með aðilum um samtengingu skv. 23. gr. innan mánaðar getur hvor aðili fyrir sig leitað til Póst- og fjarskiptastofnunar sem skal leita sátta með aðilum. Í því skyni skal stofnunin halda sáttafundi með þeim.

Afskipti Póst- og fjarskiptastofnunar skulu miða að sem mestri hagkvæmni og hagsbótum fyrir notendur. Einkum skal lögð áhersla á nauðsyn þess:

1. að viðunandi fjarskiptasamband náist milli allra notenda,
2. að örva samkeppni á markaðinum,
3. að tryggja þróun samræmds fjarskiptamarkaðar í Evrópu,
4. að Póst- og fjarskiptastofnun eigi samvinnu við sams konar stofnanir í öðrum aðildarríkjum,
5. að hvetja til uppsetningar og þróunar neta og þjónustu um alla Evrópu, samtengingar innanlandsneta og gagnkvæmrar starfrækslu þjónustu sem og aðgangs að slíkum netum og þjónustu.

Almennir skilmálar sem Póst- og fjarskiptastofnun kann að setja fyrir fram um málsmeðferð skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

28. gr.

Ákvörðun um skilmála samtengingar.

Semhluta af sáttameðferð getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt fram miðlunartillögu. Náist ekki samkomulag innan þriggja mánaða þrátt fyrir sáttatilaunir skal Póst- og fjarskiptastofnun að kröfu annars eða beggja aðila ákveða skilmála fyrir samtengingu. Við slíka ákvörðun skal hafa hliðsjón af ákvæðum þessa kafla og skal rökstuðningur fylgja henni. Stofnunin getur við sáttameðferð eða ákvarðanatöku krafist upplýsinga úr bókhaldi aðila og falið löggiltum endurskoðendum að yfirfara slík gögn.

Þegar sérstaklega stendur á getur Póst- og fjarskiptastofnun að kröfu annars hvors aðilans mælt fyrir um breytingu á samningum um samtengingu eða á ákvörðunum sínum þar að lútandi.

VII. KAFLI

Viðskiptafyrirkomulag.

29. gr.

Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár og bókhald.

Fyrirtæki sem veita almenna fjarskiptaþjónustu og/eða reka almenn fjarskiptanet skulu birta viðskiptaskilmála og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sína. Gjaldskrár og skilmálar skulu liggja frammi á öllum afgreiðslustöðum, vera auðskiljanlegir og ekki mismuna einstökum notendum.

Gjöld skulu vera sundurliðuð svo að notendur eigi þess kost að meta sjálfir hvaða þætti þjónustu þeir vilja kaupa.

Rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild skulu eigi síðar en fjórum virkum dögum fyrir gildistöku nýrra eða breyttra skilmála og/eða gjaldskrár senda Póst- og fjarskiptastofnun skilmála og/eða gjaldskrá til umsagnar. Stofnuninni er leyfilegt að krefjast lagfæringa á skilmálum eða uppsetningu gjaldskrár leyfishafa ef efni þeirra þykir brjóta í bága við lög og reglur eða leyfisbréf leyfishafa. Ef umfang málsins er slíkt að ekki verði greitt úr því á fjórum dögum getur stofnunin frestað gildistöku nýrra eða breyttra skilmála, en þó ekki um meira en sjö daga.

Póst- og fjarskiptastofnun eða löggiltum endurskoðendum í umboði hennar skal hvenær sem er og án fyrirvara heimilaður aðgangur að bókhaldi rekstrarleyfishafa í þeim tilgangi að sannreyna að aðgreining kostnaðar fari rétt fram og til þess að kanna hver sé kostnaður við alþjónustu, opinn aðgang að netum, leigulínur, samtengingu neta og númeraflutning.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánara fyrirkomulag bókhaldslegrar eða fjárhagslegrar aðgreiningar í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

30. gr.

Reikningar notenda o.fl.

Áskrifendur fjarskiptaþjónustu eiga rétt á að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða eftir tegund þjónustu þeim að kostnaðarlausu.

Áskrifendur geta óskað eftir nánari sundurliðun á fjarskiptareikningum sínum. Fjarskipta-fyrirtækjum er heimilt að taka gjald fyrir sundurliðun reikninga umfram sundurliðun eftir þjónustu. Við gerð sundurliðaðra reikninga skal hafa hliðsjón af löggjöf um verndun persónulegra upplýsinga og friðhelgi einkalífsins. Samgönguráðherra setur reglugerð um meðferð upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir gerð reikninga, sundurliðun þeirra og málsmeðferð vegna kvartana.

Símtöl sem eru gjaldfrjáls og símtöl vegna ráðgjafar á vegum félagslegrar þjónustu mega ekki vera sundurliðuð á reikningum, enda hafi þeir sem veita slíka ráðgjöf tilkynnt fjarskipta-fyrirtækjum um starfsemi sína fyrir fram.

Ef símtöl bera yfirgjald skal þjónustuaðili ávallt geta þess í upphafi símtals hver fjárhæð gjaldsins sé eða á hvaða forsendum það verði ákvarðað. Áskrifandi skal eiga þess kost að læsa fyrir símtöl í númer þar sem tekið er yfirgjald. Nánar skal kveðið á um símtöl með yfirgjaldi í reglugerð.

Heimilt er að loka fyrir þjónustu vegna vanskila fyrir símtöl önnur en þau sem eru með yfirgjaldi, enda hafi áskrifanda verið gefin skrifleg aðvörun a.m.k. mánuði fyrir lokun. Fyrsta mánuð eftir lokun skal þó vera mögulegt að hringja í áskrifandann. Einnig skal áskrifandi geta haft samband við neyðarnúmerið 112 í jafnlangan tíma. Ef gerð hefur verið tilraun til að komast hjá gjaldtöku á ólögmatan hátt eða reynt að koma gjaldskyldu yfir á óskyldan aðila er fjarskiptafyrirtæki heimilt að loka viðkomandi þjónustu án viðvörunar.

31. gr.

Aðskilnaður sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptum.

Fyrirtæki sem hafa fengið leyfi til að veita talsímaþjónustu og/eða til að reka almenn fjarskiptanet og njóta jafnframt einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu að kröfu Póst- og fjarskiptastofnunar halda fjárhag fjarskiptastarfsemi sinnar aðskildum frá annarri starfsemi.

VIII. KAFLI

Númer og vistföng.

32. gr.

Skipulag númera.

Póst- og fjarskiptastofnun skal koma á og viðhalda skipulagi númera sem nota má fyrir hvers konar fjarskiptaþjónustu í samræmi við alþjóðlegar reglur.

Númeraraðir sem til ráðstöfunar eru skulu teknar frá fyrir mismunandi talsímaþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun getur fjölgað tölustöfum í símanúmerum. Slík ráðstöfun skal tilkynnt opinberlega með a.m.k. þriggja ára fyrirvara.

Fjarskiptafyrirtækjum skulu heimiluð afnot af hæfilega löngum númeraröðum í þágu notenda sinna. Póst- og fjarskiptastofnun heimilar fjarskiptafyrirtækjum og notendum afnot stuttanúmerum, þ.e. númerum sem eru styttri en venjuleg símanúmer. Stofnunin úthlutar einnig öðrum númerum, svo sem talstöðvarnúmerum fyrir skip.

Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um númer, númeraraðir og vistföng. Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að setja reglur um hlutverk stofnunarinnar í sambandi við útgáfu vistfangna.

Stuttanúmerið 112 skal vera frátekið fyrir neyðar- og öryggisþjónustu og er óheimilt að nota það í öðrum tilgangi. Símtöl í 112 skulu vera endurgjaldslaus og eiga rekstrarleyfishafar ekki kröfu á yfirvöld um greiðslu kostnaðar vegna slíkra símtala.

33. gr.

Númeraflutningur og forskeyti.

Enda þótt fjarskiptafyrirtæki hafi heimilað notendum afnot af númerum í númeraröðum sínum er notendum frjálst að halda símanúmeri sínu þegar þeir flytja viðskipti sín til annars fjarskiptafyrirtækis. Fjarskiptafyrirtæki er heimilt að innheimta hjá notanda, sem var skráður hjá því, eingreiðslu er nemi kostnaði af umskráningu. Notendum skal vera unnt að halda símanúmeri sínu þó að þeir flytji milli númerasvæða. Fjarskiptafyrirtæki er heimilt að innheimta hjá notandanum kostnað við umskráningu. Póst- og fjarskiptastofnun setur nánari reglur um númeraflutning, þ.m.t. hvenær númeraflutningur milli númerasvæða og númeraflutningur utan almenna fasta fjarskiptanetsins skuli innleiddur og sker úr ágreiningi um framkvæmd hans.

Fjarskiptafyrirtæki er skylt að gera notendum sínum mögulegt að hringja í forskeyti eða númer allra aðila sem veita fjarskiptaþjónustu. Óski símnotandi eftir því að öllum símtölum hans, t.d. til útlanda, verði beint til ákveðins þjónustuveitanda skal hann tilkynna fjarskiptafyrirtækinu sem hann tengist um það. Skal fjarskiptafyrirtæki gera ráðstafanir til að símtölin fari hina fyrir fram völdu leið án þess að nota þurfi forskeytið hverju sinni. Símnotandi skal þó ávallt geta breytt þessu í einstökum símtölum. Póst- og fjarskiptastofnun skal ákveða hvenær forval skal að fullu innleitt.

34. gr.

Skráning símanúmera.

Áskrifendur í fjarskiptaþjónustu eiga rétt á að vera skráðir í opinberum númeraskrá og fá að skoða upplýsingar sem skráðar eru um þá og ef nauðsynlegt er geta þeir krafist þess að fá upplýsingarnar leiðréttar eða fjarlægðar úr skránni. Áskrifendur eiga kröfu á að vera óskráðir í gagnagrunni símaskrár en heimilt er að krefja þá um gjald sem samsvarar kostnaði rekstrarleyfishafa af því að fjarlægja þá úr gagnagrunninum.

Símaskrár yfir alla áskrifendur sem ekki hafa mótmælt því að vera skráðir, þ.m.t. skrár yfir fastatalsímanúmer, farsímanúmer og persónutengd númer, skulu vera notendum fáanlegar í formi sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur samþykkt.

Persónuupplýsingar sem skráðar eru í símaskrá og í upplýsingaþjónustu um símanúmer skulu takmarkast við þær upplýsingar sem þarf til að bera kennsl á áskrifanda nema áskrifandinn hafi veitt ótvíræða heimild til að meiri upplýsingar séu skráðar. Áskrifanda er heimilt að krefjast að gefið sé til kynna að upplýsingar skráðar um hann megi ekki nota í tilgangi beinnar markaðssetningar eða að heimilisfangi sé sleppt að einhverju eða öllu leyti.

Símnotendur sem nota almenna talsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar hringingar í símanúmer sitt.

35. gr.

Upplýsingaþjónusta um símanúmer.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að öllum notendum sé opin a.m.k. ein símaupplýsingaþjónusta sem hefur upplýsingar um öll símanúmer.

Til að hægt verði að framfylgja ákvæðum 1. og 2. mgr. 34. gr. skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að öll fjarskiptafyrirtæki sem velja áskrifendum sínum númer verði við öllum eðlilegum beiðnum um að láta í té viðkomandi upplýsingar í formi sem aðilar koma sér saman um, þ.m.t. tölvutæku formi, og með skilmálum sem eru sanngjarnir og byggðir á tilkostnaði. Oheimilt er að nota upplýsingarnar í öðrum tilgangi en að gefa út símaskrár eða fyrir upplýsingaþjónustu um símanúmer. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá aðila sem fá símaskrárupplýsingar í hendur.

IX. KAFLI Fjarskiptabúnaður.

36. gr.

Tækjabúnaður til almennra fjarskiptaneta.

Tækjabúnaður almennra fjarskiptaneta skal að jafnaði vera í samræmi við tæknistaðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um notkun annarra staðla, svo og tilmæla frá Alþjóðafjarskiptasambandinu. Tæknilegir eiginleikar í nettengipunktum skulu ávallt vera í samræmi við staðla. Rekstrarleyfishafar almennra fjarskiptaneta skulu birta upplýsingar um tæknilega eiginleika í nettengipunktum. Samgönguráðherra getur sett reglugerð um nánari útfærslu þessara ákvæða. Þráðlaus fjarskiptanet má einungis setja upp og nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Stofnuninni er þó heimilt að gefa út almennt leyfi fyrir þráðlaus fjarskiptanet í ákveðnum tíðnisviðum þegar geislað afl senda er undir hámarki sem stofnunin setur.

37. gr.

Notendabúnaður.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með sölu notendabúnaðar fyrir fjarskipti og tækja fyrir þráðlaus fjarskipti. Eftirfarandi grunnkröfur eiga við um öll slík tæki:

1. um verndun heilsu og öryggis notanda jafnt og annarra manna,
2. um að tæki í notkun hafi ekki truflandi áhrif á rafsegulumhverfið.

Að auki skal þráðlaus búnaður gerður með tilliti til þess að nýta á sem skilvirkastan hátt tíðnisvið sem ætlað er þráðlausum fjarskiptum á jörðu og í geimnum og stöðu sem þeim er úthlutað á baugum umhverfis jörðu án þess að valda skaðlegum truflunum.

Setja má skilyrði um að ákveðnir flokkar tækja eða einstök tæki séu þannig gerð að þau:

1. megi starfrækja með öðrum tækjum með milligöngu neta og að hægt sé að tengja þau við rétta skilpunkta hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins,
2. valdi ekki tjóni á netum, starfsemi þeirra eða virkni og orsaki þannig óviðunandi rýrnun þjónustu,
3. hafi innbyggða varnagla til verndar persónuupplýsingum og friðhelgi áskrifenda og notenda,
4. hafi möguleika á útfærslu sem hindrar svik,
5. hafi möguleika á útfærslu sem tryggir aðgang að neyðarþjónustu,
6. hafi ákveðna möguleika sem auðvelda fötluðum notkun þeirra.

38. gr.

Innanhússlagnir.

Fjarskiptalagnir innan húss, þar með taldir húskassar þar sem heimtaugar fjarskiptafyrirtækja enda, eru á ábyrgð húseigenda. Staðsetning húskassa og allar lagnir skulu vera í samræmi við teikningar af byggingunni. Í byggingum sem rúma fleiri en einn áskrifanda skulu húskassar vera innsiglaðir og þannig gengið frá lögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að einstökum fjarskiptalínum. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang húskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.

39. gr.

Viðurkenning búnaðar.

Óheimilt er að setja á markað annan notendabúnað en þann sem uppfyllir grunnkröfur skv. 37. gr. og ber CE-merkingu því til staðfestingar.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans hér á landi skal tryggja að öllum búnaði sem settur er á markað hér á landi fylgi upplýsingar fyrir notendur á íslensku um tilætlaða notkun og helstu eiginleika búnaðarins.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans sem hyggst setja á markað þráðlausan búnað í tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þessa fyrirætlun með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Einnig skal senda stofnuninni upplýsingar um eiginleika búnaðarins, þ.m.t. tíðnisvið búnaðarins, bil milli rása, mótunaraðferð og hátíðniafl. Telji Póst- og fjarskiptastofnun hættu á því að búnaðurinn geti truflað aðra þjónustu í viðkomandi tíðnisviði getur stofnunin bannað að sölu og notkun hans.

40. gr.

Markaðseftirlit.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur markaðseftirlit með búnaði skv. 37. gr. Í því skyni skal stofnunin hafa ótakmarkaðan aðgang að sölustöðum búnaðarins. Ef búnaður sem uppfyllir ekki grunnkröfur er settur á markað getur stofnunin krafist að sala hans og notkun verði þegar í stað stöðvuð og búnaðurinn kyrrsettur.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert kröfu um að framleiðandi eða umboðsmaður hans afhendi stofnuninni sundurliðaðar upplýsingar og teikningar um búnað sem ráðgert er að setja á markað. Með slíkar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál.

Póst- og fjarskiptastofnun er jafnframt heimilt að gera ráðstafanir að teknu tilliti til 11. og 13. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið til að leggja bann við eða takmarka söluframboð eða til að krefjast þess að fjarlægður sé úr sölu þráðlaus búnaður sem hefur valdið eða stofnunin hefur rökstuddan grun um að muni valda skaðlegum truflunum, þ.m.t. truflunum á þjónustu eða fyrirhugaðri þjónustu í tíðnisviðum sem búið er að taka frá hér á landi.

Samgönguráðherra setur reglugerð um markaðseftirlit með notendabúnaði og þráðlausum búnaði.

X. KAFLI

Réttindi til að starfa við fjarskiptavirki.

41. gr.

Skírteini talstöðvarvarða o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út skírteini til talstöðvarvarða sem starfrækja fjarskiptabúnað í farartækjum, sbr. 47. gr. Skírteinin skulu vera í samræmi við alþjóðasamþykktir. Í skírteini skal tekið fram hvaða búnað skírteinishafa er heimilt að starfrækja. Skírteini skulu vera tímabundin.

Þegar um er að ræða annan þráðlausan fjarskiptabúnað í farartækjum en um ræðir í 1. mgr., svo og þráðlausar fastastöðvar, gefur Póst- og fjarskiptastofnun út leyfisbréf fyrir viðkomandi búnað, sbr. 46. gr., en ekki þarf sérstakt skírteini talstöðvarvarðar til að starfrækja slíkan búnað.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út skírteini til áhugamanna um þráðlausa útbreiðslu sem gengist hafa undir próf áhugamanna. Stofnunin skal leita umsagnar Félags íslenskra radióamatöra áður en leyfi eru veitt. Heimilt er að gefa út bráðabirgðaleyfi til útlendinga sem dveljast hér á landi í takmarkaðan tíma. Sé um að ræða leyfi til mjög skamms tíma getur stofnunin veitt leyfi án umsagnar Félags íslenskra radióamatöra.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfi fyrir notkun annars þráðlauss fjarskiptabúnaðar. Heimilt skal þó að nota án leyfis búnað sem er ætlaður notendum í almenntri þráðlausri fjarskiptajónustu. Leyfi skulu vera skráð á nafn og geta verið tímabundin.

42. gr.

Kröfur til starfsmanna fjarskiptavirkja.

Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja að starfsmenn þeirra sem vinna við uppsetningu og viðhald almennra fjarskiptaneta hafi fengið nauðsynlega þjálfun. Þau skulu upplýsa starfsmenn sína um ákvæði þessara laga, einkum ákvæði um þagnarskyldu og vernd fjarskiptasendinga. Samgönguráðherra getur sett reglugerð um réttindi sem krafist er af þeim sem starfa við fjarskiptavirki.

XI. KAFLI

Leynd og vernd fjarskipta.

43. gr.

Þagnarskylda.

Allir sem starfa við fjarskiptavirki, hvort sem um er að ræða starfsmenn fjarskiptafyrirtækja eða aðra, skulu skyldugir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, til að halda leyndu fyrir óviðkomandi aðilum öllu því sem um fjarskiptavirkin fer, hvort sem um er að ræða efni skeyta eða samtala eða hvort fjarskipti hafa átt sér stað og á milli hverra.

Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti, önnur skjöl eða annála um sendingar sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

44. gr.

Vernd fjarskiptasendinga.

Enginn sem starfar við fjarskiptavirki, net eða þjónustu má skjóta undan skeytum, gögnum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til fjarskiptaflutnings eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum, táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

Sá aðili að símtali sem vill hljóðrita símtalið skal í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína.

XII. KAFLI

Sérstök ákvæði um þráðlaus fjarskipti.

45. gr.

Notkun tíðnirófs.

Póst- og fjarskiptastofnun skal stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins í samræmi við alþjóðlegar samþykktir þar að lútandi. Stofnunin skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið og veita upplýsingar um skipulag einstakra tíðnisviða eftir þörfum. Stofnunin heimilar einstaklingum eða lögaðilum notkun einstakra tíðna í samræmi við framangreint skipulag.

Heimilt er að áskilja að tíðnir verði teknar í notkun innan hæfilegs tíma ella falli heimildin niður. Heimild fyrir tíðninotkun skal bundin við nafn og framsal vera óheimilt.

Póst- og fjarskiptastofnun getur synjað um tíðniúthlutun fyrir almenn fjarskiptakerfi ef umsækjandi hefur ekki aflað nauðsynlegs leyfis til reksturs fjarskiptanets.

Heimild til notkunar tíðni má afturkalla ef mikilvægar forsendur fyrir heimildinni breytast eða bresta, t.d. vegna alþjóðlegra samþykktar sem Ísland er aðili að.

Samgönguráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulagningu og úthlutun tíðna.

46. gr.

Þráðlaus sendibúnaður.

Sendibúnað fyrir þráðlaus fjarskipti má aðeins hafa undir höndum, setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Þó má starfrækja þráðlausan búnað án sérstaks leyfis þegar hann er eingöngu notaður í sambandi við almenna fjarskiptabjónustu í tilteknu tíðnisviði. Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfisbréf fyrir notkun þráðlauss sendibúnaðar og skal leyfisbréfið vera tímabundið. Póst- og fjarskiptastofnun getur sameinað í einu leyfisbréfi mismunandi þráðlausan búnað á sama stað. Binda má leyfið skilyrðum, svo sem að því er varðar sendiafl, staðsetningu, bandbreidd, útbreiðslusvæði og tengingu við almenn fjarskiptanet. Leyfisbréf skulu gefin út á nafn eiganda búnaðarins og eru ekki framseljanleg. Eigandi búnaðar sem heimilar öðrum notkun hans ber fulla ábyrgð á starfrækslu búnaðarins. Leyfishafi sem selur þráðlausan búnað sem hann hefur fengið leyfisbréf fyrir eða afhendir hann öðrum varanlega ber ábyrgð á því að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um nýjan eiganda. Hinum nýja eiganda ber þegar í stað að sækja til stofnunarinnar um nýtt leyfisbréf.

Póst- og fjarskiptastofnun skal þegar í stað gera ráðstafanir til að stöðva starfrækslu þráðlausra senda sem ekki er leyfisbréf fyrir og ekki eru undanþegnir leyfissskyldu.

47. gr.

Fjarskiptabúnaður í farartækjum.

Íslensk skip, loftför og önnur farartæki skulu búin fjarskiptabúnaði í samræmi við alþjóðasamþykktir og reglugerðir sem samgönguráðherra setur. Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfisbréf fyrir þráðlausan búnað í farartækjum, sbr. 46. gr.

Fjarskiptabúnað í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum sem eru innan íslenskrar land- eða lofthelgi má aðeins nota í samræmi við íslensk lög og reglugerðir. Póst- og fjarskiptastofnun getur bannað notkun fjarskiptabúnaðar í erlendum farartækjum í íslenskri lögsögu ef notkunin telst andstæð íslenskum reglum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur Póst- og fjarskiptastofnun heimilað notkun búnaðar sem viðurkenndur er til notkunar á alþjóðavettvangi.

XIII. KAFLI

Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja.

48. gr.

Heimild til að leggja fjarskiptaleiðslur, eignarnám o.fl.

Nú er fjarskiptafyrirtæki nauðsynlegt að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land annars manns, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim, og er eiganda viðkomandi fasteignar þá skylt að heimila slíkt, enda komi fullar bætur fyrir. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna og mannvirkja um hvar leiðslur eru lagðar og skal þess gætt að sem minnst sé raskað hagsmunum eiganda viðkomandi eignar. Starfsmenn við fjarskiptavirki skulu gæta þess að valda eigendum og íbúum ekki meiri óþægindum en brýnustu nauðsyn ber til.

Nú verður tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum við lagningu fjarskiptavirkja eða viðhald þeirra, og ekki verður úr bætt, eða lagning fjarskiptavirkja leiðir til takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, og skal eigandi fjarskiptavirkis þá bæta tjónið. Náist ekki samkomulag um bótafjárhæð skal um ákvörðun bóta fara að lögum um framkvæmd eignarnáms.

Ef fjarskiptafyrirtæki er nauðsynlegt að tryggja sér land, lóð eða aðra eign í sambandi við lagningu eða rekstur almennra fjarskiptavirkja og samningum um kaup verður ekki við komið má samgönguráðherra heimila, að fenginni umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar, að

eign eða hluti hennar sé tekinn eignarnámi gegn endurgjaldi sem meta skal samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Samþykki ráðherra fyrir eignarnámi skal m.a. háð því að eignarnemi setji tryggingu fyrir greiðslu áætlaðra eignarnámsbóta og kostnaðar við matið. Nú fást eignarnámsbætur ekki greiddar hjá eignarnema, og skal ríkissjóður þá ábyrgjast greiðslu þeirra, enda hafi eignarnámsþoli staðið tilhlýðilega að innheimtu þeirra hjá eignarnema.

49. gr.

Vernd fjarskiptavirkja.

Þar sem fjarskiptavirki eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna.

Nú reynist nauðsynlegt vegna verklegra framkvæmda að flytja til eða breyta legu fjarskiptavirkja, og ber þá sá sem slíka framkvæmd annast allan kostnað sem af því kann að leiða, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflana á rekstri þeirra skal sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Er tjónvaldi jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllsta aðgæsla hefði verið sýnd.

Nú liggur fyrir að tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valda truflun á rekstri fjarskiptavirkis, og er fjarskiptafyrirtæki þá heimilt að krefjast úrbóta frá eiganda án tafar, en ella er fjarskiptafyrirtæki heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir truflun þá sem af þessu hlýst. Nú er truflun að þessu leyti að rekja til gáleysis eiganda viðkomandi búnaðar, og ber eiganda þá að greiða allan kostnað sem af úrbótum leiðir.

50. gr.

Takmörkun fjarskipta vegna truflana.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli ef fjarskiptavirkin trufla önnur fjarskipti eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

51. gr.

Aðgangur að aðstöðu í umráðum rekstrarleyfishafa.

Þegar rekstrarleyfishafi hefur rétt á að setja upp eða grafa niður fjarskiptavirki á afreittum, almenningum eða eignarlöndum, eða getur tekið land eignarnámi, sbr. 48. gr., skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa forgöngu um samnýtingu á aðstöðu eða landareign, einkum ef grunnkröfur koma í veg fyrir að önnur fjarskiptafyrirtæki geti fengið aðgang að samþæfilegri aðstöðu.

Aðilar skulu gera með sér samkomulag um samnýtingu. Náist samkomulag ekki innan tveggja mánaða getur annar hvor aðilinn óskað eftir íhlutun Póst- og fjarskiptastofnunar. Skulu þá gilda ákvæði 22. gr. um deilur um aðgang. Kostnaði við samnýtta aðstöðu skal Póst- og fjarskiptastofnun skipta á milli aðila. Taka skal hæfilegt tillit til stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar.

Í sérstökum tilfellum þegar um er að ræða sérstaka landfræðilega aðstöðu eða þegar umhverfissjónarmið réttlæta getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt fyrir um samnýtingu þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við.

52. gr.

Vernd sæstrengja.

Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Nú er tjóni valdið á fjarskiptastreng af ásetningi eða gáleysi, og skal þá sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi við lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa þetta til kynna skulu önnur skip sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að fjarlægja veiðarfæri sem í sjó liggja.

Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng, og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

53. gr.

Aðgerðir til verndar sæstrengjum, bátur o.fl.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi á það kröfu um skaðabætur frá eiganda strengjanna, enda hafi stjórnendur skipsins ekki stofnað til hættunnar af gáleysi.

Ef unnt er skulu skipverjar þegar færa til bókar skýrslu um tjónið sem staðfest skal af stjórnanda skipsins. Að auki skal eiganda sæstrengsins eða forsvarsmanni eiganda tilkynnt um atburðinn eins fljótt og kostur er.

XIV. KAFLI

Fjarskipti á hættutímum.

54. gr.

Stöðvun fjarskipta.

Á ófriðartímum getur samgönguráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem teljast hættuleg öryggi ríkisins.

Í neyðartilvikum, svo sem þegar um er að ræða eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð o.s.frv., getur samgönguráðherra að beiðni almannavarnaráðs mælt fyrir um takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti. Á sama hátt skal heimilt að mæla fyrir um að tiltekin fjarskiptavirki skuli notuð í þágu björgunaraðgerða og að sett skuli upp ný fjarskiptavirki. Komi endurgjald til greina greiðist það úr ríkissjóði samkvæmt mati.

XV. KAFLI

Ábyrgðartakmarkanir.

55. gr.

Þeim sem hefur leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets samkvæmt lögum þessum er heimilt í viðskiptaskilmálum sínum að undanþiggja sig bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptumeða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í sambandastöðvumeða annarra ástæðna. Slík ábyrgðartakmörkun er þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna rekstrarleyfishafa.

XVI. KAFLI
Viðurlög o.fl.
56. gr.

Heimild til rekstrarstöðvunar.

Póst- og fjarskiptastofnun má stöðva, fella úr gildi leyfi fyrir eða skilyrða starfsemi almenns fjarskiptanets og/eða almennrar fjarskiptaþjónustu uppfylli hún ekki skilyrði laga þessara eða leyfisbréfs eða þegar grunnkröfum er ekki fullnægt.

Starfi fjarskiptafyrirtæki eftir almennri heimild getur Póst- og fjarskiptastofnun tilkynnt því að það njóti ekki lengur almennrar heimildar og/eða gert fyrirtækinu að fara að settum skilyrðum.

Fari rekstrarleyfishafi ekki að þeim skilyrðum sem honum hafa verið sett getur Póst- og fjarskiptastofnun dregið leyfið til baka, breytt því eða fellt það tímabundið úr gildi eða beitt sérstökum aðgerðum til að tryggja að farið sé að skilyrðunum.

Fjarskiptafyrirtækinu skal gefinn kostur á að tjá sig um skilyrðin og framkvæma nauðsynlegar úrbætur innan mánaðar nema um endurtekið brot sé að ræða en þá getur stofnunarinn þegar í stað tekið lokaákvörðun. Geri fjarskiptafyrirtækið úrbætur innan tilskilins tíma skal stofnunarinn innan tveggja mánaða frá íhlutun sinni fella úr gildi eða breyta, eftir því sem við á, ákvörðun sinni og birta rökstuðning þar að lútandi. Geri fyrirtækið ekki úrbætur innan tilskilins tíma skal stofnunarinn innan tveggja mánaða frá íhlutun sinni staðfesta með rökstuðningi ákvörðun sína og tilkynna leyfishafa um hana.

57. gr.
Viðurlög.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð.

Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

Brot gegn XI. kafla laganna um leynd og vernd fjarskipta varða refsingu svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé slíkt brot framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

Tæki og hluti sem hafa verið flutt inn í heimildarleysi, smíðuð eða starfrækt má gera upp-tæk, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum.

Þegar fjarskiptafyrirtæki fer ekki að skilyrðum sem sett eru í leyfisveitingu eða starfar án heimildar getur Póst- og fjarskiptastofnun með úrskurði afturkallað, bætt við skilyrði eða frestað einstaklingsbundnu leyfi eða beitt dagsektum sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið.

58. gr.
Lögbundið gjaldsvæði.

Notkunargjald fyrir talsímaþjónustu hjá hverjum rekstrarleyfishafa fyrir sig skal vera hið sama alls staðar á landinu og skal innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil.

XVII. KAFLI
Gildistaka o.fl.
59. gr.

Almenn reglugerðarheimild.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála.

60. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Jafnframt falla úr gildi lög um fjarskipti, nr. 143 27. desember 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fjarskiptaleyfi sem eru í gildi við setningu laga þessara skulu halda gildi sínu í eitt ár frá gildistöku laganna, þó þannig að skilyrði í leyfinu sem eru andstæð ákvæðum laganna falla niður. Póst- og fjarskiptastofnun skal þá gefa út ný leyfisbréf til fjarskiptafyrirtækja.

II.

Rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild skal heimilað að færa fastagjöld fyrir talsíma til samræmis við kostnað að viðbætti hæfilegri álagningu. Kostnaðarreikningar fyrir talsímaþjónustu skulu lagðir fyrir Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en 1. mars 2000 og skal stofnunin með hliðsjón af kostnaði ákveða fastagjald fyrir síma sem taka skal gildi eigi síðar en 1. apríl 2000. Aðgangur að heimtaug skv. 20. gr. skal heimilaður sex mánuðum eftir að Póst- og fjarskiptastofnun hefur ákvarðað um fastagjöld fyrir talsíma til samræmis við kostnað og hæfilega álagningu.

III.

Ákvæði 21. gr. um innlenda reikisamninga skal taka gildi 1. janúar 2001.

IV.

Þar til tilskipun ráðsins og þingsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999, um þráðlausan fjarskiptabúnað og notendabúnað og gagnkvæma viðurkenningu á gerðarsamþykktum, hefur tekið gildi á Evrópska efnahagssvæðinu er heimilt að setja á markað notendabúnað sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur framkvæmt prófun á og viðurkennt í samræmi við staðla þrátt fyrir að hann beri ekki CE-merkingu.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG

um skráð trúfélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði um trúfélög.

1. gr.

Trúfrelsi.

Rétt eiga menn á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Eigi má þó fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Á sama hátt eiga menn rétt á að stofna félög um hvers konar kenningar og lífsskoðanir, þ.m.t. um trúleysi.

Eigi er skylt að tilkynna stjórnvöldum um stofnun eða starfsemi trúfélaga eða annarra félaga um lífsskoðanir.

Óheimilt er að taka upp nafn á trúfélag sem er svo líkt nafni annars trúfélags að misskilningi geti valdið.

II. KAFLI

Skráð trúfélög.

2. gr.

Skráning trúfélags.

Heimilt er að skrá trúfélög utan þjóðkirkjunnar. Með skráningunni fær trúfélag réttindi og skyldur sem lög ákveða. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast skráningu trúfélaga. Þegar trúfélag hefur verið skráð skal ráðuneytið láta því í té vottorð um skráninguna og auglýsa hana í Lögbirtingablaði. Réttaráhrif skráningar teljast frá birtingu tilkynningar í Lögbirtingablaði.

3. gr.

Almennt skilyrði skráningar.

Skilyrði fyrir skráningu trúfélags er að um sé að ræða félag sem leggur stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur.

Enn fremur er það skilyrði skráningar að félag hafi náð fótfestu, starfsemi þess sé virk og stöðug og að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem reglulega iðka trú sína í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um og eiga til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld.

4. gr.

Umsókn um skráningu.

Trúfélag sem óskar skráningar skal senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu umsókn um skráningu. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um:

1. nafn trúfélags og heimilisfang,
2. nákvæmt félagatal, þar sem fram koma nöfn, kennitölur og heimili félagsmanna,
3. trúarkenningar þess og tengsl þeirra við önnur trúarbrögð eða trúarhreyfingar,
4. lög félagsins og allar aðrar reglur sem kunna að gilda um ráðstöfun fjármuna félagsins,
5. nöfn stjórnarmanna og forstöðumanns,
6. starfsemi félagsins, svo sem reglulegt samkomuhald eða annað sem gefur til kynna að starfsemi þess sé stöðug og virk.

Ráðuneytið getur enn fremur, ef tilefni er til, óskað nánari upplýsinga um skipulag trúfélags, starfshætti, félagssvæði, skiptingu í söfnuði eða deildir ef því er að skipta.

Áður en trúfélag er skráð skal félagið tilnefna forstöðumann sem er ábyrgur gagnvart dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir því að farið sé að ákvæðum laga þessara. Umhæfi forstöðumanns gilda ákvæði 7. gr.

Áður en leyfi er veitt til skráningar trúfélags skal leita álits nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands og sá þriðji tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands.

5. gr.

Eftirlit með skráðu trúfélagi.

Skráð trúfélag skal árlega fyrir lok marsmánaðar senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skýrslu um starfsemi sína á næstliðnu ári og jafnframt gera grein fyrir breytingum sem orðið hafa á þeim atriðum sem upplýsingar ber að veita um í umsókn um skráningu. Sérstaklega skal gera grein fyrir breytingum á félagatali og ráðstöfun fjármuna félagsins.

Tilkynna skal ráðuneytinu þegar í stað um skipun, flutning og starfslok forstöðumanns og um tilnefningu nýs forstöðumanns.

6. gr.

Skráning felld úr gildi.

Ef skilyrði skráningar eru ekki lengur fyrir hendi eða trúfélag vanrækir skyldur sínar samkvæmt lögum skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita félaginu skriflega viðvörðun og setja því frest til að bæta úr því sem áfátt er. Skal fresturinn ekki vera skemmri en einn mánuður. Ef ekki er bætt úr því innan frestsins getur ráðherra ákveðið að fella skráningu trúfélags úr gildi. Áður en skráning er felld úr gildi skal gefa stjórn félags kost á að tjá sig um málið.

Þegar skráð trúfélag er lagt niður eða starfar af öðrum ástæðum ekki lengur sem skráð trúfélag er þeim sem annast vörslu embættisbóka, sem því er falið að færa, skylt að afhenda þær dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Embættisbækurnar skulu afhentar Þjóðskjalasafni til varðveislu eftir sömu reglum og gilda um önnur opinber gögn.

Ráðuneytið skal auglýsa niðurfellingu skráningar í Lögbirtingablaði og miðast réttaráhrif hennar við það.

7. gr.

Forstöðumenn skráðra trúfélaga.

Forstöðumaður skráðs trúfélags skal ekki vera yngri en 25 ára. Hann skal að öðru leyti fullnægja almennum hæfisskilyrðum til að gegna störfum á vegum hins opinbera, öðrum en þeim sem varða ríkisfang. Enn fremur er skilyrði að forstöðumaður eigi til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld.

Áður en forstöðumaður trúfélags tekur til starfa skal hann senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skriflega yfirlýsingu um að hann muni vinna af samviskusemi þau störf sem honum eru í því starfi falin samkvæmt lögum.

Forstöðumaður skal færa þær embættisbækur sem ráðuneytið fyrirskipar. Hann gefur jafnframt út fullgild embættisvottorð um það efni sem í embættisbækurnar er skráð og um þau embættisverk sem hann hefur unnið.

Forstöðumaður skráðs trúfélags er háður ábyrgð opinbers starfsmanns í framkvæmd þeirra starfa sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum laga. Vanræki hann skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga eða reglugerða settra samkvæmt þeim skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita honum skriflega viðvörðun og tilkynna það stjórn trúfélagsins. Ef ekki er bætt úr eða ef um mjög alvarlegt brot er að ræða getur ráðuneytið svipt hann rétti til að framkvæma þau störf sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum laga. Sama á við ef hann á annan hátt missir skilyrði til að gegna starfi forstöðumanns.

8. gr.

Aðild að skráðu trúfélagi.

Þeir sem eru orðnir 16 ára að aldri geta tekið ákvörðun um inngöngu í skráð trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi.

Barn skal frá fæðingu talið heyra til sama skráða trúfélags og móðir þess.

Það foreldri sem fer með forsjá barns tekur ákvörðun um inngöngu þess í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi. Ef foreldrar fara saman með forsjá barns taka þeir ákvörðun sameiginlega. Hafi barn náð 12 ára aldri skal leita álits þess um slíka ákvörðun.

Hafi forsjá barns verið falin öðrum en foreldrum á grundvelli laga tekur forsjáraðili ákvörðun um inngöngu þess í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi.

Enginn má samtímis heyra til þjóðkirkjunnar og skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar eða fleiri en einu skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Innganga og úrsögn úr skráðu trúfélagi og úrsögn úr þjóðkirkjunni.

Um inngöngu í og aðild að trúfélagi gilda þau ákvæði sem lög og samþykktir þeirra mæla fyrir um. Forstöðumaður sem í hlut á skal gæta þess að skilyrðum laga sé fullnægt og að sá sem leitar inngöngu heyri ekki samtímis til öðru skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunnar.

Úrsögn úr skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni skal beint skriflega eða með persónulegri tilkynningu til forstöðumanns sem í hlut á en hann skal gæta þess að skilyrðum laganna sé fullnægt.

Forstöðumaður skal skrá inngöngu í eða úrsögn úr trúfélagi og láta í té vottorð því til staðfestu.

Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu í og úrsögn úr trúfélagi ræður skráningu vegna sérstakra atriða í sambandi við aðild að félagi, svo sem álagningar opinberra gjalda, ræðst gildistími í þeim atriðum af lögmætri tilkynningu til þjóðskrár. Geta þeir sem hlut eiga að máli annast slíka tilkynningu með framvísun vottorðs skv. 3. mgr.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um starfsemi skráðra trúfélaga sem fengið hafa skráningu fyrir gildistöku þeirra.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá sama tíma falla úr gildi lög um trúfélög, nr. 18 30. apríl 1975.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað ártalsins „2000“ í fyrri og síðari málslíð ákvæðis til bráðabirgða við lögin, sbr. lög nr. 69/1996, kemur: 2001.

2. gr.

Lög þessi taka þegar í stað gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

Nr. 110

LÖG

28. desember 1999

um Póst- og fjarskiptastofnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Yfirstjórn o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum þessum og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla.

Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.

Starfsmenn.

Samgönguráðherra skipar forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn og stjórnar hann rekstri hennar. Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra.

3. gr.

Verkefni.

Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru:

1. Að veita rekstrarleyfi fyrir almenna fjarskiptaþjónustu og -net og setja skilyrði um almennar heimildir til að veita fjarskiptaþjónustu, hvort tveggja sundurliðað eftir þjón-

- ustu, í samræmi við lög um fjarskipti. Stofnunin setur skilyrði í rekstrarleyfum eftir því sem við getur átt innan þeirra marka sem fjarskiptalög segja til um.
2. Að veita leyfi til pósthjónustu samkvæmt lögum um pósthjónustu. Stofnunin setur skilyrði í rekstrarleyfum eftir því sem við getur átt innan marka laga um pósthjónustu.
 3. Að hafa eftirlit með því að rekstrarleyfishafar uppfylli og virði skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar og aðrar kvaðir sem almennum heimildum og rekstrarleyfum fylgja.
 4. Að skilgreina rekstrarleyfishafa sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild á póst- og fjarskiptamarkaði.
 5. Að hafa eftirlit með því að ákvæði laga um fjarskipti og laga um pósthjónustu, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, séu virt.
 6. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og ráðuneyti á sviði fjarskipta- og póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði fjarskipta- og póstmála. Skal Póst- og fjarskiptastofnun beina tilmælum um breytingar á lögum og reglugerðum til samgönguráðherra ef þess gerist þörf.
 7. Að annast auglýsingar og útboð á leyfum og rekstri þegar lög um fjarskipti og pósthjónustu kveða á um slíkt.
 8. Að gera áætlanir um notkun tíðnirófsins í samræmi við alþjóðlegar reglur og úthluta tíðnum til einstakra aðila og fyrir mismunandi þjónustu, þar með talið útvarpsþjónustu.
 9. Að setja reglur um tæknilega eiginleika kapalkerfa og hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt.
 10. Að hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum, gjaldskrám og bókhaldi fjarskiptafyrirtækja, póstrekinda og rekstrarleyfishafa, þar sem það á við.
 11. Að skilgreina, hafa umsjón með og ákvarða fjárframlög til alþjónustu.
 12. Að annast samningagerð fyrir hönd samgönguráðherra vegna sértækrar þjónustu, sbr. IV. kafla fjarskiptalaga.
 13. Að hafa eftirlit með fjarskiptabúnaði.
 14. Að setja reglur um númerakerfi fyrir fjarskiptaþjónustu, númeraflutning og réttindi notenda fjarskiptaþjónustu sem fengið hafa númer til afnota.
 15. Að hafa eftir þörfum milligöngu um sættir og úrskurða um samtengingu fjarskiptaneta og fylgjast með að lögum og reglum um samtengingu og opinn aðgang að netum sé framfylgt, samkvæmt lögum um fjarskipti.
 16. Að hafa eftirlit með þeim sem annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu við fjarskiptavirki.
 17. Að hafa eftirlit með sölu notendabúnaðar og þráðlauss búnaðar, þar með talið markaðs-eftirlit.
 18. Að taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði fjarskipta- og póstmála.
 19. Að gefa út öryggisvottorð fyrir fjarskiptabúnað þar sem þess er krafist samkvæmt lögum og reglugerðum.
 20. Að annast skráningu og halda skrá yfir póstrekindur og fjarskiptafyrirtæki.
 21. Að veita fyrirtækjum sem annast innheimtu reikninga fyrir erlend fjarskiptafyrirtæki viðurkenningu á að þau uppfylli skilyrði stofnunarinnar um greiðsluhæfi og tryggingar, fyrirkomulag starfseminnar og annað sem Alþjóðafjarskiptasambandið fer fram á.
 22. Annað sem lýtur að framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi.
- Póst- og fjarskiptastofnun skal framfylgja lögum um fjarskipti og pósthjónustu og tryggja að markmið laganna náist. Skal það gert m.a. með því að stuðla að samkeppni og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti í póst- og fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta. Stofn-

unin skal taka til meðferðar mál sem upp koma vegna starfsemi fjarskiptafyrirtækja, póstreka og rekstrarleyfishafa. Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun skulu setja sam-eiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póst- og fjarskiptamál og samkeppnislaga. Skulu reglur þessar birtar.

Forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar sem framkvæmd er með heimild í lögum þessum.

4. gr.

Eftirlit með leyfishöfum.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa, þar með talið fjárhagsstöðu, og skal fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, leyfisbréf eða ákvarðanir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Með leyfishöfum í lögum þessum er átt við þá sem veita fjarskiptaþjónustu eða reka fjarskiptanet samkvæmt almennum heimildum eða hafa rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fjarskipti og þá sem rekstrarleyfi hafa eða eru skráningarskyldir samkvæmt lögum um póstpjónustu.

5. gr.

Eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög.

Póst- og fjarskiptastofnun getur kafið þá sem stunda starfsemi sem fellur undir lög um fjarskipta- og póststarfsemi um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Í þessu sambandi er stofnuninni heimilt að krefjast þess að rekstrarleyfishafar láti henni í té ársreikninga, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður.

Póst- og fjarskiptastofnun getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun að fjárhagsstaða leyfishafa sé slík að hætta sé á að viðkomandi uppfylli ekki skyldur þær sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi eða almennum heimildum getur stofnunin krafist þess að bætt verði úr innan tiltekins frests.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað rekstrarleyfishafa og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum, lögum um fjarskipti, lögum um póstpjónustu eða reglum eða ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Vanræki leyfishafar skyldur sínar eða uppfylli ekki kröfur sem Póst- og fjarskiptastofnun gerir um úrbætur innan hæfilegs frests getur stofnunin svipt viðkomandi leyfi til fjarskipta- eða póstpjónustu eða tilkynnt fjarskiptafyrirtæki að það njóti ekki lengur almennrar heimildar, að undangenginni skriflegri viðvörun.

Póst- og fjarskiptastofnun skal gera ráðstafanir til að stöðva rekstur fjarskiptafyrirtækis eða póstreka sem starfar án heimildar eða uppfyllir ekki skilyrði laga og reglna um slíka starfsemi. Er heimilt að leggja á dagsektir í þessu skyni, sbr. 9. gr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar.

6. gr.

Þagnarskylda og samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um endurskoðendur og aðra sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Með gögn og aðrar upplýsingar, t.d. að því er varðar viðskiptahagsmuni sem stofnunin aflar við eftirlit eða af öðrum ástæðum, skal fara sem trúnaðarmál.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að birta tölfæðilegar upplýsingar um magn fjarskipta og pósts og skulu leyfishafar láta stofnuninni í té slíkar upplýsingar.

Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má veita eftirlitsstjórnvöldum í aðildarríkjum EES og Alþjóðaviðskiptastofnuninni upplýsingar sé það liður annaðhvort í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila eða við úrlausn einstakra mála og slík upplýsingagjöf er nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um skipti á upplýsingum við eftirlitsstjórnvöld hér á landi. Póst- og fjarskiptastofnun er því aðeins heimilt að veita eftirlitsstjórnvöldum upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein að sá sem upplýsingarnar fær sé háður sams konar þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt lögum þessum skal ekki vera því til fyrirstöðu að Póst- og fjarskiptastofnun gefi fulltrúum eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem fjalla um póst- og fjarskiptamál allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að skiptast á upplýsingum við sambærilegar stofnanir innan EES og samningsríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að því marki að ekki sé um trúnaðarupplýsingar að ræða.

7. gr.

Kvartanir.

Telji notandi fjarskipta- eða póstpjónustu, rekstrarleyfishafi eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta að fjarskiptafyrirtæki, póstrekendur eða rekstrarleyfishafar brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um póstpjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi, getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka.

Póst- og fjarskiptastofnun skal leita álits viðkomandi fjarskiptafyrirtækis, póstrekinda eða rekstrarleyfishafa á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila. Náist ekki samkomulag skal úr ágreiningi skorið með úrskurði.

8. gr.

Heimild til bráðabirgðaákvörðunar.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun nauðsynlegt að taka ákvörðun í einstökum málum án tafar, enda sé hætt á því að dráttur á úrskurði valdi aðilum máls fjártjóni, er stofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun.

Póst- og fjarskiptastofnun skal taka málið til umfjöllunar skv. 7. gr. innan sjö daga frá því að bráðabirgðaákvörðunin var tekin, ella fellur hún úr gildi.

9. gr.

Dagsektir og innheimta.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja á og innheimta dagsektir af leyfishöfum, uppfylli þeir ekki skilyrði sem þeim hafa verið sett eða aðrar kvaðir sem á þá hafa verið lagðar samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um pósthjónustu. Dagsektir nemi 50.000 til 500.000 kr. á dag. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför. Málskot til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

10. gr.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Skal kærán berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun eða úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar. Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara, allir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera endanlegir á stjórnsýslustigi. Nú vill aðili ekki una úrskurði nefndarinnar og getur hann þá borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Ákvörðun, eða úrskurður, Póst- og fjarskiptastofnunar verður ekki borin undir dómstóla fyrr en niðurstaða úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála liggur fyrir.

Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð o.fl. skal mælt fyrir í reglugerð.

11. gr.

Gjaldtaka o.fl.

Fyrir útgáfu rekstrarleyfisbréfa og skráningu fjarskiptafyrirtækja og póstrekinda greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Við útgáfu rekstrarleyfa til fjarskiptahjónustu eða reksturs fjarskiptaneta þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa, t.d. vegna takmarkaðs tíðnisviðs fyrir viðkomandi hjónustu og úthlutun tíðna fer fram eftir birtingu auglýsingar um fyrirhugaða úthlutun eða útboð, eða þegar tíðni er úthlutað á grundvelli útboðs til annarra nota en fjarskiptahjónustu, skal innheimta sérstakt gjald fyrir tíðnirnar. Gjaldið ákvarðast af kostnaði við úthlutunina eða með útboði þegar það á við.

Fyrir úthlutun símanúmera til rekstrarleyfishafa skal fyrir hvert úthlutað símanúmer taka árlegt gjald sem standi undir kostnaði Póst- og fjarskiptastofnunar við umfjöllun um númeramál og afgreiðslu þeirra. Til viðbótar skal tekið 200.000 kr. gjald fyrir fjögurra stafa númer og 1.000.000 kr. fyrir þriggja stafa númer.

Fjarskiptafyrirtæki, póstrekindur og rekstrarleyfishafar skulu árlega greiða Póst- og fjarskiptastofnun rekstrargjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert fjarskiptafyrirtæki, póstrekinda eða rekstrarleyfishafa að greiða samkvæmt reikningi kostnað við sérstakar kannanir sem stofnunin telur nauðsynlegar vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum.

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar sem henni er falið að veita samkvæmt lögum þessum, fjarskiptalögum og lögum um pósthjónustu.

Allar tekjur samkvæmt þessari grein, að undanteknu leyfisbréðagjaldi skv. 1. mgr., skulu renna óskiptar til Póst- og fjarskiptastofnunar sem annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

Álagning rekstrargjalds skv. 4. mgr. skal fara frameigi síðar en 15. janúar ár hvert. Póst- og fjarskiptastofnun skal gera eftirlitsskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi.

Rekstrargjald greiðist ársþriðjungslega með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. júní og eindagi 15. júní og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. október og eindagi 15. október.

Hefji fjarskiptafyrirtæki, póstrekkandi eða rekstrarleyfishafi starfsemi eftir að álagning fer fram skv. 8. mgr. skal leggja á hann rekstrargjald og miðast álagningin við næsta gjalddaga eftir útgáfu starfsleyfis. Skal fjárhæð gjaldsins taka mið af því hversu langur tími er eftir af rekstrarárinu, talið frá næsta gjalddaga. Greiðist gjaldið þá á þeim gjalddögum sem eftir eru. Séu allir gjalddagar liðnir skal ekki leggja á rekstrargjald vegna yfirstandandi rekstrarárs. Hætti fjarskiptafyrirtæki, póstrekkandi eða rekstrarleyfishafi starfsemi áður en rekstrargjald er að fullu greitt fellur niður sá hluti gjaldsins sem ekki er kominn í gjalddaga þegar starfsleyfi fellur úr gildi.

Sé rekstrargjald greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við vaxtalög.

Vanræki fjarskiptafyrirtæki, póstrekkandi eða rekstrarleyfishafi greiðslu rekstrargjalds er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að afturkalla starfsheimild fyrirtækisins.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að ákvarða álagningu rekstrargjalds að nýju fyrir tiltekna aðila reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar.

12. gr.

Skýrsla.

Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal m.a. greint frá útgefnum leyfum og birtur listi yfir fjarskiptafyrirtæki, póstrekkendur og rekstrarleyfishafa.

13. gr.

Reglugerðir.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

14. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Jafnframt falla úr gildi lög um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 147 27. desember 1996.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum, skulu tekjur af erfðafjárskatti árið 2000 umfram 235 millj. kr. renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

Nr. 112

28. desember 1999

LÖG

um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

1. gr.

5. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

2. gr.

1. málsl. 3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Ráðuneytið leitar umsagnar Bændasamtaka Íslands á hverri umsókn.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 46/1991, með síðari breytingum.

3. gr.

4. málsl. 4. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Upplýsingar úr skýrslum þessum skulu vera heimilar til afnota Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

IV. KAFLI

**Um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum,
nr. 99/1993, með síðari breytingum.**

4. gr.

Í stað orðanna „Framleiðsluráð landbúnaðarins“ og „Framleiðsluráð“ í 2. gr., 3. mgr. 11. gr., 24. gr., 26. gr., 4. mgr. 29. gr., b-lið 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 31. gr., 1. mgr. 45. gr., 3. mgr. 46. gr., 2. mgr. 47. gr., 1. mgr. 62. gr. og 2. mgr. 70. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Bændasamtök Íslands.

5. gr.

III. kafli laganna, **Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs**, 5. og 6. gr., fellur brott.

6. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd getur ákveðið að undanskilja einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13. gr. þegar samkeppni er að mati nefndarinnar næg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag.

7. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Bændasamtök Íslands annast verðskráningu þeirra búvara sem tekin er verðákvörðun um samkvæmt kafla þessum og auglýsa verðákvæðanir og viðmiðunarverð sem ákveðin eru samkvæmt kafla þessum.

8. gr.

4. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Áður en ráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum skal leita tillagna frá Bændasamtökum Íslands og samtökum þeirra afurðastöðva sem um ræðir.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. koma þrír nýir málslíðir sem orðast svo: Stjórn Bændasamtaka Íslands er heimilt að fela samtökum afurðastöðva verkefni samkvæmt þessum kafla. Skal það þá gert með sérstökum samningi sem skal staðfestur af ráðherra. Í slíkum samningi skal kveðið á um að samtök afurðastöðva lúti eftirliti Bændasamtaka Íslands við framkvæmd verkefnanna og að þau geri Bændasamtökum Íslands grein fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli samningsins.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Afurðastöð er skylt að halda verðskerðingargjaldi skv. 20. gr. eftir við uppgjör við framleiðanda og standa Bændasamtökum Íslands skil á því.

10. gr.

1. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Verðmiðlunargjöld, verðskerðingargjöld og verðjöfnunargjöld samkvæmt kafla þessum eru aðfararhæf.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Framleiðsluráð landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: Framkvæmdanefnd búvörusamninga.
- b. 7. mgr. fellur brott.

12. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:

Áður en reglugerðir um beitingu ákvæða þessa kafla eru gefnar út skal leitað tillagna Bændasamtaka Íslands og samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein.

13. gr.

2. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna orðast svo: Bændasamtök Íslands skulu halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því.

14. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtökum Íslands“ í 42. gr. laganna kemur: stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

- a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málslíður sem orðast svo: Bændasamtök Íslands skulu byggja áætlun fyrir komandi verðlagsár á upplýsingum frá afurðastöðvum.
- b. Í stað orðanna „Framleiðsluráðs landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: framkvæmdanefndar búvörusamninga.

16. gr.

2. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Bændasamtök Íslands skulu halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því.

17. gr.

Við 2. mgr. 47. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ákvörðun Bændasamtaka Íslands um staðfestingu eða synjun staðfestingar á aðilaskiptum með greiðslumark má skjóta til úrskurðarnefndar sem starfar skv. 42. gr.

18. gr.

50. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

Í stað orðanna „Framleiðsluráði landbúnaðarins“ í 3. mgr. 55. gr. laganna kemur: landbúnaðarráðuneytinu.

21. gr.

59. gr. laganna orðast svo:

Afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er heimilt að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara fyrir innlendan og erlendan markað. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

22. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Bændasamtök Íslands láta safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma. Þá skulu samtökin gera áætlanir um framleiðslu og sölu búvara.

Skýlt er öllum þeim er hafa með höndum vinnslu eða sölu búvara að láta samtökunum í té allar upplýsingar er þeim geta að gagni komið við störf þeirra og þeir geta veitt, þar með talið upplýsingar um verð búvöru til framleiðenda.

23. gr.

68. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997.

24. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Innheimta skal sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum og skal það nema 2,55% af gjaldstofni skv. 3. gr.

25. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt þannig, sbr. þó 4. mgr.:

	<i>Velta í nautgripa- og sauðfjárrækt</i>	<i>Önnur afurðavelta</i>
Til Búnaðarsjóðs	1,4% af stofni	1,75% af stofni
Til Lánasjóðs landbúnaðarins	1,150% af stofni	0,800% af stofni

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á töflu í viðauka við lögin:

- a. Í stað hlutfallstalnanna „0,125“ og „0,325“ í undirdálkinum BÍ kemur: 0,3, og: 0,5.
- b. Í stað hlutfallstölunnar „2,650“ í dálkinum Alls kemur: 2,550.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá þeim tíma taka Bændasamtök Íslands við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðni Ágústsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarþóklöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga þessara, sbr. 3.–6. gr., skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 490 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2000.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað ártalsins „2001“ í lokamálslið 6. gr. laganna kemur: 2003.

2. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi skulu gilda til 1. janúar árið 2002.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

**um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða,
nr. 55 10. júní 1998, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Um innflutning á sjávarafurðum frá Liechtenstein fer eins og um innflutning slíkra afurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 22. gr. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

3. gr.

Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: Fiskistofu.

4. gr.

Á eftir orðinu „framleiðendum“ í 1. mgr. 28. gr. laganna kemur: frystiskipum.

5. gr.

Í stað orðanna „Til og með 31. desember 1999“ í ákvæði til bráðabirgða í lögnum kemur: Til og með 30. júní 2001.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Árni M. Mathiesen.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist árið 2000 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórn er heimilt að víkja frá ákvæðum þessara laga um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verkvið byggingarfulltrúa í sérstakri samþykkt, sbr. 5. og 6. mgr. 37. gr., og að fenginni staðfestingu ráðherra.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

10. Þeir einstaklingar sem fengu útgefið eða áttu rétt á að fá útgefið meistarabréf fyrir 1. janúar 1989 og ekki hafa lokið meistaraskóla eiga rétt á löggildingu til að bera ábyrgð á verkframkvæmdum fyrir byggingarnefnd skv. 2. mgr. 52. gr., enda hafi þeir sótt námskeið sem umhverfisráðuneytið stendur fyrir í samvinnu við prófnefnd skipulags- og byggingarmála og Samtök iðnaðarins. Heimilt er að taka gjald vegna kostnaðar við námskeiðahald. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis en heimild þessi gildir til 1. júlí 2001.

11. Deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á grundvelli aðal-skipulags og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 gilda án tillits til þess hvort þær hafa verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða samþykktar af skipu-lagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þegar sótt er um byggingarleyfi í götureit eða reit þar sem framkvæmt hefur verið í verulegu ósamræmi við samþykkt deiliskipulag skal endurskoðun á deiliskipulagi fara fram áður en byggingarleyfisumsókn er afgreidd, enda sé um verulega framkvæmd að ræða. Að öðru leyti fer um málsmeðferð skv. 26. gr.
12. Samþykktir sem reynslusveitarfélög hafa sett sér með heimild í 16. gr. laga um reynslu-sveitarfélög, nr. 82/1994, halda gildi sínu til 1. mars 2000.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG

**um breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum
til þolenda afbrota, nr. 69 10. mars 1995.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar veigamikil rök mæla með má víkja frá skilyrðum 1. og 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 47. gr. laganna hljóðar svo: Að fyrir liggi samþykki barna jarðeiganda, 18 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

Nr. 120

22. desember 1999

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 125. löggjafarþings, frá 21. desember 1999 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 1. febrúar 2000.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.“

Alþingi samþykkti hinn 21. desember 1999 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 125. löggjafarþings, frestað hinn 21. desember 1999.

Forsætisráðuneytinu, 22. desember 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Ráðherra kveður á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir, nema á annan veg sé mælt í lögum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin lagaákvæði:

- a. Við 2. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, sbr. 10. gr. laga nr. 73/1996, bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og hljóðar svo:
Aðsetur sjóðsins skal vera í Borgarnesi, nema ráðherra ákveði annað.
- b. Við 1. gr. laga nr. 35/1982, um Blindrabókasafn Íslands, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Aðsetur Blindrabókasafns Íslands er í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
- c. Við 1. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Aðsetur stofnunarinnar er í Reykjavík, nema ráðherra ákveði annað.
- d. Við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. 148. gr. laga nr. 83/1997, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Veiðistjóraembættið hefur aðsetur á Akureyri, nema ráðherra ákveði annað.
- e. Við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Aðsetur Siglingastofnunar er í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
- f. Við 4. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Ríkislögreglustjóri hefur aðsetur í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
- g. Við 2. mgr. 1. gr. laga nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Stofnunin hefur aðsetur í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
- h. Við 1. gr. laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og hljóðar svo:
Verðlagsstofa skiptaverðs skal hafa aðsetur á Akureyri, nema ráðherra ákveði annað.
- i. Við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Aðsetur stofnunarinnar er í Reykjavík, nema ráðherra ákveði annað.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (umhverfisbrot).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

179. gr. laganna orðast svo:

Fangelsi allt að 4 árum skal sá sæta sem gerist sekur um meiri háttar brot gegn laga-
ákvæðum um verndun umhverfis með eftirfarandi verknaði:

1. Mengar loft, jörð, haf eða vatnasvæði þannig að af hlýst verulegt tjón á umhverfi eða veldur yfirvofandi hættu á slíku tjóni.
2. Geymir eða losar úrgang eða skaðleg efni þannig að af hlýst verulegt tjón á umhverfi eða veldur yfirvofandi hættu á slíku tjóni.
3. Veldur verulegu jarðraski þannig að landið breytir varanlega um svip eða spillir merkjum náttúruminjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 – 1999

31. desember 1999

257

Nr. 123

AUGLÝSING

**um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði
nr. 72 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra.**

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra, að Valgerður Sverrisdóttir fer með ráðherra-störf þau sem Finni Ingólfssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Forsætisráðuneytinu, 31. desember 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 20 – 1999

Nr. 124

258

28. desember 1999

FJÁRLÖG

fyrir árið 2000.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Efnisyfirlit

A-hluti	Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana	
	1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs.....	259
	2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs	260
B-hluti	Fjárreiður ríkisfyrirtækja	
	3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja.....	261
C-hluti	Fjárreiður lánastofnana	
	4. gr. Fjárreiður lánastofnana	262
Ýmis ákvæði		
	5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir	263
	6. gr. Skerðingarákvæði.....	265
	7. gr. Heimildir	266
Sundurliðanir		
	1. Tekjur A-hluta	273
	2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta.....	278
	– Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta.....	445
	3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta.....	452
	4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.....	463
Séryfirlit		
	1. Málaflokkar gjalda í A-hluta	477
	2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta.....	482
	3. Markaðar tekjur	483
	4. Lögbundin framlög	489

A-hluti

Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2000 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar- grunnur	Sjóðs- hreyfingar
Skatttekjur	189.200,0	182.896,0
Skattar á tekjur einstaklinga.....	41.120,0	39.595,0
Skattar á tekjur lögaðila.....	10.140,0	9.350,0
Tryggingagjöld.....	18.221,0	17.772,0
Eignarskattar.....	9.320,0	9.225,0
Virðisaukaskattur.....	69.020,0	66.680,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu.....	39.737,0	38.668,0
Skattar ótaldir annars staðar.....	1.642,0	1.606,0
Aðrar rekstrartekjur	15.638,3	12.792,3
Arðgreiðslur.....	2.948,0	2.948,0
Vaxtatekjur.....	7.995,0	5.155,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar.....	4.695,3	4.689,3
Sala eigna.....	4.216,0	4.216,0
Fjármagnstilfærslur.....	50,0	50,0
Fjárframlög.....	795,7	795,7
Tekjur samtals	209.900,0	200.750,0
Æðsta stjórn ríkisins.....	1.996,8	1.996,8
Forsætisráðuneyti.....	1.223,2	1.223,2
Menntamálaráðuneyti.....	21.699,2	21.699,2
Utanríkisráðuneyti.....	3.778,0	3.778,0
Landbúnaðarráðuneyti.....	8.971,4	8.971,4
Sjávarútvegsráðuneyti.....	2.453,2	2.453,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.....	10.891,5	10.891,5
Félagsmálaráðuneyti.....	11.201,8	11.225,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.....	73.667,1	73.642,1
Fjármálaráðuneyti.....	24.533,4	17.063,4
Samgönguráðuneyti.....	12.513,4	12.743,6
Iðnaðarráðuneyti.....	2.465,9	2.465,9
Viðskiptaráðuneyti.....	1.259,5	1.242,2
Hagstofa Íslands.....	336,7	336,7
Umhverfissráðuneyti.....	2.767,6	2.767,6
Vaxtagjöld ríkissjóðs.....	13.400,0	10.000,0
Gjöld samtals	193.158,7	182.500,6
Tekjujöfnuður	16.741,3	

A-hluti Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2000 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar

Tekjujöfnuður.....	16.741,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-376,0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-2.120,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-211,9
Handbært fé frá rekstri	14.033,4

Fjármunahreyfingar

Veitt stutt lán.....	-385,0
Veitt löng lán.....	-6.015,0
Afborganir veittra lána	6.900,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög.....	-300,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta.....	6.750,0

Fjármunahreyfingar samtals **6.950,0**

Hreinn lánsfjárfjöfnuður **20.983,4**

Fjármögnun

Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	5.000,0
Afborganir lána	-27.500,0

Fjármögnun samtals **-22.500,0**

Breyting á handbæru fé..... **-1.516,6**

B-hluti

Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2000 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár- festing	Lán- tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	324,0	0	10,0	0
Ríkisútvarpið.....	50,0	0	200,0	0
Þjóðleikhúsið.....	-25,0	0	0	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands.....	-46,0	0	0	0
Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli	330,0	410,0	10,0	0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	286,0	0	2.553,0	2.400,0
Ratsjárstofnun	0	0	6,0	0
Umsýslustofnun varnarmála	1,0	1,0	0	0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.....	3.018,0	3.120,0	60,0	0
Alþjóðaflugþjónustan.....	0	0	30,0	65,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-230,0	202,0	967,0	550,0
Samtals	3.708,0	3.733,0	3.836,0	3.015,0

C-hluti

Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2000 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár- festing	Lán- tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	729,0	3.215,0	23,0	3.000,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins.....	-43,0	0	0	0
Lánasjóður landbúnaðarins	5,0	1.600,0	0	1.500,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	522,0	0	0	0
Íbúðalánasjóður, húsbrefadeild	1.383,0	30.367,0	20,0	29.264,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	404,0	2.364,0	0	1.461,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán.....	39,0	1.960,0	0	2.373,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. -ríkis og -verkam..	-1.348,0	0	10,0	6.500,0
Hafnabótasjóður	-64,0	20,0	0	0
Ferðamálasjóður.....	6,0	150,0	0	100,0
Orkusjóður	-2,0	30,0	0	0
Byggðastofnun	290,0	1.600,0	0	1.800,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	635,0	150,0	10,0	0
Samtals	2.556,0	41.456,0	63,0	45.998,0

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 5.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.
2. Að endurlána allt að 6.015 m.kr. til eftirtalinna aðila:
 - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.000 m.kr.
 - 2.2 Rafmagnsveitur ríkisins allt að 550 m.kr.
 - 2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 65 m.kr.
 - 2.4 Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar allt að 2.400 m.kr.
3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2000 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í lið 3.1 til 3.8, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins:
 - 3.1 Landsvirkjun, allt að 11.800 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
 - 3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 29.264 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
 - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 1.461 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
 - 3.4 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum og eftirstöðva framkvæmdalána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 6.500 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
 - 3.5 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 2.373 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
 - 3.6 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.500 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
 - 3.7 Byggðastofnun, allt að 1.800 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
 - 3.8 Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála með áorðnum breytingum.

4. Ýmis ákvæði.

- 4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
- 4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs, sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.
- 4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
 - a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
 - b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
 - c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta, eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
- 4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði
Skerðingarákvæði

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.-6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 490 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2000.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 2000 umfram 235 m.kr. renna í ríkissjóð.
3. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 2000 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.
4. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skulu tekjur af brunavarnargjaldi umfram 87 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2000.

Ýmis ákvæði
Heimildir

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

- 1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknartækjum sem eru gefin vísindastofnunum eða keypt fyrir styrki.
- 1.2 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sæsímastreng. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- 1.3 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði sem keypt er í tengslum við stækkun og breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo og að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna í tengslum við framkvæmdirnar. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og virðisaukaskatt af vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdirnar og skal við ákvörðun um endurgreiðslu gjalda af vinnuvélunum höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við framkvæmdirnar.
- 1.4 Að endurgreiða Listahátíð í Reykjavík skatta og önnur opinber gjöld sem lögð eru á Listahátíð og renna í ríkissjóð eða til stofnana á vegum ríkisins.
- 1.5 Að endurgreiða sveitarfélögum allt að 20 m.kr. vegna kaupa þeirra á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða á árinu 2000, í samræmi við yfirlýsingu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 1996.
- 1.6 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af flotkví og öðrum búnaði sem þegar hefur verið fluttur til landsins eða verður fluttur til landsins vegna rannsókna á háhyrningi í Klettsvík, Vestmannaeyjum.
- 1.7 Að fella niður stimpilgjöld vegna veðsetningar Flugfélagsins Atlanta ehf. á flugvél sem ber einkennisstafina TF-ABT.

Sala húsnæðis

- 2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.
- 2.2 Að selja fasteignina Dreka Vog 16, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
- 2.3 Að selja kennsluhús Kennaraháskóla Íslands að Háuhlíð 9, Reykjavík, og verja andvirðinu til öflunar á öðru húsnæði fyrir skólann.
- 2.4 Að selja fasteignina Fáfnisnes 14, Reykjavík.
- 2.5 Að selja fasteignina Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
- 2.6 Að selja fasteignina Auðbrekku 10, Kópavogi, og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði fyrir sýslumannsembættið í Kópavogi.
- 2.7 Að selja fasteignina Auðbrekku 6, Kópavogi.

- 2.8 Að selja fasteignina Kópavogsbraut 19, Kópavogi, og verja andvirðinu til nýrrar starfsstöðvar Ríkisspítala að Eiríksgötu 5, Reykjavík.
- 2.9 Að selja húsnæði lögreglunnar í Keflavík, Hringbraut 130, Keflavík, og kaupa annað hentugra.
- 2.10 Að selja fasteignina Greniteig 6, Keflavík.
- 2.11 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Aðalgötu 7, Stykkishólmi.
- 2.12 Að selja húsnæði lögreglunnar að Nesvegi 3, Stykkishólmi.
- 2.13 Að selja geymsluhúsnæði embættis sýslumanns við Skúlagötu 10, Stykkishólmi.
- 2.14 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Öfundarfirði.
- 2.15 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði, og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar skólamannvirkja.
- 2.16 Að selja fasteignina að Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.
- 2.17 Að selja prestssetrið Hólabraut 1, Skagaströnd.
- 2.18 Að selja húsnæði lögreglunnar við Vesturgötu 17, Ólafsfirði, og kaupa annað hentugra.
- 2.19 Að selja fasteignir Ríkisútvarpsins að Ytri-Skjaldarvík, Glæsibæjarhreppi.
- 2.20 Að selja fasteignina Hrísalund 1b, Akureyri, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
- 2.21 Að selja prestsseturshúsið Laufási, Þingeyjarprófastsdæmi.
- 2.22 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
- 2.23 Að selja prestssetrið Ránarbraut 1, Grindavík.
- 2.24 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
- 2.25 Að selja fasteignina Tjarnarbraut 39a, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
- 2.26 Að selja fasteignina Tjarnarbraut 39b, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
- 2.27 Að selja fasteignina Tjarnarbraut 39c, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
- 2.28 Að selja eða semja við sveitarfélög eða ferðamálasamtök um yfirtöku á snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn.
- 2.29 Að selja prestssetrið Suðurbraut 27, Hofsósi.
- 2.30 Að selja prestssetrið Þykkvabæ, Rangárvallaprófastsdæmi.
- 2.31 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
- 2.32 Að selja flugafgreiðslu á Borgarfirði eystri, ásamt tækjageymslu.
- 2.33 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
- 2.34 Að selja Elliðaey á Breiðafirði. Undanskilinn er viti og tengdur búnaður ásamt aðgengi að vita.
- 2.35 Að selja eignir Siglingastofnunar Íslands við Svalvoga. Undanskilinn er viti og tengdur búnaður ásamt aðgengi að vita.
- 2.36 Að selja fasteign við Galtarvita. Undanskilinn er viti og aðgengi að honum.
- 2.37 Að selja Málmey í Skagafirði. Undanskilinn er viti og aðgengi að honum.
- 2.38 Að selja eignir Flugmálastjórnar við Nauthólsvík, Reykjavík.
- 2.39 Að selja íbúðablokk við Kópavogsbraut, Kópavogi, sem nú er nýtt fyrir fatlaða.
- 2.40 Að selja núverandi skrifstofuhúsnæði Ríkisspítalanna að Rauðarárstíg 31, Reykjavík.
- 2.41 Að hafa makaskipti á embættisbústaðnum Miðtúni 7 á Seyðisfirði og Múlavegi 53 á sama stað.

- 2.42 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.43 Að selja fasteignina Skólabrú 2, Reykjavík.

Sala eignarhluta í húsnæði

- 3.1 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í Laugalækjarskóla í Reykjavík og verja andvirðinu til uppbyggingar Kennaraháskóla Íslands.
3.2 Að selja geymsluhúsnæði Þjóðminjasafns Íslands við Dugguvog 12, Reykjavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Frostafold 14, Reykjavík.
3.4 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Sörlaskjól 64, Reykjavík.
3.5 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Höfðabakki 9, Reykjavík.
3.6 Að selja eignarhlut Íbúðalánasjóðs í fasteigninni Suðurlandsbraut 24, Reykjavík.
3.7 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.8 Að selja eignarhlut Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.9 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað að Urðargötu 17, Patreksfirði.
3.10 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Hvammstangabraut 13a, Hvammstanga.
3.11 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.12 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.13 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.14 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarður 4, Egilsstöðum, og verja andvirðinu til viðhalds og stofnkostnaðar skólamannvirkja.
3.15 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað við Laufás 4, Egilsstöðum, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.16 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað að Lagarási 16, Egilsstöðum.
3.17 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í læknisbústað að Þrúðvangi 22, Hellu, og verja andvirðinu til kaupa á hentugra húsnæði.
3.18 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.19 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólalahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.20 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.21 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólalahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.22 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Aðalstræti 26, Þingeyri, Ísafjarðarbæ, og verja andvirðinu til að ljúka byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar og dvalar- og hjúkrunarheimilis á sama stað.
3.23 Að selja eignarhlut ríkisins í Árholti 8, Húsavík.
3.24 Að selja fangageymslu að Hamrahlíð 26, Vopnafirði.

Sala lóða og jarða

- 4.1 Að selja spildur úr landi Tilraunastöðvar Háskóla Íslands á Keldum og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknnum.
- 4.2 Að selja hluta lands Kópavogshælis og verja andvirðinu til nýrrar starfsstöðvar Ríkisspítala að Eiríksgötu 5, Reykjavík.
- 4.3 Að selja landspildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
- 4.4 Að selja jörðina Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnes- og Hnappadals-sýslu.
- 4.5 Að selja jörðina Framnes, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.
- 4.6 Að selja jörðina Lyngholt, Bæjarhreppi, Strandasýslu.
- 4.7 Að selja jörðina Geitafell, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
- 4.8 Að selja jörðina Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
- 4.9 Að selja jörðina Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.
- 4.10 Að selja lóðina Glerá 3, Akureyri.
- 4.11 Að selja jörðina Stóru-Tungu, Bárðdælahreppi, Suður-Pingeyjarsýslu.
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Varanlegir rekstrarfjármunir	200,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	0,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Afborganir af teknum löngum lánum	50,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-50,0
Breyting á handbæru fé	250,0
Handbært fé í ársbyrjun	133,0
Handbært fé í árslok	383,0

22-973 Þjóðleikhúsið**Rekstraráætlun:**

Rekstrartekjur	120,0
Rekstrargjöld	520,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-3,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-403,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	378,0
Hagnaður (-tap)	-25,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-25,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	37,0
Handbært fé frá rekstri	12,0
Breyting á handbæru fé	12,0
Handbært fé í ársbyrjun	1,0
Handbært fé í árslok	13,0

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**Rekstraráætlun:**

Rekstrartekjur	42,0
Rekstrargjöld	387,1
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.	11,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi.	-334,1
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	164,0
Fengin framlög og óreglulegar tekjur.	124,1
Hagnaður (-tap).	-46,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-46,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	46,0
Handbært fé frá rekstri.	0,0
Breyting á handbæru fé	0,0
Handbært fé í ársbyrjun	0,5
Handbært fé í árslok.	0,5

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti**23-101 Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli****Rekstraráætlun:**

Rekstrartekjur	3.300,0
Rekstrargjöld	2.950,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	350,0
Veitt framlög og óregluleg gjöld	20,0
Hagnaður (-tap)	330,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	330,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	110,0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	-15,0
Handbært fé frá rekstri	425,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-10,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	410,0
Greidd lífeyrisskuldbinding	15,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-425,0
Breyting á handbæru fé	-10,0
Handbært fé í ársbyrjun	20,0
Handbært fé í árslok	10,0

23-114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar**Rekstraráætlun:**

Rekstrartekjur	754,0
Rekstrargjöld	395,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-249,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi.	110,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	176,0
Hagnaður (-tap)	286,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	286,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	152,0
Handbært fé frá rekstri.	438,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.553,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals.	-2.553,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Tekin löng lán	2.400,0
Afborganir af teknum löngum lánum	236,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	2.164,0
Breyting á handbæru fé	49,0
Handbært fé í ársbyrjun	68,0
Handbært fé í árslok	117,0

23-118 Ratsjárstofnun**Rekstraráætlun:**

Rekstrartekjur	910,0
Rekstrargjöld	910,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi.	0,0

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	23,0
Handbært fé frá rekstri.	23,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Varanlegir rekstrarfjármunir	6,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals.	-6,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Afborganir af teknum löngum lánum	17,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-17,0
Breyting á handbæru fé	0,0
Handbært fé í ársbyrjun	75,0
Handbært fé í árslok	75,0

23-121 Umsýslustofnun varnarmála**Rekstraráætlun:**

Rekstrartekjur	100,0
Rekstrargjöld	100,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.	1,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi.	1,0
Hagnaður (-tap)	1,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	1,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	3,5
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	-3,0
Handbært fé frá rekstri.	1,5
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	1,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-1,0
Breyting á handbæru fé	0,5
Handbært fé í ársbyrjun	4,0
Handbært fé í árslok.	4,5

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti**29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins****Rekstraráætlun:**

Rekstrartekjur	11.732,0
Rekstrargjöld	8.708,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-6,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	3.018,0
Hagnaður (-tap)	3.018,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	3.018,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	91,0
Handbært fé frá rekstri	3.109,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Varanlegir rekstrarfjármunir	60,0
Sala áhættufjármuna	3,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-57,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Afborganir af teknum löngum lánum	238,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	3.120,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-3.358,0
Breyting á handbæru fé	-306,0
Handbært fé í ársbyrjun	757,0
Handbært fé í árslok	451,0

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti**30-471 Alþjóðaflugþjónustan****Rekstraráætlun:**

Rekstrartekjur	1.439,7
Rekstrargjöld	1.515,4
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-75,7
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	75,7

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	80,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-10,0
Handbært fé frá rekstri	70,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Varanlegir rekstrarfjármunir	30,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-30,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Tekin löng lán	65,0
Afborganir af teknum löngum lánum	110,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-45,0
Breyting á handbæru fé	-5,0
Handbært fé í ársbyrjun	7,0
Handbært fé í árslok	2,0

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti**31-321 Rafmagnsveitur ríkisins****Rekstraráætlun:**

Rekstrartekjur	4.779,0
Rekstrargjöld	4.980,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-100,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	-301,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	111,0
Veitt framlög og óregluleg gjöld	40,0
Hagnaður (-tap)	-230,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-230,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	1.010,0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	20,0
Handbært fé frá rekstri	800,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Varanlegir rekstrarfjármunir	967,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-957,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Tekin löng lán	550,0
Afborganir af teknum löngum lánum	125,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	202,0
Greidd lífeyrisskuldbinding	40,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	183,0
Breyting á handbæru fé	26,0
Handbært fé í ársbyrjun	77,0
Handbært fé í árslok	103,0

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta**42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti****42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna****Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	2.150,0
Fjármagnsgjöld	2.250,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	850,0
Hreinar fjármunatekjur	-950,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.910,0
Aðrar rekstrartekjur	3,0
Önnur rekstrargjöld	234,0
Hagnaður (-tap)	729,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	729,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-150,0
Handbært fé frá rekstri	579,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Veitt löng lán	3.215,0
Afborganir af veittum löngum lánum	2.150,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	23,0
Lán til skólagjalda á markaðskjörum	90,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-1.178,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Tekin löng lán	3.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.350,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	650,0
Breyting á handbæru fé	51,0
Handbært fé í ársbyrjun	300,0
Handbært fé í árslok	351,0

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti**44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins****Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	13,0
Fjármagnsgjöld	3,5
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	2,5
Hreinar fjármunatekjur	7,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	170,0
Aðrar rekstrartekjur	30,0
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	-43,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-43,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	4,0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	-29,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Afborganir af veittum löngum lánum	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	5,0
Breyting á handbæru fé	-24,0
Handbært fé í ársbyrjun	187,0
Handbært fé í árslok	163,0

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins**Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	950,0
Fjármagnsgjöld	925,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	40,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	25,0
Hreinar fjármunatekjur	-40,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	150,0
Aðrar rekstrartekjur	15,0
Önnur rekstrargjöld	120,0
Hagnaður (-tap)	5,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	5,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	25,0
Handbært fé frá rekstri	30,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Veitt löng lán	1.600,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-600,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Tekin löng lán	1.500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	700,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	800,0
Breyting á handbæru fé	230,0
Handbært fé í ársbyrjun	20,0
Handbært fé í árslok	250,0

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	215,0
Fjármagnsgjöld	322,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-34,0
Hreinar fjármunatekjur	-73,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	650,0
Önnur rekstrargjöld	55,0
Hagnaður (-tap)	522,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	522,0
Handbært fé frá rekstri	522,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Afborganir af veittum löngum lánum	479,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals.	479,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Afborganir af teknum löngum lánum	1.046,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-1.046,0
Breyting á handbæru fé	-45,0
Handbært fé í ársbyrjun	264,0
Handbært fé í árslok	219,0

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti**47-201 Íbúðalánasjóður, húsbrefadeild****Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	15.037,0
Fjármagnsgjöld	13.143,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	67,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	215,0
Hreinar fjármunatekjur	1.612,0
Aðrar rekstrartekjur	92,0
Önnur rekstrargjöld	321,0
Hagnaður (-tap)	1.383,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	1.383,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	8.502,0
Handbært fé frá rekstri	9.885,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Veitt löng lán	30.367,0
Afborganir af veittum löngum lánum	4.332,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-26.055,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Tekin löng lán	29.264,0
Afborganir af teknum löngum lánum	12.245,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	17.019,0
Breyting á handbæru fé	849,0
Handbært fé í ársbyrjun	8.561,0
Handbært fé í árslok	9.410,0

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir**Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	555,0
Fjármagnsgjöld	253,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-2,0
Hreinar fjármunatekjur	304,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	100,0
Hagnaður (-tap)	404,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	404,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-569,0
Handbært fé frá rekstri	-165,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Veitt löng lán	2.364,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.054,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-1.310,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Tekin löng lán	1.461,0
Afborganir af teknum löngum lánum	12,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	1.449,0
Breyting á handbæru fé	-26,0
Handbært fé í ársbyrjun	39,0
Handbært fé í árslok	13,0

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán**Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	226,0
Fjármagnsgjöld	198,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-11,0
Hreinar fjármunatekjur	39,0
Hagnaður (-tap)	39,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	39,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-386,0
Handbært fé frá rekstri	-347,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Veitt löng lán	1.960,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-1.960,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Tekin löng lán	2.373,0
Afborganir af teknum löngum lánum	50,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	2.323,0
Breyting á handbæru fé	16,0
Handbært fé í ársbyrjun	29,0
Handbært fé í árslok	45,0

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna**Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	7.837,0
Fjármagnsgjöld	8.444,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	563,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	155,0
Hreinar fjármunatekjur	-1.325,0
Aðrar rekstrartekjur	248,0
Önnur rekstrargjöld	271,0
Hagnaður (-tap)	-1.348,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-1.348,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	151,0
Handbært fé frá rekstri	-1.197,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Afborganir af veittum löngum lánum	3.393,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Skyldusparnaður	139,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	3.244,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Tekin löng lán	6.500,0
Afborganir af teknum löngum lánum	8.732,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-2.232,0
Breyting á handbæru fé	-185,0
Handbært fé í ársbyrjun	328,0
Handbært fé í árslok	143,0

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti**50-335 Hafnabótasjóður****Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	47,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	11,0
Hreinar fjármunatekjur	36,0
Önnur rekstrargjöld	100,0
Hagnaður (-tap)	-64,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-64,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	6,0
Handbært fé frá rekstri	-58,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Veitt stutt lán, nettó	20,0
Veitt löng lán	20,0
Afborganir af veittum löngum lánum	29,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-11,0
Breyting á handbæru fé	-69,0
Handbært fé í ársbyrjun	237,0
Handbært fé í árslok	168,0

50-651 Ferðamálasjóður**Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	90,0
Fjármagnsgjöld	65,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	2,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	5,0
Hreinar fjármunatekjur	18,0
Aðrar rekstrartekjur	3,0
Önnur rekstrargjöld	15,0
Hagnaður (-tap)	6,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	6,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	5,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	10,0
Handbært fé frá rekstri	21,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Veitt löng lán	150,0
Afborganir af veittum löngum lánum	140,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-10,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Tekin löng lán	100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	64,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	36,0
Breyting á handbæru fé	47,0
Handbært fé í ársbyrjun	6,0
Handbært fé í árslok	53,0

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti**51-371 Orkusjóður****Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	7,4
Fjármagnsgjöld	4,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	6,0
Hreinar fjármunatekjur	-2,6
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	77,3
Önnur rekstrargjöld	76,7
Hagnaður (-tap)	-2,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-2,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	6,0

Handbært fé frá rekstri 4,0

Fjárfestingarhreyfingar

Veitt löng lán	30,0
Afborganir af veittum löngum lánum	16,0
Áhættufjármunir	-12,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-2,0

Fjármögnunarhreyfingar

Afborganir af teknum löngum lánum	0,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-0,5

Breyting á handbæru fé 1,5

Handbært fé í ársbyrjun	93,5
Handbært fé í árslok	95,0

51-411 Byggðastofnun**Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	640,0
Fjármagnsgjöld	400,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	15,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	150,0
Hreinar fjármunatekjur	75,0
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	502,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	307,0
Hagnaður (-tap)	290,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	290,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	180,0
Handbært fé frá rekstri.	470,0
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>	
Veitt löng lán	1.600,0
Afborganir af veittum löngum lánum	900,0
Áhættufjármunir	350,0
Viðskiptahreyfingar	20,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals.	-1.070,0
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>	
Tekin löng lán	1.800,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.200,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	600,0
Breyting á handbæru fé	0,0
Handbært fé í ársbyrjun	208,0
Handbært fé í árslok	208,0

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti**52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins****Rekstraráætlun:**

Fjármunatekjur	830,0
Fjármagnsgjöld	15,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	70,0
Hreinar fjármunatekjur	745,0
Önnur rekstrargjöld	110,0
Hagnaður (-tap)	635,0

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	635,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-4,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-95,0

Handbært fé frá rekstri 536,0

Fjárfestingarhreyfingar

Veitt löng lán	150,0
Afborganir af veittum löngum lánum	190,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Áhættufjármunir	600,0
Sala áhættufjármuna	180,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-390,0

Fjármögnunarhreyfingar

Veittir styrkir	150,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-150,0

Breyting á handbæru fé -4,0

Handbært fé í ársbyrjun	4.650,0
Handbært fé í árslok	4.646,0

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta**01. Almenn opinber þjónusta**

01.1 Opinber þjónusta

01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins 2.461,5

01.1.2 Fjármálastjórnsýsla 4.266,2

01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla 2.761,7

Samtals. 9.489,4

01.2 Erlend efnahagsaðstoð

01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd 457,7

Samtals. 457,7

01.3 Opinberar frumrannsóknir

01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum 182,6

01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum 133,1

Samtals. 315,7

01.4 Önnur almenn opinber þjónusta

01.4.2 Hagáætlanir og hagsýslugerð 456,3

01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta óta. 352,2

Samtals. 808,5**Almenn opinber þjónusta samtals 11.071,3****03. Löggæsla og öryggismál**

03.1 Löggæsla og brunavarnir

03.1.1 Löggæsla 5.060,2

03.1.2 Brunavarnir 87,0

Samtals. 5.147,2

03.2 Dómsstólar 1.096,9

03.3 Fangelsi 502,1

03.4 Önnur réttar- og öryggismál 2.183,4

Löggæsla og öryggismál samtals 8.929,6

m.kr.

04. Fræðslumál

04.1	Grunnskólastig	664,2
04.2	Framhaldsskólastig	
04.2.1	Almennt framhaldsskólastig	5.650,4
04.2.2	Sérskólastig	1.702,9
	Samtals	7.353,3
04.3	Æðra skólastig	
04.3.1	Háskólastig	7.456,1
	Samtals	7.456,1
04.4	Aðrir skólar, óta.	46,4
04.5	Námsaðstoð	344,2
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	614,7
	Fræðslumál samtals	16.478,9

05. Heilbrigðismál

05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
05.1.1	Almenn sjúkrahúsaþjónusta	25.062,8
05.1.2	Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	431,2
05.1.4	Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	7.624,2
	Samtals	33.118,2
05.2	Heilsugæsla	
05.2.1	Almenn heilsugæsla	6.799,4
05.2.2	Sérstæð heilsugæsla	195,0
05.2.3	Tannlæknisþjónusta	950,0
05.2.4	Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	765,0
	Samtals	8.709,4
05.4	Lyf og hjálpartæki	4.735,3
05.5	Heilbrigðisrannsóknir	181,4
05.6	Önnur heilbrigðismál	1.198,1
	Heilbrigðismál samtals	47.942,4

06. Almennatryggingar og velferðarmál

06.1	Almennatryggingar	
06.1.1	Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	2.260,0
06.1.3	Ellí-, örorku- og ekkjulífeyrir	21.966,3

m.kr.

06.1.4	Atvinnuleysisbætur	2.369,7
06.1.5	Fjölskyldu- og barnabætur	4.598,4
06.1.6	Önnur félagsleg aðstoð	4.385,0
	Samtals	35.579,4
06.2	Velferðarmál	
06.2.1	Barna- og unglingaheimili	487,2
06.2.3	Málefni fatlaðra	3.551,0
06.2.4	Önnur velferðarheimili	65,6
06.2.5	Velferðarþjónusta utan stofnana	122,2
06.2.6	Önnur velferðarþjónusta, óta.	854,5
	Samtals	5.080,5
	Almannatryggingar og velferðarmál samtals	40.659,9
07.	Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.1	Húsnæðismál	118,0
07.1.2	Skipulagsmál	1.009,1
	Samtals	1.127,1
07.3	Hreinsunarmál	
07.3.1	Almenn hreinsunarmál	450,0
07.3.2	Mengunarmál	162,8
	Samtals	612,8
	Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	1.739,9
08.	Menningarmál	
08.0	Menningarmál	
08.0.1	Æskulýðs-, íþrótt- og útivistarmál	221,4
08.0.2	Söfn, listir ofl.	2.765,8
08.0.3	Fjölmiðlar	1.813,5
08.0.4	Kirkjumál	2.958,0
08.0.5	Önnur menningarmál	69,5
	Samtals	7.828,2
	Menningarmál samtals	7.828,2

m.kr.

09. Eldsneytis- og orkumál

09.1	Eldsneytismál	485,0
09.2	Orkumál	
09.2.1	Raforkumál	1.009,3
09.2.3	Orkumál, óta	269,4
	Samtals	1.278,7
	Eldsneytis- og orkumál samtals	1.763,7

10. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál

10.1	Landbúnaðarmál	
10.1.1	Jarðræktarmál	369,8
10.1.3	Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	5.941,3
10.1.4	Framleiðnistarfsemi	749,7
10.1.5	Dýralæknisþjónusta	265,2
10.1.6	Farsóttarvarnir	52,0
10.1.7	Önnur landbúnaðarmál	917,7
	Samtals	8.295,7
10.2	Skógræktarmál	331,7
10.3	Sjávarútvegsmál	
10.3.3	Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	44,3
10.3.4	Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	1.730,9
10.3.7	Önnur sjávarútvegsmál	678,0
	Samtals	2.453,2

Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals **11.080,6**

11. Iðnaðarmál

11.2	Iðnaðarstarfsemi	515,3
11.3	Byggingarstarfsemi	62,8
	Iðnaðarmál samtals	578,1

12. Samgöngumál

12.1	Landsamgöngur	
12.1.1	Vega- og gatnagerð	8.807,0
	Samtals	8.807,0

m.kr.

12.2	Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2	Sjósamgöngur	837,7
	Samtals	837,7
12.4	Loftsamgöngur	
12.4.2	Önnur loftsamgöngumál	1.924,3
	Samtals	1.924,3
12.7	Önnur samgöngumál	978,3
	Samgöngumál samtals	12.547,3
13.	Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2	Ferðapjónusta	191,1
13.4	Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	1.922,9
13.5	Almenn launa- og atvinnumál	594,0
13.6	Önnur atvinnumál	652,0
	Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	3.360,0
14.	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1	Vaxta- og lántökukostnaður	13.403,8
14.0.2	Tilfærslur til annarra opinberra aðila	3.510,0
14.0.3	Önnur þjónusta	12.265,0
	Samtals	29.178,8
	Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	29.178,8
	Heildargjöld samtals	193.158,7

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2000

m.kr.

Rekstrargjöld

Laun	63.803,1
Önnur gjöld	30.613,2
Sértekjur	-10.357,3
Rekstrargjöld samtals	84.095,0

Rekstrar- og neyslutilfærslur

Lífeyristryggingar	18.780,0
Sjúkratryggingar	9.331,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.829,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	5.486,0
Vaxtabætur	4.180,0
Daggjaldastofnanir	3.870,5
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	3.755,0
Barnabætur	3.630,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.370,0
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.208,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.910,0
Ríkisútvarpið	1.625,0
Aðrar neyslu- og rekstartilfærslur	17.514,7
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	77.618,7

Fjármagnskostnaður	13.400,0
---------------------------------	-----------------

Viðhald

Vegagerðin	3.857,0
Annað	943,2
Viðhald samtals	4.800,2

Fjárfesting

Vegagerðin	4.590,0
Heilbrigðisstofnanir	1.411,5
Háskólar og framhaldsskólar	1.331,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	650,0
Flugvellir	583,0
Hafnaframkvæmdir	532,7
Ofanflóðasjóður	400,0
Annað	3.746,6
Fjárfesting samtals	13.244,8

Gjöld samtals	193.158,7
----------------------------	------------------

Séryfirlit 3
Markaðar tekjur 2000

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
02-201	Háskóli Íslands	
	Almanaksgjald	1,7
	Greitt úr ríkissjóði	1,7
02-319	Framhaldsskólar, almenn	
	Sveinsbréf.....	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
02-969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	
	Sérstakur eignaskattur, einstaklingar	188,0
	Sérstakur eignarskattur, lögaðilar	408,0
	Skerðing markaðra tekna	106,0
	Greitt úr ríkissjóði	330,0
	Viðskiptahreyfing.....	160,0
02-975	Menningarsjóður útvarpsstöðva	
	Menningarsjóðsgjald útvarpsstöðva.....	120,0
	Greitt úr ríkissjóði	120,0
02-982	Listir, framlög	
	Höfundarréttargjald	47,0
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir ..	1,0
	Fylgiréttargjald í Myndlistarsjóð Íslands	4,0
	Greitt úr ríkissjóði	52,0
03-611	Útflutningsráð Íslands	
	Markaðsgjald.....	176,0
	Greitt úr ríkissjóði	176,0
04-211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 1% á tollverð.....	3,6
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 2% á tollverð.....	3,6
	Greitt úr ríkissjóði	7,2
04-233	Yfirdýralæknir	
	Gjald vegna matvælaeftirlits Yfirdýralæknis.....	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	1,0

04-236	Aðfangaeftirlit ríkisins	
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum.....	0,6
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru	1,0
	Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu	2,6
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi.....	4,5
	Greitt úr ríkissjóði	8,7
04-801	Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	
	Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk.....	270,0
	Greitt úr ríkissjóði	270,0
04-818	Búnaðarsjóður	
	Hluti af búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu	183,0
	Greitt úr ríkissjóði	183,0
04-823	Lánasjóður landbúnaðarins	
	Hluti af búnaðargjaldi á búvöruframleiðslu	150,0
	Greitt úr ríkissjóði	150,0
04-824	Verðmiðlun landbúnaðarvara	
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins.....	112,3
	Greitt úr ríkissjóði	112,3
04-826	Stofnverndarsjóður búfjár	
	Stofnverndarsjóðsgjald búfjár	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	1,0
04-827	Fóðursjóður	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	340,0
	Greitt úr ríkissjóði	340,0
04-829	Útflutningsgjald á hross	
	Útflutningsgjald á hross, brúttó.....	16,0
	Greitt úr ríkissjóði	16,0
04-843	Fiskræktarsjóður	
	Gjald af skírum veiðitekjum veiðifélaga.....	6,7
	Gjald af óskírum tekjum vatnsaflstöðva	8,3
	Greitt úr ríkissjóði	15,0
05-204	Fiskistofa	
	Vinnsluleyfi.....	2,0
	Veiðieftirlitsgjald	150,3
	Veiðieftirlitsgjald vegna veiða utan lögsögu	32,5
	Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskípum	20,0
	Greitt úr ríkissjóði	204,8

05-211	Kvótaþing	
	Þóknun Kvótaþings fyrir skráningu á kvótatilboðum	16,0
	Greitt úr ríkissjóði	16,0
05-811	Þróunarsjóður sjávarútvegsins	
	Þróunarsjóðsgjald á skip	90,0
	Þróunarsjóðsgjald á aflamark	560,0
	Greitt úr ríkissjóði	650,0
06-303	Ríkislögreglustjóri	
	Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra	4,3
	Greitt úr ríkissjóði	4,3
06-311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	
	Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans í Reykjavík	11,8
	Greitt úr ríkissjóði	11,8
06-331	Umferðarráð	
	Umferðaröryggiseftirlitsgjald	38,5
	Greitt úr ríkissjóði	38,5
07-331	Vinnueftirlit ríkisins	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins	168,9
	Skráning vinnuvéla	0,9
	Greitt úr ríkissjóði	169,8
07-795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	
	Erfðafjárskattur	575,0
	Skerðing markaðra tekna	340,0
	Greitt úr ríkissjóði	235,0
07-982	Ábyrgðasjóður launa	
	Ábyrgðargjald vegna launa	141,0
	Greitt úr ríkissjóði	100,0
	Viðskiptahreyfing	41,0
07-984	Atvinnuleysistryggingasjóður	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	3.937,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.343,0
	Viðskiptahreyfing	1.594,0
07-987	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	
	Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	40,0
	Greitt úr ríkissjóði	26,7
	Viðskiptahreyfing	13,3

08-204	Lífeyristryggingar	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	13.463,0
	Greitt úr ríkissjóði	13.463,0
08-208	Slysatryggingar	
	Slysatryggingagjald á sjómannslaun	135,0
	Greitt úr ríkissjóði	135,0
08-385	Framkvæmdasjóður aldraðra	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	550,0
	Greitt úr ríkissjóði	550,0
08-395	Lyfjaeftirlit ríkisins	
	Lyfjaeftirlitsgjald	20,6
	Greitt úr ríkissjóði	20,6
08-396	Lyfjanefnd	
	Ýmis leyfi lyfjanefndar	34,3
	Skráning sérlyfja, samhliða lyfja og náttúrurlyfja	11,6
	Árgjald lyfja til Lyfjanefndar ríkisins	1,2
	Greitt úr ríkissjóði	47,1
08-621	Forvarnasjóður	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	53,4
	Greitt úr ríkissjóði	53,4
09-402	Fasteignamat ríkisins	
	Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	52,0
	Greitt úr ríkissjóði	52,0
10-211	Vegagerðin	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	5.655,0
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald	2.247,0
	Þungaskattur, fast árgjald	1.698,0
	Greitt úr ríkissjóði	9.389,0
	Viðskiptahreyfing	211,0
10-335	Siglingastofnun Íslands	
	Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	190,0
	Vitagjald	90,0
	Skipagjald	58,0
	Greitt úr ríkissjóði	338,0
10-471	Flugmálastjórn	
	Afgreiðslugjöld fyrir þjónustu loftferðaeftirlits	4,3
	Greitt úr ríkissjóði	4,3

10-472	Flugvellir	
	Flugvallargjald	654,0
	Greitt úr ríkissjóði	654,0
10-512	Póst- og fjarskiptastofnunin	
	Rekstrargjald vegna starfssemi á sviði póst- og fjarskipta.....	44,8
	Greitt úr ríkissjóði	44,8
11-245	Samtök iðnaðarins	
	Iðnaðarmálagjald.....	125,0
	Greitt úr ríkissjóði	125,0
11-299	Iðja og iðnaður, framlög	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	24,6
	Greitt úr ríkissjóði	24,6
12-190	Ýmis verkefni	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	3,5
	Greitt úr ríkissjóði	3,5
12-302	Löggildingarstofa	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	25,0
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Löggildingarstofu	85,0
	Greitt úr ríkissjóði	110,0
12-811	Flutningssjóður olíuvara	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur.	485,0
	Greitt úr ríkissjóði	485,0
12-821	Flutningssjóður sements	
	Flutningsjöfnunargjald af sementi	150,0
	Greitt úr ríkissjóði	150,0
14-210	Veiðistjóri	
	Gjald af veiðikorti	19,0
	Greitt úr ríkissjóði	19,0
14-213	Hreindýraráð	
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða	1,5
	Veiðileyfi hreindýraráðs	13,5
	Greitt úr ríkissjóði	15,0
14-221	Hollustuvernd ríkisins	
	Gjald vegna vinnslu starfsleyfa vegna mengunar	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	1,0

14-285	Spilliefnasjóður	
	Spilliefnagjald	162,8
	Greitt úr ríkissjóði	162,8
14-289	Endurvinnslan hf., skilagjald	
	Skilagjald á einnota umbúðir	450,0
	Greitt úr ríkissjóði	450,0
14-301	Skipulagsstofnun	
	Skipulagsgjald	116,0
	Greitt úr ríkissjóði	116,0
14-310	Landmælingar Íslands	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands	2,6
	Greitt úr ríkissjóði	2,6
14-321	Brunamálastofnun ríkisins	
	Brunavarnagjald	103,0
	Skerðing markaðra tekna	16,0
	Greitt úr ríkissjóði	87,0
14-381	Ofanflóðasjóður	
	Ofanflóðasjóðsgjald	500,0
	Greitt úr ríkissjóði	400,0
	Viðskiptahreyfing	100,0
	Heildartekjur	35.123,8
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	32.542,5
	Mismunur	2.581,3
	Þar af skerðing	462,0
	Þar af viðskiptahreyfingar	2.119,3

Séryfirlit 4
Lögbundin framlög 2000

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
02-978	Listasjóðir	
	Listamannalaun	164,5
	Greitt úr ríkissjóði	164,5
02-982	Listir, framlög	
	Rithöfundalaun	18,3
	Greitt úr ríkissjóði	18,3
06-705	Kirkjumálasjóður	
	Kirkjumálasjóður	130,1
	Greitt úr ríkissjóði	130,1
06-733	Kirkjugarðsgjöld	
	Kirkjugarðsgjöld	488,0
	Kirkjugarðssjóður	42,0
	Greitt úr ríkissjóði	530,0
06-735	Sóknargjöld	
	Sóknargjöld	1.294,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.294,0
06-736	Jöfnunarsjóður sókna	
	Jöfnunarsjóður sókna	213,0
	Greitt úr ríkissjóði	213,0
07-801	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	
	Lögbundið framlag	3.171,0
	Greitt úr ríkissjóði	3.171,0
08-399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	37,2
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	47,2
	Lögbundin framlög alls	5.568,1
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	5.568,1
	Mismunur, skerðing	0,0

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
 (L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um málefni aldraðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið og skilgreiningar.

Markmið.

1. gr.

Markmið þessara laga er að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanarþjónusta þegar hennar er þörf.

Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aldraður:* Sá sem náð hefur 67 ára aldri.
2. *Öldrunarmál:* Þau mál sem varða aldraða og eru undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Til þeirra teljast þeir þjónustuþættir sem aldraðir eiga rétt á samkvæmt lögum þessum og Framkvæmdasjóður aldraða.
3. *Vistunarmat aldraðra:* Faglegt, einstaklingsbundið mat á þörf fyrir vistun á stofnun.
4. *Starfssvæði þjónustuhóps aldraðra:* Umdæmi heilsugæslustöðva í læknishéruðum landsins samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.
5. *Vismannaráð:* Kjörnir fulltrúar íbúa stofnunar mynda vismannaráð.

II. KAFLI

Stjórn öldrunarmála og skipulag öldrunarþjónustu.

Yfirstjórn.

3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal annast stefnumótun og áætlanagerð fyrir landið í heild um málefni aldraðra og hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Jafnframt skal ráðuneytið beita sér fyrir almennri umræðu og kynningu á stöðu og valkostum aldraðra.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra.

4. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi eldri borgara, einn af Öldrunarráði Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir skulu skipaðir án tilnefningar, þar af skal annar hafa faglega þekkingu á málefnum aldraðra. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Sérstakur starfsmaður öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu skal vera ritari samstarfsnefndar um málefni aldraðra.

5. gr.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra skal hafa eftirtalin verkefni:

1. Að vera heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra.
2. Að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra.
3. Að stjórna Framkvæmdasjóði aldraðra og gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum, sbr. 9. og 11. gr.

Þjónustuhópur aldraðra.

6. gr.

Í hverju heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skal starfa þjónustuhópur aldraðra. Sveitarfélög geta sameinast um þjónustuhóp aldraðra sé það talið hagkvæmt.

Kostnaður af starfi þjónustuhóps aldraðra greiðist af sveitarfélögum á starfssvæði hans í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

7. gr.

Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnið lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu, samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og tveir fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar.

Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.

8. gr.

Þjónustuhópur aldraðra skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
 2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
 3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
 4. Að meta vistunarþörf aldraðra, sbr. 14. og 15. gr.
- Þjónustuhópurinn skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi markmið laganna, sbr. 1. gr.

III. KAFLI

Framkvæmdasjóður aldraðra.

9. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt.

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra skal varið til að styrkja:

1. Byggingu þjónustumiðstöðva og dagvista, sbr. 13. gr., og byggingu stofnana fyrir aldraða, sbr. 14. gr.
2. Nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða.
3. Sveitarfélög og heilsugæslustöðvar til að þróa skipulagða heimaþjónustu fyrir aldraða.
4. Rekstur stofnanarþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum, sbr. 14. gr.

5. Rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum.
6. Önnur verkefni sem eru í samræmi við markmið laganna.

Um framkvæmdir skv. 2. mgr. fer, eftir því sem við á, samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda.

10. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 4.065 kr. á hvern gjaldanda og kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur 701.594 kr. eða lægri upphæð á tekjuárinu 1997. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. A-lið 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af þeimelli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Við álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um álagningu og innheimtu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Í stað tíu gjalddaga skal þó gjalddagi vera einn, 1. ágúst ár hvert. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst færist gjalddagi til 1. dags næsta mánaðar eftir framlagningu álagningarskrár.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra skulu einnig vera frjáls framlög, aðrar tekjur er til kunna að falla og vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi tekna sjóðsins á því ári.

11. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra annast stjórn sjóðsins, sbr. 3. tölul. 5. gr. Þegar nefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í henni.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra gerir árlega tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úthlutun.

12. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra og setur honum jafnframt starfsreglur.

IV. KAFLI

Öldrunarþjónusta.

Opin öldrunarþjónusta.

13. gr.

Til opinna öldrunarþjónustu samkvæmt lögum þessum telst:

1. Heimaþjónusta veitt öldruðum sem búa heima. Þjónustan skal miðast við einstaklingsbundið mat á þjónustubörf og byggjast á hjálp til sjálfshjálp. Þjónustan er tvíþætt. Annars vegar er heilbrigðisþáttur heimaþjónustu sem er í höndum starfsfólks heilsgæslustöðva, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Hins vegar er félagslegur þáttur heimaþjónustu viðkomandi sveitarfélaga eða aðila sem sveitarfélög semja við, sbr. lög um fé-

lagsþjónustu sveitarfélaga. Veita skal heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar þegar þess er þörf. Leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldraða að leiðarljósi.

2. Þjónustumiðstöðvar aldraða sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta.
3. Dagvist aldraða sem er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagvist aldraða skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Um framkvæmda- og rekstrarleyfi fyrir dagvist aldraða fer skv. 16. og 17. gr.
4. Þjónustuíbúðir aldraða sem geta verið sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir. Áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða hefst ber að afla framkvæmdaleyfis hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 16. gr. Í þjónustuíbúð fyrir aldraða skal vera öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti og þrifum, og aðgangur að félagsstarfi. Um greiðslu fyrir veitta þjónustu fer skv. 20. gr. Íbúar þjónustuíbúða skulu eiga rétt á sömu heima- og vaktþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins.

Stofnanir fyrir aldraða.

14. gr.

Stofnanir fyrir aldraða samkvæmt lögum þessum eru:

1. Dvalarheimili, sambýli og íbúðir, sérhannað fyrir þarfir aldraða sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Á stofnunum þessum skal vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félags- og tómstundastarfi. Aðstaða skal vera fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraða og skal byggjast á hjálpi til sjálfshjálpar.
2. Hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum, sambýlum eða í sérhönnuðum íbúðum, sbr. 1. tölul. Þar skal veitt hjúkrunar- og læknisþjónusta og vera endurhæfing. Sérstök aðstaða skal vera fyrir aldraða með heilabilunareinkennum. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum hins aldraða. Möguleiki skal vera á að einstaklingar geti komið þar til skammtíavistunar, sé þess þörf. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og að sem flestir íbúar hafi eigið herbergi.

Um framkvæmda- og rekstrarleyfi fyrir stofnanir skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. fer skv. 16. og 17. gr.

Vistunarmat.

15. gr.

Stjórn dagvistar, sbr. 3. tölul. 13. gr., tekur ákvörðun um dagvistun og ásamt stjórn stofnunar fyrir aldraða, sbr. 14. gr., um vistun fólks á viðkomandi stofnun enda hafi öðrum skilyrðum þessarar greinar verið fullnægt.

Engan má vista til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Mat á vistunarþörf skal að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraða.

Hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skal meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun eða fyrir önnur úrræði.

Í reglugerð skal setja ákvæði um vistunarmat og framkvæmd þess.

Framkvæmdaleyfi.

16. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. 3. tölul. 13. gr. eða stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. skal afla framkvæmdaleyfis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða hefst skv. 4. tölul. 13. gr. ber að afla framkvæmdaleyfis hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Sama á við um eldra húsnæði sem tekið er til slíkra nota. Gildir þetta jafnt um framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og á frjáls-um markaði. Enn fremur skal afla samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á teikningum áður en framkvæmdir hefjast og skýra ráðuneytinu frá því hver muni bera ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu.

Beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir dagvist eða stofnun fyrir aldraða skulu fylgja upplýsingar um verkvið stofnunar og staðsetningu, svo og uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og afstöðu til nágreinnis ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skal fylgja greinargerð um eigendur og fjárhag þeirra. Beiðninni skal og fylgja umsögn þjónustuhóps aldraðra á því starfssvæði þar sem stofnunin mun verða.

Sama gildir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi stofnunar fyrir aldraða.

Áður en ráðherra heimilar framkvæmdir skal umsóknin send til umsagnar samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Ef um hjúkrunarrými er að ræða skal umsóknin einnig send til umsagnar landlæknis og viðkomandi héraðslæknis.

Rekstrarleyfi.

17. gr.

Áður en rekstur dagvistar skv. 3. tölul. 13. gr. og stofnunar fyrir aldraða skv. 14. gr. getur hafist skal sækja um rekstrarleyfi hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Umsókn um rekstrarleyfi skal fylgja greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhag þeirra og skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna.

Ráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt, sbr. og lög um heilbrigðisþjónustu.

Stjórn stofnana.

18. gr.

Eigendur stofnana fyrir aldraða, sbr. 14. gr., skipa stjórn stofnunarinnar.

Sé stofnunin í beinum starfstengslum við sjúkrahús gilda um stjórn stofnunar ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu.

Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar stofnunar fyrir aldraða með málfrelsi og tillögurétti. Sama gildir um vistmannaráð.

V. KAFLI

Kostnaður við öldrunarþjónustu.

19. gr.

Þeir sem þjónustu dagvistar njóta skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni að hámarki sem nemur óskertum grunnlífeyri einstaklings samkvæmt almannatryggingalögum. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna dagvistar af Tryggingastofnun ríkisins.

20. gr.

Íbúar í þjónustuíbúðum, sbr. 4. tölul. 13. gr., greiða sjálfir þá þjónustu sem þar er veitt, aðra en heimaþjónustu, sbr. 24. gr., samkvæmt ákvörðun rekstraraðila.

21. gr.

Dvalarkostnaður á stofnunum fyrir aldraða skv. 14. gr. greiðist af Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 22. gr.

Með dvalarkostnaði á stofnun fyrir aldraða er átt við daggjald eins og það er ákveðið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

22. gr.

Vistmenn, sem hafa tekjur umfram 30.386 kr. á mánuði, skulu taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 14. gr.

Með tekjum sínum, sem eru umfram 30.386 kr. á mánuði, skal vistmaður greiða dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu leyti.

Setja skal reglugerð með nánari ákvæðum um þátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar, m.a. um hækkun viðmiðunartekna.

23. gr.

Vistmaður á stofnun fyrir aldraða, sbr. 14. gr., sem ekki hefur aðrar tekjur en batur almannatrygginga, fær ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. lög um almannatryggingar.

24. gr.

Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skiptist þannig að sveitarfélög bera kostnað af félagslegum þætti hennar en ríkissjóður af heilbrigðisþættinum.

Sveitarstjórnir geta ákveðið greiðsluþátttöku einstaklinga í þeirri heimaþjónustu sem þær veita, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Undanþegnir gjaldskyldu vegna heimaþjónustu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu samkvæmt almannatryggingalögum.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

25. gr.

Þær stofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra.

26. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um húsnæði, búnað stofnana fyrir aldraða og aðbúnað og þjónustu fyrir vistmenn, svo og starfsfólk stofnana eftir starfsemi þeirra.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 82/1989, um málefni aldraðra.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um skattfrelsi norrænna verðlauna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtalin norræn verðlaun skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari:

1. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.
2. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.
3. Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.
4. Norrænu leikskáldaverðlaunin.
5. Nóbelsverðlaunin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, með síðari breytingum.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

Nr. 127

31. desember 1999

LÖG

um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu tekjur af brunavarnagjaldi umfram 87 millj. kr. renna í ríkissjóð á árinu 2000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir

LÖG

um breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Aðilar sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína skulu hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um slíka þjónustu ásamt upplýsingum um kostnað tengdan viðskiptunum og skilyrði fyrir yfirfærslu fjármuna, tímamörk sem áskilin eru til þess að ljúka yfirfærslum, kostnað við yfirfærslur, gengisskráningu sem miðað er við og um úrræði sem viðskiptamaður hefur telji hann ástæðu til þess að kvarta yfir viðskiptunum. Aðilar sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa fyrir viðskiptamenn sína, eða móttöku yfirfærslu, skulu veita þeim skriflegar upplýsingar þar sem fram kemur staðfesting á að yfirfærsla hafi átt sér stað, fjárhæð yfirfærslunnar, kostnaður við hana og hver eigi að bera hann, svo og yfirfærslugengi, eigi slíkt við.

Með viðskiptamönnum er bæði átt við einstaklinga eða lögaðila sem leggja fram beiðni um yfirfærslu og einstaklinga eða lögaðila sem lokamóttakendur yfirfærslunnar. Með viðskiptamönnum er hins vegar ekki átt við aðila sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína, lánastofnun, váttryggingafélag, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða verðbréfasjóð.

Heimilt er að veita upplýsingar þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. með rafrænum hætti.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

a. (11. gr.)

Nú óskar viðskiptamaður eftir því að aðili sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa skuldbindi sig til að ljúka tiltekinni yfirfærslu innan ákveðinna tímamarka gegn ákveðnu gjaldi og skal aðilinn þá verða við þeirri ósk nema hann ákveði að hafna viðskiptunum. Skuldbindingin tekur ekki til yfirfærslugengisins.

Greitt úr ríkissjóði 570,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Stofnkostnaður:

6.70 Hafnamannvirki 28,0

6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði 5,3

6.76 Ferjubryggjur 14,7

Stofnkostnaður samtals 48,0

Gjöld samtals 48,0

m.kr.

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 48,0

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:

1.01 Flugmálastjórn 8,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 8,0

10-472 Flugvellir

Stofnkostnaður:

6.80 Flugvellir, framkvæmdir 30,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 30,0

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:

1.01 Rannsóknanefnd flugslysa 3,4

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 3,4

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:

1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin 6,4

Fjármögnun:

Viðskiptahreyfingar 6,4

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:

1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994 10,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 10,0

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	711,6
Greitt úr ríkissjóði	705,2
Innheimt af ríkistekjum	0,0
Viðskiptahreyfingar	6,4

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn 3,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 3,7

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:

1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 40,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 40,0

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:

1.03 Orkurannsóknir 2,0

Stofnkostnaður:

6.01 Tæki og búnaður 7,3

Gjöld samtals 9,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 9,3

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:

1.18 Hitaveitur á köldum svæðum 45,0

1.21 Nýskipan orkumála 4,0

Almennur rekstur samtals 49,0

Gjöld samtals 49,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 49,0

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	102,0
Greitt úr ríkissjóði	102,0
Innheimt af ríkistekjum	0,0
Viðskiptahreyfingar	0,0

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn 6,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 6,0

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:

1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál 18,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 18,5

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:

1.01 Samkeppnisstofnun 1,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 1,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	25,5
Greitt úr ríkissjóði	25,5
Innheimt af ríkistekjum	0,0
Viðskiptahreyfingar	0,0

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	2,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,8
Gjöld samtals	8,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,1

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	13,1
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	4,5
Almennur rekstur samtals	17,6
Gjöld samtals	17,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,6

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Stofnkostnaður:	
6.02 Gestastofa í Skaftafelli	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðistjóri	3,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,5

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Hollustuvernd ríkisins 9,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 9,5

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:

1.01 Skipulagsstofnun 26,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 26,8

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Landmælingar Íslands 7,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 7,0

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:

1.02 Setur í Reykjavík 1,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 1,0

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:

1.01 Almenn starfsemi 2,7

Stofnkostnaður:

6.01 Tæki og búnaður 2,4

Gjöld samtals 5,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 5,1

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	93,6
Greitt úr ríkissjóði	93,6
Innheimt af ríkistekjum	0,0
Viðskiptahreyfingar	0,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs**19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**

Almennur rekstur:

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs -420,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði -20,0

Viðskiptahreyfingar -400,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur -420,0**Greitt úr ríkissjóði -20,0****Innheimt af ríkistekjum 0,0****Viðskiptahreyfingar -400,0**

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta**01. Almenn opinber þjónusta**

01.1	Opinber þjónusta	
01.1.1	Æðsta stjórnssýsla ríkisins	409,8
01.1.2	Fjármálastjórnssýsla	179,6
01.1.3	Utanríkisstjórnssýsla	217,6
	Samtals	807,0
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
01.2.1	Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	11,0
	Samtals	11,0
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
01.3.1	Frumrannsóknir í raunvísindum	1,0
01.3.2	Frumrannsóknir í hugvísindum	9,0
	Samtals	10,0
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
01.4.3	Önnur almenn opinber þjónusta óta.	180,6
	Samtals	180,6
	Almenn opinber þjónusta samtals	1.008,6

03. Löggæsla og öryggismál

03.1	Löggæsla og brunavarnir	
03.1.1	Löggæsla	342,3
	Samtals	342,3
03.2	Dómstólar	56,8
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	116,2
	Löggæsla og öryggismál samtals	515,3

04. Fræðslumál

04.1	Grunnskólastig	4,0
04.2	Framhaldsskólastig	
04.2.1	Almennt framhaldsskólastig.	301,0

	m.kr.
04.2.2 Sérskólastig	123,2
Samtals	424,2
04.3 Æðra skólastig	
04.3.1 Háskólastig	502,4
Samtals	502,4
04.6 Önnur fræðslumál, óta.	30,0
Fræðslumál samtals	960,6
 05. Heilbrigðismál	
05.1 Sjúkrahúsaþjónusta	
05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	4.133,5
05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	51,2
05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	809,7
Samtals	4.994,4
05.2 Heilsugæsla	
05.2.1 Almenn heilsugæsla	829,4
05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	19,0
05.2.3 Tannlæknisþjónusta	90,0
05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	120,0
Samtals	1.058,4
05.4 Lyf og hjálpartæki	655,8
05.5 Heilbrigðisrannsóknir	9,5
05.6 Önnur heilbrigðismál	137,2
Heilbrigðismál samtals	6.855,3
 06. Almannatryggingar og velferðarmál	
06.1 Almannatryggingar	
06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	20,0
06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	-160,0
06.1.4 Atvinnuleysisbætur	-350,0
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	-60,0
06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	-313,6
Samtals	-863,6

m.kr.

06.2 Velferðarmál	
06.2.1 Barna- og unglingaheimili	42,5
06.2.3 Málefni fatlaðra	42,3
06.2.4 Önnur velferðarheimili	12,0
06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	12,1
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta, óta	163,2
Samtals	272,1
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	-591,5
 07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.2 Skipulagsmál	110,0
Samtals	110,0
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	110,0
 08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.1 Æskulýðs-, íþrótt- og útivistarmál	10,0
08.0.2 Söfn, listir ofl.	50,5
08.0.4 Kirkjumál	219,8
08.0.5 Önnur menningarmál	16,0
Samtals	296,3
Menningarmál samtals	296,3
 09. Eldsneytis- og orkumál	
09.2 Orkumál	
09.2.3 Orkumál, óta	58,3
Samtals	58,3
Eldsneytis- og orkumál samtals	58,3
 10. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	
10.1 Landbúnaðarmál	
10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	187,3
10.1.5 Dýralæknisþjónusta	61,5

	m.kr.
10.1.7 Önnur landbúnaðarmál.	37,8
Samtals.	286,6
10.3 Sjávarútvegsmál	
10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi.	19,9
10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál.	4,0
Samtals.	23,9
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals.	310,5
11. Iðnaðarmál	
11.2 Iðnaðarstarfsemi.	43,7
Iðnaðarmál samtals.	43,7
12. Samgöngumál	
12.1 Landsamgöngur	
12.1.1 Vega- og gatnagerð.	570,0
Samtals.	570,0
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur.	48,0
Samtals.	48,0
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál.	38,0
Samtals.	38,0
12.7 Önnur samgöngumál.	37,2
Samgöngumál samtals.	693,2
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta.	10,0
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins.	30,6
13.5 Almenn launa- og atvinnumál.	4,8
13.6 Önnur atvinnumál.	-45,0
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals.	0,4

m.kr.

14. Önnur útgjöld ríkissjóðs**14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs**

14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	-420,0
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinberra aðila	780,0
14.0.3 Önnur þjónusta	-156,8
Samtals	203,2

Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals 203,2

Heildargjöld samtals 10.463,9

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 1999

m.kr.

Rekstrargjöld

Laun	3.753,7
Lífeyrisskuldbindingar	-1.155,0
Önnur gjöld	2.731,8
Sértekjur	-86,2
Rekstrargjöld samtals.....	5.244,3

Rekstrar- og neyslutilfærslur

Sjúkratryggingar.....	1.015,0
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	780,0
Daggjaldastofnanir	471,6
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	187,3
Slysatryggingar	135,0
Móttaka flóttamanna	125,0
Framlag í þróunarsjóð EFTA	100,0
Lífeyristryggingar	-170,0
Vaxtabætur	-350,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	-350,0
Aðrar neyslu- og rekstartilfærslur	375,5
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	2.319,4

Fjármagnskostnaður..... -420,0

Viðhald **155,5**

Fjárfesting

Sjúkrahús og skuldbinding vegna Sjúkrahúss Reykjavíkur.....	1.932,8
Samgöngumál.....	648,0
Fasteignakaup og framkvæmdir í samræmi við ákvæði 7. gr. fjárlaga.....	258,2
Framkvæmdir á Alþingisreit	110,0
Ríkisábyrgðir.....	-105,0
Annað	320,7
Fjárfesting samtals.....	3.164,7

Gjöld samtals..... 10.463,9

Séryfirlit 3
Markaðar tekjur 1999

m.kr	Sjóðs- hreyfingar
08-208	Slysatryggingar
Slysatryggingagjald á sjómannslaun	135,0
Greitt úr ríkissjóði	135,0
08-385	Framkvæmdasjóður aldraðra
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	20,0
Greitt úr ríkissjóði	20,0
10-211	Vegagerðin
Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald	174,0
Þungaskattur, fast árgjald	177,0
Viðskiptahreyfing	351,0
10-472	Flugvellir
Flugvallargjald	30,0
Greitt úr ríkissjóði	30,0
Heildartekjur	536,0
Heildargreiðslur úr ríkissjóði	185,0
Mismunur	351,0
Þar af viðskiptahreyfing	351,0

Séryfirlit 4
Lögbundin framlög 1999

m.kr		Sjóðs- hreyfingar
06-705	Kirkjumálasjóður	
	Kirkjumálasjóður	5,6
	Greitt úr ríkissjóði	5,6
06-733	Kirkjugarðsgjöld	
	Kirkjugarðsgjöld	30,1
	Kirkjugarðssjóður.....	4,3
	Greitt úr ríkissjóði	34,4
06-735	Sóknargjöld	
	Sóknargjöld	78,7
	Greitt úr ríkissjóði	78,7
06-736	Jöfnunarsjóður sókna	
	Jöfnunarsjóður sókna	12,8
	Greitt úr ríkissjóði	12,8
07-801	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	
	Lögbundið framlag.....	80,0
	Greitt úr ríkissjóði	80,0
08-399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag.....	4,8
	Greitt úr ríkissjóði	4,8
	Lögbundin framlög alls	216,3
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	216,3
	Mismunur, skerðing.....	0,0

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
 (L. S.)

Geir H. Haarde.

LÖG

um ættleiðingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Ættleiðingar og lagaskilyrði fyrir þeim.

1. gr.

Leyfi til ættleiðingar.

Dómsmálaráðherra veitir leyfi til ættleiðingar.

2. gr.

Hverjir geta verið ættleiðendur.

Hjón eða karl og kona sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu bæði standa að ættleiðingu, enda þeim einum heimilt að ættleiða saman með þeim frávikum sem í grein þessari getur.

Öðru hjóna eða karli eða konu í óvígðri sambúð má þó með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn.

Öðru hjóna eða karli eða konu í óvígðri sambúð má og veita leyfi til ættleiðingar ef hitt er horfið eða geðrænum högum þess svo hátt að það beri ekki skyn á gildi ættleiðingar.

Heimilt er að leyfa einhleypum manni að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta.

Með óvígðri sambúð í lögum þessum er átt við sambúð karls og konu sem skráð er í þjóðskrá eða sem ráða má af öðrum ótvíræðum gögnum.

3. gr.

Hverja má ættleiða.

Lög þessi taka til ættleiðinga barna innan 18 ára aldurs. Sama er um ættleiðingar þeirra sem eldri eru, nema annars sé getið og eftir því sem við á. Með orðinu barn samkvæmt lögum þessum er átt við barn eða ungmenni allt til 18 ára aldurs.

Eigi er manni heimilt að ættleiða kynbarn sitt, nema það hafi verið ættleitt áður og ættleiðing af hálfu kynforeldris þyki bæta hag barnsins.

4. gr.

Almenn skilyrði ættleiðingar.

Eigi má veita leyfi til ættleiðingar, nema sýnt þyki eftir könnun viðkomandi barnaverndarnefndar á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra sem óska ættleiðingar að ættleiðing sé barninu fyrir bestu, enda sé ætlun ættleiðenda að annast og ala barnið upp eða sá sem ættleiða á hafi verið alinn upp hjá þeim eða aðrar alveg sérstakar ástæður mæli með ættleiðingu.

5. gr.

Aldur ættleiðanda.

Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita þeim sem orðinn er 20 ára leyfi til ættleiðingar.

6. gr.

Samþykki þess sem ættleiða á.

Eigi má ættleiða þann sem orðinn er 12 ára án samþykkis hans, nema andlegum högum hans sé svo farið að hann geti ekki gefið marktækt samþykki eða ef varhugavert þykir vegna hagsmuna hans að leita eftir því.

Áður en barn samþykkir ættleiðingu skv. 1. mgr. skal ræða við það á vegum barnaverndarnefndar sem í hlut á og veita því leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar.

Ef barn sem ættleiða á er yngra en 12 ára skal með sama hætti og greinir í 2. mgr. leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska.

7. gr.

Samþykki þess sem fer með forsjá barns eða sérstaks lögráðamanns.

Samþykki foreldra sem fara með forsjá barns þarf til ættleiðingar þess.

Ef högum annars foreldris sem fer með forsjá barns er svo farið að það getur ekki látið uppi marktækt samþykki eða það er horfið nægir samþykki hins. Ef þannig er ástatt um báða foreldra þarf samþykki sérstaklega skipaðs lögráðamanns barns.

Nú fer barnaverndarnefnd með forsjá barns og þarf þá samþykki nefndarinnar til ættleiðingar þess.

Veita má leyfi til ættleiðingar, þrátt fyrir að samþykki skv. 1. eða 2. mgr. skorti, ef barn hefur verið í föstri hjá umsækjendum og hagir þess mæla að öðru leyti eindregið með því að það verði ættleitt.

8. gr.

Form og efni samþykkis.

Samþykki til ættleiðingar skal vera skriflegt og skal viðkomandi staðfesta það fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða sýslumanni sem vottar að viðkomanda hafi verið leiðbeint um réttaráhrif samþykkis og ættleiðingar.

Samþykki er eigi gilt nema það hafi verið staðfest a.m.k. þremur mánuðum eftir fæðingu barns, nema alveg sérstaklega hagi til.

Samþykki foreldra eða sérstaklega skipaðs lögráðamanns er gilt, þótt væntanlegir kjörforeldrar séu eigi nafngreindir, ef samþykki lýtur að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til þeirra sem barnaverndarnefnd ákveður. Endranær er samþykki eigi gilt, nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir.

Nú er samþykki til ættleiðingar meira en 12 mánaða gamalt og skal það þá staðfest að nýju áður en afstaða er tekin til umsóknar um ættleiðingu, nema sérstaklega standi á.

9. gr.

Samþykki veitt erlendis.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að samþykki sem gefið er fyrir þar til bæru stjórnvaldi, dómstóli eða stofnun erlendis jafngildi samþykki sem staðfest er fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða sýslumanni, sbr. 1. mgr. 8. gr., og má þá heimila frávik frá meginreglum 2.–4. mgr. 8. gr.

10. gr.

Afturköllun samþykkis.

Nú tekur aðili, sem veita skal samþykki skv. 6. og 7. gr., aftur samþykki sitt áður en ættleiðingarleyfi er veitt og er þá eigi heimilt að gefa út leyfi.

Veita má leyfi til ættleiðingar þrátt fyrir að foreldri eða sérstaklega skipaður lögráðamaður taki aftur samþykki sitt ef barn hefur verið í fóstri hjá umsækjendum og hagir þess mæla að öðru leyti eindregið með því að það verði ættleitt og afturköllun á samþykki styðst eigi við gild rök.

11. gr.

Umsögn foreldris.

Leita skal umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns, ef unnt er, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar.

12. gr.

Umsögn lögráðamanns.

Nú er sá lögræðissviptur sem ættleiða á og skal þá afla umsagnar lögráðamanns áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar.

13. gr.

Umsögn maka eða sambúðarmaka.

Ef sá sem ættleiða á er í hjúskap eða í óvígðri sambúð skal leita umsagnar maka hans eða sambúðarmaka.

14. gr.

Gjald.

Ættleiðingarleyfi verður ekki veitt ef einhver sá sem samþykkja á ættleiðingu innir af hendi eða veitir viðtöku gjaldi eða fríðindum í tengslum við samþykkið, þar á meðal vegna missis atvinnutekna. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum þeirra sem málið varðar um þetta.

II. KAFLI

Meðferð og úrlausn ættleiðingarmála.

15. gr.

Umsókn um ættleiðingarleyfi.

Umsókn um leyfi til ættleiðingar og yfirlýsing um samþykki til ættleiðingar skulu rituð á eyðublöð sem dómsmálaráðuneytið lætur í té.

16. gr.

Umsögn varðandi umsókn um leyfi til ættleiðingar.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefnda varðandi umsókn um leyfi til ættleiðingar í umdæmi þar sem barn býr og þar sem umsækjendur búa, svo og þeirrar barnaverndarnefndar sem ráðstafað hefur barni í fóstur ef því er að skipta.

Enn fremur má leita umsagnar ættleiðingarnefndar til viðbótar umsögn barnaverndarnefndar ef ástæða þykir til, sbr. 17. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um gerð umsagna barnaverndarnefnda.

17. gr.

Ættleiðingarnefnd.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd sem veitir umsagnir í ættleiðingarmálum sem ráðuneytið leggur fyrir hana. Ráðherra getur falið nefndinni fleiri verkefni og sett nánari reglur um störf hennar.

Nefndarmenn skulu vera þrír og jafnmargir til vara. Þeir skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmanna vera lögfræðingur og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar læknir og þriðji sálfræðingur eða félagsráðgjafi.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

18. gr.

Útgáfa ættleiðingarleyfis.

Að fenginni umsögn barnaverndarnefndar og ættleiðingarnefndar, ef því er að skipta, og að fullnægðum öðrum lögmeðlætum skilyrðum leysir dómsmálaráðherra svo fljótt sem auðið er úr því hvort ættleiðingarleyfi verður veitt.

Ef ráðherra ákveður að veita leyfi til ættleiðingar gefur hann út leyfisbréf til umsækjenda um ættleiðinguna.

19. gr.

Ákvörðun um fyrirhugaða veitingu ættleiðingarleyfis.

Ef dómsmálaráðherra ákveður að veita leyfi til ættleiðingar þótt samþykki skv. 7. gr. liggi ekki fyrir eða samþykki hafi verið afturkallað, sbr. 10. gr., skal með sannanlegum hætti tilkynna þeim sem fer með forsjá barns eða sérstökum lögráðamanni það með rökstuddri ákvörðun. Þar skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaðan byggist á, og önnur atriði er máli skipta. Enn fremur skal þar greina heimild til að bera ákvörðunina undir dómstóla og málshöfðunar-frest.

20. gr.

Synjun umsóknar um ættleiðingu.

Ef synjað er um ættleiðingu skal það gert með úrskurði. Í úrskurði skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á, og önnur atriði er máli skipta.

21. gr.

Staðfesting ættleiðingarleyfis þrátt fyrir ágalla.

Dómsmálaráðherra getur að ósk þeirra sem málið varðar staðfest með afturvirkum réttaráhrifum ættleiðingarleyfi sem veitt hefur verið án þess að lögmeðlæt skilyrða hafi verið gætt. Þegar sérstaklega stendur á getur staðfesting átt sér stað eftir andlát kjörbarns eða kjörforeldris.

III. KAFLI

Dómsmál vegna ættleiðingar.

22. gr.

Dómsmál vegna ákvörðunar um veitingu ættleiðingarleyfis.

Þeim sem fer með forsjá barns eða sérstaklega skipuðum lögráðamanni er heimilt að bera ákvörðun dómsmálaráðherra um veitingu ættleiðingarleyfis skv. 19. gr. undir héraðsdóm innan 30 daga frá því að þeim barst ákvörðunin.

Nú er ákvörðun skv. 19. gr. staðfest með úrskurði héraðsdóms og verður þá leyfi til ættleiðingar ekki veitt fyrr en að liðnum fresti til kæru úrskurðar til Hæstaréttar.

Dómsúrskurður um ógildingu ákvörðunar dómsmálaráðherra skv. 19. gr. er ekki því til fyrirstöðu að hann taki málið upp að nýju að ósk aðila ef aðstæður hafa breyst til muna eða nýjar upplýsingar er skipta verulegu máli hafa komið fram.

23. gr.

Málskostnaður.

Stefnandi skal hafa gjafsókn í héraði og Hæstarétti í dómsmáli vegna ættleiðingar skv. 22. gr.

24. gr.

Málsmeðferð o.fl.

Dómsmál skv. 22. gr. sæta almennt meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.

Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í slíkum málum en úrskurðinn eða dóminn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

Nú er úrskurður eða dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess hverjir séu aðilar máls eða hvaða barn úrskurðurinn eða dómurinn varði.

IV. KAFLI

Réttaráhrif ættleiðingar.

25. gr.

Réttaráhrif.

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim sem eru í kjörsifjum við þá eins og væri það eigið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins við kynforeldra þess, önnur ættmenn og þá sem eru í kjörsifjum við þá, nema lög kveði öðruvísi á.

Nú ættleiðir annað hjóna barn hins eða kjörbarn og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það eigið barn þeirra hjóna. Sama er ef sá sem er í óvígðri sambúð ættleiðir barn hins.

V. KAFLI

Upplýsingaskylda kjörforeldra og aðgangur kjörbarns að upplýsingum.

26. gr.

Upplýsingaskylda kjörforeldra.

Kjörforeldrar skulu skýra kjörbarni sínu frá því jafnskjótt og það hefur þroska til að það sé ættleitt. Skal það að jafnaði gert eigi síðar en er barn nær sex ára aldri.

Kjörforeldrar eiga rétt á ráðgjöf viðkomandi barnaverndarnefndar við upplýsingagjöf skv. 1. mgr.

27. gr.

Aðgangur kjörbarns að upplýsingum.

Þegar kjörbarn hefur náð 18 ára aldri á það rétt á að fá tiltækar upplýsingar um það frá dómsmálaráðuneytinu hverjir séu kynforeldrar þess eða fyrri kjörforeldrar.

VI. KAFLI

Ættleiðingar barna erlendis.

28. gr.

Framkvæmd Haag-samnings frá 29. maí 1993 um ættleiðingar.

Dómsmálaráðherra hefur yfirlýsningu með framkvæmd Haag-samnings frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa. Tekst ráðherra á hendur vegna íslenska ríkisins þau verkefni og skuldbindingar sem hvíla á svonefndu miðstjórnvaldi samkvæmt samningnum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð sem kveður á um framkvæmd samningsins hér á landi.

29. gr.

Ættleiðingar erlendis.

Þeim sem búsettir eru hér á landi er óheimilt að ættleiða barn erlendis, nema dómsmálaráðherra samþykki það með útgáfu forsamþykkis til ættleiðingarinnar.

30. gr.

Umsókn um forsamþykki.

Umsókn um forsamþykki til ættleiðingar barns erlendis skal beint til dómsmálaráðuneytis. Umsókn skal rituð á eyðublað sem dómsmálaráðuneytið lætur í té.

Dómsmálaráðherra getur mælt fyrir um að með umsókn skv. 1. mgr., eða áður en forsamþykki er gefið út, skuli umsækjendur leggja fram staðfestingu á að þeir hafi sótt námskeið um ættleiðingar erlendra barna. Ráðherra getur sett nánari reglur um inntak þess, skipulagningu og gjaldtöku.

31. gr.

Umsögn varðandi umsókn um forsamþykki.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar varðandi umsókn um forsamþykki í umdæmi þar sem umsækjendur búa.

Enn fremur má leita umsagnar ættleiðingarnefndar til viðbótar umsögn barnaverndarnefndar ef ástæða þykir til, sbr. 17. gr.

32. gr.

Útgáfa forsamþykkis.

Að fenginni umsögn barnaverndarnefndar og ættleiðingarnefndar, ef því er að skipta, og að uppfylltum öðrum lögmæltum skilyrðum tekur dómsmálaráðherra afstöðu til umsóknar um forsamþykki svo fljótt sem föng eru á.

Í forsamþykki skal m.a. koma fram að væntanlegir kjörforeldrar teljist hæfir til að ættleiða barn frá tilteknu erlendu ríki, að væntanlegt kjörbarn fái landvist hér á landi til fram-búðar og að íslensk stjórnvöld taki ábyrgð á barninu frá þeim tíma sem það yfirgefur heima-land sitt eins og væri það íslenskur ríkisborgari.

Forsamþykki skal ekki gilda lengur en í tvö ár frá útgáfudegi.

Ráðherra er heimilt að afturkalla forsamþykki, enda telji hann að aðstæður umsækjenda hafi breyst verulega frá útgáfu þess eða upplýsingar er máli skipta hafi reynst rangar.

33. gr.

Synjun um forsamþykki.

Ef synjað er um forsamþykki skal það gert með úrskurði á sama hátt og greinir í 20. gr.

34. gr.

Ættleiðingarfélög.

Dómsmálaráðherra löggildir félög til að hafa milligöngu um ættleiðingar barna erlendis.

Löggilding skal vera tímabundin og skal í löggildingarskjali greint til hvaða erlendra ríkja hún taki.

Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði fyrir löggildingu ættleiðingarfélaga og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Ráðherra getur afturkallað löggildingu ef félag fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir henni.

35. gr.

Milliganga um ættleiðingar.

Löggilt ættleiðingarfélög ein mega hafa milligöngu um ættleiðingar. Með milligöngu um ættleiðingar er átt við starfsemi sem hefur þann megintilgang að koma á sambandi milli þeirra sem óska eftir að ættleiða erlent barn og stjórnvalda og annarra opinberra aðila og löggiltra ættleiðingarfélaga í heimalandi barns og að öðru leyti að láta í té það liðsinni sem nauðsynlegt er til þess að af lögmætri ættleiðingu geti orðið.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að þeim sem óska eftir að ættleiða erlent barn sé skylt að leita milligöngu um ættleiðinguna hjá félagi sem hefur löggildingu skv. 34. gr.

Starfsemi er varðar ættleiðingar erlendra barna skal ávallt hafa að leiðarljósi það sem telja verður að sé barni til gagns og má ekki verða neinum fjárhagslega eða á annan hátt til óhæfilegs ávinnings.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum.

VII. KAFLI

Lögsögureglur o.fl.

36. gr.

Lögsaga í ættleiðingarmálum.

Manni sem búsettur er hér á landi er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum þessara laga.

37. gr.

Umsókn manns er býr erlendis um leyfi til ættleiðingar.

Manni sem búsettur er erlendis er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum laga þessara ef hann eða maki hans eru íslenskir ríkisborgarar og geta sökum þess ekki fengið leyfi til ættleiðingar í landi þar sem hann býr, enda megi ætla að íslenskt ættleiðingarleyfi verði metið gilt þar sem hann er búsettur.

Dómsmálaráðherra getur einnig heimilað að umsókn um ættleiðingarleyfi verði tekin til meðferðar hér á landi vegna sérstakra tengsla umsækjenda við landið.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þó ekki um ættleiðingar sem fram fara samkvæmt Haag-samningi frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa.

38. gr.

Réttaráhrif ættleiðinga barna erlendis.

Ef forsamþykki hefur verið gefið út samkvæmt ákvæðum þessara laga gildir ættleiðing sem veitt hefur verið erlendis á grundvelli þess hér á landi.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að réttaráhrif ættleiðingar barns sem veitt hefur verið erlendis verði þau sömu og ættleiðingar sem heimiluð hefur verið hér á landi.

39. gr.

Erlend ættleiðing sem andstað er grunnreglum íslenskra laga.

Ættleiðing sem fram fer erlendis er ekki gild hér á landi ef hún gengur í berhöggi við grunnreglur íslensks réttar (allsherjarreglu).

40. gr.

Frávik vegna þjóðréttarsamninga.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að víkja megi frá einstökum ákvæðum laga þessara ef það er talið nauðsynlegt til að fullnægja skyldum sem Ísland hefur bundist eða kann að bindast með þjóðréttarsamningum.

VIII. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka, brottfall laga og lagaskil.

41. gr.

Stjórnvaldsreglur.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

42. gr.

Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi taka gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá birtingu þeirra.

Frá sama tíma falla úr gildi ættleiðingarlög, nr. 15/1978.

43. gr.

Lagaskil.

Úr ættleiðingarumsóknum og umsóknum um forsamþykki sem borist hafa dómsmálaráðuneytinu fyrir gildistöku laga þessara skal leysa samkvæmt lögum nr. 15/1978. Ef umsækjendur óska þess er þó heimilt að beita reglum þessara laga.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

Nr. 131

31. desember 1999

LÖG**um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 2. málsl. 3. mgr. hljóðar svo: Gjald fyrir veiðikort skal vera 1.900 kr. á ári.
- b. 4. mgr. hljóðar svo:

Þeir sem stunda veiðar á villtum dýrum skulu hafa tekið próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. Veiðistjóri heldur námskeið til undirbúnings hæfnisprófum. Veiðistjóra er heimilt að innheimta gjald fyrir töku prófs um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða og fyrir námskeið til undirbúnings prófunum. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur að fengnum tillögum veiðistjóra gjaldskrá fyrir próf og námskeið til undirbúnings hæfnisprófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.

LÖG

um vitamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Yfirstjórn og verkefni Siglingastofnunar Íslands.

1. gr.

Um yfirstjórn vitamála fer eftir lögum um Siglingastofnun Íslands.

2. gr.

Siglingastofnun Íslands ber að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum í kringum landið með þeim undantekningum sem síðar getur.

Til slíkra leiðbeininga teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki, radiómerki til staðarákvörðunar og upplýsingar um veður og sjólag.

Siglingastofnun Íslands skal einnig hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi sem fyrir hendi eru á áður nefndu svæði og stuðla að útgáfu korta sem innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að sjófarendur geti notað áður nefnd hjálpartæki. Siglingastofnun Íslands skal hafa eftirlit af hálfu ríkisins með uppsetningu og rekstri leiðarmerkja sem einstök sveitarfélög eða einstaklingar setja upp. Siglingastofnun skal, að beiðni Veðurstofu Íslands, annast veðurathuganir á vitastöðum. Þá fer Siglingastofnun með leiðsögunál, svo sem nánar er tilgreint í lögum um leiðsögu skipa.

II. KAFLI

Landsvitar og hafnarvitar.

3. gr.

Vitakerfi Íslands greinist í tvo meginþætti, landsvita og hafnarvita.

Til landsvitakerfisins heyra í meginatriðum allir þeir vitar og önnur leiðarmerki sem telja má að þjóni almennum siglingum við ströndina ásamt fiskveiðum.

Hafnarvitar teljast þeir vitar og önnur leiðarmerki sem eingöngu eru reist til að leiðbeina skipum inn á hafnarsvæði eða um tiltekna hafnir. Með hafnarsvæði er hér átt við það svæði sem lögsaga hafnarinnar nær yfir.

Við ákvörðun um hvaða leiðarmerki skulu tilheyra landsvitakerfinu skal leita álits siglingaráðs.

Ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Siglingastofnun Íslands sem leitar umsagnar siglingaráðs um málið. Leiðarmerki má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Siglingastofnunar Íslands sem þá sér um að merkið verði auglýst svo sem nánar er greint í lögum þessum.

Siglingastofnun Íslands skal sjá um að landsvitakerfið starfi svo sem til er ætlast og því er lýst í vitaskrá. Siglingastofnun skal jafnframt hafa eftirlit með hafnarvitum.

Hafnarstjórn eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi og sett upp leiðarmerki, er skuldbundinn til að halda merkinu við og tilkynna Siglingastofnun Íslands tafarlaust um allar breytingar sem á því verða. Ef merki er ekki haldið nægilega við að dómi Siglingastofnunar er henni heimilt að annast nauðsynlegar lagfæringar á kostnað eiganda. Óski hafnarstjórn

eða einstaklingur að leggja niður eða breyta leiðarmerki skal sótt um það til Siglingastofnunar Íslands.

Siglingastofnun Íslands getur, að fenginni umsögn siglingaráðs, krafist þess að hafnarstjórn láti gera á eigin kostnað þá vita og önnur leiðarmerki sem Siglingastofnun Íslands telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði. Til eigin kostnaðar telst einnig viðhald og rekstur slíkra vita og leiðarmerkja.

4. gr.

Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Getur Siglingastofnun Íslands látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess ef brotið er á móti þessu.

Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

5. gr.

Hverjum landeiganda ber skylda til að láta af hendi mannvirki og land sem þarf til vitabygginga samkvæmt lögum þessum, svo og til íveruhúsa handa vitagæslumönnum. Enn fremur til þess að gera brautir og vegi í því sambandi, til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem vitabyggingin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir.

Um ákvörðun bóta skal farið eftir lögum nr. 11 frá 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

III. KAFLI

Vitagjald.

6. gr.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur Siglingastofnunar Íslands skal greitt vitagjald af skipum þeim sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Gjald þetta skal aðeins heimilt að nota í verkefni skv. 2. gr. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

7. gr.

Við ákvörðun vitagjalda samkvæmt stærð skipa skal miðað við brúttótonnatölu skips samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi sem gefið er út samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

Vitagjald, 68,60 kr. af hverju brúttótonni skips, skal greiða af skipum sem taka höfn hér á landi og skal hálf tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Þó skal þetta gjald aldrei vera lægra en 3.000 kr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leita hafnar í neyð en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd vegna áreksturs, sjóskemmda, veikinda, farmskekkju eða ófriðar.

Skip sem eigi er notað við Íslandsstrendur á gjaldárinu eða er án haffæris allt gjaldárið er þó ekki gjaldskyld á því gjaldári.

8. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða fjórð-

ung vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó ekki oftast en fjórum sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarabók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningu um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til samgönguráðuneytisins.

IV. KAFLI Upplýsingaskylda.

9. gr.

Siglingastofnun Íslands skal sjá um að allar breytingar á leiðbeiningum til öryggis í siglingum verði tilkynntar sjófarendum. Auglýsingar skulu birtar minnst mánaðarlega í Tilkynningum til sjófarenda sem Sjósmælingar Íslands gefa út.

Upplýsingar, sem varða öryggi sjófarenda og ekki verða auglýstar með nægum fyrirvara í Tilkynningum til sjófarenda, skulu tilkynntar um strandstöðvar og í útvarpi þegar þörf krefur.

Sérhverjum sem annast rekstur leiðarmerkis er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til Siglingastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má, en stofnunin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum sem verða varir við bilanir í vitakerfi landsins að senda tilkynningar um þær til Siglingastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má. Enn fremur skal Siglingastofnun Íslands tilkynnt um alla farartálma sem verða á almennt siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjófarenda.

V. KAFLI Farartálmar.

10. gr.

Ef skip eða annað fljótandi far ferst eða strandar á siglingaleið ber eiganda þess að tilkynna um atburðinn tafarlaust til Siglingastofnunar Íslands sem síðan merkir staðinn ef ástæða er talin til.

Eiganda farsins skal skylt að fyrirmælum Siglingastofnunar Íslands að gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar til öryggis fyrir siglingar og fiskveiðar.

Að liðnum gefnum fresti getur Siglingastofnun Íslands á kostnað eiganda fjarlæggt hverja þá farartálma eða flök sem hér um ræðir.

Kostnaður við merkingu farartálma skal greiddur af eiganda hans.

VI. KAFLI Vitavarsla.

11. gr.

Sérhver viti eða annað leiðarmerki skal vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns. Leiðarmerki, sem eru í eign hafnarsjóða, skulu talin í ábyrgð hafnarstjóra eða hafnarvarðar og er hafnarstjórn skylt að senda Siglingastofnun Íslands tilkynningu um hver sé ábyrgðarmaður merkisins.

VII. KAFLI Ýmis ákvæði.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 56/1981, um vitamál, með síðari breytingum.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

Nr. 133

LÖG

31. desember 1999

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar hafa verið í reglugerð iðnaðaráðherra, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara. Um löggildingu skal hafa samráð við menntamálaráðherra og landssamtök meistara og sveina.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Hver maður getur leyst til sín meistarabréf ef hann fullnægir skilyrðum 3. gr., hefur lokið sveinsprófi, unnið síðan undir stjórn meistara í iðngrein sinni eitt ár minnst og jafnframt lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Eigi sveinn ekki völ á starfi undir stjórn meistara í nýrri iðngrein sinni fyrstu fimm árin eftir löggildingu hennar telst tveggja ára starf hans í þeirri grein jafngilt starfi hjá meistara en lögreglustjóri skal gefa viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, kost á að segja álit sitt á því hvort völ sé á slíku starfi. Sama gildir í iðngreinum þar sem ekki er starfandi meistari eða þar sem sveinn á af öðrum ástæðum sannanlega engan kost á starfi undir stjórn meistara.

3. gr.

Í stað 3. mgr. 12. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra gefur út sveinsbréf.

Greiða skal gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs fyrir iðnaðarleyfi, meistarabréf og sveinsbréf.

4. gr.

Í stað orðanna „til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs“ í 16. gr. laganna kemur: til missis iðnaðarleyfis, meistarabréfs og sveinsbréfs.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi 3. málsl. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 21 – 1999

31. desember 1999

593

Nr. 134

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu utanríkisráðherra og með vísan til 4. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. a. Sendiráð skulu vera í Berlín, Brussel, Helsinki, Kaupmannahöfn, London, Moskvu, Ósló, París, Peking, Stokkhólmi og Washington. Sendiráðið í París skal jafnframt gegna hlutverki fastanefndar hjá nánar tilteknum alþjóðastofnunum.
- b. Fastanefndir skulu vera í Brussel, Genf, New York, Strassborg og Vín. Fastanefndirnar í New York og Vín skulu jafnframt gegna hlutverki sendiráðs gagnvart nánar tilteknum ríkjum.
- c. Aðalræðisskrifstofur skulu vera í New York og Winnipeg.
2. Umdæmi sendiráða skulu vera sem hér segir:
 - a. *Berlín*. Auk Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austuríki, Króatía, Sviss og Ungverjaland.
 - b. *Brussel*. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Liechtenstein og Lúxemborg. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra Íslands hjá Evrópusambandinu (ESB/EU).
 - c. *Helsinki*. Auk Finnlands skal umdæmi sendiráðsins vera Eistland, Lettland og Úkraína.
 - d. *Kaupmannahöfn*. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ísrael, Litháen, Malta, Rúmenía og Tyrkland.
 - e. *London*. Auk Bretlands skal umdæmi sendiráðsins vera Grikkland, Holland, Indland, Írland, Maldíveyjar, Nepal og Nígería.
 - f. *Moskva*. Auk Rússlands skal umdæmi sendiráðsins vera Armenía, Aserbaídsjan, Georgía, Moldóva, Túrkménistan og Úsbekistan.
 - g. *Ósló*. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Egyptaland, Makedónía (fyrrum Sambandslýðveldi Júgóslavíu), Pólland, Slóvakía og Tékkland.
 - h. *París*. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Andorra, Ítalía, Portúgal, San Marínó og Spánn. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Róm á Ítalíu.
 - i. *Peking*. Auk Kína skal umdæmi sendiráðsins vera Ástralía, Indónesía, Japan, Mongólía, Norður-Kórea (Alþýðulýðveldið Kórea), Nýja-Sjáland, Suður-Kórea (Lýðveldið Kórea), Taíland og Víetnam.

Gutenberg

- j. *Stokkhólmur*. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Albanía, Bangladess, Búlgaría, Júgóslavía (Serbía-Svartfjallaland), Kýpur, Pakistan og Slóvenía.
 - k. *Washington*. Auk Bandaríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Argentína, Brasilía, Chile, Gvatemala, Kanada, Kostaríka, Kólumbía, Mexíkó, Nikaragva, Perú, Úrúgvæ og Venesúela.
3. Fyrirsvar fastanefnda skal vera sem hér segir:
- a. *Brussel*. Auk Atlantshafsbandalagsins (NATO) og stofnana tengdra því skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart Vestur-Evrópusambandinu (VES/WEU) og Stofnuninni um bann við efnavopnum (OPCW) í Haag í Hollandi.
 - b. *Genf*. Auk Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart Skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf, Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU), Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO), Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO).
 - c. *New York*. Auk þess að fara með fyrirsvar gagnvart Sameinuðu þjóðunum í New York skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs. Umdæmi þess skal vera eftirtalin ríki Karíbahafs: Bahamaeyjar, Barbadoseyjar, Grenada og Kúba.
 - d. *Strassborg*. Fastanefndin skal fara með fyrirsvar gagnvart Evrópuráðinu.
 - e. *Vín*. Auk Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE/OSCE) skal fastanefndin fara með fyrirsvar gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) og Skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín. Jafnframt skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs gagnvart Bosníu og Hersegóvínu.
4. Umdæmi aðalræðisskrifstofa skal vera sem hér segir:
- a. *New York*. Auk New York fylkis skal umdæmi aðalræðisskrifstofunnar vera fylkin Connecticut, New Jersey og Rhode Island.
 - b. *Winnipeg*. Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera héraðið Manitoba, að undanskilinni borginni Gimli.
5. Utanríkisráðuneytið fer með fyrirsvar gagnvart öðrum ríkjum sem Ísland hefur stjórn-málasamband við, m.a. með skipun sendiherra með búsetu í Reykjavík eftir því sem ástæða er til:
- a. *Ameríka*: Panama.
 - b. *Evrópa*: Páfagarður.
 - c. *Afríka (sunnan Sahara)*: Angóla, Botsvana, Eþíópía, Gana, Grænhöfðaeyjar, Kenía, Lesótó, Malaví, Mósambík, Namibía, Níger, Seychelleseyjar, Sómalía, Suður-Afríka, Svasíland, Tansanía og Úganda.
 - d. *Mið-Austurlönd (ásamt Norður-Afríku)*: Alsír, Barein, Írak, Íran, Jórdanía, Kúveit, Líbanon, Marokkó, Óman, Sádi-Arabía og Túnis.
 - e. *Asía*: Filippseyjar, Singapúr og Srí Lanka.
 - f. *Eyjaálfa*: Marshallseyjar.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 33 frá 7. apríl 1998.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.